**allt**

Dagur Bjarnason:

*Líknar hinum ósnertanlegu*

• nám

**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**



Egill Ólafsson:

*Hefur aldrei hitt Hildi Völu*

• saknar ragnhildar gísladóttur

**SÍÐA 30 ▶**






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. apríl 2005 – 98. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

## MIÐVIKUDAGUR



**VILL ENDURSKOÐA TAKMARKANIR** Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að strax sé komið í ljós að eignarhaldstakmarkanir sem fjölmiðlanefndin lagði til séu of stífar. Til þess að pólitísk sátt náist um frumvarp um fjölmiðlalög verði allir flokkar að koma að smíði þess. **Sjá síðu 2**

**AFSÖKUNAR ÞÖRF** Formaður félagsins Zion vinir Ísraels vill að Íslendingar biðjist afsökunar á framkomu stjórnvalda í garð gyðinga fyrir stríð. Þór Whitehead sagnfræðingi finnst aðalatriðið að læra af sögunni. **Sjá síðu 4**

**SÆTTI KYNFERÐISOFBELDI** Svava Björnsdóttir, verkefnisstjóri Blátt áfram, sætti harkalegu kynferðisofbeldi af hendi stjúpföður síns frá fjögurra ára aldri. Þar kom að hún þurfti að velja á milli sín og fjölskyldu sinnar. Hún valdi sig. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJARTVIÐRI** sunnan og vestan til. Stöku él á Norður- og Austurlandi. Hiti víðast nálægt frostmarki en þó eilítið yfir því yfir miðjan daginn. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**SEXTUGUR ROKKARI** Rúnar Júlíusson og hljómsveitin Hjálmar halda tónleika í Stapanum í tilefni af sextugsafmæli Rúnars. Gestir koma fram og skemmta með Rúnari og Hjálmum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 24 |
| Tónlist | 24 | Íþróttir | 20 |
| Leikhús | 24 | Sjónvarp | 28 |

**82%**

20-49 ára karla á sv-horninu lesa Fréttablaðið á föstudögum.*

Þeir eru m.a. að sækja í bílaauglýsingar í smáauglýsingum – og það nýta bílasölur sér.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

# Dansað á Bóhem án atvinnuleyfis

**Þrjár tékkneskar stúlkur verða sendar úr landi í dag eftir að upp komst að þær hafa dansað nektardans á Bóhem án atvinnuleyfis. Þær töldu sig í fullum rétti. Rekstrarstjóri Bóhem verður kærður fyrir lögbrot.**

**VINNUMARKAÐURINN** Þrjár tékkneskar stúlkur, sem starfa við súludans á Bóhem án atvinnuleyfis, hafa verið teknar og færðar til yfirheyrslu. Stúlkurnar voru kallaðar til skýrslutöku hjá lögreglu fyrir helgina og mættu svo fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gær til að staðfesta framburð sinn. Stúlkurnar voru viðurkenndu að hafa verið fengnar til landsins til að vinna við súludans á Bóhem.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins verður rekstraraðili staðarins, Hlynur Vigfússon, ákærður fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og innflutning á erlendu vinnuafli án leyfis.

Búist er við að það mál fái flýtimeðferð.

Engin ákæra verður gefin út á hendur stúlkunum. Þær komu hingað til lands í góðri trú um að öll leyfi væru til staðar og höfðu verið hér í viku þegar þær voru kallaðar fyrir héraðsdóm í gær. Þær eiga pantað flug heim í dag.

Lögreglan í Reykjavík hefur tekið þrjá dansara til viðbótar fyrr í vetur sem höfðu ekki atvinnuleyfi hér á landi. Þessar stúlkur störfuðu allar við súludans á Bóhem.

Hlynur Vigfússon, rekstraraðili Bóhem, neitaði að tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

Lögreglan í Reykjavík hefur rannsakað níu mál frá áramótum sem öll snerta atvinnu án leyfa, mál tékknesku dansaranna meðtalið. Málin snerta í allt vel á annan tug einstaklinga og er rúmur helmingurinn iðnverkamenn hjá átta eða níu atvinnurekendum. Í sumum tilfellum eru þeir fjórir sem hafa verið teknir saman í hóp, í öðrum tilfellum þrír og enn öðrum bara einn. Atvinnurekendurnir hafa ekki verið teknir áður fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Þeir sem studdu að innflutningi erlendu verkamannanna mega búast við því að fá ákæru á hendur sér.

- ghs




**VERSLUNIN SOMERFIELD**
Búist er við að stjórn Somerfield veiti bjóðendum aðgang að bókhaldi félagsins.

Somerfield:

## Keppinautar sameinast

**MARKAÐURINN** Baugur hefur gengið til samstarfs við fyrrverandi keppinauta um yfirtöku á bresku verslunarkeðjunni Somerfield. KB banki hafði frumkvæði að því að koma hópnum saman.

Í hópnum eru Tchenguiz-bræður, sem verið hafa viðskiptavinir KB banka í fyrirtækjaviðskiptum líkt og Baugur. Búist er við að stjórn Somerfield veiti bjóðendum aðgang að bókhaldi félagsins og hefst þá nokkurra vikna ferli sem hugsanlega kann að leiða til formlegs yfirtökutilboðs.

Sjá Markaðinn í miðju Fréttablaðsins.

- hh



MYND/AP

**FAGNAÐ Í LEIKSLOK** Didier Drogba og Eiður Smári Guðjohnsen féllust í faðma að loknum leik Chelsea og Bayern München í Meistaradeild Evrópu. Chelsea tryggði sér sæti í undanúrslitum þrátt fyrir 3-2 tap í München þar sem þeir unnu fyrri leik liðanna í London 4-2. Drogba skoraði annað marka Chelsea í gærkvöld.

Eiður Smári í undanúrslit:

## Mátti ekki naumara vera

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Chelsea komust í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í gærkvöld þrátt fyrir 3-2 tap gegn Bayern München í Þýskalandi. Chelsea vann fyrri leikinn með fjórum mörkum gegn tveimur og því 6-5 samanlagt.

Frank Lampard og Didier Drogba skoruðu fyrir Chelsea en Claudio Pizarro, José Paolo Guerrero og Mehmet Scholl fyrir Bayern.

Þetta er annað árið í röð sem Chelsea kemst í undanúrslit Meistaradeildarinnar. Í fyrra féll liðið út gegn Mónakó sem tapaði síðan úrslitaleiknum fyrir portúgalska liðinu Porto. Þjálfari þess var Jose Mourinho sem nú þjálfar lið Chelsea.

**Sjá síðu 20**

Tíundi hver nemandi í 4. til 7. bekk verður fyrir einelti:

# Mest um einelti í yngri bekkjum

**SKÓLAMÁL** Tvöfalt fleiri nemendur verða fyrir einelti í 4.-7. bekk í grunnskólum landsins en í 8.-10. bekk, samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar sem kynntar voru í gær. Þær eru byggðar á svörum 6.053 nemenda.

Tíundi hver nemandi í 4. til 7. bekk segist hafa orðið fyrir einelti en einn nemandi af hverjum tuttugu í 8. til 10. bekk.

Könnunin var gerð í 30 grunnskólum, en þessir sömu skólar höfu þátttöku í svonefndri Olweusaráætlun gegn einelti haustið 2004.



**SKÓLABÖRN**
Flestir segja frá ef þeir verða fyrir einelti, en allnokkur hópur þegir yfir því. Myndin er ekki tengd efni fréttarinnar.

Athygli vekur sá mismunur sem er á einelti sem strákar verða fyrir annars vegar og stelpur hins vegar. Í flestum tilvikum er gert grín að strákunum og þeim strítt. Þá koma aðferðir eins og lygar og áburður. Stelpurnar eru aftur á móti í flestum tilvikum útilokaðar.

Langflestir nemendanna segja frá því ef þeir verða fyrir einelti, en þó er allnokkur hópur sem þegir yfir því. Yfirleitt eru það vinir, systkini eða forráðamenn sem krakkarnir láta vita af eineltinu.

- jss





## SPURNING DAGSINS

*Vala, nú er barnið þitt komið á skólaskyldualdurinn. Ætlarðu að fylgja því fram á fermingaraldur?*

**„Það er ómögulegt að segja. Það ræðst upp á nýtt á hverju hausti, þegar skólarnir byrja.“**

Valgerður Matthíasdóttir, arkitekt og dagskrárgerðarmaður, betur þekkt sem Vala Matt, hefur stýrt sjónvarpsþættinum Innlit/útlit á Skjá einum í sex ár.

Helle Thorning-Schmidt sigraði í formannskjöri:

# Fyrst kvenna á formannsstól

**DANMÖRK** Hin 38 ára gamla Helle Thorning-Schmidt sigraði í formannskjöri í danska Jafnaðarmannaflokknum sem leitt var til lykta í gær. Hún er fyrst kvenna til að gegna formennsku í flokknum í 134 ára sögu hans.

Í þakkarræðu sinni í gærkvöld sór hún þess eið að fella Anders Fogh Rasmussen og flokk hans, hægriflokkinn Venstre, úr ríkisstjórn í næstu þingkosningum sem haldnar verða eigi síðar en árið 2009.

Í póst- og netkosningum meðal hinna 52.000 manna sem skráðir eru í flokkinn hlaut Thorning-Schmidt 53 prósent greiddra atkvæða en keppinautur hennar, Frank Jensen, 47 prósent. Thorning-Schmidt er álitin aðhyllast aðeins vinstrisinnaðri stefnu en Jensen. Hún sat um skeið á Evrópuþinginu en var fyrst kjörin á danska þjóðþingið nú í vetur.

Nýbakaði formaðurinn sendi fráfarandi flokksforystu, sem leiddi flokkinn í mesta kosningaósigur í sögu hans í þingkosningunum í febrúar, sneið er hún sagði: „Nú kveðjum við allar innanflokkserjur. Það tekst í þetta sinn.“ ■



**KEPPINAUTAR HEILSAST**
Helle Thorning-Schmidt og Frank Jensen, keppinautarnir um formannsstólinn, takast í hendur eftir að úrslitin voru tilkynnt í gærkvöld. Mogens Lykketoft, fráfarandi flokksformaður, fylgist með.

Samgönguáætlun:

# Stjórnarliðar ekki sáttir

**ALÞINGI** Tveir stjórnarliðar segjast ekki styðja samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra; annar vegna þess að loforð séu svikin, hinn vegna þess að fjármunum til framkvæmda sé misskipt.

„Menn verða einfaldlega að standa við það sem þeir segja,“ sagði Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, í þingræðu og kvartaði undan því að loforð um framkvæmdir væru svikin.

Gunnar I. Birgisson, Sjálfstæðisflokki, sagði misskiptingu fjármuna mikla og vísaði þar til framlaga á höfuðborgarsvæðinu. **- bþg**

Gíslataka:

# Stúlkur frelsaðar

**ÞÝSKALAND, AP** Liðsmenn sérsveitar þýsku lögreglunnar yfirbuguðu í gær mann, sem hafði rænt fjórum stúlkum úr skólabíl, vopnaður hnífum, og haldið þeim í fimm tíma í gíslingu í húsi í Ennepetal, smábæ nálægt Düsseldorf í Þýskalandi.

Stúlkurnar sakaði ekki, en ein fékk þó hnífsskrámu á magann.

Maðurinn reyndist vera fimmtugur hælisleitandi frá Íran, sem dvalið hefur í um áratug í Þýskalandi. Ekki er vitað hvað manninum gekk til, en hann kvað hafa átt við geðræn vandamál að stríða. ■

Almenningur:

# Margir vilja Símann

**EINKAVÆÐING** 554 einstaklingar höfðu í gærkvöldi skráð sig fyrir um 575 milljónum króna til kaupa á hlutabréfum í Símanum. Fólk skráði nafn sitt og fjárupphæð á vefsíðu þar sem stefnan er sett á að vera meðal þriggja fjárfesta í Símanum. Skráningin er þó ekki bindandi og því óvíst að allt féð skili sér.

Síðan var sett upp í kjölfar þess að Agnes Bragadóttir, fréttastjóri á Morgunblaðinu, hvatti til slíks átaks í Viðhorfspistli.

Logiledger á Íslandi stendur á bak við vefsíðuna. Ætla forsvarsmennirnir að bjóða í hlutafé Símans skrái fólk sig fyrir milljarði eða meira. **- gag**

## KOSOVO

**UMFANGSMIKIÐ VINDLINGASMYGL** Yfirvöld í Kosovo lögðu í gær hald á tvö þúsund karton af sígarettum sem smyglarar höfðu reynt að koma inn í landið með ólöglegum hætti. Svartamarkaðsbrask með tóbak er mjög ábatasamt í héraðinu og verða stjórnvöld af miklum tekjum af þeim sökum.

# Vilja skoða takmarkanir betur

**Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, segir strax komið í ljós að eignarhaldstakmarkanir sem fjölmiðlanefndin lagði til séu of stífar. Til að pólitísk sátt náist um fjölmiðlafrumvarp verði allir flokkar að koma að smíði þess.**

**FJÖLMIÐLALÖG** „Þessar eignarhaldstakmarkanir koma ekki frá okkur. Þær eru hluti af málamiðlun við hina fulltrúana í nefndinni og erum við í Samfylkingunni sömu skoðunar varðandi eignarhaldstakmarkanir á fjölmiðlum og áður,“ segir Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar.

„Frumvarpsvinnan, lagasmíðin sjálf, er öll eftir. Til þess að pólitísk sátt ríki um frumvarpið þarf að koma til samstarf allra flokka við samningu þess. Frumvarpið getur aldrei verið samhljóða skýrslunni því það er verulegt verk eftir við að koma þessum frumniðurstöðum í lagatexta,“ segir Mörður.

„Við vonum að frumvarpið verði þannig orðað að lög um eignarhald á fjölmiðlum verði skaðlaus en þau verða örugglega gagnslaus,“ segir Mörður.

Hann bendir á að nefndin nefni mörk um takmörkun á eignarhaldi við 25 prósent hjá fjölmiðlum sem náð hafa þriðjungs markaðshlutdeild en nefndin segi um leið að hæfileg mörk séu mikið álitamál. „Samfylkingin tekur undir það, mörkin eru mikið álitamál. Miðað við þessi mörk telst arfur Valtýs Stefánssonar ritstjóra og dætra hans, Helgu og Huldu, í Morgunblaðinu vera sérstök samþjöppun auðs sem stefni fjölbreytni og fjölræði í voða. Það er í fyrsta sinn í gjörvallri fjölmiðlaumræðu íslenskri sem þessi tilteknu hlutabréf eru talin sérlega hættuleg. Þetta bendir til þess að það þurfi að skoða þessar prósentutölur miklu betur,“ segir Mörður.

„Við erum reiðubúin til að ganga til samstarfs á grundvelli þessarar skýrslu – en skýrslan er auðvitað ekki frumvarp. Ég vona að stjórnarflokkarnir haldi áfram að þróast í þessu máli og sjái að lokum að sennilega þurfum við engar svona takmarkanir. Að minnsta kosti þarf að skoða þessar tölur, það sjáum við af dæminu frá Morgunblaðinu,“ segir Mörður.

Hann bendir á að þriðjungs markaðshlutdeild sé ekki mikil á Íslandi þótt hún sé mikil í Evrópu. „Það eru ekki miklir peningar í því að hafa 33 prósenta markaðshlutdeild á Íslandi. Það sést til dæmis með Fréttablaðinu sem náði þessari markaðshlutdeild á nokkrum vikum en fór samt á hausinn. Það verður að bera þessar prósentutölur við stöðuna og reynsluna í íslenskri fjölmiðlun og það á eftir að gera,“ segir Mörður.

**sda@frettabladid.is**



**MÖRÐUR ÁRNASON ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR:**
„Við erum reiðubúin til að ganga til samstarfs á grundvelli þessarar skýrslu – en skýrslan er auðvitað ekki frumvarp. Ég vona að stjórnarflokkarnir haldi áfram að þróast í þessu máli og sjái að lokum að sennilega þurfum við engar svona takmarkanir. Að minnsta kosti þarf að skoða þessar tölur.“



**BJARNI Í ÞURRKVÍ**
Bjarni Sæmundsson, annað rannsóknarskipa Hafrannsóknastofnunarinnar, í þurrkví í Hafnarfirði.

Hafrannsóknastofnunin:

# Bæði skipin eru í slipp

**SKIP** Bæði rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunarinnar, Bjarni Sæmundsson RE 30 og Árni Friðriksson RE 200, liggja í þurrkví hjá Vélsmiðju Orms og Víglundar í Hafnarfjarðarhöfn. Unnin eru hefðbundin verkefni við skipin, þvottur, málning og öxuldráttur. Vinnu við Bjarna Sæmundsson er nær lokið og fer skipið í rannsóknarleiðangur 25. þessa mánaðar. Guðmundur Víglundsson, eigandi vélsmiðjunnar, segir einkar ánægjulegt að Ríkiskaup, sem buðu verkið út, hafi séð sér hag í því að versla við innlent fyrirtæki. **- sgi**

## NOREGUR

**ÁKÆRT VEGNA MUNCH-RÁNS** Lögregluyfirvöld í Noregi birtu ákæru í gær á hendur manni á fertugsaldri vegna ránsins á tveimur af þekktustu málverkum Edvards Munch síðasta sumar. Ákæran var birt daginn eftir að annar maður var úrskurðaður í gæsluvarðhald í Ósló vegna sama máls.

**JÁTAR Á SIG STAFANGURSRÁN** David Toska, Norðmaðurinn sem er í haldi á Spáni grunaður um að hafa stýrt bankaráninu í Stafangri í fyrra þar sem einn lögreglumaður var skotinn til bana, hefur eftir því sem fréttavefur Aftenposten hefur eftir lögmanni hans játað á sig aðild að ráninu. Annar maður var handtekinn í gær í nágrenni Stafangurs, grunaður um aðild að ráninu. Alls eru 23 grunaðir.




Og Vodafone úrskurðað með umtalsverða markaðshlutdeild:

# Skal gæta jafnræðis

**FJARSKIPTI** Fyrirtækið Og Vodafone skal gæta jafnræðis að því er varðar svokallaða lúkningu símtala inn á farsímanet sitt, samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Hefur fyrirtækið 30 daga til að sýna fram á með gögnum að fyrirmælunum hafi verið fylgt eftir, en að öðrum kosti verður gripið til annarra ráðstafana.

Ákvörðunin byggist á ákvæðum um samkeppnislaga um að fyrirtæki sem úrskurðuð hafa verið með umtalsverða markaðshlutdeild sé skylt að gæta jafnræðis. Því er sú skylda lögð á fyrirtækið að sama gjald sé tekið af viðskiptavinum óháð því hvaðan símtalið er upprunnið.

Rök Og Vodafone voru í kvöð um jafnræði vegna markaðshlutdeildar hefði ekki myndast sjálfkrafa með nýjum fjarskiptalögum en Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú skorið úr um það.

Og Vodafone er móðurfélag 365 prentmiðla sem gefa Fréttablaðið út. **- aöe**




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SÖLUSKRIFSTOFA OG VODAFONE Í KRINGLUNNI**
Fyrirtækið hefur 30 daga til að uppfylla skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar.

# Frábær árangur



## Tilboð

**Í tilefni af innlausnardegi spariskírteina bjóðum við eigendum spariskírteina og öðrum fjárfestum** að kaupa í verðbréfasjóðum Íslandsbanka með 50% afslætti af gengismun til 30. apríl 2005.

## Magnaðir verðbréfasjóðir sem hafa skilað **bestu ávöxtun** sambærilegra sjóða síðustu fimm ár!

- **Sjóður 1** – **Íslensk skuldabréf**

  Hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í eitt ár eða lengur. Gengi sjóðsins sveiflast að jafnaði ekki mikið.

  **Meðalnafnávöxtun Sjóðs 1 síðastliðin fimm ár er 10,8%***

- **Sjóður 5** – **Íslensk ríkisskuldabréf**

  Sjóðurinn hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í tvö ár eða lengur og kjósa öryggi ríkisverðbréfa.

  **Meðalnafnávöxtun Sjóðs 5 síðastliðin fimm ár er 10,4%***

- **Sjóður 6** – **Aðallistinn**

  Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur og þola miklar verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni.

  **Meðalnafnávöxtun Sjóðs 6 síðastliðin fimm ár er 17,7%***

Verðbréfasjóðir Íslandsbanka hafa skilað frábærri ávöxtun undanfarin ár. Það þökkum við fagmennsku og kunnáttu starfsmanna Eignastýringar sem sífellt leita að bestu fjárfestingartækifærunum og meta markaðshorfur með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

**Fáðu nánari upplýsingar í síma 440 4920 og á isb.is.**

ÍSLANDSBANKI | 100%

* Ávöxtunartímabil er 1.3.2000–28.2.2005. Ávöxtun í fortíð er ekki trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 12.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,47 | 61,77 |
| Sterlingspund | GBP | 116,40 | 116,96 |
| Evra | EUR | 79,74 | 80,18 |
| Dönsk króna | DKK | 10,70 | 10,76 |
| Norsk króna | NOK | 9,75 | 9,81 |
| Sænsk króna | SEK | 8,71 | 8,77 |
| Japanskt jen | JPY | 0,57 | 0,57 |
| SDR | XDR | 92,82 | 93,38 |

*Gengisvísitala krónunnar*

109,82 +0,57%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Andstaða við áform Ariels Sharon:

# Mótmælendur loka barnaskólum

**JERÚSALEM, AP** Andstæðingar Ariels Sharon, forsætisráðherra Ísraels, lokuðu skólum í mótmælaskyni við áform um að leggja niður landnemabyggðir á Gaza-ströndinni. Sharon situr þó fastur við sinn keip um að stækka byggðir á Vesturbakkanum þrátt fyrir áminningu Bandaríkjaforseta.

Þrír mánuðir eru þar til ísraelskir landnemar eiga að hverfa frá Gaza og er gremja þeirra af þeim sökum mikil. Á sunnudaginn gripu andstæðingar Sharon til þess ráðs að loka 167 grunn- og leikskólum á Tel Aviv-svæðinu með keðjum og hengilásum. Lögregla kom fljótlega á vettvang og opnaði skólana að nýju en atvikið eykur ótta ráðamanna um að mótmæli vegna brottflutningsins muni aukast á næstu vikum og að þau verði harðari.

Sharon óttast að ísraelskir öfgamenn sitji um líf sitt og í gær var stofufangelsi eins þeirra framlengt. Eftir fund sinn með Bandaríkjaforseta á mánudaginn sagðist Sharon ætla að stækka landnemabyggðir á Vesturbakkanum þrátt fyrir tilmæli Bush um hið gagnstæða. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**RÖLT Í SKÓLANN** Þessi ísraelski snáði komst í skólann sinn á Gaza-ströndinni í gær enda var ekki reynt að loka skólum þar.

## NORÐURLÖND

**ELGIR ERU UMFERÐARÓGN** Elgir ollu 13 banaslysum á sænskum vegum á síðasta ári, þar af létust tveir bifhjólamenn í árekstri við þessi dýr. 34.265 umferðaróhöpp áttu sér stað í fyrra þar sem dýr komu við sögu. Oftast urðu dádýr fyrir ökutækjum en villisvín, hirtir, úlfar og birnir ollu nokkrum slysum líka.

**KRÓKÓDÍLL Í OSLÓ** Oslóarlögreglan lagði í gær hald á Nílarkrókódíl sem var nokkuð á annan metrann en bannað er að halda slík dýr í Noregi. Að sögn lögreglumanna sýndi kvikindið talsverðan mótþróa við handtökuna. Nílarkrókódílar geta orðið fimm metra langir og þykja nokkuð grimmir.

Pólsk stjórnvöld:

# Kalla hermenn heim

**BAGDAD, AP** Stjórnvöld í Póllandi áforma að draga herlið sitt frá Írak snemma næsta árs þegar ályktun Sameinuðu þjóðanna um hernaðaraðstoð við írösku ríkisstjórnina rennur úr gildi. 1.700 pólskir hermenn eru nú í Írak en stór hluti Pólverja er andsnúinn stríðsrekstrinum.



**RUMSFELD Í ÍRAK** Varnarmálaráðherrann hitti Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherra Íraks, að máli í gær.

Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, fór í óvænta heimsókn til Íraks í gær. Hann hvatti þarlenda ráðamenn til að slaka hvergi á í pólitísku og hernaðarlegu uppbyggingarstarfi.

Róstur héldu áfram í landinu í gær, þar af létust fimm í bílsprengjuárás í Mosul. ■

# Við ættum að biðjast afsökunar

**Formaður félagsins Zion vinir Ísraels telur að Íslendingar ættu að biðjast afsökunar á framkomu stjórnvalda í garð gyðinga fyrir stríð. Þór Whitehead sagnfræðingi finnst mestu skipta að læra af sögunni.**

**GYÐINGAR** „Mér fyndist það mikil blessun fyrir íslenska þjóð ef við bæðumst afsökunar á framkomu íslenskra stjórnvalda gegn gyðingum á árunum fyrir stríð,“ segir Ólafur Jóhannesson, formaður félagsins Zion vinir Ísraels.

Hann segir að íslenska þjóðin þurfi samt ekki að hafa sektartilfinningu yfir þessu atburðum en finnst hjákátlegt að íslensk stjórnvöld hafi ekki íhugað afsökunarbeiðni fyrst hinn nýlátni páfi taldi sér skylt að biðja gyðinga opinberlega afsökunar á misgjörðum kirkjunnar í garð gyðinga í 2.000 ár.

Þór Whitehead sagnfræðingi sem rannsakað hefur þennan þátt í sögu Íslands hvað best finnst aftur á móti aðalatriðið að menn reyni að læra af sögunni frekar en að biðjast afsökunar á því sem gert var. „Athafnir eru mikilvægari en orð, það er ljóst að afsökunarbeiðni gerir ekkert til að bæta fyrir gjörðir manna frá fyrri tíð,“ segir Þór.

Hann segir mörg opinber skjöl sýna það ótvírætt að meginregla íslenskra stjórnvalda á þessum tíma var að hindra aðflutning útlendinga til landsins. Sérstaklega átti þetta við um gyðinga og var hundruðum þeirra neitað um landvistarleyfi hérlendis á fjórða áratug síðustu aldar og forsendurnar voru fyrst og fremst þær að þetta fólk tæki vinnu frá Íslendingum og myndi aukinheldur spilla menningu okkar og kynstofni. „Niðurstaðan er sú að Íslendingar gengu harðar fram gegn gyðingum en nágrannaþjóðir okkar á þessum árum,“ segir Þór. Hann segir að við verðum þó að skoða þessi mál í ljósi tímans og átta okkur á því að þær ákvarðanir sem íslensk stjórnvöld tóku á þessum tíma megi ekki skoða sem dæmi um mannvonsku. Þær hafi verið teknar af bestu vitund með hag þjóðarinnar fyrir brjósti.

ssal@frettabladid.is



**BRESKIR HERMENN Í REYKJAVÍK EFTIR HERNÁM**
Meðal þess sem kom í veg fyrir að fleiri gyðingum væri vísað frá Íslandi var hernám landsins í maí árið 1940. Þar voru Bretar á ferð.



**ÓLAFUR JÓHANNESSON**
Hjákátlegt að íslensk stjórnvöld hafi ekki íhugað afsökunarbeiðni fyrst páfi taldi sér skylt að biðja gyðinga afsökunar á misgjörðum kirkjunnar.

Varaformannskjör:

# Skorað á Ágúst Ólaf

**SAMFYLKINGIN** Framkvæmdastjórn Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar, hvetur þingmanninn Ágúst Ólaf Ágústsson til að gefa kost á sér sem varaformaður flokksins á landsfundinum í maí.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON** Segist ekki hafa ákveðið hvort hann gefi kost á sér í varaformannsembættið.

Ungir jafnaðarmenn telja mikilvægt fyrir Samfylkinguna á þessum tímamótum að leiða nýtt fólk inn í forystu flokksins.

„Ég er mjög þakklátur fyrir þennan stuðning og met hann mikils,“ segir Ágúst Ólafur. „Ég er alveg sammála þeim að það þurfi ungt fólk í forystusveit Samfylkingarinnar. Hvað mig varðar hef ég ekkert ákveðið ennþá varðandi framboð,“ segir hann.

- sda

## FJÖLMIÐLAR

**KARL LÍKLEGA RITSTJÓRI** Nýtt fríblað er í burðarliðnum á markaðnum og hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að Karl Garðarsson, fyrrverandi fréttamaður á Stöð 2, sé ritstjóri þess. „Nó komment,“ sagði Karl Garðarsson þegar haft var samband við hann í gær.

## NOREGUR

**KÓNGURINN AFTUR UNDIR HNÍFINN** Önnur skurðaðgerð var gerð á Haraldi Noregskonungi eftir að í ljós kom að allmikill vökvi hafði safnast saman við hjarta hans en slíkt er algengt hjá fólki sem hefur undirgengist hjartaaðgerð. Læknar sögðu í samtali við Aftenposten að báðar aðgerðirnar hefðu heppnast prýðilega.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**INNBROT Í KEFLAVÍK** Tveimur fartölvum var úr tölvubúð við Hringbraut í Keflavík í fyrrinótt. Þá var reynt að brjótast inn í fyrirtæki á Iðavöllum undir morgun en þegar þjófavarnakerfi fór í gang ákvað þjófurinn að forða sér tómhentur. Enginn hefur enn verið handtekinn í tengslum við þjófnaðina.

**BÍLVELTA Á HOLTAVÖRÐUHEIÐI** Flutningabíll valt á Holtavörðuheiði í fyrrakvöld en engan sakaði. Nokkur hálka og skafrenningur er á veginum yfir heiðina eins og verið hefur undanfarna daga.


VEFSMÍÐI

**Vefsíðugerð II - Dreamweaver**

Stutt en markvisst námskeið fyrir lengra komna. Aðaláhersla námskeiðsins er þjálfun í notkun á Dreamweaver forritinu sem er eitt öflugasta og vinsælasta vefsmíðaforritið. Önnur viðfangsefni námskeiðsins er HTML og CSS.
Þetta námskeið hentar einnig vel þeim sem þurfa að sjá um viðhald á vef fyrirtækja eða stofnana. Þátttakendur geta unnið með eigin vef á námskeiðinu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 19. apríl og lýkur 12. maí.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:00.
Verð kr. 39.000,- Allt kennsluefni innifalið.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


## Veðrið

**KALDUR FORSETI** Það gæti nú viðrað betur á forseta Íslands í opinberri heimsókn hans til Akureyrar og nágrennis. Hálf kalt hjá honum blessuðum og él. En hann er mikill göngugarpur og liðtækur skíðamaður og kann því vafalítið að klæða af sér norðannepjuna.
**HVAR ER ÞÁ BESTA VEÐRIÐ?** Víðast annars staðar, t.d. í Reykjavík. Sól og hægur vindur og frostlaust að deginum.
**VERÐA HLÝINDI UM HELGINA?** Já. Hitinn verður um 5-10 stig og einhver væta, einkum fyrir austan.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

dag um h degi




Á morgun




Hæg, breytileg átt.

Föstudagur




Hægt vaxandi vindur.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C skýjað-skúr | París | 13°C skýjað/skúr | Torrevieja | 20°C skýjað |
| Osló | 10°C léttskýjað | Berlín | 18°C skýjað | Milano | 17°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C skýjað | Frankfurt | 16°C skýjað | New York | 13°C léttskýjað |
| Helsinki | 9°C skýjað | Madrid | 21°C léttskýjað | San Francisco | 15°C léttskýjað |
| London | 14°C léttskýjað | Barcelona | 18°C skýjað | Orlando/Florida | 29°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Við losnum út eftir 63 daga.
Að sitja læstar inni í 63 daga til viðbótar virðist kannski ekki svo langur tími. En þegar við þurfum að dúsa aðþrengdar með allt of lítinn hraða, upplifum við þessa 63 daga ekki sem 1.512 klukkustundir, eða 90.720 mínútur heldur sem 5.443.200 sekúndur í einangrun. Krítum eitt strik fyrir hverja sekúndu.
Þvílík ósanngirni. En til allrar hamingju þá höfum við hvor aðra og tölum mikið um hvað framtíðin er björt með háhraðatengingu á frábæru verði frá Hive.
Lára Hrönn Árnadóttir
og Ólöf Brynja Aradóttir
Litlagerði 12,
108 Reykjavík
12
GOTT FÓLK McCANN
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging
*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is
Hive



## KJÖRKASSINN

*Verður harka í formannsslag Samfylkingar svo mikil að hún veiki flokkinn?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 64.1% |
| Nei | 35.9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú taka þátt í kaupum á hlut í Símanum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

VISIR

Guðmundur Árni Stefánsson sagði sig úr framtíðarhópi Samfylkingar:

# Úrsögnin tengist formannskjörinu ekki

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Árni Stefánsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að úrsögn sín úr Framtíðarhópi Samfylkingarinnar tengist á engan hátt formannskjöri flokksins. Guðmundur er yfirlýstur stuðningsmaður Össurar Skarphéðinssonar og var í hópi þeirra Samfylkingarmanna sem fyrstir tóku opinbera afstöðu til frambjóðendanna tveggja.

„Ég átti sæti í verkstjórnarhópi sem fjallaði um utanríkismálastefnu Samfylkingarinnar. Þar var mér tjáð að við hefðum einungis sex vikur til að komast að niðurstöðu og yrðum að skila af okkur í byrjun apríl.“ Guðmundur segir fráleitt að fjalla í andateppustíl um málefni sem eigi að vera stefnumarkandi eða leiðbeinandi fyrir Samfylkinguna í utanríkismálum næstu árin. Því hafi hann kosið að segja sig úr hópnum.

„Þetta er allt meinalaust af minni hálfu og ég virði störf þeirra 80 flokksmanna sem lagt hafa hönd á plóginn í Framtíðarhópnum. Þetta var einfaldlega ekki eins og ég vildi hafa þetta og reiknaði með.“ Guðmundur leggur áherslu á að úrsögn sín tengist hvorki því að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, mótframbjóðandi Össuar, hafi leitt Framtíðarhópinn né hinu, að hann styðji Össur í formannsslagnum. **- jh**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON**
Guðmundur Árni segir úrsögn úr Framtíðarhópi óviðkomandi formannsslag.

Fjarskiptalög:

# Aukin neytendavernd

**NEYTENDUR** Fjarskiptafyrirtæki sem býður internetþjónustu er skylt að skýra áskrifendum sínum frá því hvenær þeir greiða fyrir niðurhal erlendis frá.

Þetta er meðal þeirra breytinga í frumvarpi á lögum um fjarskipti sem liggur fyrir Alþingi þessa dagana en vaxandi óánægju hefur gætt með að slíkar upplýsingar hafa ekki legið á lausu.



**TIL HAGSBÓTA FYRIR NEYTENDUR**
Verði nýtt frumvarp að lögum vita neytendur hvenær þeir sækja efni út fyrir landsteinana og hvenær ekki.

Þannig getur notandi þjónustunar ekki gert sér grein fyrir hvaðan það efni sem hann nær í á netinu kemur en flestar internetþjónustur láta greiða sérstaklega fyrir niðurhal erlendis frá. **-aöe**

Misnotkunarmál:

# Börnin leysa frá skjóðunni

**ANGERS, AP** Réttarhöld fara nú fram í Angers í Frakklandi yfir 66 manns sem eru ákærður fyrir stórfellda kynferðislega misnotkun á 45 börnum. Sum þeirra voru kornabörn þegar ódæðin áttu sér stað.

Dómarar heyrðu í gær vitnisburð þriggja fórnarlambanna en þau þurftu ekki að koma fram fyrir réttinn heldur var upptaka af sögu þeirra leikin í dómssalnum.

Lögreglumenn hafa tjáð réttinum að vitnisburður barnanna hafi verið svo átakanlegur að þeir hafi óskað þess að sleppa við rannsókn slíkra mála í framtíðinni.

Búist er við að dómur yfir illvirkjunum verði kveðinn upp í júlí. ■



**ÁLVERIÐ Á GRUNDARTANGA**
Þingeyingar og Eyfirðingar eru áhugasamir um stóriðju á borð við álverið á Grundartanga en Skagfirðingar síður.

# Húsvíkingar vilja orkufrekan iðnað

**Bæjarstjóri Húsavíkur segir niðurstöður í viðhorfskönnun styrkja möguleika svæðisins á að fá til sín stóriðju. Bæjarstjórinn á Akureyri telur könnun ekki geta ráðið staðsetningu álvers.**

**STÓRIÐJA** „Þetta staðfestir einfaldlega það sem við teljum okkur vita um vilja íbúa hér á svæðinu til að fá hingað orkufrekan iðnað,“ segir Reinhard Reynisson, bæjarstjóri á Húsavík.

Hann vísar þar til könnunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um viðhorf íbúa á Norðurlandi til stóriðju. Hann telur niðurstöðurnar ótvírætt styrkja stöðu Húsavíkur þegar og ef kemur að því að ákveða staðsetningu stóriðju á Norðurlandi, auk þess sem Húsavík sé best í sveit sett með tilliti til nálægðar orkuauðlinda.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segist ekki óttast að staðsetning hugsanlegs álvers ráðist af þessum könnunum.

„Ég trúi því ekki að menn taki ákvarðanir í svona stóru máli á grundvelli einhverra skoðanakannana, það eru allt aðrir þættir sem hljóta að ráða í þeim efnum,“ segir hann og bendir á að fjárfestar hljóti að hafa mikið að segja um staðsetningu.

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri í Skagafirði, segir augljóslega mikla andstöðu við álversbyggingu í Skagafirði og stjórnvöld hljóti að skoða málið í því ljósi. „Þessar niðurstöður koma mér ekkert á óvart og auðvitað hljótum við að taka mið af afstöðu almennings í þessum efnum,“ segir hann.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru um 66 prósent Þingeyinga mjög eða frekar hlynnt því að álver verði reist í nágrenni bæjarins. Tæplega 49 af hundraði Akureyringa vilja fá álver í nágrenni Akureyrar en áhugi Skagfirðinga á að fá álver til sín er sýnu minnstur. Þar eru ríflega 37 prósent fylgjandi álveri í firðinum en tæp 46 prósent því algjörlega mótfallin.

**ssal@frettabladid.is**



**NOREGUR**
Fylgi við aðild að Evrópusambandinu fer vaxandi.

Evópusambandið:

# Fleiri segjast hlynntir aðild

**NOREGUR** Tæpur helmingur norskra kjósenda er fylgjandi aðild að Evrópusambandinu samkvæmt nýrri könnun norska blaðsins Aftenposten.

Hún leiðir í ljós að 48 af hundraði styðja aðild, 35 prósent eru henni andvíg og 17 af hundraði hafa ekki gert upp hug sinn.

Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og frá því í febrúar en þá sögðu 49 prósent já, 37 prósent nei og 14 prósent voru óákveðin.

Samkvæmt könnuninni myndu 24 af hundraði þeirra sem sögðu nei í þjóðaratkvæðagreiðslunni árið 1994 þegar Norðmenn höfnuðu aðild að Evrópusambandinu segja já núna. **- sþs**

## AFRÍKA

**MUGABE VIÐ SAMA HEYGARÐSHORNIÐ** Robert Mugabe, forseti Zimbabwe, hefur skipað Willard Chiwewe í ríkisstjórn sína. Chiwewe olli talsverðu uppnámi árið 2001 þegar hann hótaði starfsmönnum erlendra sendiráða í landinu ofbeldi. Talið er að með skipuninni sé Mugabe að bjóða Vesturlöndum byrginn.

**NATO Á GRÆNHÖFÐAEYJUM** Viðbragðssveitir Atlantshafsbandalagsins munu halda heræfingar á Grænhöfðaeyjum á næsta ári. Þetta er í fyrsta sinn sem NATO heldur slíkar æfingar í Afríku og þykir til marks um að bandalagið beini sjónum sínum í auknum mæli til álfunnar.

Alltaf einfalt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

Flestir smitaðra eru á aldrinum fimmtán til 29 ára:

# Klamydíusmitum fjölgar aftur

**HEILBRIGÐISMÁL** Klamydíutilfellum fjölgaði á milli ára 2003 – 2004. Þar með virðist þessi sjúkdómur heldur á uppleið aftur, eftir að úr tíðni hans hafði dregið á árinu 2003.

Þetta kemur fram í Farsóttafréttum Landlæknisembættisins.

Frá árinu 1997 fjölgaði klamydíutilfellum hér á landi nánast stöðugt fram til ársins 2003. Á því ári fækkaði þeim um 22 prósent, miðað við árið á undan. Svo virðist sem fækkunin hafi orðið mest hjá stúlkum á aldrinum 15-19 ára, svo og hjá 20-24 ára konum og 15-19 ára körlum.

Ekki er fyllilega vitað hvað leiddi til fækkunar tilfella 2003, en talið er líklegt að um samspil nokkurra þátta sé að ræða. Forvarnir með fræðslu í menntaskólum landsins voru öflugar. Einnig var fjöldi innlendra sýna á rannsóknarstofuna í sýklafræði nokkru lægri heldur en áður.

Klamydía er algengust meðal einstaklinga á aldrinum 15-29 ára. Meðalaldur kvenna við greiningu á síðasta ári var 22 ár, en meðalaldur karla var 24 ár. **-jss**




**SKRIFSTOFA LANDLÆKNISEMBÆTTISINS**
Embættið hefur tekið saman þróun klamydíutilfella.

**FJÖLDI KLAMYDÍUTILFELLA**

| | |
|---|---|
| 1997 | 1586 |
| 1998 | 1550 |
| 1999 | 1687 |
| 2000 | 1819 |
| 2001 | 2122 |
| 2002 | 2088 |
| 2003 | 1638 |
| 2004 | 1735 |

# ÖLL Í SAMA NÚMERI




ENNEMM / SÍA / NM15963

## 4 11 11 11

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

**ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG!**

Reykjavíkurborg



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvar eru forsetahjónin í opinberri heimsókn?*

2 *Hvað greindust margir með nýsmit í fyrra af völdum HIV-veirunnar?*

3 *Hvaða nafntogaði einstaklingur gekk út af myndinni Ett hål i mitt hjärta?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Lóðirnar í Lambaseli:

# Sýslumaður dregur úr umsóknum

**REYKJAVÍK** Stefnt er að því að draga úr umsóknum um lóðirnar 30 í Lambaseli á morgun. Rúnar Guðjónsson, sýslumaður í Reykjavík, mun þá mæta með fulltrúum sínum á skrifstofu umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkur og draga úr umsóknunum í viðurvist votta.

Vagnbjörg Magnúsdóttir, deildarfulltrúi á umhverfis- og tæknisviði, segir að prentuð hafi verið út 200 blöð með númerum og fái hver umsækjandi sitt númer. Síðan verði fundið heppilegt ílát undir númerin. Ekki verði dregið úr hatti að þessu sinni, númerin séu svo mörg að þau rúmist ekki í hattinum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Almennir úthlutunarskilmálar gilda fyrir Lambaselið en í sérstökum úthlutunarskilmálum kemur meðal annars fram að umsækjendur verði að vera viðstaddir val lóða vilji þeir eiga möguleika á lóð.

Umsækjandi má ekki vera í vanskilum með opinber gjöld og þarf hann að leggja fram greiðslumat sem staðfestir að hann ráði við 25 milljóna króna húsbyggingu.

-ghs

**MARGIR SÓTTU UM LÓÐ**
Örtröð var þegar leið að lokum frests til að sækja um lóð. Dregið verður úr umsóknunum tæplega 6.000 sem bárust borgaryfirvöldum um lóð í Lambaselinu í Reykjavík á fimmtudaginn.

Valgerður Bjarnadóttir:

# Áfrýjar úrskurði

**DÓMSMÁL** Valgerður Bjarnadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, hyggst áfrýja úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur en í fyrradag féll dómur henni í óhag í skaðabótamáli hennar gegn ríkinu.



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**
Hún hyggst ekki una sýknudómi héraðsdóms yfir ríkinu.

Valgerður fór þar fram á bætur vegna missis launa sem og skaðabóta eftir að hún hætti sem framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu að kröfu Árna Magnússonar félagsmálaráðherra. Hélt hún því fram að hún hefði verið þvinguð til þess að segja starfinu lausu en dómurinn féllst ekki á það.

Aðspurð sagðist Valgerður ekki vilja tjá sig um málið. -aöe

## GÆLUDÝR

**PÁFAGAUKAR FRÁ ASÍU BANNAÐIR**
Innflutningur á fuglum og hráu fuglakjöti frá Asíu er bannaður og gildir það líka um gæludýr eins og páfagauka. Bannið er komið til vegna smithættu fuglaflensunnar og segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir að bannið gildi svo lengi sem fuglaflensan geisi í Asíu.

# Ég er kona sem lifði af

**Hún sætti harkalegu kynferðisofbeldi af hendi stjúpföður síns frá fjögurra ára aldri. Þögnin og sjálfsskömmin voru að yfirbuga hana. Þar kom að hún þurfti að velja á milli sín og fjölskyldu sinnar.**

**OFBELDI** „Ég er kona sem lifði af,“ sagði Svava Björnsdóttir, verkefnisstjóri Blátt áfram, sem er forvarnarverkefni gegn kynferðisofbeldi gagnvart börnum.

Svava sagði sögu sína á ráðstefnu um heimilis- og kynferðisofbeldi á börnum og unglingum í gær. Hún var á aldrinum 4-10 ára, þegar stjúpi hennar beitti hana andlegu og líkamlegu kynferðisofbeldi. Hann misnotaði líka tvíburasystur hennar.

„Á hverju kvöldi reyndi ég að halda mér vakandi til að verja mig. En ég sofnaði á verðinum og vaknaði við það að hann var byrjaður. Þá fór ég úr líkamanum og horfði á mig og það sem var að gerast úr fjarlægð. Ég var bara lítið barn og elskaði foreldra mína,“ sagði hún í erindi sínu á ráðstefnunni. „Mér fannst ég vera ljót, skítug og vond stelpa og að þetta væri allt mér að kenna. Þögnin var að gera út af við mig. Ég þráði ekkert heitara en að fjölskyldan sæi mig eins og ég var.“

Það gerðist ekki svo Svava varð að velja. Hún varð að velja milli sín og fjölskyldunnar. Hún valdi sig.

Hún lýsti þeim tilfinningaátökum sem ólguðu innra með henni á unglingsárunum. Ótti, sorg, einmanaleiki, kvíði, óöryggi, skömm – og svo röðin í höfðinu. Sjálfsásökunarröddin sem níddi hana niður og olli því að hún hataði sjálfa sig fyrir þetta allt saman og kenndi sér um. Hún fór að drekka, átti í mörgum samböndum en varaðist að treysta nokkrum eða gefa færi á að hún yrði særð. Þess vegna eyðilagði hún alltaf sambönd þar sem útlit var fyrir að væntumþykja, traust og virðing gætu skapast.

Þegar Svava var 17 ára var henni nauðgað af 27 ára manni. Hún sagði engum frá því, af því að hún var „svo vond“ í eigin huga og þetta var allt henni að kenna. Hún flúði til Bandaríkjanna, þar sem hún gifti sig manni sem var illa farinn. Eftir um það bil ár fór hún fram á skilnað og framdi maðurinn sjálfsmorð í framhaldi af því. „Þetta hefði alveg eins getað verið ég,“ sagði hún. Upp úr þessu fór hún að vinna af alefli í sínum málum.

„Í mínu tilfelli þar sem ég trúði að ég væri sökudólgurinn brást ég við með því að fara í fullkomnunarhlutverk. Ég gaf hvergi færi á mér,“ sagði hún.

Í dag er hún gift og á þrjú börn.

Hún hefur barist af alefli gegn kynferðisofbeldi í 12 ár, frá því hún opnaði „á flóðið“ og fór að tala og vinna í sínum málum. Frásögn hennar er framlag til að opna umræðuna og hjálpa fólki. Enn er langt í land en hún berst ótrauð áfram.

jss@frettabladid.is





**SVAVA BJÖRNSDÓTTIR**
Sumir ráðstefnugesta táruðust þegar hún sagði sögu sína á ráðstefnunni í gær. Hún sagði það hafa hjálpað sér mest að reyna að sjá tilganginn með atburðunum. Kannski hafi hann verið sá að hún gæti miðlað af eigin reynslu og hjálpað öðrum.




FABRIKAN

Framúrskarandi nám í tækni- og verkfræði

VERKFRÆÐI
Fjármálaverkfræði
Heilbrigðisverkfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Rekstrarverkfræði

TÆKNIFRÆÐI
Byggingartæknifræði
Rafmagnstæknifræði
Véltæknifræði

IÐNFRÆÐI
Byggingariðnfræði
Rafiðnfræði
Véliðnfræði

TÖLVUNARFRÆÐI
Tölvunarfræði
Kerfisfræði

FRUMGREINASVIÐ

Háskólinn í Reykjavík er nýr og sameinaður skóli á grunni Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Nýi skólinn býður allar þær námsbrautir í tæknifræði, iðnfræði og á frumgreinasviði sem áður voru kenndar í Tækniháskóla Íslands – auk tölvunarfræði. Einnig býður hann námsbrautir í verkfræði sem ekki hafa áður verið kenndar á Íslandi og fjölbreytt nám í viðskiptafræði, lögfræði, kennslufræði og lýðheilsufræði.

Opið fyrir umsóknir á www.ru.is

Allar nánari upplýsingar á www.ru.is
og hjá námsráðgjöfum í síma
562 6200 og 520 7400.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is


Stjórn Landssambands kúabænda:

# Falið að skoða hámarksbústærðir

**KÚABÆNDUR** Hámarksbústærðir voru til umræðu á aðalfundi Landssambands kúabænda síðustu helgi. Var stjórn LK falið að vinna að því að móta stefnu í þeim málum.

Þórólfur Sveinsson, formaður LK, segir þetta einungis vera vangaveltur um það hvort heppilegt sé að hafa óhefta samþjöppunarmöguleika og hvort ástæða sé til að setja einhver mörk á það. Mjög skiptar skoðanir séu um hvort grípa eigi til takmarkana og geti hann ekki sagt hvort það verði niðurstaðan að leggja það til.

Þórólfur segir hömlur á bústærðum þekkt fyrirbæri, þó sé þróunin almennt í þá átt að létta á takmörkunum. Tók hann dæmi af Norðmönnum og Dönum sem hafi miklar hömlur í landbúnaðarkerfinu en séu að draga úr þeim.

Þórólfur segir að takmörkun bústærða hafi verið töluvert í umræðunni síðastliðið vor en í gripagreiðslum sem teknar verða upp 1. september á næsta ári sé gert ráð fyrir að stuðningur frá ríkinu minnki eftir því sem búið stækki, og hverfi alveg þegar búið er orðið mjög stórt. - sgi



**ÞÓRÓLFUR SVEINSSON**
Formaður Landssambands kúabænda.




- **Sérfræðingur frá Imedeen kynnir Imedeen Tan Optimizer™ og býður viðskiptavinum upp á fría húðmælingu.**
- **Miðvikudaginn 13. apríl:**
  **Lyf og Heilsu í Kringlunni, snyrtivörudeild kl. 12.30 til 14.30**
  **Hagkaup í Kringlunni, 2. hæð, snyrtivörudeild kl. 15.00 til 17.30**
- **Fimmtudaginn 14. apríl:**
  **Lyfju í Lágmúla, snyrtivörudeild kl. 12.30 til 14.00**
- **Föstudaginn 15. apríl:**
  **Hagkaup í Smáralind, snyrtivörudeild kl. 14.30 til 17.00**

**Imedeen Tan Optimizer fæst í tveggja mánaða pakkningu á eftirfarandi útsölustöðum:**

Snyrtivörudeild Hagkaupa, Lyfju, Lyf & Heilsu, Árbæjarapóteki, Manni Lifandi, Lyfjavali, Apóteki Vestmananeyja, Apóteki Ólafsvíkur, Blönduósapóteki, Ísafjarðarapóteki, Fríhöfninni, Borgarnesapóteki og Sauðárkróksapóteki.

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTJÁN B. JÓNASSON ÚTGÁFUSTJÓRI

# Tekur tíma fyrir sig, börnin og bækurnar

„Akkúrat í þessum orðum töluðum erum við að fara yfir dagskrána fyrir viku bókarinnar sem hefst 19. apríl og stendur til 25. apríl,“ segir Kristján B. Jónasson, útgáfustjóri hjá Eddu miðlun. Í ár verður vika bókarinnar helguð börnum og barnabókum. „Við verðum með stóra fjölskylduhátíð í húsdýragarðinum á degi bókarinnar 23. apríl. Þar verða höfundar barnabóka og myndskreytar sem hjálpa börnunum að teikna myndir.“

Kristján segir að þrátt fyrir að bóklestur barna og unglinga hafi minnkað undanfarin 30 ár bendi rannsóknir til þess að það að lesa fyrir börn og að þau lesi sjálf skipti úrslitamáli í þroska barna og námsárangri. „Við leggjum því ríka áherslu á það í kynningu okkar að fólk taki tíma frá fyrir sig, börnin og bækurnar.“



Afmælisdag Halldórs Laxness ber upp á viku bókarinnar. „Við verðum með dagskrá sumardaginn fyrsta á Gljúfrasteini. Þá verður kynnt nýtt útlit á bókum Laxness í kiljuútgáfu þar sem ætlunin er að módernísera útlit bókanna og gera þær aðgengilegri og meira lokkandi fyrir lesendur.“

Kristján er eðli málsins samkvæmt mikill lestrarhestur. „Bókin á náttborðinu heitir *Hver er Lou Sciortino* og kom út á Ítalíu í lok síðasta árs. Þetta er bók um sikileysku mafíuna skrifuð í anda Pulp Fiction.

Þetta er fyndin og skemmtileg bók um unga stráka í mafíunni annars vegar og hins vegar um kvikmyndaiðnaðinn í Hollywood sem er notaður til að hreinsa peninga fyrir mafíuna.“

## SVONA ERUM VIÐ



**Á ÁRUNUM 1996 TIL 2003 VAR AÐ JAFNAÐI 1.512.801 BÍÓMIÐI SELDUR HÉRLENDIS Á HVERJU ÁRI.**

**Heimild: Hagstofa Íslands**



**LANGÞRÁÐ STURTA** Íbúi á Haítí fær sér svalandi steypibað úr brunni í borginni Port-au-Prince. Fæstir Haítíbúar hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni. Sameinuðu þjóðirnar kalla vatnsskortinn „hljóðlátar hörmungar“ og reyna að ráða vandanum bót.

Óvenjulegt íþróttamót:

# Svín á ólympíuleikum

Þúsundir íbúar í kínversku borginni Shanghai flykkjast um þessir mundir í almenningsgarð í miðborginni þar sem ólympíuleikar svína fara fram um þessar mundir. Þar gefst þeim kostur á að fylgjast með svínum keppa í hindrunarhlaupi, dýfingum og sundi og stökkva í gegnum gjarðir. Dýrin eru af tegund taílenskra dvergsvína og hafa verið í stífri þjálfun frá fæðingu til að undirbúa þau fyrir mótið. Ferill flestra keppnissvína hefst um eins árs aldur en dvergsvínin þykja snarpari, liðugri og fjölhæfari en hið venjulega alisvín. ■




**GREETINGS FROM A STATE OF BLISS** Þriðja plata Davíðs kom út í fyrra. Hann semur allt sitt efni sjálfur og stjórnar upptökum að mestu leyti sjálfur líka.

# Landvinningar á Íslandi

**Davíð Traustason er vel geymt leyndarmál. Hann hefur búið í Danmörku og gefið út þrjár plötur á þeim tíma. Honum finnst tímabært að kynna verk sín fyrir Íslendingum.**

Algengt er að íslenskar hljómsveitir telji sig of stórar fyrir íslenskan markað og sigli utan til að freista gæfunnar. Sjaldgæfara er þó að íslenskir tónlistarmenn skapi sér fyrst nafn erlendis áður en þeir kynna sig til leiks á Fróni. Sú er þó raunin með Davíð Traustason, 35 ára gamlan Íslending sem hefur búið í Kaupmannahöfn undanfarin tólf ár og gefið út þrjár plötur.

„Ég flutti til Danmerkur á sínum tíma því að ég átti danska kærustu, en íslenskur er hér enn,“ segir Davíð með örlitlum hreim þess sem hefur dvalið lengi fjarri heimahögunum. Davíð kom lítillega við sögu í íslensku tónlistarsenunni áður en hann hélt utan; hann var meðal annars í hljómsveitinni Rauðum flötum sem gerði það gott á tímabili. „Okkur gekk ágætlega,“ tekur hann undir, „en við vorum mjög ungir og það varð ekki mikið meira úr því ævintýri.“

Þegar út kom sneri Davíð sér fljótlega að tónlistinni, tók upp „demó“ og reyndi að komast að hjá stóru útgáfufyrirtækjunum. Tónlistinni má lýsa sem ballöðuskotnu gítarpoppi í anda David Gray og Davíð tekur undir þá líkingu. „En þetta er harður bransi og það gekk lítið. Ég stofnaði lítið málningarfyrirtæki til að þreyja þorrann, en hafði tónlistina samt aldrei langt undan. Árið 1998 ákvað ég loksins að taka slaginn og gaf út mína fyrstu plötu sjálfur.“ Eftir það fór boltinn að rúlla. Platan fékk ágæta spilun í dönsku útvarpi og Davíð gerði samning við danskt dreifingarfyrirtæki. Síðan þá hafa tvær nýjar plötur litið dagsins ljós, sú seinni, *Greetings From a State of Bliss* kom út í fyrra og í maí stefnir hann á að taka upp smáskífu.

Rétt eins og kollegar hans á Íslandi á Davíð sér landvinningadrauma, en á meðan þeir hyggja á útrás stefnir hann á innrás. „Mig langar til að hasla mér völl á Íslandi. Ég hef verið í sambandi við dreifingarfyrirtæki heima. Ég veit að þeir voru hrifnir af síðustu plötu, en það á eftir að koma í ljós hvernig það fer. Það eru liðin tvö ár síðan ég kom heim og ég vil gjarnan koma til Íslands og spila tónlistina mína.“



**DAVÍÐ TRAUSTASON** Davíð hefur ekki komið til Íslands í tvö ár og langar að koma heim til að spila tónlistina sína. Myndin er tekin við Þingvelli árið 1997.

**bergsteinn@frettabladid.is**






# Verðsprengja á sumardekkjum

## í Hagkaupum Skeifunni

25 fyrstu kaupendur að 4 dekkjum fá fría umfelgun hjá Borgardekki

**Þýsk gæðavara**




**13" 3.999 kr/stk**

STÆRÐIR:
- 155R13
- 155/70R13
- 165/70R13
- 175/70R13

**14" 4.999 kr/stk**

- 175/70R14
- 185/70R14
- 175/65R14
- 185/65R14
- 185/60R14

**15" 5.999 kr/stk**

- 185/65R15
- 195/65R15

## Afsláttarmiði

HERCULES Jeppadekk

www.vdo.is

Milestone Vetrardekk

Gegn framvísun þessa miða fæst umfelgun á fólksbíl á aðeins kr 3.900,-
Hjá VDO Borgardekk

VDO Borgardekk
Fljót og góð þjónusta

Borgartún 36 s:588-9747

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

360 gráður

FBL GREINING: EINKAFRAMKVÆMD:

# Skattfé til einkaaðila



Hugtakið einkaframkvæmd hefur verið talsvert í umræðunni síðustu daga þegar rætt hefur verið um byggingu fyrirhugaðrar Sundabrautar. Hefur borgarstjóri Reykjavíkur, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, gert því skóna að flýta megi gerð hennar verði um einkaframkvæmd að ræða og samgönguráðherra þvertekur ekki fyrir það heldur.
Í skýrslu Verslunarráðs Íslands frá 2004, Einkaframkvæmd, segir að einkaframkvæmd sé skilgreind sem sú aðferð að bjóða út á á samkeppnisgrundvelli þjónustu sem áður var nær alfarið á herðum hins opinbera og hið opinbera vill áfram stuðla að eða fjármagna. Fjármögnun þjónustunnar getur verið að mestu leyti með þjónustugjöldum eða samningsbundnum greiðslum frá hinu opinbera. Þá segir að einkaframkvæmd hafi helst skilað árangri þar sem mestur hluti þjónustunnar er boðinn út á samkeppnisgrundvelli. Afstaða Verslunarráðs er að með einkaframkvæmd sé samkeppni innleidd á sviðum sem hafa verið einokuð af ríkinu. Sú samkeppni geti skilað betri þjónustu, sparnaði og fjölbreytni.
Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hefur fjallað um hugtakið einkaframkvæmd. Hann bendir á að þróunin hafi verið sú að einkaframkvæmd er reynd sífellt víðar þegar um er að ræða stór mannvirki, enda breytir slíkt miklu fyrir hið opinbera. Hann segir skilgreininguna á hugtakinu einkaframkvæmd vera þá að um þau verk sé að ræða þar sem einkaaðilar taka að sér verk sem greidd eru af skattgreiðendum. Þá er hugtakið einnig notað yfir það þegar einkaaðilar taka að sér verk sem áður var greitt af skattgreiðendum en er nú greitt af notendum þjónustunnar.


## Húsbréf

# Innlausn húsbréfa

Frá og með 15. apríl 2005 hefst innlausn á útdregnum húsbréfum í eftirtöldum flokkum:

- 1. flokki 1991 – 53. útdráttur
- 3. flokki 1991 – 50. útdráttur
- 1. flokki 1992 – 49. útdráttur
- 2. flokki 1992 – 48. útdráttur
- 1. flokki 1993 – 44. útdráttur
- 3. flokki 1993 – 42. útdráttur
- 1. flokki 1994 – 41. útdráttur
- 1. flokki 1995 – 38. útdráttur
- 1. flokki 1996 – 35. útdráttur
- 2. flokki 1996 – 35. útdráttur
- 3. flokki 1996 – 35. útdráttur

Innlausnarverðið er að finna í Morgunblaðinu miðvikudaginn 13. apríl.

Innlausn húsbréfa fer fram hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum og liggja þar einnig frammi upplýsingar um útdregin húsbréf.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800 | www.ils.is



Talstöðin FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.


# Freista þess að fá dómnu

**Hæstiréttur fjallar í dag um fjárdráttinn í Landssímanum. Ríkissaksóknari sagði fyrir héraðsdómi að vörn þeirra Árna Þórs Vigfússonar og Kristjáns Ragnars Kristjánssonar væri ótrúverðug. Þeir freista þess að fá dómi sínum hnekkt.**

Árni Þór Sigfússon, Kristján Ragnar Kristjánsson og Ragnar Orri Benediktsson, fyrrum forsvarsmenn Íslenska sjónvarpsfélagsins og veitingastaðarins Priksins, freista þess fyrir Hæstarétti í dag að fá fangelsisdómum sínum vegna Landssímamálsins hnekkt. Þeir halda fram sakleysi sínu.

Árni Þór og Kristján voru dæmdir í tveggja ára fangelsi fyrir peningaþvott og að hylma yfir 138 milljóna fjárdrátt aðalféhirðis Landssímans og bróðurs Kristjáns. Ragnar Orri, náfrændi þeirra bræðra, hlaut átta mánaða dóm í héraði fyrir sömu sök en 106 milljónum lægri fjárhæðar. Rúmlega 246 milljóna króna bótakröfu Landssímans var þá vísað frá dómi.

Upp komst um fjársvik úr bókum Landssímans þegar Skattstjórinn í Reykjavík tók fyrirtæki Kristáns og Árna, Alvöru lífsins, í skattrannsókn. Rannsóknin vatt upp á sig og í ljós kom að Sveinbjörn Kristjánsson hafði dregið fé frá Símanum í fjögur ár. Hann játaði að hafa dregið að sér samtals 261 milljón



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SVEINBJÖRN DÆMDUR Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Hér sitja verjendur um Sveinbjörn Kristjánsson þegar hann var dæmdur í fjögurra áfrýja ekki en var ósáttur við að bróðir hans, frændi og félagi þyrftu að axla ábyrgð á fjárdrætti hans. Félagarnir þrír eru fyrir Hæstarétti í dag.

Árni Þór Vigfússon:

## SÓTTI Í SÍMANN



Þegar upp komst um fjárdrátt Sveinbjörns Kristjánssonar hjá Símanum var Árni Þór Vigfússon sjónvarpsstjóri Skjás eins.
Ríkissaksóknari sagði þátt Árna Þórs engu minni en Kristjáns Ragnars, bróður Sveinbjörns, sem var fjármálastjóri fyrirtækisins. Hann sagði Árna Þór hafa átt frumkvæði að því að rætt yrði við Sveinbjörn um hugsanlegar lánveitingar frá Símanum.
Verjandi Árna, Gestur Jónsson, krafðist sýknu þar sem Árni Þór var einungis 23 ára þegar þeir félagar fóru af stað með Skjá einn. Fram að þeim tíma hefði hann aldrei tekið lán og ekki vitað hvernig það væri gert. Hann hefði heldur aldrei talið sjálfur fram til skatts.
Árni Þór heldur því fram að hann hafi hvorki haft neitt með fjármál Íslenska sjónvarpsfélagsins að gera né annarra félaga í eigu hans og Kristjáns. Árni Þór hlaut tveggja ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann heldur fram sakleysi sínu fyrir Hæstarétti í dag.

Kristján Ragnar Kristjánsson:

## ALLT ÁN PAPPÍRA



Kristján Ragnar Kristjánsson sagði fyrir héraðsdómi að hann hefði verið vanur pappírslausum lántökum þegar hann starfaði sem fjármálastjóri Skjás eins. Hann hefði ekki vitað að féð sem bróðir hans fékk hjá Símanum væri stolið. Þótti ríkissaksóknara það afar ótrúverðugt.
Fram kom í héraðsdómi að þeir félagar, Árni Þór og Kristján, hefðu verið farnir að undrast á tímabili að Síminn krefði þá ekki um greiðslur á lánum og taldi ríkissaksóknari að Kristján hefði átt að vita að lánveitingar án skuldaviðurkenningar, vaxta, verðbóta eða ákveðins gjalddaga væru tortryggilegar.
Kristján gerði enga tilraun til að halda utan um þær fjárhæðir sem þeir félagar fengu frá Símanum. Hann hafði ekki skilað skattaskýslu frá árinu 1998 fyrir fyrirtæki hans og Árna Þórs, Alvöru lífsins.
Verjandi Kristjáns sagði bróður Kristjáns, Sveinbjörn, hafa leynt bróður sinn því að féð væri illa fengið.

Ragnar Orri Benediktsson:

## SÁ UM PRIKIÐ



Ragnar Orri Benediktsson er sakaður um peningaþvætti og yfirhylmingu á 32 milljónum sem hann notaði í eigin þágu og rekstur veitingahússins Priksins. Mest fór þó til fyrirtækja Árna Þórs Vigfússonar og Kristjáns Ragnars Kristjánssonar. Ragnar segist vera saklaus.
Ragnar Orri er tengdur bræðrunum Kristjáni Ragnari Kristjánssyni og Sveinbirni Kristjánssyni fjölskylduböndum. Þeir eru bræðrasynir. Hann annaðist rekstur kaffihússins Priksins á Laugaveginum og átti fyrirtæki með Sveinbirni, fyrrum aðalgjaldkera Símans. Fyrirtækin tengdust öll rannsókninni á fjársvikunum á Símanum.
Ragnar Orri var staddur í útlöndum á árshátíð þegar honum bárust fregnir um að Árni Þór og Kristján Ragnar hefðu verið settir í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á fjársvikunum. Hann fór einnig í gæsluvarðhald við komuna heim. Ragnar Orri hlaut átta mánaða fangelsisdóm í héraði.






FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**INNBLÁSTUR FRÁ ÍRAK** Kólumbíski listmálarinn Fernando Botero opnaði í fyrradag sýningu í París. Myndir hans fjalla um skelfilega meðferð Bandaríkjamanna á föngum í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak.

# n snúið

króna frá 1999 til ársloka 2003 án þess að yfirmenn hans grunaði neitt. Hann reyndi í fyrstu að hylma yfir en játaði sök fjótlega eftir að rannsókn hófst. Brot hans vörðuðu allt að sex ára fangelsi og hlaut hann fjögurra og hálfs árs dóm sem hann áfrýjaði ekki. Hann afplánar dóm sinn á Litla-Hrauni.

- gag



lfs árs fangelsi í héraðsdómi. Hann ákvað að

Sveinbjörn Kristjánsson:

## VILDI TAKA Á SIG SÖKINA



Sveinbjörn Kristjánsson, fyrrum aðalgjaldkeri Símans, dró sér 261 milljón króna. Peningana notaði hann meðal annars til að greiða bifreiðagjöld, víxilskuldir, skuldabréf og hlutabréfakaup. Einnig greiddi hann eigin kreditkortareikninga að upphæð um 18 milljónir króna með fé Símans. Alvöru lífsins, fyrirtæki í eigu Árna Þórs og Kristjáns Ragnars, greiddi Sveinbjörn 129 milljónir króna. Sveinbjörn taldi fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm sem hann hlaut nokkuð harðan en hann lyti honum. Hann gagnrýndi dóminn sem bróðir hans og félagar hlutu og taldi hann harkalegan. „Ekki voru lögð fram nein gögn í málinu sem tengja þá við refsivert athæfi og ekki voru kölluð fyrir nein vitni sem vitnuðu um refsivert athæfi. Þvert á það kom fram framburður um að þeir vissu ekki betur en að allt væri í lagi og fengu allavega ekki aðra vitneskju frá mér," sagði Sveinbjörn í lesendabréfi sem hann skrifaði í Fréttablaðið.




ÞAÐ ER ENNÞÁ HÆGT AÐ GERA EITTHVAÐ NÝTT


45%
AFSLÁTTUR
Nýr valkostur
Móa kjúklingur heill
359
kr./kg.
Verð áður: 598
40
AFSLÁTTUR
Krónu kindahakk
498
kr./kg.
Virk Sam-keppni
Meira úrval
Krydduð lambasteik
998
kr./kg.
Farm frites franskar
199
kr./pk.
Verð áður: 295
Kalt Mat Frystiréttir
40%
AFSLÁTTUR
Frón Matarkex
139
kr./stk.
Wasa hrökkbrauð 2 í pakka
159
kr./pk.
Benecol mjólkurdrykkur
289
kr./pk.
Opið alla daga
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
ÞÚ FÆRÐ
LÆGRA
VERÐ!
Í KRÓNUNNI
Sam-
keppni
Merrild kaffi
259
kr./pk.
Virk
Sam-
keppni
Brazzi epla og
appelsínusafi
79
kr./L.
Ariel Regular
3,3 kg.
998
kr./pk.
Verð áður: 1.098
Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Ljóst verður í lok vikunnar hve margir geta kosið á milli Össurar og Ingibjargar Sólrúnar fyrir landsfundinn.

## Hart verður tekist á innan Samfylkingar

Loksins þegar horfur voru á því að íslenskir jafnaðarmenn væru farnir að ganga saman í takt í sama flokki, eru allar horfur á því að formannskjör þeirra fyrir landsfundinn í maí skilji eftir sig sár sem seint eiga eftir að gróa. Eftir útspil formanns Samfylkingarinnar um helgina og umræður sem orðið hafa í þjóðfélaginu eftir það, ekki síst meðal framámanna í flokknum, er ljóst að mikill ágreiningur er um væntanlegan leiðtoga flokksins. Alþingismenn Samfylkingarinnar margir hverjir hafa ekki farið dult með hvern þeir styðja í formannsslagnum og þetta mál hlýtur að hafa áhrif á samstarf í þingflokknum og fleiri stofnunum Samfylkingarinnar.

Nú þegar farið er að hitna í kolunum hljóta sannir jafnaðarmenn, sem gengið hafa lengi með sameiningarhugsjónina í maganum, að spyrja sig hvort ekki hefði verið hægt að koma í veg fyrir þessi átök og einbeita sér enn frekar að gagnrýni á ríkisstjórnina. Eins og málið snýr við almenningi er Samfylkingin að grafa mikið undan sjálfri sér og mætti líkja þessum slag við sjálfseyðingarhvöt. Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum hefur fylgi flokksins verið að dala og gæti það verið vísbending um afstöðu almennings til leiðtogaslagsins.

Ekki hefur fram að þessu komið fram neinn stórkostlegur ágreiningur formannsefnanna um afstöðu til landsmálanna, en margt í starfi framtíðarnefndarinnar, sem Ingibjörg Sólrún veitir forystu, hefur greinilega farið mjög í taugarnar á Össuri. Þetta var þó sú nefnd sem átti, eins og nafnið bendir til, að marka stefnu íslenskra jafnaðarmanna til framtíðar. Meginuppistaða Samfylkingarinnar er gamli Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Kvennalistinn. Það virðist ekki að öllu leyti fara eftir gömlu flokkslínunum hver styður hvern í þessum slag. Gera má þó ráð fyrir að gömlu Kvennalistakonurnar standi þétt að baki Ingibjörgu Sólrúnu. Margir hafa haldið því fram að hún sæki fylgi sitt innan Samfylkingarinnar ekki síst til höfuðborgarsvæðisins og í raðir menntafólks. Össur aftur á móti eigi sinn dygga stuðningsmannahóp ekki síst úti á landi og meðal gamalla flokkshollra alþýðuflokksmanna og alþýðubandalagsmanna. Þessi skilgreining á fylgi þeirra er þó ekki einhlít og á næstu vikum á mikið eftir að ganga á í röðum stuðningsmanna beggja formannsefnanna og raðir að riðlast.

Þegar Fréttablaðið gerði skoðanakönnun fyrr í vetur um afstöðu manna til Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar, og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur varaformanns um hvort þeirra yrði formaður á næsta flokksþingi, völdu um tveir þriðju aðspurðra Ingibjörgu Sólrúnu. Þetta var almenn könnun sem speglaði afstöðu manna um allt land til formannsefnanna. En það er ekki almenningur í landinu sem kýs formann Samfylkingarinnar, heldur skráðir flokksmenn. Nú í lok vikunnar verður ljóst hve margir eiga rétt á því að kjósa, en fyrr í vetur töldust þeir vera um fjórtán þúsund.

Gera má ráð fyrir að nú á síðustu dögum áður en kjörskrá verður lokað hafi eitthvað fjölgað í flokksfélögunum og hefst þá á fullu barátta þeirra Össurar og Ingibjargar um hylli flokksmanna.

Þau Össur og Ingibjörg Sólrún eru bæði frambærileg í leiðtogahlutverkið og það verður líklega álit flokksmanna á þeim sem persónum sem ræður hvort þeirra verður formaður Samfylkingarinnar á fundinum í maí, málefnaágreiningur mun varla ríða þar baggamuninn.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eru bíógestir fífl?

Mikil kvikmyndahátíð stendur yfir í Reykjavík með aðdáunarverðu úrvali kvikmynda. Eitt virðist aðstandendum hátíðarinnar þó með öllu ómögulegt og það er að kynna myndirnar með réttum nöfnum. Þannig er þýska kvikmyndin um síðustu daga Adolfs Hitler auglýst talsvert undir nafninu The Downfall, þó að rétta nafnið, Der Untergang, komi reyndar einnig fyrir. Sama er með Diarios de motocicleta sem er auglýst undir heitinu The Motorcycle Diaries. Kvikmyndahúsastjórar virðast því staðráðnir í að auglýsa allar myndir sem svo að þær séu á ensku, hvort sem það er í þeirri trú að fólk fari ekki að sjá myndir á öðrum tungum eða af öðrum ástæðum. Sé ástæðan sú að blekkja fólk í bíó hljóta menn að velta siðferðinu fyrir sér.

### Engin nýlunda

Það er því miður engin nýlunda að stjórnendur kvikmyndahúsa hafi þennan háttinn á. Þannig var mikið talað um Óskarsverðlaunamyndina Life is Beautiful fyrir nokkrum árum og erfitt fyrir þann sem ekki þekkti til að ímynda sér annað en að um mynd á ensku væri að ræða. Reyndin var önnur því sú snilldarmynd var á ítölsku. Annað álíka dæmi er brasilíska myndin Cidade de Deus sem var auglýst hér sem City of God.

### Alþýðuhetjan Agnes

Agnes Bragadóttir, viðskiptafréttastjóri á Morgunblaðinu, virðist hafa sest á stall alþýðuhetju með skrifum sínum þar sem hún hvetur almenning til að bindast böndum um að kaupa Landssímann frekar en að láta stórfyrirtækjum það eftir að sitja að Símanum þegar hann verður seldur. Viðbrögðin hafa verið mikil eins og sést á vefsíðu sem var sett upp og fólki boðið að skrá sig fyrir framlögum og fóru þau fljótt yfir hundrað milljónir (sem er reyndar óvíst að skili sér allar þar sem skráningin er óbindandi). Vefþjóðviljamönnum finnst hins vegar lítið til frumkvæðisins koma og segja að betra hefði verið að stinga upp á að allir landsmenn fengju send hlutabréf í félaginu sem þeir gætu sjálfir selt.



brynjolfur@frettabladid.is

## Bleikur litur er ekki nóg

Í DAG
FJÖLMIÐLUN

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON



> **Hvað er það við skotgrafirnar sem heillar svo marga á Íslandi? Er það kannski þægilegur skortur á útsýni?**

Ég hitti einu sinni ungan og einlægan kommúnista austur í heimi sem las Financial Times á hverjum degi og sniðgekk að mestu önnur dagblöð. Eins og menn þekkja, er Financial Times einkum skrifað fyrir fólk í alþjóðlegu viðskiptalífi. Og þar lá hundurinn grafinn. Þessi landflótta kommúnisti hafði áttað sig á því að Financial Times er skrifað fyrir fólk sem vill fá að vita helstu staðreyndir hvers máls en hefur engan áhuga á skoðunum einhverra blaðamanna eða hugmyndafræði dálkahöfunda. Eins og átrúnaðargoð hans, Karl Marx, bar ungi maðurinn djúpa virðingu fyrir sköpunarmætti kapítalismans og snilli alvörumanna í viðskiptum, sem hann vissi að vildu óbrenglaðri mynd af heiminum en pólitísk blöð gefa.

Ég mundi eftir aðdáun þessa byltingarmanns á Financial Times um daginn þegar ég las á fjórðungi úr síðu í blaðinu nákvæma úttekt á flóknu, snúnu og hápólitísku máli. Blaðið reyndi ekki að einfalda eðli málsins, eiginlega þvert á móti, og þaðan af síður reyndi það að segja lesendum sínum hvaða skoðun þeir ættu að hafa. Það benti hins vegar á líklega niðurstöðu ólíkra leiða og útskýrði af hverju ákveðin pólitísk gildi, sem blaðið tók enga afstöðu til, myndu líklega vega þyngra en augljós viðskiptaleg sjónarmið þegar ákvörðunin yrði tekin. Ég var í flugvél á leið til Íslands og upp í hugann kom auðvitað samanburður á þessu uppáhaldsblaði mínu og íslenskum fjölmiðlum. Financial Times hefur heiminn allan að markaðssvæði og meiri peninga en allir íslenskir fjölmiðlar til samans svo slíkt er að einhverju leyti ósanngjarnt. En er þetta ekki líka einföld spurning um hugarfar? Hvað er það við skotgrafirnar sem heillar svo marga á Íslandi? Er það kannski þægilegur skortur á útsýni?

Á leiðinni til baka las ég annað bleikt blað, Viðskiptablaðið, sem hefur stundum birt mjög upplýsandi greinar um íslenskt viðskiptalíf og að auki vel skrifaða gagnrýni á fjölmiðla sem menn geta haft bæði gagn og gaman af þótt hún minni raunar stundum dálítið á íslensku skotgrafahefðina. Í blaðinu rak ég augun í nafn mitt í feitletraðri tilvitnun. Sagt var að ég notaði frelsi mitt til að boða takmarkanir á frelsi annarra. Dagsetning blaðsins var 1. apríl og þar sem ég hef beinlínis atvinnu af því að kenna um frjálsa samkeppni í alþjóðaviðskiptum datt mér í hug í augnablik að þarna væri öfugmælagrein í tilefni dagsins. Svo var ekki, heldur var það alvöruþrungin niðurstaða manns sem kynntur var sem fastur penni blaðsins um lögfræðileg málefni, að ég notaði frelsi mitt í viðleitni til að svipta annað fólk frelsi. Fólk var hvatt til að halda vöku sinni. Þetta var útaf því að ég hafði nefnt hér í blaðinu kenningar bresks hagfræðings, sem telur að lífsgæðakapphlaup sé ekki líklegt til að auka hamingju fólks. Sem er raunar flestu fólki svo ljóst að varla þarf að nefna þetta. Aðalatriðið er þó að ég sagði ekki eitt orð um mínar skoðanir á kenningum hagfræðingsins sem fela raunar fæstar í sér nokkuð sem kalla mætti skerðingu á frelsi fólks. Eina persónulega matið sem ég lagði á þetta var að segja að hugmyndir hans um hækkun skatta væru í andstöðu við tíðarandann. Var svona skelfilegt að segja frá einhverju sem ekki passaði við útsýnið úr tiltekinni skotgröf? Og er það alveg óskiljanleg hegðun að einhver segi frá kenningum sem hann er ekki endilega að fullu sammála?

Og aftur að Financial Times. Ástæðan fyrir því að ég vissi um rannsóknir hagfræðingsins á tengslum hagfræði og hamingju var að blaðið birti dóm um bók hans.

Þótt öllum lesendum Financial Times sé vel ljóst að ýmsar af hugmyndum hagfræðingsins stangast á við hugmyndir ritstjórnar, blaðamanna og dálkahöfunda blaðsins um hið æskilega í skattamálum fékk bókin mjög jákvæða dóma í blaðinu. Hvatt var til frekari rannsókna. Bent var á þá staðreynd að sanngirni, traust og góð félagsleg tengsl gerðu samfélög ekki aðeins hamingjusamari, heldur líka ríkari og að græðgi væri engum góð. Hugarfar skotgrafanna hefur jafn dapurlega áhrif á umræðu og stjórnmálamenn hafa stundum á atvinnulífið. Það hefur líka vond áhrif á nútímalegt atvinnulíf sem er knúið áfram af nýrri og óheftri hugsun. ■






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 6.03 | 13.28 | 20.56 |
| AKUREYRI | 7.39 | 13.22 | 19.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

## nám o.fl.

Kennsla á vörubíla stórbætt

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 13. apríl, 103. dagur ársins 2005.**






Dagur og Brynjólfur munu takast á við hið óþekkta í sumar og hlakka til.

# Ætla að sinna hinum ósnertanlegu

***Læknanemarnir Dagur Bjarnason og Brynjólfur Mogensen ætla til Indlands í sumar að hlynna að hrjáðum og sjúkum. Lægst setta stéttin í landinu, sem nefnist Dalítar, mun njóta krafta þeirra.***

Þeir eru að ljúka fjórða ári í læknisfræði, ævintýramennirnir Dagur og Brynjólfur, og hafa verið í verklegu námi í vetur. Nú fá þeir að treysta á kunnáttuna við framandi og frumstæðar aðstæður og eru greinilega fullir eftirvæntingar.

„Við ætlum að vera á Indlandi í tæpa þrjá mánuði og munum einkum starfa á heilsugæsluustöð í héraðinu Andhra Pradesh þar sem einn læknir er fyrir. Líka fara út í héruðin í vitjanir, þar sem við kynnumst eflaust örbirgðinni. Svo verðum við á sjúkrahúsi í borginni Vijayawada. Þar hafa sérfræðingar lofað að taka á móti okkur og leyfa okkur að fylgjast með aðgerðum og slíku, þannig að þetta verður mjög lærdómsríkt,“ segir Dagur. Brynjólfur tekur undir það og nefnir sjúkdóma eins og holdsveiki, alnæmi og berkla sem algengir eru meðal innfæddra. „Það verður ýmislegt að glíma við sem við höfum ekki kynnst áður, svo ekki sé minnst á tungumálaörðugleikana,“ segir hann en er þó hvergi banginn.

Dalítar eru stundum nefndir „hinir ósnertanlegu“ og eru algerlega réttlausir í landinu. „Efri stéttirnar líta svo á að ef þær eru snertar af Dalítum eða skuggi af Dalíta fellur á þær hafi þær óhreinkast. En þetta eru þeir sem þurfa mest á okkur að halda,“ segir Dagur brosandi.

Piltarnir fara ekki einir því unnusta Dags, Auður Birna Stefánsdóttir mannfræðingur, og Svana Rún Símonardóttir, félagsráðgjafi og vinkona Brynjólfs, fara líka. Þær munu fást við kennslu. „Það er skóli við hliðina á spítalanum. Þar er verið að kenna börnum sem foreldrar hafa orðið að selja í þrælkun en kirkjan er búin að kaupa úr ánauðinni. Það er nefnilega Hjálparstofnun kirkjunnar sem stendur á bak við þetta allt,“ segir Brynjólfur til skýringar. Aðspurðir segja þeir um algert sjálfboðaliðastarf vera að ræða af þeirra hálfu. „Við erum að leita eftir styrkjum fyrir farinu, láttu það endilega berast,“ segja þeir glaðlega að lokum.



Á væntanlegum vinnustað Dags og Brynjólfs, heilsugæslustöðinni Karuna Health Center.

## LIGGUR Í LOFTINU

*í námi*



**Háborgin Madríd** verður kynnt í máli og myndum á námskeiði hjá Mími, Símenntun dagana 26.-28. apríl næstkomandi. Þar mun Kristinn R. Ólafsson, útvarpsmaður í Madríd, leiða þátttakendur í allan sannleik um höfuðborg Spánar. Námskeiðið stendur í tvö kvöld og stiklað verður á stóru um sögu, listir og menningu í Madríd.

**Námskeið í leiklist,** sem aðferð til að auka skilning barna á því viðfangsefni sem þau eru að kljást við, verður haldið í Endurmenntun HÍ 18. apríl næstkomandi. Námskeiðinu er ætlað að byggja upp sjálfstraust og efla ábyrgðarkennd, en boðið er upp á verklega kennslu til að sýna fjölbreyttar kennsluaðferðir sem byggja á notkun leiklistar. Námskeiðið er einkum ætlað grunnskólakennurum, en kennsla og umsjón er í höndum Ásu Helgu Ragnarsdóttur, leikara og kennara.

**Viðey í sögu og samtíð** verður umfjöllunarefni á námskeiði sem hefst í Leikmannaskólanum 13. apríl. Umsjón með námskeiðinu hafa séra Þórir Stephensen, MA, og séra Kristján Valur Ingólfsson lektor. Markmið námskeiðsins er að lyfta hulunni af nokkrum köflum í merkri sögu Viðeyjar og hugleiða framtíðina í ljósi þeirra. Námskeiðið samanstendur af þremur kennslukvöldum þar sem verða fyrirlestrar og samræður í Safnaðarheimili Grensáskirkju og síðan heimsókn í Viðey þar sem verður staðarskoðun og kirkjuheimsókn og endað með sameiginlegum málsverði. Skráning fer fram á vef Leikmannaskólans, www.kirkjan.is/leikmannaskoli.



*tilbod@frettabladid.is*

**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
***byrja í dag á bls. 4***

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**
**Keypt & selt**
**Þjónusta**
**Heilsa**
**Skólar & námskeið**
**Heimilið**
**Tómstundir & ferðir**
**Húsnæði**
**Atvinna**
**Tilkynningar**

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



**Símenntun**
Menntun þarf ekki að ljúka við útskrift heldur getur maður haldið áfram að mennta sig alla ævi. Hægt er að halda þekkingu sinni lifandi með því að sækja námskeið eða verða sér úti um námsefni sem hægt er að lesa heima.



JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Viltu læra að búa til 100% hreinar náttúrulegar snyrtivörur?

Kolbrún grasalæknir kennir eftirtalin námskeið.

**2. maí** 10 helstu lækningajurtir
**9. maí** Allt fyrir andlitið krem, maskar og skrúbb.
**23. maí** Gigt mataræði og jurtir
**30. maí** Taugakerfi mataræði og jurtir

Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14

Færð sýnishorn með heim.
Hvert námskeið kostar 4900 kr.
Skráning í síma 552 1103

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is





# Færni vörubílstjóra á eftir að stóraukast

***Aðstæður til þess að keyra vörubíl hér á landi eru víða mjög bágbornar. Svavar Svavarsson ökukennari hefur verið ökukennari í aldafjórðung og kveðst hafa notið hvers augnabliks.***

„Ég hef samið flestar kennslubækur og verið kennari í tæpan aldarfjórðung,“ segir Svavar Svavarsson, kennari hjá Nýja ökuskólanum. Bóklegt nám á vinnuvélar kostar nú 49.900 krónur en slíkt próf þarf að taka ætli fólk sér að vinna á vinnuvélum. „Nemendurnir vinna á vinnuvélum undir handleiðslu einhvers með kennsluréttindi og taka síðan prófið hjá Vinnueftirliti ríkisins,“ segir Svavar. Bóknámið veitir því einvörðungu próftökurétt.

Svavar segist ekki hafa orðið var við mikla sprengingu í kennslunni með tilkomu framkvæmdanna við Kárahnjúka – þótt eitthvað hafi borið á því að menn hafi viljað afla sér aukinna réttinda. Sjálfur er hann gamall í hettunni og segist hafa notið hvers augnabliks. „Það er yndislegt að aka um bæinn og horfa á minnismerki um það hvað maður hefur gert,“ segir Svavar og bætir við að hann myndi taka prófið aftur ef hann fengi að velja.

Þann fyrsta apríl síðastliðinn tók gildi ný reglugerð þar sem kennsla á vörubíla hefur verið stórbætt. „Í stað fimm stunda verklegrar kennslu er nú skylda að kenna í tólf stundir. Þetta er í fullu samræmi við það sem gerist á Evrópska efnahagssvæðinu,“ segir Svavar og bætir enn fremur við að þessi breyting geri það að verkum að færni og gæði vörubílstjóra eigi eftir að stóraukast. „Við getum í raun verið mjög þakklátt fyrir að ekki hafa orðið fleiri slys. Menn geta rétt ímyndað sér hversu miklu erfiðara það er að keyra hér á landi á tvíbreiðum strikum en á hraðbrautunum úti í Evrópu,“ segir Svavar en þessar reglugerðir munu að hans sögn hækka kennslugjaldið. „Menn verða að borga meira fyrir aukin gæði.“ ■





Viltu starfa erlendis?

**Skráning fyrir brottfarir í mars - júní**
**Austurríki - England - Frakkland - Ítalía**
**Portúgal - Spánn - Þýskaland**

Ef þú ert á aldrinum 18-30 ára er starfsþjálfun góð leið til þess að læra tungumál, kynnast ólíkri menningu og öðlast starfsreynslu. Um er að ræða störf á hótelum, veitingahúsum, hjúkrunarheimilum og hjá fyrirtækjum í öðrum greinum. Þeir sem sækja um starfsþjálfun í Evrópu eiga kost á Leonardo da Vinci styrk til greiðslu á hluta kostnaðar. Stúdentaferðir úthluta þessum styrkjum fyrir hönd Landsskrifstofu Leonardo á Íslandi.

KRAFTAVERK

MasterCard
*Færð þú MasterCard Ferðaávísun?*

STÚDENTAFERÐIR
exit.is

Bankastræti 10 • Sími 562 23 62 • info@exit.is • www.exit.is


## Tekist á við próflestur

MIKILVÆGT ER AÐ HVÍLAST VEL OG HREYFA SIG Á MEÐAN LESIÐ ER UNDIR PRÓF.


MYNDIN ER ÚR SAFNI.

**Nú fer að líða að prófum og margir sestir niður við lesturinn. Ágætt er að temja sér góð vinnubrögð svo próflesturinn nýtist sem best og skili sem mestum árangri. Hér eru nokkur góð ráð sem vert er að fylgja:**

1. Sofðu vel og reglulega því að úthvíldur hugur tekur bet ur við námsefninu en þreyttur.
2. Haltu lesaðstöðu þinni hreinni og snyrtilegri svo þér líði vel þar og eigir auðvelt með að finna hlutina.
3. Ekki reyna að lesa allt í einu, heldur skaltu gefa hverju efni sinn tíma.
4. Stattu reglulega á fætur og teygðu vel úr þér til að þú verðir ekki þreytt(ur) og stíf(ur).
5. Stundaðu líkamsrækt, því hreyfing getur bæði látið þér líða betur og fært þér aukna orku.
6. Borðaðu hollan og góðan mat sem þér líður vel af og gefur þér kraft. Ekki borða mikið af sælgæti og drekka gos sem sljóvgar þig.
7. Hvíldu þig kvöldið fyrir próf og farðu jafnvel í bíó. Sofn aðu svo snemma og þá ertu stálhress daginn eftir þeg ar prófið er.




# Fljótandi skóli við Faxagarð

*Slysvarnaskóli sjómanna starfar allt árið og heldur fjölda námskeiða sem öll lúta að öryggi þeirra sem starfa á hafi úti. Skólinn fagnar 20 ára afmæli í vor og er fyrstur skóla á Íslandi til að standast kröfur um gæðavottun ISO 9001:2000. Hann er líka sá eini sem er á floti.*


Hilmar Snorrason

„Allt okkar starf miðar að fækkun slysa og óhappa á sjó. Við erum með 15 mismunandi námskeið sem snúast um að þjálfa menn í notkun á öryggisbúnaði skipanna og slysavörnum um borð. Þau lengstu standa í fimm daga,“ segir Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna sem er um borð í Sæbjörgu við Faxagarð. Hilmar segir alla sem stunda sjómennsku skylduga til að sækja námskeið. „Hér á landi eru kröfur um símenntun í öryggismálum þannig að sjómenn verða að mæta hér á námskeið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Það fer svo eftir því fyrir hvaða störf er verið að þjálfa hvaða námskeið henta hverjum og einum.“

Hann segir engan mega fara á sjó nema ljúka öryggisþjálfun. Þó sé hægt að fá undanþágu til skamms tíma. „Ef einhver ætlar í sumarafleysingu og hefur ekki fengið öryggisfræðslu byrjar hann á því að skrá sig á námskeið hjá skólanum. Hafi hann ekki tök á að sækja það strax getur hann fengið undanþágu í allt að sex mánuði. En aðeins einu sinni. Þetta var gert til að koma til móts við þær aðstæður sem hér skapast stundum þegar skyndilega vantar mann um borð og kallað er í einhvern strák á bryggjunni,“ segir Hilmar brosandi.

Eitt af hlutverkum skólans segir Hilmar vera að þjálfa áhafnir kaupskipa samkvæmt alþjóðlegum staðli og hann getur þess að skólinn hafi lokið úttektarferli vegna gæðastjórnunar samkvæmt ISO 9001:2000 en það var eitt af skilyrðum þess að veita þjálfun á alþjóðavísu. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR


Íslenskir sjómenn sækja námskeið reglulega um borð í Sæbjörgu. Hér er Hilmar skólastjóri að fræða nokkra þeirra um öryggismálin.


ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
!
Talstöðin
FM 90,9



» FASTUR
birta
» PUNKTUR



Námsaðstoð
í stærðfræði og raungreinum fyrir grunn- og framhaldsskólanema.
Stærðfræði- og tölvukennslan
Brautarholti 4, 105 Rvk
Sími 5513122



Námskeið sem skila árangri!


Hagnýt skrif
3. maí
Skapandi skrif
10. maí
Þorvaldur Þorsteinsson


Frá vitundarvakningu til þakklætis
27. apríl
Guðni Gunnarsson


Tjáning - Lykill að árangri!
21. apríl
Kári Halldór

www.kennsla.is
Námskeið í því sem gleymdist að kenna okkur


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar, segir námið fyrir fullorðna með lesblindu vera metið til eininga í framhaldsskóla.

# Nám fyrir fullorðna með lesblindu

*Hjá Mími-símenntun er í boði nám fyrir fullorðið fólk með lesblindu sem byggt er á aðferðafræði Ron Davis.*

„Margir sem eru með lesblindu hafa verið látnir finna fyrir því að þeir séu ekki eins vel gefnir og gengur og gerist sem er alrangt, og byrjum við því námskeiðið á sjálfsstyrkingu,“ segir Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar sem býður upp á nám fyrir fullorðið fólk með lesblindu. „Námið byggir á aðferðafræði Ron Davis þar sem allir fara í einkatíma hjá ráðgjafa sem menntaður er í þeim fræðum. Í einkatímanum á leiðrétting lesblindunna sér stað, en við höfum byggt meira í kringum það,“ segir Hulda.

Fyrsta hálfa mánuðinn hittist fólk sem hópur og fer í sjálfsstyrkingu, en því næst taka einkatímar við í heila viku og að því loknu er byrjað að kenna íslensku. „Nemendur eru mjög misjafnlega á veg komnir og í mörgum tilfellum þarf að fara aftur í grunnskólaíslensku og taka undirstöðuatriðin,“ segir Hulda. Við lok námskeiðsins fá allir nemendurnir námsráðgjöf en námskeiðið er allt í allt 95 kennslustundir og hefur verið viðurkennt til eininga í framhaldsskóla.

„Verkalýðsfélögin og fræðslusjóðir atvinnulífsins styðja sitt fólk á þetta námskeið og borga stærsta hlutann af námskeiðinu og menntamálaráðuneytið styrkir þetta einnig lítilsháttar,“ segir Hulda og telur það afar mikilvægt og gefa þeim sem þurfa möguleika á að mennta sig og bæta í starfi.

„Við höfum fengið frábær viðbrögð frá nemendum okkar og þeir eru allir sammála um að þetta hafi breytt lífi þeirra,“ segir Hulda að lokum.

*kristineva@frettabladid.is*



BAÐBOMBUR SÝNIKENNSLA
Sýnikennsla verður í baðbombugerð í dag frá kl. 13-17
OPIÐ FRÁ 10-18 VIRKA DAGA
11-16 LAUGARDAGA


Dalvegur 18 Sími 568 6500
www.fondra.is



12 klst. námskeið
í stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu

MYNDAVÉLIN: Farið er inn á allar helstu stillingar á myndavélinni, þ.a.m. hraði, ljósop, dýptarskerpa, ljósmæling, lýsing, linsur, súmm, ISO, White balance, pixlar, RAW/JPEG

MYNDATAKAN: Myndbyggingarreglur. Myndataka – almennt, landslandsmyndatökur, næturmyndatökur, norðurljósamyndatökur, nærmyndir, portrett. Ýmis góð ráð við myndatöku veitt sem koma að góðum notum.

LJÓSMYNDASTÚDÍÓ: Myndataka - Portrett í Studíói. Notkun ljósa í stúdíói, mismunandi lýsing, notkun flassmælis, hvernig á að búa til einfalt og ódýrt heima stúdíó.

TÖLVAN: Færa myndir yfir á tölvuna, setja myndir í möppur, koma skipulagi á myndasafnið og skráningu mynda, setja leitarorð á myndir, afrita myndir á milli mappa, skipta um nafn á myndum, snúa myndum við, skoða allar upplýsingar um myndir, setja myndir yfir á geisladisk eða DVD, senda myndir með tölvupósti, prenta út myndir.

PHOTOSHOP: Lagfæra myndir, taka burt atriði úr myndum, kroppa myndir, skipta um bakgrunn, gera myndir svart/hvítar, gera myndir brúntóna, setja lit á hluta af myndum, breyta myndum með effectum, setja ramma utan um myndir, minnka myndir, dekkja og lýsa myndir, auka og minnka kontrast í myndum, vista myndir.

Hópur A 18., 20. og 21. apríl 18 - 22. Hópur B 25., 27. og 28. apríl kl. 18 - 22. Verð kr. 14.900.

Skráning og nánari uppl. á ljosmyndari.is eða 898-3911. Leiðb. Pálmi Guðmundsson

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17


BÍLASALAN bíll.is

V Á Á Á

Land Rover Discovery V8 SE-7 árg. 2004 ek. 14 þ. km. "Einn með öllu" 7 manna, verð 4690 !!!!

Subaru Legacy 2.0 GL árg. 2003, ek. 45 þ. km. Sjálfsk. krókur, álfelgur, sumar og vetrardekk verð nú 1890!! 100% lán.

BMW X5 3.0 Sport, árg. 2004, ek. 23 þ. km. "Einn með öllu" áhvílandi 3800 þ. Verð nú 5900!!

BMW X5 3.0 Sport 11/2004 (nýtt útlit) ek. 6 þ. km. "Einn með öllu". Áhvílandi 2900 þ., verð nú 5990!!!!

Ford F-150 Crew Cab 4WD Lariat árg. 2004 ek. 14 Þkm. Sjálfsk. "einn með öllu" verð nú tilboð 2990!!!

Land Rover Discovery LR3 SE-7 V8 2005. Nýr bíll, sjálfsk. Leður, krókur, Xenon ljós, hiti í sætum, 7 manna. Verð 6700. (Getum útvegað allar gerðir og liti).

Nissan Patrol SE 2.8 TD, árg. 1998, ek. 138 þ. km. 5 gíra, álfelgur, krókur, 33" dekk ofl. Verð 2190!!!!

Volvo XC-90 T6 2005. Nýr bíll. Sjálfsk., leður, 7 sætapakki, veðurpakki, Touring pakki ofl. ofl. Verð 5900. (Getum útvegað allar gerðir og liti).

Hyundai Galloper TD árg. 1998 ek. 145 þ. km. 5 gíra, 7 manna, krókur ofl. ofl. Topp eintak. Tilboðsverð 890!!!! 100% lán.

Ford F-350 6.0 TD Lariat árg. 2005 ek. 9 þ. km. Sjálfsk. "einn með öllu", 37" breyttur ofl. Verð 4750!!!!!

Suzuki Grand Vitara 2.5 V6 árg. 2003 ek. 36 þ. km. Sjálfsk. álfelgur ofl. áhvílandi 2190, verð nú 2190!!! 100% lán.

Ford Focus Station árg. 1999 ek. 117 þ. km. 5 gíra ofl. Verð áður 960, verð nú 720!!!!

Ford Econoline 250 XLT árg. 1997, ek. 234 þ. km. Innfluttur nýr, topp viðhald, 5 manna, verð nú 690!!!!

Nissan Patrol GR TD árg. 1995 ek. 214 þ. km. 5 gíra, 33" dekk, krókur ofl. Verð nú 1090!!!

Toyota Avensis Station árg. 2000 ek. 85 þ. km. 5 gíra, krókur ofl. verð áður 1050, verð nú 850!! 100% lán.

Jeep Grand Cherokee Limited árg. 2003, ek. 56 þ. km. Sjálfsk. "einn með öllu" verð áður 3890, verð nú 3190!!!!

Ford Econoline 350 7.3 TD, árg. 1998, ek. 150 þ. km. Sjálfsk., 11 manna, krókur ofl. Verð nú tilboð 1600 !!!!

Peugeot 405, árg. 1997, ek. 115 þ. km. 5 gíra, CD, krókur ofl. verð áður 490, verð nú 290!!

Toyota Corolla XLi, árg. 1996, ek. 174 þ. km. 5 gíra, álfelgur CD ofl. Tilboðsverð 230!!!

M.Benz A-140 árg. 2001, ek. 65 Þ.km. 5 gíra, verð áður 1250, áhvílandi 950, verð nú 950!!! 100% lán.

Jeep Cherokee Laredo, árg. 1999, ek. 76 þ. km. Sjálfsk., krókur ofl. Einn eigandi frá upphafi. Verð nú 1790!!!!

VW Bora 1.6 Comfortline, árg. 1999, ek. 84 þ. km. 5 gíra, álfelgur ofl. Verð nú tilboð 700!!!

MMC Montero GLS, árg. 2003, ek. 36 þ. km. Sjálfsk., álfelgur, 7 manna ofl. ofl. Verð nú 2890!!!!!

Nissan Sunny 1.6 SLX, árg. 1989, ek. 165 þ. km. 5 gíra, ný skoðaður, verð nú tilboð 90!!!!!

BMW 316i árg. 1992, ek. 175 þ. km. 5 gíra, álfelgur ofl. Tilboðsverð 290!!!!!

VW Polo 1.4i árg. 1998, ek. 120 þ. km. 5 gíra, álfelgur, aukafelgur ofl. Verð áður 550, verð nú 350!!

Chev. S-10 árg. 1996, ek. 86 þ. km. Sjálfsk. krókur, álfelgur ofl. Topp eintak verð nú 690!!!!

Dodge Charavan SE, árg. 2001, ek. 120 þ. km Sjálfsk., 7 manna, verð 1790!!!

Range Rover 3.5, árg. 1985, ek. 208 þ. km. 5 gíra, krókur, álfelgur, mikið af aukadóti með, verð 190 þ.!!!

Subaru Impreza LX Wagon, árg. 2000, ek. 89 þ. km. 5 gíra, álfelgur, CD ofl. verð áður 1050, verð nú 790!!! 100% lán!!!

M. Benz 300E, 4 Matic árg. 1994, ek. 217 þ. km. Sjálfsk., krókur, cd ofl. Verð 1090!!!!

M.Benz C-230 Elegance árg. 1998 ek. 214 Þkm. Sjálfsk. Leður, topplúga, álfelgur ofl. Einn eigandi, verð nú 1250!!!

M. Benz 190E 2.0 Sportline árg. 1992, ek. 197 þ. km. Sjálfsk., álfelgur, topplúga ofl. Verð 490!!!!

Toyota Landcr. 80 VX TD, árg. 1995, ek. 202 Þ.km. 5 gíra, 38" breyttur, ofl. ofl. Verð 2200!!!

Nissan Patrol SE+ árg. 2000, ek. 79 þ. km. 5 gíra, 35" breyttur, leður, topplúga, kubbur ofl. Áhv. 1000. Verð nú 2990!!

Ford Mustang GT Premium 2005 (Nýr bíll) Sjálfsk. leður ofl. ofl. ofl. Verð 3950!!!

1020 Yamaha WR 450, árg. 2003. Rafstart, 4 gengis, lítið notað, topp hjól, verð 550!!!!!

Toyota Hilux Double Cab SR5, árg. 1993, ek. 223 þ. km. 5 gíra ofl. Tilboðsverð 290!!!!!

Honda CBR 600 F4i, árg. 2002, ek. 3 þ. km. Topp hjól, verð 890!!!!

VW Passat 1.8, árg. 1997, ek. 92 þ. km. Sjálfsk., álfelgur, ofl. Tilboðsverð 670!!!!

Honda CRV árg. 1998, ek. 106 þ. km. Sjálfsk., krókur, filmur ofl. Verð áður 1150 þ. Verð nú 890!!!

V Á Á Á

**Bíll.is**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

MASTER



Volvo V70 Cross Country. Árgerð 2002, ekinn 56 þkm. SUPEREINTAK. Verð kr. 3.200.000. Master ehf. Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is

**Master ehf**
**Glæsibær Álfheimar 74, 104 Reykjavík**
**Sími: 5402200**
**www.masterbill.is**

BÍLAMIÐSTÖÐIN
HYRJARHÖFÐA 2 - SÍMI 5405800



Ford Mustang Mac 1, árgerð 1981, 8cyl. 351 Cleveland, bíllinn allur uppgerður fyrir tveimur árum síðan, álfelgur, ný dekk o.fl., sk. '06, verð 1.180.000. Til sölu á Bílamiðstöðinni.

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.is**

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



VW PASSAT Comfort line vél 1.6 Árg. 2002. Ek. 47 þ km, Beinsk. ABS, CD, litur mjög vel út V.1.380.þús Allir bílarnir eru til sýnis og sölu hjá Bílalíf á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11, 110 Rvk S: 562-1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLIN



Ford Escape LTD árg. 2005, km 28 þ., ssk., lúga, leður og fl. Verð 3.290 þ. ath skipti.



Chrysler Town and Country árg. 2002, km 36 þ. Skk., 7 manna, saml. og fl. Verð 2.490 þ. ath. skipti.



VW Golf 1600 high line árg. 2002, km 20 þ. Ssk., álfe. og fl. Verð 1.490 þ. Gullmoli.



Mitsubishi Pajero Long disel turbo, árg. '99, km 116 þ. Ssk., lúga, leður, 33" dekk og fl. Verð 2.490 þ. ath skipti.



Kia Sorento EX árg. 2002, km 30 þ. Ssk., álfe., r/ö og fl. Verð 2.900 lán. 1.230 þ.



BMW 525 TD árg. 2001, km 188 þ. 5 g., álfe. og fl. Verð 2.950 þ. ath. skipti. Áhv. 1.850 þ.



Peugeot 206 XR nýsk. 7/2004, km 3 þ. 5 g. Verð 1.600 þ. Áhv. 1.500 þ.



Mitsubishi Galant ES 2400, árg. 2002, km 70 þ., álfe., ssk. og fl. Verð 1.790 þ. Tilboð 1.490 þ. Ath 100% lán.



Nissan Terrano 2700 TD Luxury, nýsk. 7/2000, km 66 þ. 35" dekk, 5 g. og fl. Verð 2.490 þ. Ath. skipti.



Nissan Murano SE árg. 2004, km 10 þ. Ssk., lúga, leður, álfe. og fl. Verð 4.390, lán 300 þ. Tilboð 3.790 þ.

**Nýja bílahöllin**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

Breiðan ehf
821-6292



Nissan Double cab pick-up árgerð '95, bensín, ekinn aðeins 88 þús.km., álfelgur, ný dekk, plasthús, sk. '06, verð 750.000, 100% lánað. S. 821 6292.



VW Double-cab árgerð 6/'98, diesel, 6 manna, nýleg tímareim og vatnsdæla, sk. '06, verð 830.000 m. vsk. 100% lánað. S. 821 6292.



Nissan Patrol árgerð '93, 7 manna, ekinn 270 þús. nýtt hedd og nýupptekin vél hjá Vélalandi NÓTUR, ný 33" dekk, sk. '06, verð 950.000, 100% lánað. S. 821 6292.



Chevrolet Suburban seria 2500 diesel 6,5 turbo, árg. '96, ekinn 210 þús., nýupptekin vél o.fl., nótur, 7 manna, leðursæti, mikill aukabúnaður, 38" hækkun, ný 36" dekk, sk. '06, 100% lánað, verð 2.300.000. S. 821 6292.



Chevrolet Suburban árg. '93 6,5 diesel turbo, ekinn 175þús., vél úr árg. '96, ekinn 100 þús. km., 7 manna, með miklum aukabúnaði, sk. '06, 100% lánað. Verð 1.350.000. S. 821 6292.



Peugot Boxer skráður 6/'01. diesel, 6 manna, 4ra dyra, með álpalli, ekinn 80 þús. km, ný vetrardekk, sk. '06, 100% lánað, verð 1.790.000 með vsk. S. 821 6292.



MML-200 Double cab árg. 10/'97, diesel, turbo, ekinn 250 þús., ný dekk, tímareim, o.fl., þjónustubók, sk. '06, 100% lánað, verð 1.050.000. S. 821 6292.

Breiðan ehf
821-6292



Ford Explorer árg. '95, 4ra dyra, 6cyl, ekinn 70 þús. km, sk. '06, 100% lánað, verð 790.000. S. 821 6292.



VW LT-45 mini-vörubíll árg. '92, 6cyl., diesel, ekinn 270 þús. km., ný dekk, sk. '06, 100% lánað, verð 500.000 m. vsk. S. 821 6292.



Nissan Double-cab diesel 2,5 turbo intercooler, árg. 3/2002, ekinn 90 þús., þjónustubók, lítur mjög vel út, sk. '06, verð 1.780.000. S. 821 6292.



VW Transporter diesel árgerð 6/"98, ekinn 156 þús., nýleg tímareim o.fl., sk. '06, verð 680.000 m. vsk. 100% lánað. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

SPAR bíll



Nýr '05 Renault Master millilangur, Háþekju, 2500 turbo dísil, 115 hö. Listaverð án vsk: 2.600 þús. Okkar verð: 1.905 þús. Þú sparar um 700 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

98,9
BYLGJAN
-björt og brosandi

BÍLASALAN
HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
Vagnhöfða 9 | www.hofdahollin.is



AUDI A4 QUATTRO 2800, árg. 2002, ek. 45 þ. km. Sjálfks., heilsársd., CD, kastarar, leður og fl. Verð 3450 þús. Ath skipti á ód.

BMW 330 X TD, Dísel 4x4, árg. 2002, ek. 111 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, litað gler, CD og fl. Verð 3750 þús. Ath skipti á ód.



DODGE NEON, árg. 2005, ek. 0 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, CD, kastarar, spoiler, sumard. og fl. Verð 1740 þús. Ath skipti á ód.

HONDA CIVIC 1,5 LSI V-TEC, árg. 1998, ek. 145 þús. km. 5 gíra, CD, kastarar, spoiler, heilsársd. og fl. Verð 580 þús. 100% lán mögulegt.



FORD ESCAPE, árg. 2005, ek. 33 þús. km. Sjálfsk., álflegur, filmur, Cd, glertopplúga, leður og fl. Verð 3280 þús. Ath skipti á ód.

FORD ESCAPE, árg. 2002, ek. 65 þús. km. Sjálfsk., heilsársdekk, filmur, álfelgur, CD og fl. Verð 2140 þús. Ath skipti á ód.



FORD EXPLORER XLT 4,0 .7 MANNA, árg. 2002, ek. 52 þ. mílur. Sjálfsk., 7manna, álfelgur, dr. kúla, litað gler, Cd og fl. Verð 2400 þús. Ath skipti á ód.

JEEP CHEROKEE JAMBOREE 2,5L, árg. 1994, ek. 128 þús. km. 5 gíra, heilsársdekk, dr.kúla, álfelgur og fl. Verð 390 þús.



JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 5,2, árg. 1996, ek. 200 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, dr. kúla, CD, spoiler, litað gler og fl. Verð 890 þús. Ath skipti á ód.

M.BENZ A140, árg. 2001, ek. 67 þús. km. 5gíra, CD, vetrardekk, 1400cc, reyklaus og fl. Verð 980 þús. 100% lán mögulegt.



M.BENZ ML 320, árg. 2001, ek. 104 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, CD magasín, filmur og fl. Verð 3490 þús.

VW POLO FOX 1000, árg. 1995, ek. 133 þús. km. 5 gíra, sumar + vetrardekk, framhjóladr. og fl. Verð 290 þús.



SKODA FABIA COMFORT, árg. 2000, ek. 77 þús. km. 5 gíra, sumar + vetrardekk, rafm. í rúðum + speglum. Verð 650 þús. 100% lán mögulegt.

SUZUKI GRAND VITARA XL7, árg. 2004, ek. 14 þús. km. Sjálfsk., 5 manna, CD, álfelgur og fl. Verð 2850 þús.



SUZUKI SIDEKICK JLXI SPORT, árg. 1996, ek. 165 þús. km. sumar + vetrard., dr. kúla og fl. Verð 500 þús.

TOYOTA COROLLA 1300 XLI, árg. 1995, ek. 203 þús. km. 5 gíra, 5 manna, segulband og fl. Verð 350 þús.



TOYOTA COROLLA 1300 XLI, árg. 19985, ek. 144 þús. km. vetrardekk, pluss, spo og fl. Verð 385 þús.

VW Golf COMFORTLINE, árg. 1998, ek. 95 þús. km. CD, heilsársdekk, spoiler, ABS, og fl. Verð 890 þús. 100% lán mögulegt.

**Leitaðu ekki lengra.**
**Erum með rétta bílinn fyrir þig!**

**Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00**
**og laugardaga frá kl. 10:00-17:00**

Vagnhöfða 9 | www.hofdahollin.is

## ÞJÓNUSTA/BÍLAR TIL SÖLU

# Er bíllinn of lágur?

Upphækkunarsett
fyrir flestar gerðir
fólksbíla og jeppa.

Málmsteypan **HELLA**
Kaplahrauni 5 Hafnarfirði 5651022 www.hella.is

TOPPBÍLAR

Toyota Landcruiser 100 VX, árgerð 05/2004. Sjálfskiptur, ekinn 17 þ. km. Leður, lúga, stillanleg fjöðrun, dráttarkrókur, bakkskynjarar, filmur.
Verð 7.250.000.-



Til sýnis og sölu á Toppbílum. Sími 597-2000.

# Bílamarkaðurinn

Smiðjuvegi 46 E • Kópavogi

Sími 567 1800

Finndu rétta bílinn • www.bilamarkadurinn.is



Opel Vectra 1.6 árg. 1998, sjálfskiptur , ekinn 122 þús km, abs, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum og speglum. VeKia Carnival 2.5 Dísel, árg. 2000, sjálfskiptur, ekinn 69 þús km,abs, álfelgur, dráttarkr, fjarst samlæs,topplúga, rafmagn í rúðum og speglum. Verð 1590 þús.rð 760 þús.



Toyota Corolla 1.3 Xli árg. 1995, sjálfskipt, ekinn 132 þús km. Sumar og vetardekk. Verð 380 þús.



Toyota Corolla 1.6 GLI Liftback, árg. 1992, sjálfskiptur, ekinn 192 þús km,dráttarkrókur, rafmagn í rúðum og speglum.Verð 290 þús.



Toyota Corolla 1.6 GLI Liftback, árg. 1993, sjálfskiptur, ekinn 153 þús km,dráttarkrókur, rafmagn í rúðum og speglum, smurbók. Verð 390 þús.



Dodge Caravan SXT 3.3, árg. 2005, sjálfskiptur, ekinn 0 þús. km. Álfelgur, cruise control, spólvörn, fjarst samlæs,rafm. í rúðum og speglum. DVD Entertainment pakki. Alveg nýr bíll. Verð 3490 þús.



Nissan Double Cab 2.5 E Tdi, árg. 10/'03, ek: 37 þ. Svartur, 38" breyttur, drifhlutföll, álfelgur,krómgrind á palli,filmur, CD. Topplúga.Rafmagn í rúðum og speglum. Stigbretti, DVD og skjár. Góðar græjur, Fjarstart... Lítur út sem nýr og búið að eyða allt of miklu í hann....!!!!!!!!! – Verð: 4150 þ.



Vw Beetle 2.0 árg. 1998, beinskiptur, ekinn 98 þús km,16" álfelgur, hiti í sætum, rafmagn í rúðum og speglum,blómavasi, air condition. Verð 970 þús.



Chevrolet Astro 4.3 4X4, árg. 1999, sjálfskiptur, ekinn 82 þús km,7 manna, leðurklæddur, rafmagn í rúðum og seglum,Verð 1650 þús.



VW polo 1,4, 02/97 ek 97 Sjálfskipt. Blár, ABS, útvarp, vökvastýri, smubók. Nýleg heilsársdekk. Verð:430 þ.



Merecedes Benz 300 SE, árg. 1991, sjálfskiptur, ekinn 200 þús km,abs, asr, álfelgur, cruise control, topplúga. Verð 1690 þús. Tilboð 1190 þús.



Subaru Impreza GL 2.0 árg. 1999, sjálfskiptur, ekinn aðeins 57 þús km, álfelgur, spoiler, smurbók, lítið keyrður konubíll. Verð 950 þús Subaru Impreza 2.0 Station árg 1997, beinskiptur, ekinn aðeins 67 þús km, álfelgur, dráttarkr, fjarst samlæs, spoilerar. Verð 750 þús.



Ford Transit sendibíll, árg. 07/99, ek: 103 þ. Hvítur, Extra langur sendibíll sem hægt er að filla af drasli. Verð: 1090 þ. TILBOÐ: 890 þ.



Jeep Liberty Renegade Trail Rated árg. 2004, sjálfskiptur, ekinn 12 þús km, leður, rafmagn í öllu, cruise control, kastarar á toppnum.Gríðarlega flottur og einstakur jeppi. Eini svona á landinu.Verð 3890 þús.



Subaru Legacy 2.0 árg. 1998, sjálfskiptur, ekinn 100 þús km, ABS, álfeglur, dráttarkr, spoiler, rafmagn í rúðum og speglum. Verð 890 þús.



Dogde Grand Carvan SXT, 07/04, ek:0 þ. km. Rauður, 7 manna,álfegur,rafmagn í rúðum og speglum,sjiggt gler,toppbogar,cd,loftkæling. Verð 3350 þ. A.T.H NÝR BÍLL.



Dodge Dakota V6 árg. 2003, sjálfskiptur, ekinn 13 þús mílur. ABS, álfelgur, dráttarkr, fjarst samlæs, cruise control, rafmagn í rúðum og speglum. Verð 2390 þús.



Merecedes Benz 230C Kompressor, árg. 11/1999, sjálfskiptur, ekinn 80 þús km. leður, topplúga, cd magasín, álfelgur, spólvörn, rafmagn í öllu, cruise control. Einn með öllu. Verð 2350 þús.



MMC Pajero Sport 3.0 árg. 2001, sjálfskiptur, ekinn 108 þús km, 33" breyttur, álfelgur, dráttarkr, rafmagn í rúðum og speglum. Flottur bíll. Verð 2390 þús.



MMC Spacestar 1.3, árg. 2000, beinskiptur, ekinn 71 þús km, rafmagn í rúðum og speglum, fjarst samlæs. Verð 760 þús



Opel Astra 1.6 árg. 1999, sjálfskiptur, ekinn 77 þús km, abs, álfelgur, þjófavörn. Snyrtilegur bíll. Verð 870 þús. Tilboð 720 þús.

**Opnunartímar**

**Mán - fös kl. 10-19**

**Laugardaga kl. 10-17**

**Sunnudaga 13-17**

Finndu rétta bílinn

www.bilamarkadurinn.is



**MAGNÚSSON EHF**

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi og USA. www.bilasolur.is/magnusson**



Nýir og lítið notaðir Grand Cheeroke frá USA. Getum útvegað allar gerðir af nýjum og lítið eknum Grand Cheeroke, 4,7 Limitied og 5,7 Hemí Limitied vel búnum. Ágúst sími 862 2000 E-mail magnusson@internet.is Eigum 5 stk. nýja 4,7 Limitied til á lager, verð 4490 þús.



Getum útvegað allar tegundir af nýjum og lítið eknum Benz C, E, og S Class frá þýskalandi eða USA ,vel búnum. Ágúst sími 862-2000 E-mail magnusson@internet.is



Getum útvegað allar tegunir af BMW nýjum eða notuðum frá þýskalandi. Td. 520i eða 525i ,vel búnum. Ágúst sími 862-2000. E-mail magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**
**magnusson@internet.is**



VÍKUR VERK



LMC Hjólhýsi.Mikið úrval af glæsilegum LMC hjólhýsum frá þýskalandi. Víkurverk Tangarhöfða 1. sími 557 7720 www.vikurverk.is



Húsbílar. Landsins mesta úrval af húsbílum. Framdrifnir, afturdrifnir Ford,Fíat,Bens Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720 www.vikurverk.is kveðja, Kristín.

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavik**
**Sími: 567 2357**
**www.vikurverk.is**



12 Volt



Ford Escape 11/01, ek 62 þús, 4x4, ssk, litað gler, krókur. Verð 2.190þús. Uppl í s 896 9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**



HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is



Volkswagen Vento 1.6. nýskr 09/'96., ek. 105 þ.km., svartur., topplúga., 15" álfelgur., sport innrétting., ný tímareim og kúpling o.fl. Verð 590.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**


## Bílar til sölu



Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel árg 2005, nýr bíll. Topplúga, leður, 6 manna einn með öllu. Gott verð með VSK Plus Gallery ehf. S. 898 2811.



Dodge Ram SLT 4x4 2500 5,7L Hemi ekinn 32 þ. km 345 hross. Magnaður bíll. Öll skipti ath. S. 898 2811.



Nissan Primera árg. '91. Ekinn 146 þús. km. Skoðaður 2004. Bíllinn er óökufær v/vélabilunar, lítur að öðru leiti vel út. 9 auka dekk fylgja. Óskað eftir verðtilboðum í síma 860 9906.



VW Polo árg. '04, ek. 19 þús. km. Beinsk., 1,2, CD, sumardekk á felgum fylgja. Topp bíll. Bílalán 850 þús. Aðeins 1120 þús. S. 892 7852.



Nissan Patrol SE+ árg. 1999, ekinn 160 þús. km. Leður, topplúga, 5 gíra, 38" ný dekk. Góður bíll. S. 898 2811.

Til sölu Suzuki Forrester árg. 2003, góður bíll, dökkgrænn-tvílitur, keyrður 28.000 km, 2000cc, ssk., geilsasp. Áhv. ca 1500 þ. Verðhugmynd 2.000.000. Skipti koma vel til greina. Þeir sem hafa áhuga vinsaml. hringja í s. 690 6712.

Til sölu Passat '98, Opel Astra '97, báðir dísel. Hagstæð lán geta fylgt. Uppl. í s. 896 1264.

Rauður Mazda rx7twin turbo til sölu. Þarfnast lagfæringar. Áhugasamir hringið í síma 697 6305.

## 0-250 þús.

Subaru Legacy station árg. '91, ekinn 270 þús. Sk. '06, dráttarkrókur. Uppl. í s. 898 4644.

Corolla '88. Lítur vel út. Nýr rafgeymir. Ásett verð 80 þús. Uppl. í síma 856 2756.

Til sölu Peugeot 406 Stw '98, slitin tímareim. Áhv. 93 þús. Verðhugmynd 150 þús. Skoða ýmis skipti. Uppl. í s. 660 2696.

Til sölu Skoda Favorit árg. '92, ek. 62 þús. Vel með farinn. Verð 45 þús stgr. Fyrstur kemur fyrstur fær. S. 660 1855.

Volvo 740 GL árg. '88, 2 eigendur og smurbók frá upphafi. Selst á 100 þús. Uppl. í s. 897 1899.

MMC Lancer GLXI 1,6 árg.93, sjálfskiptur, 4ra dyra, Sk. '06. V. 125 þ. S. 866 5052.

Til sölu og niðurrifs, vel með farinn Daihatsu Ferroza árg. '91, nýyfirfarin vél (ónýt grind), eða selst í pörtum. Uppl. í s. 899 5035.

MMC L300 4x4 árg. '89, sk. '05. V. 120 þ. Skipti á ódýrari koma til greina. S. 661 3548.

MMC Colt '91 1,3, 5 g. Ný kúpling, tímareim, bremsudiskar + klossar, lítur vel út. V. 130 þ. stgr. S. 898 8829.

Nissan Sunny '95, ek. aðeins 91 þús. Uppl. í s. 866 3836.



Til sölu 16" Corona álfelgur + Bridgestone 205/55/r16 dekk, gatast. 5*100. Passa undir Avensis, Subaru ofl. teg. Nánast nýtt, verð 85 þús. Uppl. í s. 690 9102.



Volvo station 240 '89, ek. 202 þ., nýsk. í toppstandi, aukafelgur. V. 150 þ. S. 869 2257 & 565 0010.

## 250-499 þús.



Dodge Stratus '96, grænn. Ekinn 98 þús., 2,4 L, 140 Hp, sjálfskipt. S. 868 3913.



Renault Express árg. '97, ek. 74 þús. km. Ný tímareim, vel dekkjaður, topp bíll, skoðaður '06. Ath. er VSK bíll. Verð 360 þús. S. 892 7852.



Honda Civic '96, 3ja dyra, beinsk., sk. '06. Verð 380 þús. Uppl. í s. 897 8779 & 661 6032.

Til sölu Opel Corsa '00. Ekinn 89 þús. Skoð. '06, í topp standi, lítur vel út. Listaverð 540, tilboð 340 þús. Uppl. í s. 897 2286.

## 500-999 þús.



Golf Comfortline 1400 árg. '00, ek. 101,000 km. Geislaspilari, magnari, keila, álfelgur ofl. Topp eintak. Uppl. í s. 892 9377.



MMC Galant 2000 GLSi 4ra d., ssk., árg. 5/'98, ek. 150 þ. Álf., CD-spilari. Gullfallegur bíll. Áhv. 670 þ. til 38 mán. 25 þ. á mán. Verð 1.070 þús. Uppl. í síma 487 5838 & 892 5837.



Opel Astra Station, árg. 1999, ek. 114.000, álfelgur, geislaspilari, skoðaður 06. Gott eintak. Tilboð óskast. S. 695 0405.

Toyota Corolla '98. Ekinn 77 þús. Skoðaður. Frábær bíll. Verð 550.000. Engin skipti. Upplýsingar í síma 564 3210 og 895 8100.

Opel Vectra árg. '98, ssk., ek. 106 þús., (smurbók). Tilboðsverð 530 þús. S. 896 6366.

7 manna, Plymoth Grand V. '96, 3,3cc, skoð. '06. Gott eintak, þarfn. smá lagf. Uppítaka mögul. V. 790 þús. S. 899 5115.

VW Bora árg. 2001, Comforte line, 1600 vél. Yfirtaka á láni. Ca 23 þús á mán. Siggi Uppl. í s. 661 6162 e. kl. 13.

Mitsubishi Pajero árg. '92, ekinn 193 þús. 7 manna, sk. '06. Verð 530 þús. S. 820 4340.

Toyota Avensis, 1999, ekinn 107 þ. Dráttarkúla, spoiler. Verð 840 þ. S. 860 1360.

## 1-2 milljónir

Subaru Legacy Gt limited árg. 2000, ssk., lúga, cruise, rafmagn í öllu, leður, magasín. Uppl. í s. 695 1099.

Til sölu Land Cruiser VX 2000 árgerð. Ek. 116.000 km. 33" breyting. Ásett verð 2.790 þús. Upplýsingar í síma 893 7518.

Til sölu Subaru Legacy árg. '02, ekinn 27 þús. Bílalán getur fylgt. Uppl. í s. 848 2409.

Partaland, Stórhöfða 18, s. 567 4100. Varahlutir í Pajero og Lancer ‘89-’00, Trooper ‘99-’03, Terrano II ‘00 ofl. teg.

Isuzu Trooper varahlutir til sölu árg. ‘99. Góðir hlutir. S. 663 0710.

## Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbo ehf. s. 544 2004.

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Öðruvísi vörur - örðuvísi búð, fallegar tækifærisgjafir. NÝTT. Eve Taylor frá toppi til táar. Glæsilegt úrval. Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440



Okkar árlega rýmingarsala. 50-70% afsláttur af öllu í versluninni. Nú er tækifærið, ekta pelsar á hálfvirði og margt fl. Sigurstjarnan, (bláu húsin) Fákafeni. Opið frá 11-18 virka daga og 12-16 laugardaga. S. 588 4545. Vaxtalausar léttgreiðslur




**Comet háþrýstidælur**
Comet háþrýstidælur, margar gerðir, verð frá kr. 9.950. (Dæla á mynd, 26.390 kr). Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk. Sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is




**Comet iðnaðarryksugur**
Comet iðnaðarryksugur, tvær gerðir, verð frá kr. 12.201. Vélaborg, Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.



Öll sett á aðeins 1990, eitt verð. Allt Smart Laugavegi 46. Sími 551 1040.



Flottir dömuskór f. sumarið í stærðum 42-44. Ásta skósali. Súðarvogi 7, S. 553-6060. Opið þriðjud. miðvikud. og fimmtud. 13-18.



Til sölu Trace elliot 600 W bassamagnari v. 80 þ. + DAS 12” monitorar. V. 35 þ. S. 861 3790.



Til Sölu Daihatsu Charade. Verð 80 þ. Skoðaður ‘06. S. 861 3790.

Bílskúrshurðaþjónustan. Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

**Skransalan Skipholti 29A er komin í ný föt.**
Kíkjið við og sjáið breytingarnar. Opið 12-18 virka daga. S. 694 6016 & 551 2306.

Brúnn hornsófi, nýlegur, til sölu ásamt púðum, kr. 80.000. S. 699 3274.

Ný og bætt heimasíða www.prenta.is. Seljum áfyllingar í alla prentara. Fyllum á öll prenthylki. www.prenta.is Bolholti 6 Rvk.

Gott sófasett 3+2+1 og sófaborð til sölu. Lítur vel út. Uppl. í s. 551 0331 & 699 8675.

Til sölu 350 l. frystikista og góð 13” sumardekk. S. 421 1493 & 699 1493.

190 cm nýlegt hjónarúm með nýjum dýnum til sölu. Uppl. í s. 552 2738 & 695 2738.

Til sölu 2 flugm. til London með Iceland Express í byrjun maí(hægt að breyta dags.). Verð 30 þús. S. 822 5240.

Antik stóll og sófi, einnig málverk. Uppl. í s. 694 5281.

## Gefins

Hurðir með öllu 7 stk. Hvítar. Uppl. Eftir kl 14.00 í s. 822 7796 & 557 8455.

## Hljóðfæri

Til sölu 3 hljómborða orgel m.f ullum fótbassa, trommu og hljómheila. Tilvalið fyrir kapellur. S. 892 7995.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Til bygginga

**Gröfur/Vörubílar/Hellulagnir**
Gröfum grunna, útvegum efni. Gröfum fyrir skolp- og frárennslislögnum. Lóðalögun og hellulagnir. **Upplýsingar í síma 822 2660.**

## Verslun



**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

Orkuboltastelpurnar. Alþrif og hreingerningar. Kvöld- og helgarvinna. S. 663 7366.

Tek að mér regluleg þrif fyrir heimili, fyrirtæki, einnig flutningsþrif. Mikil reynsla, reglusemi. Ásta 848 7367.

## Garðyrkja




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna... Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554-1989 www.gardlist.is .

Felli, snyrti og klippi tré og runna. Halldór Garðyrkjum. Uppl. í s. 698 1215.

Trjáklippingar. Klippi og grisja garða, tugára reynsla. Sanngjörn þjónusta. Uppl. í s. 698 7991. Gunnar, garðyrkjumaður.

## Bókhald

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

## Fjármál

Skattaframtöl fyrir einstaklinga og rekstraraðila.Er viðskiptafræðingur - vanur. Uppl. í s. 517-3977 og framtal@hotmail.com

## Málarar




Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald







www.k-2.is

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Móðuhreinsun Glerja !**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Móðuhreinsun, Ólafur í 860 1180.

Tek að mér alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parket lagnir og aðra trésmíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Stífluþjónusta







**Stífluþjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - Vírushreinsanir - Uppfærslur**
Start tölvuverslun, Bæjarlind 1, Kópavogi.
**Sími 544-2350, www.start.is**

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Tölvuhjálp PC og Mac aðstoð www.tolvuhjalp.is S. 534 3700.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Dulspeki-heilun

Sjálsstyrkingarnámskeið, bænahringir og einkatímar í heilun. Ragnhild Hamraborg 7 S 848-1314.

## Spádómar







Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

**Alspá 908-6440**
Óhamingjusöm/samur? Óþarfi! Notaðu NLP. Einkatímar. 10-22 Y.Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908-6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

## Rafvirkjun




Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar
almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**




Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.




Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Einnig innanhúsviðgerðir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709.

## HLJÓÐFÆRI



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 13. apríl 2005 – 2. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónustan
sími: 510 7700 • www.momentum.is
settu þínar kröfur í réttar hendur



**Martha Stewart**
Meðal eitt hundrað áhrifamestu einstaklinga heims



6

**Dr. Dirk Christian Hermann**
Hundrað ára tryggðatröll



8

**Vogunarsjóðir:**
Græða á hækkunum og lækkunum



10


Smærri fjárfestar í Símann:

## Mynda hóp um tilboð

Jafet Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar, Orri Vigfússon, fjárfestir og Agnes Bragadóttir, viðskiptafréttastjóri Morgunblaðsins ætla að mynda hóp um kaup á hlut í Símanum.

Jafet segir framkvæmanlegt að hópur smærri aðila stofni félag sem komi að kaupum á Símanum með þeim fjárfestum sem ætli að bjóða í Símann. „Við þurfum að hafa einhverja stóra og sterka með okkur í þessu," segir hann og dregur í efa að með því að selja Símann í einum hluta fáist hæsta verðið.



**JAFET ÓLAFSSON** framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar

„Ef almenningur tekur sig saman og skráir sig fyrir hlutafjárloforðum getur hann uppskorið af ávöxtunum," segir Agnes.

„Ég er sjálfur lítill fjárfestir á markaði og vil kaupa hlut í Símanum," segir Orri Vigfússon, sem vill dreifða eignaraðild að Símanum og að fyrirtækið verði áfram í almenningseign. Orri segir fólk hafa haft samband við sig og viljað skrá sig fyrir hlut í Símanum fyrir eina til tíu milljónir en fólk hafi verið að skrá sig fyrir allt að nokkrum tugum milljóna. - dh

Singer & Friedlander:

## Fleiri um hituna

Getgátur eru uppi um að einhver ónafngreindur aðili hafi áhuga á að bjóða í Singer & Friedlander, samkvæmt því sem kemur fram í Guardian. Þar segir að gengi hlutabréfa bankans hafi lækkað og sérfræðingar á markaði hafi nýtt tækifærið til að kaupa hluti. Það hafi þeir gert vegna þess að þeir hafi trú á því að annar aðili sé áhugasamur um að gera tilboð í bankann. KB banki, sem er stærsti hluthafi Singer & Friedlander, á í viðræðum við stjórn bankans um yfirtöku. -dh

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Fleiri flugvélar** | FL Group ákvað í vikunni að kaupa fimm Boeing-flugvélar til viðbótar við þær tíu sem pantaðar voru í janúar. Samkvæmt verðskrá er heildarvirði vélanna um sextíu milljarðar.

**FactorNor stækkar** | Íslandsbanki heldur áfram að útvíkka starfsemi sína í Noregi. Upplýst var að dótturfélag bankans, KredittBanken, ætti kost á að kaupa meirihluta hlutafjár í FactorNor þar í landi.

**Össur vinnur** | Héraðsdómur í Bandaríkjunum komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á einkaleyfi dótturfélags Össurar við framleiðslu á hnjáspelkum. Fær Össur rúmar 200 milljónir í bætur.

**Tesco hagnast** | Í gær var tilkynnt að hagnaður bresku verslunarkeðjunnar Tesco í fyrra hafi verið 230 milljarðar króna. Er þetta methagnaður fyrirtækis í smásöluverslun í Bretlandi.



**Ísland kjörlendi** | Simeon Djankov, framkvæmdastjóri greiningardeildar Alþjóðabankans, segir Ísland vera kjörlendi til að stofna og reka fyrirtæki.

**Hámarkslán hækka** | Íbúðalánasjóður hækkar hámarkslán um eina milljón í 15,9 milljónir. Breytingin var tilkynnt í gær og tekur strax gildi.

**Áfram upp** | Fjármálafyrirtækin Straumur og Landsbankinn leiddu hækkun úrvalsvísitölunnar í Kauphöllinni í vikunni. Einnig tók FL Group góðan kipp upp á við en hlutabréf í Og Vodafone lækkuðu mest.

**Flytja inn** | Tölur sem voru gerðar opinberlegar í gær sýna að viðskiptahalli Bandaríkjamanna eykst stöðugt. Bandaríkjamenn geti seint svalað þörf sinni á innfluttum vörum – sérstaklega frá Kína.

# KB banki myndar hóp um kaup á Somerfield

**Baugur hefur sameinast einum keppinauta sinna um kaup á bresku verslunarkeðjunni Somerfield. Með í hópnum eru breski fagfjárfestirinn Apax og Barclays Capital.**

Hafliði Helgason
skrifar

Samkomulag hefur tekist milli Baugs og Tchenguiz-bræðra um samvinnu við yfirtökutilboð í Somerfield. Auk þeirra mynda fjárfestingarhóp við kaupin breska fjárfestingafélagið Apax og Barclays Capital.

Samkvæmt heimildum Markaðarins kom frumkvæðið að myndun hópsins frá fyrirtækjaráðgjöf KB banka í London, en Tchenguiz-bræður hafa unnið með KB banka að fyrirtækjaverkefnum, meðal annars kaupum á kráakeðju í London.

Myndun þessa hóps styrkir mjög stöðu Baugs í kaupunum. Í hópnum er saman komin mikil reynsla af yfirtöku félaga. Baugur hefur klárað stór viðskipti á breska markaðnum, auk þess að hafa mikla reynslu af smásölu og Tchenguiz-bræður hafa gott orðspor í stórtækum fasteignaviðskiptum. Við þetta bætist svo víðtæk viðskipta- og stjórnunarreynsla af slíkum verkefnum hjá Apax og Barclays Capital.

Stjórnum fyrirtækja sem yfirtaka er reynd á er mikið í mun að ferlið takist vel. Við ákvörðun um hvort bókhald er opnað og formlegu yfirtökuferli er hleypt af stað er mikilvægt að kaupendur séu taldir hafa styrk og úthald til að klára viðskiptin.

Staða Baugs styrkist því við hópamyndunina, auk þess sem tveir af þremur ætluðum keppinautum um Somerfield hafa sameinast í einum hópi. Aðrir sem nefndir hafa verið til sögunnar eru Livingstone bræður sem hafa verið umfangsmiklir í fasteignaviðskiptum í Bretlandi.

Stjórn Somerfield hefur hingað til gefið grænt ljós á að bjóðendur fái aðgang að bókhaldi félagsins. Búist við að þau mál skýrist innan skamms og bókhaldið verði opnað en ferlið er á frumstigi.

Búist er við að kauptilboð í Somerfield hljóði upp á um eða yfir 130 milljarða króna.

# Mjólkursamsalan lögð niður

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Fulltrúaráð Mjólkursamsölunnar í Reykjavík (MS) samþykkti í gær að leggja félagið niður og Mjólkurbú Flóamanna á Selfossi (MBF) taki yfir eignir og skuldbindingar þess. Er þetta liður í samrunaferli afurðastöðvanna. Guðbrandur Sigurðsson, tilvonandi forstjóri sameinaðs félags, segir að nýja félagið taki formlega til starfa 29. apríl næstkomandi.

Um sextíu prósent af allri mjólkurframleiðslu í landinu verður á vegum MBF eftir sameininguna. Nær samlagssvæðið frá Vopnafirði, um allt Suðurland og norður að Skagafirði. Samtök afurðastöðva áætla að rúmar sextíu milljónir lítra af mjólk renni til samlagsins á næsta verðlagsári, sem hefst 1. september. Til mótvægis við sameinað mjólkursamlag Sunnlendinga hafa Norðurmjólk á Akureyri og Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga (MKS) aukið samvinnu á sínu starfssvæði á Norðurlandi. Erlingur Teitsson, stjórnarformaður Norðurmjólkur, segir stefnt að því að MKS eignist stærri hlut í Norðurmjólk. Nú eigi samlagið um sextán prósent.

„Við höfum farið fram á það að kaupa hlut MS og Flóabúsins," segir Erlingur, en þessi félög eigi sameiginlega rúm þrjátíu prósent í Norðurmjólk. Skilningur sé á nauðsyn þess að selja þennan hlut norður.

Fækkun og stækkun afurðastöðva er í takt við aðra þróun í mjólkurframleiðslu á Íslandi. Í úttekt Markaðarins í dag segir að kúabændum hafi fækkað verulega á síðustu árum. Búin eru að stækka, sjálfvirkni að aukast og kostnaður að minnka. Sjá nánar á miðopnu



Markaðurinn/Pjetur

**MJÓLK TIL NEYTENDA** Tvö mjólkursamlög vinna nær alla mjólk sem framleidd er hér á landi.




# 10,2%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.03.2005–01.04.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum | 12 mánuðir |
|---|---|---|---|
| Actavis | 2,95% | 8,53% | -0,47% |
| Atorka | -1,64% | 7,65% | 120,19% |
| Bakkavör | -1,26% | 28,81% | 49,05% |
| Burðarás | -0,35% | 20,95% | 39,56% |
| FL Group | 3,25% | 50,83% | 100,76% |
| Flaga | 3,26% | -4,75% | 3,75% |
| Íslandsbanki | 1,59% | 17,83% | 61,29% |
| KB banki | 0,93% | 24,47% | 74,09% |
| Kögun | ÓBR | 29,70% | 56,65% |
| Landsbankinn | 4,67% | 32,06% | 98,50% |
| Marel | 0,71% | 16,06% | 56,87% |
| Og fjarskipti | -3,57% | 26,56% | 19,12% |
| Samherji | ÓBR | 8,56% | ÓBR |
| Straumur | 4 81% | 18,11% | 80,47% |
| Össur | 1,79% | 11,76% | 67,65% |

miðað við gengi í Kauphöll þann 11.04.2005

# Marorka selur hátækni til Eimskips

## Búnaðurinn sparar orku á skipasiglingum.

Hátæknifyrirtækið Marorka, sem sérhæfir sig í að framleiða orkusparandi kerfi og búnað fyrir skip, hefur samið við Eimskip um sölu á Maren orkustjórnunarkerfi í Dettifoss.

Maren orkustjórnunarkerfið dregur úr olíunotkun, eldsneytiskostnaði og minnkar mengun frá skipum með aðstoð tölvutækni sem metur orkuþörf skipsins. Einnig minnkar kerfið viðhaldskostnað og er vinnusparandi.

„Þetta hefur mikla þýðingu fyrir okkur að semja við eitt stærsta fyrirtæki landsins og bindum við miklar vonir við samstarfið. Einnig er þetta fyrsta skref okkar í að koma kerfinu í flutningaskipaflotann," segir Kristinn Aspelund, markaðsstjóri Marorku.

Marorka er sprotafélag sem sérhæfir sig í að framleiða orkusparandi kerfi og búnað fyrir skip. Meðal eiganda að félaginu eru VSÓ-ráðgjöf, starfsmenn og stjórnarmenn. -eþa

# Almenningur njóti ávaxtanna

Agnes Bragadóttir, viðskiptaritstjóri Morgunblaðsins, segir fjögur til fimm hundruð manns hafa haft samband við sig um miðjan dag í gær vegna skrifa hennar í Morgunblaðið um að almenningur taki höndum saman




**FRÁ AÐALFUNDI SÍMANS** Litlir fjárfestar vilja líka fá hlut í Símanum.

og kaupi hlut í Símanum.

Agnes segir ástæðu skrifa sinna í Morgunblaðið vera þá að hún hafi sest niður og farið að hugsa þessa hluti í sögulegu samhengi. Hún hafi komist að þeirri niðurstöðu að henni væri eiginlega nóg boðið. „Ég vil að almenningur í þessu landi eigi þess fyrsta kost að njóta ávaxtanna, ekki hinir ríku sem fyrir eru," segir Agnes. Bæði Orri Vigfússon og Jafet Ólafsson segjast hafa fengið mikil og góð viðbrögð og greinilega séu þeir margir sem vilji kaupa hlut í Símanum. -dh

### Hámarkslán hækka:

## Taka mið af þróun fasteignaverðs

Íbúðalánasjóður hækkar hámarkslán úr 14,9 milljónum í 15,9 milljónir og hefur breytingin tekið gildi. Guðmundur Bjarnason segir ráðherra taka ákvörðun um að hækka hámarkslán.

Hækkunin sé tilkomin vegna hækkunar á fasteignaverði að undanförnu en ráðgert sé að hámarkslán Íbúðalánasjóðs taki ávallt mið af þróun fasteignaverðs. -dh

### Selur Flúðasveppi:

## Hugsað um sveppi síðan 1981

„Þetta er frekar einkennilegt. Ætli ég byrji ekki á því að taka til," sagði Ragnar Kristinn Kristjánsson í gær aðspurður um það hvernig honum liði fyrsta daginn eftir að gengið var frá sölu á fyrirtæki hans, Flúðasveppum. „Ég hef hugsað um lítið annað en sveppi síðan 1981."

Kaupandi Flúðasveppa er Georg Ottósson garðyrkjubóndi á Flúðum og stjórnarformaður Sölufélags garðyrkjumanna.

Ragnar segir ekkert sérstakt hafa gert það að verkum að hann ákvað að selja. Kaupverðið sé trúnaðarmál. Hann sé sáttur við niðurstöðuna og ætli að búa áfram á Flúðum með fjölskyldu sinni. Hann verði því í kallfæri við sitt gamla fyrirtæki þótt aðrir séu komnir í brúna.

Aðspurður um það, hvað hann ætli að gera við söluhagnaðinn er fátt um svör. Eitthvað muni fara í aðrar fjárfestingar þótt það sé ekki hans helsta áhugamál. Fyrst ætli hann að taka sér frí. –bg

# Öllum fyrirtækjum spáð hagnaði í ár

## Bankarnir spá stærstu fyrirtækjunum meiri hagnaði en í fyrra en þá skiluðu fyrirtækin methagnaði.

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Hagnaður helstu fyrirtækja í Kauphöllinni eykst um 18 prósent milli áranna 2004 og 2005 og verður hagnaður ársins 84 milljarðar. Eins og áður verður hagnaður bankanna stærsti hluti heildarhagnaðar en vænst er 54 milljarða króna hagnaðar á árinu. Er það 16 prósenta hagnaðaraukning milli ára. Eins og áður vegur hagnaðaraukning bankanna þar þyngst en að meðaltali eykst hagnaður þeirra um 16 prósent. Síðasta ár var mjög hagstætt og endurspeglast það í miklum gengishagnaði bankanna á síðasta ári. Spár gera ráð fyrir að hagnaður Landsbankann dragist saman um 30 prósent en í fyrra var mikill gengishagnaður hjá bankanum. Hagnaður hinna bankanna er talinn aukast en þeir hafa allir markmið um meira en 15 prósenta arðsemi eigin fjár. Það þýðir að hagnaður KB banka á að vera meira en 20 milljarðar króna. TM og fjárfestingarfélög auka hagað sinn milli ára hlutfallslega meira en bankarnir.

Útrás íslenskra fyrirtækja var gríðarleg í fyrra og taka verður tillit til þess að í kjölfarið hafa mörg fyrirtækjanna breyst mikið milli ára. Því sýnir samanburður milli ára ekki alltaf rétta mynd af stöðunni. Hagnaðaraukning milli ára hjá Bakkavör er eflaust besta dæmið um það en hagnaður félagsins meira en tvöfaldast milli ára.

Á árinu er gert ráð fyrir að hlutabréfaverð hækki en ekki jafn mikið og á undanförnum misserum. Greiningardeild Íslandsbanka gerir ráð fyrir að Úrvalsvísitalan hækki um 25 til 30 prósent á árinu. Gengishagnaður verður því ekki jafn mikill hjá fyrirtækjunum á þessu ári og á síðasta ári en nokkuð er um að fyrirtæki eigi hluti í öðrum fyrirtækjum á markaði.

Hagnaður útflutningsfyrirtækja, sem standa frammi fyrir lægri tekjum vegna sterkrar krónu, ná að skila ágætum hagnaði en bankarnir eru ekki sammála um hversu langt sé í að krónan veikist.

Engu fyrirtæki er spáð tapi en gert er ráð fyrir að hagnaður Flugleiða og Granda dragist saman.

### HAGNAÐUR HELSTU FYRIRTÆKJANNA

| | Hagnaður ársins 2004 | Spá 2005* | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Actavis Group hf. | 4.953 | 5.551 | 12% |
| Bakkavör Group hf. | 1.507 | 3.887 | 158% |
| Flugleiðir hf. | 3.419 | 3.026 | -11% |
| Grandi hf. | 603 | 366 | -39% |
| Kögun hf. | 453 | 756 | 67% |
| Marel hf. | 632 | 700 | 11% |
| Og fjarskipti hf. | 289 | 690 | 139% |
| Sölumiðstöð hraðfrystih. hf. | 709 | 1.208 | 70% |
| SÍF hf. | -4 | 22 | -638% |
| Össur hf. | 927 | 1.007 | 9% |
| Burðarás hf. | 9.341 | 10.464 | 12% |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 1.980 | 2.406 | 22% |
| **Bankar** | | | |
| Íslandsbanki hf. | 11.445 | 12.633 | 10% |
| Kaupþing Búnaðarbanki hf. | 15.760 | 25.051 | 59% |
| Landsbanki Íslands hf. | 12.709 | 9.038 | -29% |
| Straumur Fjárfestingarbanki hf. | 6.404 | 7.179 | 12% |
| Samtals: | 71.127 | 83.983 | 18% |

*Meðaltal afkomuspáa bankanna



**MEST ÚTLÁNATÖP Í FYRRA** KB banki tapaði 5,6 milljörðum úr útlánasafni sínu í fyrra en skilaði þrátt fyrir það 15,8 milljarða hagnaði.

# 14 milljarðar töpuðust

Viðskiptabankarnir þrír og stærstu sparisjóðirnir töpuðu nærri fjórtán milljörðum króna á síðasta ári vegna afskrifaðra útlána. Árið áður var tapið talsvert minna, um átta milljarðar króna. Upphæð afskrifaðra útlána jókst því um 70% milli ára. Á sama tíma námu framlög þessara sömu aðila í afskriftarreikninga rúmum hálfum milljarði minna en sem nam afskrifuðum útlánum.

Meiri fjármunir eru til í afskriftarreikningi banka og stærstu sparisjóðanna í árslok 2004 en árið áður. Rúmir 39 milljarðar voru til að mæta útlánatöpum samanborið við 28 milljarða í árslok 2003.

Síðasta ár var sannkölluð útlánaveisla sem stafaði að mestu leyti af innkomu banka og sparisjóða inn á fasteignalánamarkað. Efnahagsreikningar bankanna uxu gríðarlega og hefur sú þróun líklega haldið áfram á þessu ári ef miðað er við það, hvernig líflegur fasteignamarkaðurinn er.

Þrátt fyrir að bankar og sparisjóðir tapi miklum fjármunum samhliða útlánavexti er líklegt að hægja muni á tapinu á næstu misserum. Hlutfall afskriftarreikings útlána af útlánum og veittum ábyrgðum lækkaði verulega á árinu 2004 samanborið við 2003. Eru það nokkuð skýr merki um að stjórnendur bankanna veðji á bjartari tíma í þessum efnum. -eþa

### ÚTLÁNATÖP BANKA OG SPARISJÓÐA

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| KB banki | -5.601 | -1.402 |
| Landsbankinn | -3.611 | -3.709 |
| Íslandsbanki | -3.099 | -1.353 |
| SPRON | -476 | -715 |
| SPH | -530 | -476 |
| SPKEF | -197 | -238 |
| Sparisjóðabankinn | -167 | -83 |
| SPV | -119 | -148 |
| Alls | -13.800 | -8.124 |






Markaðurinn/Stefán

**METALLICA Í EGILSHÖLL** en höllin er ein af eignum Nýsis.

# Nýsir endurmetur fasteignir

Nýsir hagnaðist um 844 milljónir króna á árinu 2004 samanborið við 100 milljóna króna hagnað árið áður. Mestu munar um matsbreytingu á fasteignum félagsins upp á 793 milljónir króna. Heildareignir félagsins eru hátt í 10 milljarðar króna og eigið fé jókst um 1,3 milljarða króna. Nýsir starfar á sviði einkaframkvæmdar opinberrar þjónustu, fasteignastjórnunar, rekstrarverkefna, viðskiptaþróunar og rekstrar- og stjórnunarráðgjafar auk fjárfestingarstarfsemi. -dh

Himinn og haf – SÍA



*„Legalis lögmannsstofa hefur notað Kerfisleigu Skýrr í rúm þrjú ár og sparað umtalsverðar fjárfestingar í tölvubúnaði. Einnig sér Skýrr um rekstur á tölvukerfi og hýsingu gagna Legalis í öruggu umhverfi. Fyrirkomulagið hentar okkur afskaplega vel og ekki spillir að hafa aðgang að vinnuumhverfinu heiman frá. Þetta var góð ákvörðun sem hefur skilað okkur miklu."*

Sigurbjörn Magnússon,
hæstaréttarlögmaður
**Legalis lögmannsstofu**

kerfisleiga skýrr

# Góður dómur

**Kerfisleiga (ASP) gerir fyrirtækjum kleift að ná niður kostnaði við notkun upplýsingatækni. Með Kerfisleigu Skýrr fá viðskiptavinir aðgang að eigin vinnuumhverfi (desktop), gögnum og hugbúnaði gegnum öruggt umhverfi, sem er hýst og vaktað á miðlægum búnaði hjá Skýrr allan sólarhringinn.**

Kerfisleiga Skýrr býður þjónustu gegn föstum mánaðargreiðslum. Fyrirtæki þurfa því ekki að leggja út í viðamiklar fjárfestingar í vélbúnaði í upphafi og fjárfreks reksturs á honum í kjölfarið. Mögulegt er að reka nær allan Windows-hugbúnað og flestar tegundir fjárhags- og mannauðskerfa.

Skýrr hefur áratuga reynslu af kerfisleigu og rekstri tölvukerfa. Fyrirtækið uppfyllir ströngustu kröfur atvinnulífsins um hagkvæmni, afköst, áreiðanleika, fyrsta flokks þjónustu og öryggi.

Skýrr

Skýrr er eitt sterkasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni, með 200 starfsmenn og 2.200 kröfuharða viðskiptavini. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu. Fyrirtækið er vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001.

**569 5100 | skyrr.is**

Selja Ferskar kjötvörur:

## Erfiður rekstur

Ferskar kjötvörur hf. eru aftur komnar í eigu Haga, sem meðal annars reka Bónus og Hagkaup. Voru kaupin tilkynnt í gær en Ferskar kjötvörur voru í eigu Sláturfélags Suðurland og Stjörnugríss.

Geir G. Geirsson, stjórnarformaður Stjörnugríss, segir að fyrirtæki sitt hafi átt frumkvæði að þessum viðskiptum. Reksturinn hafi ekki gengið sem skyldi. Hagar séu stærstu kaupendur afurða Ferskra kjötvara og því hafi verið eðlilegt að bjóða þeim það til kaups. Verðið sé viðunandi, annars hefði þetta ekki gengið eftir. Hann segist ekki eiga von á því að viðskiptin við Haga breytist við þetta.

Stjörnugrís keypti Ferskar kjötvörur árið 1999. Árið 2002 voru 64 prósent í fyrirtækinu seld til Sláturfélags Suðurlands. – **bg**



Markaðurinn/GVA

**LÝÐUR GUÐMUNDSSON** Forstjóri Bakkavarar fylgist áreiðanlega vel með verðstríðinu í Bretlandi enda er fyrirtækið hans að kaupa Geest.

# Keppni í verðlækkun

Geest þurfti að lækka kostnað.

Stærsta matvöruverslunarkeðja í Bretlandi, Tesco, hefur tilkynnt að fyrirtækið hyggist lækka verð á vörum sem seldar eru undir þess eigin vörumerki. Miðað við verðlag í dag nemur lækkunin tæpum átta milljörðum íslenskra króna.

Önnur stærsta verslunarkeðja í Bretlandi, Asda, sem er í eigu Wal-Mart, fylgdi í kjölfarið og sagðist ætla að lækka verðlag í sínum verslunum enn meira á fyrri helmingi ársins. Lækkunin muni jafngilda tæpum 27 milljörðum króna þegar upp er staðið. Þessar verðlækkanir munu neyða framleiðendur til að skera niður kostnað til að mæta þessum verðlækkunum.

Á vefritinu bakeryandsnacks.com kemur fram að matvælafyrirtækið Geest, sem Bakkavör Group er að kaupa, hafi þurft að flýta niðurskurði árið 2003 til að mæta lægra verði í fyrra. Það hafi sagt upp einum af hverju tíu framkvæmdastjórum fyrirtækisins. Þannig hafi tekist að viðhalda viðunandi hagnaði. Nú kreppi enn meira að. - **bg**

# Eyddu fimm milljörðum í fatnað

Velta Visa kreditkorta rauf hundrað milljarða króna múrinn í fyrra.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Á síðasta ári keyptu Íslendingar fatnað fyrir 5,7 milljarða króna með Visa-kreditkortum. Námu viðskiptin um 57 þúsund krónum á hvert heimili í landinu og jókst veltan í fataverslun um tíu prósent frá árinu 2003.



**ÁFENGI RAÐAÐ Í HILLUR** Íslendingar keyptu áfengi og tóbak fyrir um 2,4 milljarða króna með Visa kreditkortum í fyrra.

Heildarfjárhæð viðskipta, þar sem kreditkort Vísa voru notuð, námu 102 milljörðum króna í fyrra. Jókst heildarveltan um ellefu prósent milli ára. Korthafar eyddu tæpum fimm milljörðum á veitinga- og skemmtistöðum, milljarði í myndbönd og aðra afþreyingu, tæpum sex milljörðum hjá flugfélögum og rúmum tveimur milljörðum í áfengi og tóbak.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er Visa Ísland með rúmlega 70 prósent af allri kreditkortaveltu hér á landi. Gefa þessa tölur því hugmynd um hvað landsmenn eru að eyða peningunum í. Þó ber að taka upplýsingunum með fyrirvara, því flokkun viðskipta er ekki fullkomin. Til dæmis selja stórmarkaðir föt en viðskipti þar eru flokkuð sem kaup á nauðsynjum.

Stærstur hluti kreditkortaviðskipta fer í kaup á nauðsynjum. Tæpir 20 milljarða velta var í stórmörkuðum og matvöruverslunum í fyrra. Mest var veltuaukningin í kaupum á ýmiss konar búnaði eins og húsgögnum, heimilistækjum og byggingavörum. Ellefu prósenta samdráttur var í viðskiptum með snyrtivörur og tæplega tíu prósenta minni velta við kaup á dagblöðum og tímaritum.

# Tvö hundruð ára saga íbúðalána

Peter Straarup, bankastjóri Den Danske Bank, segir samkeppni eiga að tryggja að einkarekin íbúðalán séu hagkvæm fyrir neytendur. Danskir bankar hafa lánað til húsnæðiskaupa frá brunanum mikla í Kaupmannahöfn.

**Hafliði Helgason**
skrifar

Rekstur banka endurspeglar hagkerfið að mati Peter Straarup, bankastjóra Den Danske Bank, næststærsta banka Norðurlanda. „Án þess að ég sé sérfræðingur um íslenska banka sýnist mér að fjárfestingar þeirra erlendis við núverandi kringumstæður séu skynsamlegar. Það hefur verið mikill vöxtur og hagnaður í íslensku fjármálakerfi og það er að mínu viti skynsamlegt að taka hluta þess og dreifa með erlendum fjárfestingum“ Straarup var gestur Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja á aðalfundi samtakanna. Hann segir erlendar fjárfestingar við núverandi efnahagsaðstæður einnig vinna gegn ofhitnun hagkerfisins.

Den Danske Bank hefur einnig verið í útrás og keypti nýverið banka á Írlandi og Norður Írlandi. „Það mun kosta fjármuni að breyta þeim eftir okkar höfði. Við höfum gert þetta áður og við höfum fulla trú á því að við náum árangri í þessum fjárfestingum.“

Peter Straarup býr yfir áratuga reynslu af bankastarfsemi og hefur unnið hjá Den Danske Bank síðan 1968. Hann hefur einnig verið í forsvari fyrir samtök danskra fjármálafyrirtækja. Hann segir mikilvægt að fjármálafyrirtæki stýri markvisst áhættu sinni og prófi lán sín gagnvart breytingum á markaðsaðstæðum. „Ég held að íslenskir bankar geri sér vel grein fyrir þessu.“

Sem formaður samtaka danskra fjármálafyrirtækja segir Straarup að áhersla hafi verið lögð á að koma því til skila að öflug fjármálafyrirtæki séu til hagsbóta fyrir fólk og fyrirtæki. „Sterkir bankar eru góðir fyrir samfélagið. Banki sem hagnast getur tekið áhættu og skapað líf og möguleika í samfélaginu.“

Danskir bankar hafa lánað íbúðarkaupendum í yfir tvö hundruð ár eða allt frá því eftir brunann í Kaupmannahöfn þegar ómetanleg handrit Árna Magnússonar brunnu. Hann segir kerfið hafa gefist vel og áhyggjur af því að neytendur njóti lakari kjara í einkareknu íbúðalánakerfi séu óþarfar. „Ef samkeppni ríkir á það ekki að vera vandamál. Bankar keppast um að lána og bjóða best kjör. Sögulega eru íbúðalán traust og litlar afskriftir. Þetta eru mjög traust og eftirsóknarverð lán.“



Fréttablaðið/Valgarður

**BANKAR SKAPA** Sterkir bankar sem hagnast eru góðir fyrir samfélagið að mati Peter Straarup, bankastjóra Den Danske Bank. Hann telur erlendar fjárfestingar íslenskra banka skynsamlegar við núverandi kringumstæður.

**HÆSTA OG LÆGSTA SKATTBYRÐIN Í BANDARÍKJUNUM**

| | Ríki | Skattbyrði |
|---|---|---|
| 1. | Maine | 13,00% |
| 2. | New York | 12,00% |
| 3. | Hawaii | 11,50% |
| 4. | Rhode Island | 11,40% |
| 5. | Wisconsin | 11,40% |
| 46. | Alabama | 8,70% |
| 47. | Tennessee | 8,30% |
| 48. | Delaware | 8,00% |
| 49. | New Hampshire | 7,40% |
| 50. | Alaska | 6,40% |

Alaska skattaparadís

# Ein mesta skattbyrðin í New York

Viljir þú búa þar sem skattbyrðin er minnst í Bandaríkjunum skaltu setjast að í Alaska. Engir söluskattar eru innheimtir í ríkinu, enginn tekjuskattur og ríkisstjórnin sendir árlega endurgreiðslur til íbúa þar sem tekjur af rekstri olíufyrirtækja eru meiri en útgjöldin. Í New Hampshire er einnig hagstætt að búa með tilliti til skattbyrðar. Þar eru tiltölulega háir eignaskattar en engir sölu- og tekjuskattar.

Þetta er niðurstaða úttektar Tax Foundation sem sagt er frá á vef CNN. Samkvæmt þessu nemur samanlögð skattbyrði í Alaska aðeins 6,4 prósentum af tekjum hvers íbúa. Í New Hampshire er þetta hlutfall 7,4 prósent.

Mesta skattbyrðin er hins vegar í Maine, þrettán prósent af tekjum hvers íbúa. Haft er eftir hagfræðingi hjá Tax Foundation að þar séu tekjar á íbúa einna lægstar í ríkjum Bandaríkjanna en samt hlutfallslega hæsta skattheimtan. Eignaskattar nemi um fjórutíu prósentum af öllum skatttekjum.

Einnig kemur fram að Maine og New York séu óvinveitt skattgreiðendum með hátt skatthlutfall. Tekið er fram að erfitt sé að meta heildarskattbyrði eftir ríkjum. Um sé að ræða meðaltalstölur og það fari eftir stöðu hvers og eins hvar hagstæðast sé að búa. Þá skipta atriði máli eins og það hvort viðkomandi sé sjálfstæður atvinnurekandi, vilji búa í borg, eigi sitt íbúðarhús, sé kominn á eftirlaun eða reyki og drekki áfengi. – **bg**


HANDBÓK UM GÆÐASTJÓRNUN

ISO 9000 kjarnastaðlarnir - *hljóma betur saman*



Kjarnastaðlarnir fjórir í ISO 9000 röðinni í einni bók:

- *ISO 9000*
- *ISO 9001*
- *ISO 9004*
- *ISO 19011*

Þeir sem eiga þessa bók ásamt handbókinni *ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki – Leiðsögn*, hafa við höndina þau rit sem mestu skipta í gæðastjórnun.

Pantaðu í síma 520 7150 eða á www.stadlar.is


Nýr hlutabréfamarkaður í augsýn:

# Óskráð bréf aftur á markað

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp sem heimilar fjármálafyrirtækjum að stofna markaðstorg með óskráð hlutabréf. Smáum og meðalstórum fyrirtækjum og ungum og ört vaxandi fyrirtækjum verður þar með gert auðveldara fyrir að sækja nýtt og ódýrara fjármagn á skipulagðan markað.

Minni krafa verður gerð um upplýsingagjöf þeirra félaga sem skrásett eru á markaðstorg. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að sett verði stærðarmörk á þau fyrirtæki sem hyggjast skrásetja sig á markaðinn, enda er ætlunin að gefa öllum félögum kost á því að þreifa fyrir sér á þessum markaði.

Viðskiptaráðherra kynnti þær hugmyndir sem felast í frumvarpinu á Iðnþingi sem haldið var á dögunum. - **eþa**





**VALGERÐUR Á IÐNÞINGI** Viðskiptaráðherra vill að hægt verði að eiga viðskipti með óskráð félög á nýj.



Má bjóða þér einn?
“Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsingu. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið.“
Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja
Hinrik Pétursson I www.mmedia.is/hip
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

## Martha meðal þeirra áhrifamestu



Martha Stewart, sem nýverið var látin laus úr fangelsi, er meðal eitt hundrað áhrifamestu núlifandi einstaklinga heims að mati tímaritsins Time. Stewart var stungið inn eftir að hún var dæmd fyrir að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar um líftæknifyrirtæki til að hagnast á markaði. Sjálf hefur hún neitað sök.

Ekkert sér hins vegar á viðskiptaveldi Stewart þótt hún hafi verið dæmd og er fyrirtæki hennar í mikilli sókn á mörgum sviðum. Viðskiptaveldi Stewart byggist á ráðleggingum hennar um ýmsa þætti er varða lífsstíl og heimilislíf. - þk

## Jackie Chan-veldi í uppsiglingu

**Leikarinn góðkunni ætlar að koma á fót sannkölluðu viðskiptaveldi í krafti vinsælda sinna.**

Jackie Chan ætlar ekki að láta sér nægja tekjur af kvikmyndaleik hedur undirbýr hann nú viðskiptaveldi þar sem hann hyggst nýta frægð sinna til frekari afreka.

Það er óhætt að segja að Chan hugsi stórt í þessum efnum. Ekki er nóg með að hann sé kominn með eigin fatalínu heldur er hann einnig búinn að hanna rúm sem hann hyggst selja undir eigin vörumerki.

Þessu til viðbótar vill hann opna veitingastaði sem bera nafnið hans og bjóða fólki upp á að stunda líkamsrækt í heilsuræktarstöðvum sem hann ætlar að koma á fót. Auk þessa sér hann fyrir sér að opna smásöluverslanir undir eigin nafni og hyggst gera aðdáendum sínum kleift að kaupa húsgögn og eldhúsvörur sem bera vörumerki hans.

Stórhugur Chan er ekki nýr af nálinni. Fyrir um tveimur áratugum reyndi hann fyrir sér í rekstri fyrirtækja og opnaði meðal annars bifreiðaverkstæði, leikfimisali, gjafavörubúðir og veitingastaði. Þá fór hins vegar allt á hausinn og Chan tapaði tugmilljónum.

Með aðstoð sérfræðinga í viðskiptum telur Chan hins vegar að nú muni ganga betur. Draumurinn er að byggja upp veldi sambærilegt við Mörthu Stewart og gera nafn sitt að eins konar gæðastimpli sem neytendur líta til hvort sem þeir eru að kaupa smákökur eða sófasett. -þk



**EKKI BARA LEIKARI** Jackie Chan leggur nú grunn að gríðarlegu viðskiptaveldi.

## Vandræði hjá Ford

Stjórnendur bílaverksmiðjunnar Ford hafa tilkynnt að hagnaður verði ekki eins mikill og áætlanir gáfu til kynna. Hafa þeir horfið frá hagnaðarmarkmiðum sínum á næsta ári. Hlutabréf í fyrirtækinu hafa lækkað mikið síðan tilkynningin kom. Á fréttavef BBC segir að fjárfestum sé brugðið við fréttina. Þrátt fyrir vandræði á bílamarkaðnum hefði Ford virst á góðri leið í rekstrinum. Hlutabréf í Ford féllu um tæp sex prósent á mánudaginn og hafa ekki verið lægri í meira en ár.



**REKSTUR UNDIR VÆNTINGUM** Hlutabréf í Ford lækkuðu þegar stjórnendur endurskoðuðu áætlun um hagnað.

### Gjaldþrot Rover:

## Engin áhrif hér á landi

Umboðsaðili Rover á Íslandi er B&L en sala á Rover-bílum er ákaflega lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins. Erna Gísladóttir, forstjóri B&L, segir að yfirvofandi gjaldþrot hafi engin áhrif enda hafi aðeins selst fimm bílar af Rover-gerð í gegnum umboðið. Hún vekur þó athygli á því að þótt Rover-fyrirtækið í Bretlandi verði gjaldþrota hafi það engin áhrif á framleiðslu Land Rover og Range Rover enda er sú framleiðsla á höndum Ford-fyrirtækisins.

Erna segist gera ráð fyrir að áfram verði hægt að nálgast varahluti fyrir Rover-bíla í gegnum umboðið. - þk

# Gjaldþrot blasir við Rover

**Fyrirtækið tapar milljörðum á mánuði og skuldar tugi milljarða í eftirlaunasjóði. Rover er eini bílaframleiðandinn í eigu Breta og málið er hápólitískt í aðdraganda kosninganna í Bretlandi.**

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Útlit er fyrir að síðasta breska bílafyrirtækið leggist af. Bílaframleiðandinn Rover, sem á glæsta sögu, á í gríðarlegum rekstrarerfiðleikum og stefnir í gjaldþrot. Rover er síðasti bílaframleiðandinn í eigu breskra fjárfesta.

Stjórnendur fyrirtækisins hafa lýst því yfir að mánaðarlega tapist tuttugu til 25 milljónir punda á rekstrinum. Það samsvarar 2,3 til 2,8 milljörðum íslenskra króna. Þessu til viðbótar hefur komið á daginn að félagið þarf á um fjögur hundruð milljónum pundum – tæplega fimmtíu milljörðum króna – að halda til að mæta lífeyrisskuldbindingum. Þessi slæma staða varð til þess kínverska fyrirtækið Shanghai Automotive Industrial féll frá hugmyndum um kaup á rekstrinum.

Rover-verksmiðjurnar eru þekktastar fyrir að hafa komið á koppinn framleiðslu á lúxusjeppanum Range Rover og hinum harðgerða Land Rover jeppa. Báðar þessar tegundir eru nú framleiddar af fyrirtækinu Ford í Bandaríkjunum. Flestar aðrar bílategundir sem eiga rætur að rekja til Bretlands, svo sem eins og Jagúar, eru einnig komnar í framleiðslu hjá öðrum stórfyrirtækjum í bílaheiminum. Gjaldþrot Rover er mikið pólitískt hitamál þar sem mjög styttist í þingkosningar. Talið er að kjósendur muni refsa ríkisstjórninni fyrir gjaldþrotið. Ekki aðeins er óánægja með að sex þúsund störf tapist heldur þykir mörgum sem þessi þróun sé mikið áfall fyrir breskt þjóðarstolt.

Í grein í Financial Times í síðustu viku er líkum leitt að því að vandræði breskra bílaframleiðenda megi rekja fjörutíu ár aftur í tímann þegar ríkisstjórnin þrýsti á um sameruna meðal bresku bílaframleiðendanna. Á þeim tíma voru Bretar mjög framarlega í bílaframleiðslu og áttu yfir sterkum alþjóðlegum vörumerkjum að ráða. Frá sameiningunum miklu hafi leiðin hins vegar legið niður á við enda hafi aldrei tekist að reka hin sameinuðu fyrirtæki sem eina heild. Bent er á að á miðjum sjöunda áratugnum hafi Rover verið ámóta stórt og BMW en síðan þá hafi leiðir skilið mjög rækilega.

**Ekki aðeins er óánægja með að sex þúsund störf tapist heldur þykir mörgum sem þessi þróun sé mikið áfall fyrir breskt þjóðarstolt.**





**STARFSMENN Í ÓVISSU** Um sex þúsund manns starfa í verksmiðju Rover í Birmingham. Störf þeirra eru í uppnámi í kjölfar þess að félagið óskaði eftir gjaldþrotameðferð.

Núverandi ríkisstjórn hefur lagst þungt á árarnar til að bjarga Rover. Tony Blair forsætisráðherra átti til að mynda símtal við starfsbróður sinn í Kína til að reyna að sannfæra hann um að beita sér fyrir því að kínverska fyrirtækið félli ekki frá áformum sínum um kaup. Þá hefur ríkisstjórnin hefur boðist til að veita Rover lán á hagstæðum kjörum auk þess sem ríkisstjórnin hefur ábyrgst greiðslur til starfsmanna á meðan mesta óvissan um framtíð fyrirtækisins ríkir.

## Tesco slær hagnaðarmet

**Vöxtur sem kemur sér vel fyrir Bakkavör**

Hagnaður Tesco í fyrra var ríflega tveir milljarðar Sterlingspunda. Það samsvarar um 220 milljörðum íslenskra króna.

Tesco er fyrsta smásölufyrirtækið í Bretlandi sem hagnast um meira en tvo milljarða punda eftir því sem segir á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Tesco er stærsti smásali Bretlands og nam velta félagsins 37,1 milljarði punda í fyrra. Það samsvarar ríflega fjögur þúsund milljörðum íslenskra króna.

Íslendingar eiga orðið töluverðra hagsmuna að gæta á breska smásölumarkaðinum. Baugur Group keypti Big Food Group í lok síðasta árs og á í beinni samkeppni við Tesco.

Bakkavör nýtur hins vegar góðs af velgengni Tesco þar sem félagið framleiðir mikið magn tilbúinnar matvöru sem selt er í verslunum Tesco. Veltuvöxtur Tesco í fyrra, sem var 12,4 prósent, telst því vera góðar fréttir fyrir Bakkavör. -þk





**VERSLUN TESCO** Tesco rekur 2.316 verslanir í þrettán löndum og skilaði methagnaði í fyrra

### SÖGUHORNIÐ

## Fyrsta búð JC Penney opnuð

Þann 14. apríl 1902 opnaði James Cash Penney verslun í smábænum Kemmerer í Wyoming-ríki í Bandaríkjunum. Þá var hann 27 ára gamall.

Viðskiptin gengu vel þótt JC Penney færi ótroðnar slóðir. Verslun sína kallaði hann „Gullnu reglnu búðina" og var það tilvísun í hina gullnu reglnu að koma eigi fram við náungann eins og maður vill að komið sé fram við sig. Penney trúði því að allir viðskiptavinir ættu rétt á sömu þjónustu en slíkt var ekki sjálfgefið á þessum árum. Auk þess ákvað hann að í verslun sinni yrði ekkert skrifað heldur yrði að greiða allar vörur með beinhörðum peningum.

Viðskiptin gengu vel og fljótlega höfðu fjárfestar komið auga á hinn slynga kaupmann og studdu hann til frekari fjárfestingar. Á örfáum árum óx JC Penney fiskur um hrygg og verslanirnar voru orðnar 34 árið 1912 – tíu árum eftir að sú fyrsta var opnuð.



Á þessum árum þróaði JC Penney viðskiptahugmynd sem átti eftir að reynast honum vel. Hann lagði mikla áherslu á að þjálfa starfsmenn fyrirtækisins og samkvæmt ákveðnu kerfi var efnilegum kaupmönnum gefinn kostur á því að fara í læri hjá verslunarrekendum og þegar þeir höfðu lokið þjálfun fengu þeir stuðning til að opna sína eigin JC Penney verslun. Fyrirkomulagið var þannig að Penney sjálfur átti þriðjung, kaupmaðurinn sem þjálfaði nýliðann átti þriðjung og nýliðinn sjálfur átti einn þriðja. Þannig varð til þétt net af verslunum sem öllum var stjórnað af mönnum sem áttu mikið undir því að reksturinn gengi vel. Nú eru ríflega þúsund verslanir reknar undir merkjum JC Penney.

Penney sjálfur tapaði miklu þegar markaðurinn í New York hrundi árið 1929 en náði sér aftur á strik og lagði sitt af mörkum til JC Penney keðjunnar allt þar til hann var 95 ára. - þk

STILL

# R60 - 25 vörulyftari

## þýsk hágæði í fyrsta sæti





R 60 - 25 vörulyftari er vel hannaður og vandaður að allri gerð. Sérútbúinn fyrir fiskvinnslu ef óskað er. Fullkomin viðgerðar og varahlutaþjónusta, tryggir lágmargs rekstrarkostnað. Þýsk gæði eins og þau gerast best.






VÉLAVER HF

10 ára 1994 - 2004

Lágmúli 7 - Pósthólf 8535 -128 Reykjavík - Sími 588 2600 - Fax 588 2601

# Hundrað ára tryggðatröll

Fjölþjóðleg stórfyrirtæki eru ekki mörg með starfsemi hér á landi. Allianz er eitt stærsta fyrirtæki á sínu sviði í heiminum. *Hafliði Helgason* hitti **Dr. Dirk Christian Hermann**, einn framkvæmdastjóra Allianz í Þýskalandi, og fræddist um fyrirtækið og starfsemi þess hér á landi.

Tryggingafélagið Allianz er engin smásmíði. Eignir undir stýringu hjá fyrirtækinu eru hátt í þúsund milljarðar evra, yfir áttatíu þúsund milljarðar króna. Starfsmenn víða um heim jafngilda nánast öllu vinnuafli á Íslandi. Fyrirtækið er næstveltumesta tryggingafélag í heimi.

Á tryggingamarkaði hér á landi eru sterk innlend félög með mikla markaðshlutdeild og því liggur beint við að spyrja Dr. Dirk Christian Hermann, einn framkvæmdastjóra Allianz í Stuttgart, hvers vegna Allianz hafi opnað útibú hér á þessum litla markaði. „Spurningin er frekar hvers vegna ekki,“ svarar Dirk Hermann. Hann heimsótti Allianz á Íslandi fyrir skemmstu og notaði tækifærið til að skoða sig örlítið um á landinu. „Við lítum svo á að á Íslandi deili menn sömu gildum og í Þýskalandi. Við töldum því að við ættum auðvelt með að starfa á íslenska markaðnum. Okkar gildi eru árangur, áreiðanleiki og traust, sem er það sem fólk vill bæði hér og í Þýskalandi.“ Hann segir fyrirtækið meta hvern markað fyrir sig og þar sem viðhorf og menning séu mjög ólík þeim sem það þekki láti Allianz vera að fara inn á slíka markaði. „Auk þess eru vöruflokkar frá okkur sem fyrirfundust ekki hér á landi. Við höfum þróað vörur okkar kynslóð fram af kynslóð og við bjóðum öryggi og styrk og ævilangan lífeyri. Þetta hefur gengið vel í Þýskalandi og fellur vel að íslenska markaðnum. Það er líka ljóst með tryggingar og lífeyrissparnað að það felst í því skuldbinding um að hefja starfsemi. Þegar við ákváðum að hefja starfsemi á Íslandi var það ákvörðun til næstu áratuga.“

Hermann segir rót hingaðkomunnar ekki að finna í ákvörðun stjórnenda í Þýskalandi sem horfðu á landakort og bentu á að hér vildu þeir hefja starfsemi. „Lykillinn að slíku er að hafa einhvern sem opnar leið inn á markaðinn. Við höfðum slíkan tengilið, sem var Atli Eðvaldsson sem var þekktur í Þýskalandi sem knattspyrnumaður. Hann hafði unnið fyrir okkur í Þýskalandi og vildi til Íslands. Það var upphaf starfsemi okkar hér fyrir tíu árum.“ Dirk Hermann segir fyrirtækið ánægt með árangurinn. „Við ætlum að keppa við innlend fyrirtæki á þessum markaði um ókomin ár.“

Allianz er yfir hundrað ára gamalt fyrirtæki; stofnað í Berlín árið 1890. Fyrirtækið hefur því lifað af tvær heimsstyrjaldir. Dirk Hermann segir að lykill árangurs fyrirtækisins liggi í þessum þremur gildum sem skipti öllu fyrir félag sem selur fólki framtíð í tryggingum og lífeyri. „Árangur, áreiðanleiki og traust,“ leggur hann aftur áherslu á. Doktorsritgerð sneri að áhættustýringu og viðhorf áhættustýringarinnar réðu ákvörðun hans um að hefja störf hjá Allianz. „Ég starfaði áður í bílaiðnaðinum og þegar mér bauðst starf hjá Allianz mat ég það svo að félag með stærð, styrk og sögu Allianz yrði á þessum markaði eins lengi og markaðurinn sjálfur væri til.“

Hermann segir Allianz eiga sér langa og góða sögu. „Við höfum gengið í gegnum tíma sem hafa verið erfiðir. Við lentum í mótbyr þar sem við vorum með hátt hlutfall hlutabréfa þegar markaðir lækkuðu frá árinu 2000. Við drógum lærdóm af þeirri reynslu.“

Lífeyrir er vaxandi vandamál í vestrænum heimi. Í Bretlandi og Bandaríkjunum eru lífeyrisskuldbindingar fyrirtækja gagnvart starfsmönnum vaxandi byrði. Færri barnsfæðingar eru vandamál víða í Evrópu þar sem menn horfa fram á að færri vinnandi hendur þurfi að vinna fyrir stórri kynslóð aldraðra. „Vandamálið hjá okkur í Þýskalandi er kerfi þar sem menn öðlast réttindi við að flytjast til landsins, án þess að hafa greitt inn í það. Þetta kom með miklum þunga á almenna lífeyriskerfið þegar Þýskaland var sameinað og margir nýir rétthafar kerfisins sem ekki greiddu til þess bættust í hópinn. Þetta er kerfi sem byggði á stöðugum hagvexti og áframhaldandi mannfjöldaaukningu. Þetta kerfi er í raun gjaldþrota.“ Hermann segir söfnunarkerfi líkt og er hér á landi vera það sem menn horfi til. Sjálfur segist hann ekki ætla að reiða sig á almenna kerfið og leggur því í eigin sjóð. „Aldraðir í dag hafa ýmis fríðindi, en með breyttri aldurssamsetningu munu menn neyðast til að afnema þau.“ Hann segir þessa staðreynd leiða til kjarna málsins. „Ef fólk ætlar að halda lífsgæðum sínum verður það að taka málin í sínar hendur og leggja sjálft til hliðar.“ Hann segir að víða í Evrópu horfi menn til þess að eftirlaunaaldur hækki. „Eftir því sem mér skilst á Íslandi eru margir ólmir í að vinna eins lengi og þeir geta.“

Íslendingar hafa búið við mikinn hagvöxt undanfarin ár. Á sama tíma hefur evrusvæðið verið í hægagangi og Þýskaland hefur farið fetið þegar horft er á vöxt landsframleiðslunnar. „Það er nauðsynlegt að horfa á einstök svæði í Þýskalandi. Sameining Þýskalands var söguleg nauðsyn en kostnaðarsöm. Það er afar misjafnt eftir svæðum í Þýskalandi hver vöxturinn er. Sums staðar á svæðum sem tilheyrðu gamla Vestur-Þýskalandi er mikill hagvöxtur og gangur í efnahagslífinu. Utanfrá horfa menn á landið í í heild, en ef nánar er skoðað er mjög mismunandi eftir svæðum hvernig hjólin snúast.“ Dirk Hermann segir mikinn vilja meðal Þjóðverja að ná fram endurbótum í efnahagslífinu, meðal annars í velferðarkerfinu, lífeyriskerfinu og á vinnumarkaði. „Menn ættu samt ekki að búast við byltingu, heldur markvissri þróun.“



Markaðurinn/Vilhelm

**ÞRÓUN FREMUR EN BYLTING** Dirk Hermann, einn framkvæmdastjóra Allianz í Þýskalandi, segir umbætur fyrirsjáanlegar í þýsku efnahagslífi. Hann býst frekar við hægfara þróun en byltingu í því að fá hjól efnahagslífsins til þess að snúast hraðar.

**Allianz**

Ein stærsta tryggingasamsteypa í heimi.
Starfsemi í 77 þjóðlöndum.
Eignir í stýringu eru yfir 80 þúsund milljarðar króna.
Viðskiptavinir eru yfir 60 milljónir.
Starfsmenn eru yfir 180 þúsund.
Allianz er stór hluthafi í Siemens, Deutsche Bank og BASF og á Dresdner bank í Frankfurt að fullu.
Lánshæfiseinkunn Allianz hjá Standard and Poor's er AAA.

**„Við lítum svo á að á Íslandi deili menn sömu gildum og í Þýskalandi. Við töldum því að við ættum auðvelt með að starfa á íslenska markaðnum.“**

## FÓLK Á FERLI

**BJÖRN VÍGLUNDSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri vátrygginga- og fjármálasviðs Tryggingamiðstöðvarinnar en



hann starfaði frá árinu 1996 til 2005 hjá P. Samúelssyni, umboðsaðila Toyota á Íslandi, fyrst sem auglýsingastjóri, síðan markaðsstjóri og var framkvæmdastjóri markaðssviðs frá árinu 2001. Björn lauk prófi árið 1995 í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði og stjórnun frá University of Tampa í Flórída.

**ÁGÚST H. LEÓSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Tryggingamiðstöðvarinnar en hann var fjár-



málastjóri Actavis frá árinu 2003 til 2005 og þar áður var hann fjármálastjóri Delta og aðstoðarfjármálastjóri Pharmaco. Þá starfaði Ágúst sem aðalbókari Haraldar Böðvarssonar um þriggja ára skeið og starfaði hjá Deloitte í sjö ár. Ágúst lauk prófi í viðskiptafræði frá endurskoðunarsviði Háskóla Íslands árið 1991.

**PÉTUR PÉTURSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri upplýsinga- og kynningarmála Tryggingamiðstöðvarinnar en



hann var forstöðumaður upplýsinga- og kynningarmála Og fjarskipta hf. og áður Íslandssíma frá árinu 2000 til 2005. Pétur starfaði í tæpan áratug sem fréttamaður á ýmsum fjölmiðlum, þar á meðal DV, Ríkisútvarpinu og fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar. Pétur lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1992.

**DAVID BAKER** hefur verið ráðinn forstjóri Flögu Group en hann tekur við af Svanbirni Thoroddsen sem hætti fyrir skömmu. Baker hefur tuttugu ára reynslu af stjórnunarstörfum og í áratug hefur hann starfað á svefnmarkaðnum en Flaga framleiðir búnað til svefnrannsókna. Síðast starfaði hann sem aðstoðarforstjóri Phoenix Sleep, sem rekur svefnmælingarstofur í Bandaríkjunum.

**GUNNLAUGUR ÁRNASON** hefur verið ráðinn ritstjóri Viðskiptablaðsins en hann starfar sem blaðamaður Reuters-fréttasamsteypunnar í London. Gunnlaugur hefur frá október 2001 unnið hjá Reuters í London og sérhæft sig í fjármálafréttum, og einnig skrifað fyrir aðrar upplýsingaveitur Reuters. Gunnlaugur lauk BA-prófi í blaðamennsku, heimildaljósmyndun og fjölmiðlafræðum frá Ríkisháskólum Kaliforníu í San Francisco og Sonoma. Árið 2001 lauk hann meistaragráðu í alþjóðlegri blaðamennsku frá Westminster-háskólanum í London.

## Reykjavíkurborg eykur þjónustu með lausn frá Nýherja

**Reykjavíkurborg hefur sett upp miðlæga Avaya MultiVantage IP lausn ásamt þjónustuveri sem nýst getur öllum stofnunum borgarinnar. Lausn Nýherja var valin að undangengnu útboði. Verkefnið er liður í að bæta þjónustu við íbúa borgarinnar.**

**Avaya IP-lausnin getur þjónað með einum eða öðrum hætti flestum símanotendum hjá borginni en að sögn Eggerts Ólafssonar, deildarstjóra hjá Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, var ákveðið að velja Avaya vegna þeirra möguleika sem lausnin býður og hagstæðs verðs.** - dh

## BESTA RÁÐIÐ

# Vertu þú sjálf

Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals, segir að besta ráðið sem hún hafi fengið sé að vera hún sjálf og hún reynir alltaf að fara eftir því. „Auðvitað er stundum erfitt að fylgja þessu ráði.“

Sigrún hefur haft þetta heilræði að leiðarljósi í starfi sínu en hún var framkvæmdastjóri Innn áður en hún tók við sem forstjóri Tæknivals.

Þegar hún var að taka við stjórn Innn á síðasta ári ráðfærði hún sig gjarnan við systur sína því hún var að taka við nýju starfi og var oft óörugg. Gyða systir hennar, sem einnig starfaði hjá Innn á þessum tíma, sagði þá við hana: Vertu bara þú sjálf. Sigrún segir þetta farsælast því í stjórnunarstarfi geti enginn annar en stjórnandinn tekið stórar ákvarðanir. „Það er ekkert rétt eða rangt þegar verið er að stjórna fyrirtækjum og fólki.“

Sigrún segir stjórnendur ekki geta varpað ábyrgðinni á einhvern annan með því að láta þá taka ákvarðanir, það sé hægt að fá skoðanir annarra á einhverjum ákveðnum málum en á endanum sé það alltaf hún sem verði að taka ákvörðunina og bera ábyrgðina. -dh



**SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR, FORSTJÓRI TÆKNIVALS** Segir ekkert rétt eða rangt þegar verið er að stjórna fyrirtækjum og fólki.


Markaðurinn/Vilhelm

**VINNUDAGUR** Íslendingar eru enn að vinna fyrir tekjum hins opinbera.

# Vinna hundrað daga fyrir ríkið

## Skattadagurinn er í vikunni.

Skattadagurinn í Bandaríkjunum er 17. apríl næstkomandi samkvæmt útreikningum Tax Foundation. Í stuttu máli er þetta sá dagur sem Bandaríkjamenn klára að vinna fyrir samanlögðum tekjum hins opinbera á árinu. Er þá gert ráð fyrir að allar tekjur hafi farið í skattgreiðslur fram að þeim tíma. Eftir 17. apríl byrja skattgreiðendur að vinna fyrir eigin útgjöldum. Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, hefur með sambærilegum hætti undanfarin ár fundið út hvenær skattadagurinn er á Íslandi. Í fyrra var hann 7. júní. Það þýðir að Íslendingar unnu í 159 daga fyrir tekjum hins opinbera en Bandaríkjamenn í 107 daga.

Í skýrslu Tax Foundation kemur fram að milli áranna 1993 og 2000 hafi vinnudögum Bandaríkjamanna fyrir ríkisstjórnina fjölgað um tólf. Er því spáð að árið 2015 muni dagurinn færast aftur til 29. apríl. Nú eyði landsmenn 107 dögum í vinnu fyrir hið opinbera en 96 dögum fyrir fötum, mat og heilsugæslu samanlagt. **– bg**

# Mjólkursamsalan velur Microsoft

Mjólkursamsalan hefur gert samning við Nýherja um Microsoft-hugbúnað fyrir starfsemi Samsölunnar og er markmiðið að ná fram aukinni hagræðingu og samþættu upplýsingaumhverfi. „Við trúum því að Microsoft-lausnirnar muni skila sér hraðar inn í okkar viðskiptaferla en þannig náum við að nýta betur þau verkfæri sem starfsmenn okkar þekkja í dag. Lotus Notes hefur reynst okkur vel en við horfum til þess að samþætta okkar rekstur og tryggja starfsmönnum einsleita sýn á upplýsingar,“ segir Magnús Ingi Stefánsson, forstöðumaður upplýsingatæknimála hjá Mjólkursamsölunni. **- dh**

# Námstefna um markaðsmál

Breski fræðimaðurinn Tim Ambler heldur námstefnu 19. apríl á vegum Samtaka auglýsenda og Birtingahússins. Tim Ambler kennir markaðsfræði og stundar rannsóknir við London Business School og hefur gert síðan 1991 en hann hefur auk þess 30 ára reynslu úr einkageiranum. Sérsvið hans eru vörumerkjavirði, mælingar á markaðslegum árangri, virkni auglýsinga og mælingar þeim tengdar, virkni söluhvata og alþjóðleg markaðsfærsla. Námstefnan er fyrir stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og yfirmenn markaðsmála. Skráning fer fram á sau@sau.is. **- dh**



*Eitt af hlutverkum Íbúðalánasjóð er að stuðla að tækninýjungum og umbótum í byggingariðnaði.*

*Í lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál kveður á um að eitt af hlutverkum Íbúðalánasjóðs sé að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, m.a. með veitingu lána eða styrkja.*

**Lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði**

Íbúðalánasjóður auglýsir til umsóknar lán og styrki til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.

Lán eða styrki má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldi íbúðarhúsnæðis, styttingar byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.
Sá sem óskar eftir láni eða styrk skal skila inn umsókn til Íbúðalánasjóðs á sérstöku eyðublaði, um verkefni það er vinna skal.
Umsóknina skal leggja fyrir stjórn sjóðsins til ákvörðunar með greinargerð og tillögu um afgreiðslu.

Fjárhæð láns eða styrks og lánstíma, skal ákveða hverju sinni af stjórn Íbúðalánasjóðs með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn.

Ef um lán er að ræða skulu þau tryggð með fullnægjandi veði í fasteign að mati Íbúðalánasjóðs samkvæmt almennum reglum Íbúðalánasjóðs um veðrými.

**Rafræn umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is**

Nánari upplýsingar veitir Helga Arngrímsdóttir á þjónustusviði lána Íbúðalánasjóðs, Borgartúni 21 í síma 569 6986.

**Umsóknarfrestur er til 20. maí 2005**

FABRIKAN

www.ils.is | Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800 | Íbúðalánasjóður



**Aðalfundur 2005**

**Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 15. apríl 2005 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík, og hefst hann kl. 17:00.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund.
Einnig er hægt að nálgast þessi gögn á vefsíðu félagsins, **www.hbgrandi.is.**

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

**Stjórn HB Granda hf.**

FABRIKAN

HB GRANDI

Norðurgarður | 101 Reykjavík | www.hbgrandi.is

**SIGURÐUR B. STEFÁNSSON**
Mun stýra Reykjavik Global Hedge Fund.


Markaðurinn/Stefán

# Græða bæði á hækkunum og lækkunum

Íslandsbanki undirbýr stofnun Reykjavik Global Hedge Fund og verður sjóðurinn undir stjórn **Sigurðar B. Stefánssonar** en hann hefur verið framkvæmdastjóri Eignastýringar Íslandsbanka, sem annast fjárfestingu í hlutabréfum og skuldabréfum og eignastýringu fyrir viðskiptavini bankans. Sigurður útskýrir hvað Hedge Fund eða vogunarsjóður er fyrir *Dögg Hjaltalín*.

Flestir kaupa hlutabréf í þeirri von að gengi bréfanna muni hækka og eignir þeirra verði verðmætari. Þeir kaupa þegar gengið er lágt og selja þegar gengið er hátt. Oft verða fjárfestar að sætta sig við neikvæða ávöxtun þegar illa árar en á móti er ávöxtunin meiri þegar vel gengur á markaðinum. Vogunarsjóðir eru annars eðlis og stefna oftast að jákvæðri ávöxtun óháð markaðsávöxtun. Reykjavik Global Hedge Fund stefnir að 15% ávöxtun á ári að lágmarki en án hámarks.

Vogunarsjóðir eru sjóðir sem hafa rýmri fjárfestingarheimildir en verðbréfasjóðir og geta fjármagnað viðskipti sín með lánsfé, og stundað skortsölu, og afleiðuviðskipti ef því er að skipta. Viðskipti flestra þeirra eru þó háð afar skýrt afmörkuðum reglum um kaup og sölur sem þeir setja sér sjálfir. Sigurður segir að einkenni vogunarsjóða sé að þeir stefni að fastri lágmarksávöxtun óháð því hvernig markaðurinn sé að þróast. Það sé ólíkt hefðbundnum verðbréfasjóðum, sem oftast miða árangur sinn við vísitölur markaðarins og reyna að ná betri árangri en markaðsmeðaltalið.

#### MIKILVÆGI VOGUNARSJÓÐA EYKST

Sigurður segir tvær ástæður vera helstar fyrir stofnun Reykjavik Global Hedge Fund. Önnur er að ávöxtun jafnt innanlands sem á alþjóðlegum markaði kunni að reynast lægri næstu árin en undanfarin ár. Bæði hlutabréf og skuldabréf hafa hækkað mikið á Íslandi undanfarið svo að lægri ávöxtun kunni að vera fram undan. Hin ástæðan er að bjóða upp á ávöxtun sem ekki er háð sveiflum markaðarins, það er að árlega sé stefnt að því að skila vissri lágmarksávöxtun sem síðan er án hámarks og óháð því hvort hlutabréf eða skuldabréf eru að hækka eða lækka.

Sigurður segir eignir vogunarsjóða ekki vera miklar í samanburði við eignir hlutabréfasjóða og skuldabréfasjóða á Bandaríkjamarkaði. „Engu að síður ráða þeir yfir um 35 til 40 prósentum af veltu á markaði í Bandaríkjunum og í þeirri staðreynd felst hve mikilvægir þeir eru orðnir í fjármálaheiminum,“ segir hann.

Vogunarsjóðir hafa vaxið með ótrúlegum hraða á síðustu árum en þeir hafa verið til í meira en 50 ár. Fjöldi þeirra á markaði er samtals á bilinu átta til tíu þúsund, langflestir í Bandaríkjunum, en Sigurður segir fjöldann á Evrópumarkaði fara hratt vaxandi. Talið er að Alfred W. Jones hafi fyrstur stofnað vogunarsjóð árið 1949 með 100 þúsund dollara í eignir en þar af átti hann 40 þúsund dollara sjálfur.

#### MINNI ÁHÆTTA – MEIRA EIGIÐ FÉ

Árangur vogunarsjóða hefur verið mjög misjafn, sumir hafa grætt gífurlega og aðrir tapað háum fjárhæðum, eins og sést á dæmunum hér á síðunni. Sigurður segir erfitt að meta árangur vogunarsjóða í samanburði við aðra fjárfestingakosti því að vísitölur sem sýna árangur vogunarsjóða geti verið varasamar, í þeim felist mikil skekkja. „Almennt ná vísitölurnar aðeins til þeirra sjóða sem hafa náð að komast á legg og sýna góðan árangur, ekki til þeirra lélegu með skamman líftíma og til þeirra sem fara beint á hausinn eftir stofnun.

**Skortsala** er það að taka hlutabréf að láni og selja í þeirri von að hægt verði að kaupa aftur á lægra verði til að skila þeim aftur.

**Afleiða** er samningur milli tveggja aðila þar sem virði samningsins ákvarðast af verði á undirliggjandi eign svo sem hlutabréfi, skuldabréfi, olíu, gulli, korni eða gjaldmiðlum.

Áætlað hefur verið að draga megi um þrjú til fjögur prósent frá þeim árangri sem vísitölur sýna til að fá meðalárangur markaðsins fyrir vogunarsjóði.“

Reykjavik Global Hedge Fund mun ávaxta eignir sínar að hluta innanlands og hluta erlendis, einkum í hlutabréfum í Bandaríkjunum. Sjóðurinn verður til að byrja með um milljarð króna í eigið fé en sú fjárhæð verður tvöfölduð með lánsfé. „Misjafnt er hversu mikið vogunarsjóðir eru gíraðir en við viljum stilla áhættu í hóf með því að fjármagna helming eigna með eigin fé. Minna eigið fé þýðir meiri áhætta í þessum skilningi.“

Til að byrja með mun Reykjavik Global Hedge Fund eingöngu ávaxta peninga hóps viðskiptavina sem tengjast Íslandsbanka en stefnt er að því að bjóða fleiri fagfjárfestum þátttöku í honum þegar reynsla hefur fengist. Sigurður segir sex mánuði til ár geta verið þangað til tilskilin reynsla hafi náðst en vonandi verði árangur það góður að eftirspurn skapist. Stórir fjárfestar á borð við lífeyrissjóði eru þegar teknir að huga að fjárfestingu í vogunarsjóðum.

Kostnaðurinn við vogunarsjóði er almennt nokkuð hár en algengast er að rekstraraðili fái árangurstengda þóknun sem er í hlutfalli af ávöxtun eigna sjóðsins árlega.

**Oft verða fjárfestar að sætta sig við neikvæða ávöxtun þegar illa árar en á móti er ávöxtunin meiri þegar vel gengur á markaðinum. Vogunarsjóðir eru annars eðlis og stefna oftast að jákvæðri ávöxtun óháð markaðsávöxtun.**



## Risavaxið tap

**Margar sögur eru til af því hversu mikið vogunarsjóðir græða en einnig eru til sögur af háum fjárhæðum sem hafa tapast í gegnum vogunarsjóði. Stærsta upphæðin er líklega 3,5 milljarðar dollara eða 215 milljarðar króna. Long Term Capital sjóðurinn tapaði þessum peningum árið 1998 en hann var stofnaður af nokkrum af þekktustu nöfnunum í fjármálaheiminum. Tveir stofnendanna voru Robert C. Merton og Myron S. Scholes, sem deildu Nóbelsverðlaununum í hagfræði árið áður.**

**Áhættan var greinilega vanmetin en sjóðurinn réð til sín hæfileikaríkustu starfsmennina á Wall Street og var sagður vera of stór til að geta farið á hausinn. Ofurtrú starfsmanna á eigin getu varð sjóðnum hins vegar að falli og fallið var það mikið að margir telja að það hafi hrikt í stoðum hagkerfis Bandaríkjanna, þess stærsta í heimi. -dh**

## Soros – konungur vogunarsjóðanna

George Soros hjá Soros Fund Management og Julian Robertson hjá Tiger Management eru í hópi kunnustu fjárfesta á sviði stöðutöku og vogunarsjóða. Persónuleg auðæfi George Soros eru samkvæmt Forbes 7,2 milljarðar dollara, eða rúmir 440 milljarða króna, og er hann númer 55 á lista yfir ríkasta fólk heims. Soros á að baki langan og augljóslega farsælan starfsferil en hann hefur hagnast á vogunarsjóðum.

Soros er þekktastur fyrir að vera maðurinn sem sprengdi Englandsbanka, ekki þó í bókstaflegri merkingu. Árið 1992 veðjaði hann á að pundið myndi lækka, tók risavaxið lán í pundum, seldi þau og dokaði við. Þegar gengið hafði fallið keypti hann pund aftur, endurgreiddi lánið og hélt eftir heilum milljarði dollara, rúmum 60 milljörðum króna. Þetta er talinn vera mesti hagnaður sögunnar af einum viðskiptum. Sagt er að Soros hefði tapað öllu ef gengi pundsins hefði ekki þróast eins og hann veðjaði á, það er hækkað í stað þess að lækka. Soros stofnaði sjóð sinn, Quantum Investment Fund, árið 1969. Á árinu 2000 breytti hann áherslum í sjóðum sínum og lækkaði áhættustigið mikið. Hann stefnir nú að 15% ávöxtun, líkt og Reykjavik Global Hedge Fund, í stað yfir 30 prósenta áður. Soros hafði tapað á lækkuninni sem reið yfir hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum fyrri hluta ársins 2000. -dh


GEORGE SOROS

# ÁFRAM Í ÚRVALSDEILD?

Samtök atvinnulífsins óska landsmönnum öllum til hamingju með árangurinn sem náðst hefur á undanförnum árum:

## Evrópumeistarar
og í fremstu röð á heimsvísu

1. Bandaríkin
2. Singapúr
3. Kanada
4. Ástralía
5. Ísland




AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.

Ísland er samkeppnishæfasta land Evrópu og fimmta samkeppnishæfasta land heims samkvæmt World Competitiveness Yearbook IMD viðskiptaháskólans í Sviss. Á fimm árum hefur Ísland klifið upp um fimm sæti á listanum. Hagvöxtur á Íslandi hefur verið mikill, rúm 5% á síðasta ári og undanfarinn áratug hefur hagvöxtur verið tvöfalt meiri á Íslandi en í Evrópu. Á sama tíma hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann vaxið um rúmlega 40%.

**Höldum áfram á sömu braut** - tryggjum okkur varanlegt sæti í úrvalsdeild.

- VIÐ EIGUM VAL

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Umbylting í mjólkurfram

Afurðir nautgripa standa undir nær helmingi af allri verðmætasköpun í landbúnaði. Sjálfvirkni er orðin meiri við fóðuröflun og mjaltir. Tilkoma mjólkurkvóta hefur leitt til hagræðingar. Afkoma kúabænda fyrir laun og afskriftir á meðalstóru búi nemur um sjö milljónum króna. Á aðalfundi Landssambands kúabænda í síðustu viku var sagt við **Björgvin Guðmundsson** að bændur væru orðnir bisnessmenn.

Bændur litu á það sem lífsstíl að moka skít. Nú er þetta bisness,“ segir Þrándur Ingvarsson, kúabóndi í Þrándarholti á Suðurlandi. Bændur séu í auknum mæli að búa sig undir meiri erlenda samkeppni í framleiðslu mjólkurafurða. Í því skyni hafa þeir stækkað bú sín, lækkað kostnað, aukið sjálfvirkni í fjósum og fylgjast með framleiðslunni af tölvuskjám.

Afurðir nautgripa nema nær helmingi af allri verðmætasköpun í landbúnaði og eru langstærsta greinin. Kúabændur eru að færa allan rekstur til nútímalegra horfs. Tekjur þeirra eru að aukast þótt ríkisstuðningur sé enn stór hluti þeirra. Hyggjuvitið fleytti þeim langt en nú er menntun meiri og rekstrarforsendur settar upp í tölvu. „Meðan Excelskjalið sýnir hagnað held ég áfram,“ hefur Jón Steinar Jónsson, sölustjóri Vélavers, eftir einum viðskiptavini sínum og er það dæmigert fyrir það hvernig bændur hugsa í dag.

Það sem af er þessu ári hefur Jón Steinar gangsett níu sjálfvirka mjaltaþjóna í fjósum landsins. Salan tók kipp í fyrra og þróunin heldur áfram í ár. Hann segir kröfur um sjálfvirkni fjósa miklar og margir séu að stækka búin. Kúabændur vilji hafa sveigjanlegri vinnutíma eins og aðrir landsmenn og stunda sitt félags- og fjölskyldulíf. Bóndinn sé orðinn bisnessmaður.

**GJÖRBYLTING BÚA**

Fyrir tuttugu árum framleiddu tæp tvö þúsund kúabú mjólkurafurðir í Íslendinga. Síðan þá hefur þeim fækkað niður í níu hundruð. Samhliða því hefur meðalinnlögn hvers framleiðanda af mjólk hækkað um 117 prósent og var í fyrra um 130 þúsund lítrar á ári. Búin eru að stækka og nytin í kúnum að aukast.

Í riti Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði kemur fram að í fyrra hafi 30 mjólkurkýr verið að meðaltali í hverju fjósi. Til samanburðar voru þær 23 fyrir tíu árum. Í nýrri rannsókn Hagfræðistofnunar, sem unnin var af Sigurði Jóhannessyni og Sveini Agnarssyni, segir að samhliða þessari þróun hafi meðalnyt kúa aukist úr ríflega fjögur þúsund lítrum árið 1990 í rúmlega 4.900 lítra 2003. Bættur aðbúnaður, betra hey og markvissari fóðurgjöf séu að skila bylunum þessum árangri.

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar reyndist afkoma bænda árið 2003 best hjá þeim sem voru að meðaltali með 52 eða 24 kýr . Hagnaður þeirra fyrir laun eigenda var á bilinu 3,5 til 3,8 milljónir króna. Það bendir til þess að stærð sé ekki afgerandi þáttur þegar kemur að hagkvæmni búanna. Er það í samræmi við innlendar og erlendar rannsóknir.

Annars er afkoma búa mjög misjöfn eftir stærð þeirra. Það stafar meðal annars af því að mörg þeirra hafa verið að kaupa framleiðslukvóta á mjólk. Er það forsenda þess að fá greiðslu frá ríkinu fyrir að framleiða afurðina. Eru þessi kaup færð sem gjöld í rekstri búa og afskrifuð á fimm árum. Hjá stærstu búunum námu þessi gjöld í bókhaldinu að jafnaði 4,3 milljónum króna. Því sýnir afkoma bænda árið 2003 mjög misjafna útkomu eftir stærð búa.

**TEKJUR BÆNDA HÆKKA**

Þegar skoðaðar eru svokallaðar vergar þáttatekjur kúabúa í búreikningum – sem er hagnaður fyrir laun eigenda, afskriftir og fjármagnsliði – kemur í ljós að þær eru 7,8 milljónir króna árið 2003. Jukust þessar heildartekjur um tólf prósent frá árinu áður.

Að teknu tilliti til afskrifta á framleiðslukvóta hefur afkoma kúabænda breyst lítið á árunum 1991 til 2003, samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar. Þó segir að hagnaður stærstu búanna sé mestur og fyrirsjáanlegt að hann muni enn aukast þegar þau hafi afskrifað að fullu keyptan kvóta í mjólk. Þá getur afkoma bænda verið nálægt þeirri tölu sem nefnd var hér áðan; sjö til átta milljónir króna á ári.

Þess ber að geta að meðalatvinnutekjur Íslendings voru 2,6 milljónir króna á árinu 2003. Sé það haft í huga, og að vinna við meðalkúabú svari til meira en eins ársverks, er ekki spennandi verkefni að taka við rekstri kúabúa. Í skýrslu Hagfræðistofnunar er sleginn sá varnagli að ómögulegt megi telja að ætla sér að skilja fyllilega rekstur bús frá neyslu heimilis. Þessi reikningsskil bænda endurspegli ekki heldur raunverulegar innog útgreiðslur. Afkoma bænda sé mun betri og muni batna verulega eftir afskriftir kvóta.

**EIGNIR VANTALDAR**

Það kemur á óvart að sjá í skýrslu Hagfræðistofnunar að höfuðstóll margra búa hefur rýrnað verulega á síðustu árum. Árið 2003 voru nær öll meðalstór bú og stærri með neikvæðan höfuðstól, sem þýðir að skuldirnar séu meiri en eignirnar.

Sveinn Agnarsson skýrir það þannig að bændur hafi ekki eignfært keyptan framleiðslurétt síðustu ár heldur hafi hann einungis verið færður til gjalda í bókhaldi eins og áður sagði. Því hafi vafalítið myndast dulinn varasjóður í reikningum margra búa. Einnig hafi úttektir eigenda iðulega verið hærri en sem nemur hagnaði fyrir laun eigenda. Þetta skýri helst neikvæðan höfuðstól búanna.

Bændur hafa líka verið að nútímavæða útihúsin sín síðustu ár með nýbyggingum fjósa, mjólkurhúsa og haughúsa. Einnig hafa fóðrunarkerfi, mjaltakerfi og mjólkurtankar verið endurnýjuð. Í skýrslu Hagfræðistofnunar kemur fram að árið 2003 hafi lán Lánasjóðs landbúnaðarins til byggingar á fjósum og til kaupa á mjaltabúnaði tvöfaldast að raungildi frá árinu 1997 en rúmlega sjöfaldast frá 1994. Var töluverð þörf fyrir að endurnýja fjós í landinu. Bankar keppa nú einnig um að lána bændum eins og öðrum landsmönnum. Það hefur lækkað kostnað og sem dæmi eru nær allar dráttarvélar í landinu fjármagnaðar af fyrirtækjum eins og Lýsingu eða Glitni.

Tilkoma mjólkurkvótans, stækkun búa og hagræðing er grundvöllur umbyltingar í mjólkurframleiðslu í landinu. Frjálst framsal hefur verið ein mikilvægasta forsenda í því ferli og gert fjölskyldum kleift að selja frá sér kvótann og bregða búi.

**KVÓTABÆNDUR EFNAÐIR**

Á aðalfundi Landssambands kúabænda í lok síðustu viku kom fram að mjólkurkvótinn væri að nálgast 500 krónur lítrinn. Eftir samtöl við bændur má þó ætla að algengasta verðið fyrir framleiðslurétt á mjólkurlítra sé

## Íslenska kýrin mjólkar of lítið

### Veruleg afkastaaukning möguleg.

Hægt er að auka afköstin verulega í mjólkurframleiðslu á Íslandi að mati Péturs Diðrikssonar frá Helgavatni í Borgarfirði. Mikil tækifæri séu fyrir hendi og möguleiki á hagræðingu. Með því að auka afköstin lækki framleiðslukostnaðurinn.

Pétur rekur kúabú í samfélagi við annan bónda og eru þeir með rúmlega 70 kýr. Hann segir að breytilegur kostnaður við framleiðslu á hvern lítra sé um 25 krónur. Til viðbótar bætist fastur kostnaður.

„Málið snýst um það að sá tími sem fer í mjólkurframleiðslu er tengdur vinnumagni á hvern grip. Hverri kú fylgir ákveðið vinnumagn. Ef sama kýrin afkastar sex þúsund lítrum á ári en önnur tíu eða tólf þúsund lítrum þá sérð þú muninn,“ segir Pétur. Hægt sé að auka þessi afköst með því að auka nytin í kúnum.

Sem lausn á þessu hefur Pétur verið hliðhollur því að flytja inn erlent kúakyn. Það sé lykilatriðið til að auka afköstin um allt að fjörutíu prósent. Kostnaður á móti yrði ekki sambærilegur ávinningi. Sem dæmi mjólki hver kú á Íslandi um fimm þúsund lítrum og þær bestu um sjö þúsund lítrum af mjólk. Í Danmörku séu sambærilegar tölur ellefu þúsund, tólf þúsund í Svíþjóð og níu þúsund lítrar í Noregi.

**PÉTUR DIÐRIKSSON FRÁ HELGAVATNI** Lágmarka þarf vinnuframlag á hverja kú.





Fréttablaðið/GVA

**MEIRI SJÁLFVIRKNI Í FJÓSUM** Nýr mjólkursamningur tekur gildi á þessu ári.

## Beingreiðslur tryggðar til 2012

### Ríkið greiðir niður helming af áætluðum framleiðslukostnaði mjólkur.

Á næsta verðlagsári munu beingreiðslur til mjólkurbænda nema tæpum fjórum milljörðum króna. Mun árleg heildarfjárhæð sem ríkið greiðir bændum fyrir framleiðsluna ekki minnka til ársins 2012 samkvæmt nýjum mjólkursamningi. Hann tekur gildi í september næstkomandi og fylgja greiðslurnar verðlagi.

Í janúar 2005 fékk mjólkurbóndi greiddar að lágmarki rúmar 83 krónur fyrir hvern mjólkurlítra sem hann lagði inn í afurðastöð. Ríkið greiðir honum í gegnum beingreiðslur, sem hann fær ef hann á mjólkurkvóta, rúmar 39 krónur. Afurðastöðin sjálf greiðir 44 krónur.

Verðmyndun mjólkur er því þannig að afurðastöðin greiðir 44 krónur. Ofan á það leggst vinnslukostnaður og heildsöluálagning, um 25 krónur, smásöluálagning og virðisaukaskattur. Leiðbeinandi verð út úr búð var 89 krónur lítrinn í janúar síðastliðnum.

Í nýjum mjólkursamningi er nýtt fyrirkomulag við útdeilingu beingreiðslna. Verða greiðslur ríkisins ekki lengur ákveðið hlutfall af verði mjólkur, eins og verið hefur, heldur fastar verðtryggðar heildarfjárhæðir. Er þetta gert til að mæta hugsanlegum breytingum á skuldbindingum Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO) þar sem draga á úr framleiðslutengdum ríkisstyrkjum.

Einnig fer styrkur til stærstu búanna minnkandi ef þau stækka enn meir. Þeir sem eru með 200 kýr munu ekki njóta svokallaðra gripagreiðslna, sem þó eru bara örlítið brot af heildarfjárhæð sem bændur fá greidda.

**Meðalinnlegg á mjólk** Lítrar




**Fjöldi mjólkurframleiðenda**




**Heildsölu- og smásölu**




**„Þegar framleiðslukvótar eru framseljanlegir og litlar hindranir eru á framsali þeirra mun hinn frjálsi markaður sjá til þess að þeir lendi í l skilvirkastan hátt. Þetta algilda lögmál á ekki síður við í landbúnaði en öðrum atvinnugreinum.“ Ársskýrsla Hagfræðistofnunar**

# ıleiðslu



Fréttablaðið/GVA

**SALA Á MJÓLK HEFUR MINNKAÐ EN VINSÆLDIR SKYRS HAFA AUKIST MIKIÐ** Verð búvara hefur ekki hækkað eins mikið og vísitala neysluverðs. Hefur það komið heimilum til góða enda eru mjólkurafurðir hluti af daglegri neyslu landsmanna. Leiðbeinandi smásöluverð á mjólkurlítra er 89 krónur. Fyrir tíu árum kostaði lítrinn 65 krónur. Samkvæmt tölum Samtaka afurðastöðvar drakk hver íbúi að meðaltali 145 lítra af mjólk í fyrra.

að nálgast 400 krónur. Þessi þróun hefur gert það að verkum að fýsilegra er að bregða búi sé reksturinn ekki að skila nægilega miklum afgangi.

Hagfræðistofnun telur eftir samtöl við sérfræðinga að gera megi ráð fyrir að hægt sé að selja meðalstórt kúabú – það er kvóta, land, húsakost og tæki – fyrir 80 til 100 milljónir króna. Land nálægt höfuðborgarsvæðinu hefur einnig hækkað mikið í verði, sem hefur hækkað fórnarkostnaðinn við búreksturinn. Það gæti verið heppilegra að losa sig við kvótann og selja landið undir sumarbústaði.

Meðalinnlegg hvers mjólkurbónda í fyrra var um 131 þúsund lítrar. Það þýðir að mjólkurframleiðendur landsins geti selt framleiðsluréttinn sinn og fengið að meðaltali um 54 milljónir króna fyrir. Er þá miðað við að framleiðsluréttur á lítra kosti 400 krónur. Þetta kerfi hefur gjörbreytt stöðu mjólkurbænda þótt ekki sé hægt að sjá það vel í reikningum þeirra.

### AFKÖSTIN AUKIN

Gjörbylting í verkun fóðurs og vinnulagi í fjósum hefur létt bóndanum lífið við húsverkin. Með rúlluverkun heyfengs hafa afköst aukist mikið og vinnustundum fækkað. Heyskapur tekur mun skemmri tíma og bændur eru ekki eins háðir þurrki og áður. Kostnaður við heyrúllur er hins vegar meiri, meðal annars vegna þess hve plastið um þær er dýrt.

Mjaltaþjónar hafa rutt sér hratt til rúms í íslenskum fjósum, en með tilkomu þeirra sjá kýrnar um að mjólka sig sjálfar. Tvö helstu fyrirtækin sem selja bændum þessa tækni eru Vélaver og Vélaborg. Má áætla að 36 bændur nýti sér þessa nýju tækni.

Jón Steinar Jónsson hjá Vélaveri segir að mjaltaþjónninn sjálfur kosti um 12 milljónir króna án virðisaukaskatts. Algengara sé að bændur byggi ný fjós þegar þeir fjárfesti í mjaltaþjóni í stað þess að breyta þeim gömlu. Með breytingunni sparist jafnvel eitt ársverk.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar kemur fram að í september 2004 hafi nýtt fjós fyrir sextíu kýr kostað milli 31 og 33 milljónir króna án mjaltakerfis og fóðuraðstöðu. Vel við haldinn mjaltaþjónn geti enst í tíu til tólf ár. Árlegar þjónustugreiðslur nemi 300 til 360 þúsund krónum og kostnaður við nauðsynlega varahluti rétt undir hundrað þúsund krónum. Kostnaðurinn sé því hærri við að koma upp fjósi með mjaltaþjóni.

### AFKOMA BATNAR EKKI

Erlendar rannsóknir sýna að afkoma býlanna með mjaltaþjóna batnar ekki. Helsti kostur í augum bænda er meiri sveigjanleiki og auðveldari vinna. Lífsaldur þeirra hækkar í kjölfarið. Þeir þurfa ekki að eyða eins miklum tíma í fjósinu og annar aðili, sem áður aðstoðaði við fjósverkin, getur jafnvel starfað utan búsins.

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar benda rannsóknir til að afkoma bænda breytist ekki mikið með stækkun búa. Hún hvorki batnar né versnar. Þó er því haldið fram að þótt engin eða lítil skalahagkvæmni hafi verið í íslenskum kúabúskap allt fram á síðustu ár sé ekki þar með sagt að sú staða muni vara um allan aldur. Örar tæknibreytingar, sem hafi átt sér stað undanfarin ár, geti hæglega leitt til þess að hagkvæmara reynist í framtíðinni að hafa bú stærri en minni.

Verði þetta þróunin er réttara að ýta undir stærri bú en minni. Það er andstætt því sem kemur fram í nýjum mjólkursamningi ríkis og bænda þar sem ríkisstyrkur framleiðenda er háður stærð þeirra. Fari þeir yfir ákveðinn fjölda kúa í búum sínum missa þeir framleiðslustyrkinn.

## Sex milljarðar í ríkisstuðning

### Hagfræðistofnun leggur til að innflutningsvernd verði lögð af en beinn stuðningur úr ríkissjóði aukinn þess í stað.

Að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, nemur opinber stuðningur við íslenska bændur rúmum 12 milljörðum króna á ári. Það er um tveir þriðji hluti af tekjum þeirra.

„Stuðningur við landbúnað bætir ekki kjör bænda þegar til lengdar lætur þó að því sé stefnt í lögum," segir Sveinn Agnarsson, hagfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Stuðningurinn verði hins vegar til þess að fleiri stundi búskap en ella og búið sé á fleiri bæjum. Þetta sé án efa helsti ávinningurinn í augum margra þó þetta sé ekki markmið búvörulaganna.

Í ársskýrslu Hagfræðistofnunar er reynt að nálgast hve mikinn stuðning hver bóndi fái frá hinu opinbera. Þar kemur fram að árið 2003 voru um 3.250 bú hér á landi. Við hvert þeirra hafi ríkisstuðningur numið rúmum fjórum milljónum króna það ár. Sama ár hafi eigendur mjólkurkúa verið um eitt þúsund, sauðfjáreigendur ríflega 2.500, svínabændur 18 og um 270 manns hafi átt varphænur.

„Miðað við þessar tölur er stuðningur á hvern eiganda mjólkurkúa tæpar sjö milljónir en á hvern sauðfjáreiganda rúmar 600 þúsund krónur. Svínabóndinn kostar landsmenn hins vegar að meðaltali tæpar 22 milljónir króna og hver eggjabóndi 1,5 til 2 milljónir króna," segir í skýrslunni. Tekið er fram að nokkuð sé um tví- og þrítalningar í tölum um einstakar búgreinar því margir séu með blandaðan búskap.



Fréttablaðið/GVA

**SVEINN AGNARSSON KYNNIR NIÐURSTÖÐUR SKÝRSLU HAGFRÆÐISTOFNUNAR** Sveinn segir að stuðningur við bændur feli í sér tilfærslur frá skattgreiðendum og neytendum til bænda, sem megi rekja til hvers kyns aðgerða stjórnvalda.

### ıerð á nýmjólk 1993-2003




### Afkoma kúabænda 2003




ındum þeirra sem framleiða á sem

### Árlegar tekjur að meðtöldum greiðslum úr ríkissjóði og opinber stuðningur við bændur

| | Tekjur bænda millj. kr | Metinn stuðningur millj. kr | Hlutfall af heildarstuðningi |
|---|---|---|---|
| Mjólk | 8,1 | 6,3 | 50% |
| Nautgripagkjöt | 1,1 | 0,7 | 6% |
| Kindakjöt | 3,2 | 1,7 | 13% |
| Svínakjöt | 1,2 | 0,5 | 4% |
| Kjúklingakjöt | 1,4 | 1,1 | 9% |
| Egg | 0,6 | 0,4 | 3% |
| Annað | 3,5 | 2,0 | 16% |

Heimild: Ársskýrsla Hagfræðistofnunar, OECD

## Lykt og bragð í tölvuleikjum framtíðar?

Sony-fyrirtækið hefur fengið einkaleyfi á tækni sem getur virkjað bragð- og lyktarskyn með rafboðum einum. Hugmyndin er að tölvuleikir og jafnvel kvikmyndir spili á enn fleiri skynfæri mannsins en sjón og heyrn.

Fréttir herma að enn sé mjög langt þar til tæknin sjálf verður nothæf og engar tilraunir hafa enn verið gerðar. Hins vegar eru möguleikarnir óþrjótandi ef hugmyndin verður að veruleika.

Enn sem komið er hefur Sony



ekki fjárfest mikið í hugmyndinni en í tímaritinu New Scientist kemur fram að sérfræðingar í taugarannsóknum telji hugmyndina ekki vera fjarstæðukennda. - þk

## Rafhlöður sem lifa lengur

**Tölvufyrirtækin IBM og Sanyo vinna að þróun nýrrar gerðar rafhlöðu sem dugir mun lengur en hefðbundnar rafhlöður í fartölvum.**

**Um er að ræða tækni sem byggist á annars konar efnahvörfum en í hefðbundnum rafhlöðum. Almennt er álitið að ekki sé hægt að auka nýtni úr liþíumrafhlöðum sem nú eru algengastar og stærstur hluti þróunar í átt til lengra lífs rafhlaðna snýst um að draga úr orkunotkun í tölvum og farsímum í stað þess að auka orkuframleiðslu rafhlaðna.**

**Með nýju tækninni ætti að vera hægt að vinna rúmlega heilan dag á fartölvu án þess að skipta um hleðslu. Á móti kemur sá ókostur að nýju rafhlöðurnar eru ákaflega stórar og klunnalegar miðað við þær sem nú eru algengastar.** - þk





Fréttablaðið/E.Ól

**ÞREYTANDI TILBOÐ** Margir fá tugi hæpinna tilboða send með tölvupósti á hverjum degi.

## Græddi vel á ruslpósti

Jeremy Jaynes var dæmdur í níu ára fangelsi í Bandaríkjunum í síðustu viku fyrir að senda gríðarlegt magn ruslpósts þar sem boðið var upp á ýmsar vafasamar vörur.

Jaynes er talinn hafa verið meðal tíu afkastamestu ruslpóstsendenda heims þegar hann var handtekinn. Talið er að hann hafi sent um tíu milljón pósta á dag.

Þótt ótrúlegt megi virðast hafði Jaynes miklar tekjur af athæfi sínu. Sagt er að þær hafi numið allt að 750 þúsund dölum á mánuði, sem samsvarar um fjörutíu milljónum íslenskra króna. - þk


# Geymslu- og dekkjahillur



í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufrítt og smellt saman.

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
www.isold.is


# Íslensk tækni heldur um heimasíðurnar

## Síaukið framboð efnis á netinu kallar á aðferðir til að skilja kjarnann frá hisminu. Nú geta netverjar „spurlað“ síður og geymt og síðan leitað í efninu sem þeir hafa fundið.

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Ný íslensk tækni til þess að halda utan um áhugavert efni á netinu var nefnd í pistli á vefsíðu dagblaðsins Wall Street Journal síðastliðin föstudag. Um er að ræða forrit sem hægt er að sækja á netið og geymir vefsíður og vefföng á grunni sem notandinn getur nálgast hvaðan sem er.

Hugbúnaðurinn heitir Spurl og segir Hjálmar Gíslason, frumkvöðull og höfundur hugbúnaðarins, að nú þegar noti um sextán þúsund manns búnaðinn.

„Það sem Spurl gerir er að það geymir fyrir þig allt það merkilega sem þú finnur á netinu en gerir miklu meira en venjulegt bókamerki. Það sem við höfum gert er tól sem gerir mönnum kleift að „spurla“ síðu og þannig geyma hana í safninu og í kjölfarið getur þú notað leitarvél til að finna efni af síðum sem þú hefur vistað. Ef maður les til dæmis grein á þá og „spurlar“ síðuna þá er miklu auðveldara að nálgast þá síðu aftur með því að leita í síðunum sem búið er að geyma heldur en að leita að henni á öllu netinu,“ segir Hjálmar.

Hann segir að um þrjátíu aðilar í heiminum bjóði upp á lausnir af svipuðum toga en telur að Spurl hafi ýmislegt fram yfir þær flestar.

**Það sem við höfum gert er tól sem gerir mönnum kleift að „spurla“ síðu og þannig geyma hana í safninu og í kjölfarið getur þú notað leitarvél til að finna efni af síðum sem þú hefur vistað.**

Um tekjuöflun fyrirtækisins segir Hjálmar að til skemmri tíma muni höfundar Spurl selja hugbúnaðinn til aðila sem bjóða notendum sínum upp á að nota hann gjaldfrjálst. Til lengri tíma segir Hjálmar að unnt verði að gera tekjur úr þeim upplýsingum sem verða til við notkun þjónustunnar. Upplýsingarnar sem verða til gefi mjög góða vísbendingu um það hvernig vefsíður falli notendum í geð.

Á síðustu árum hefur tækni til að halda utan um netnoktun fólks orðið sífelld mikilvægari. Þekktasta dæmið er leitarvélin Google, sem olli straumhvörfum í því hversu auðveldlega notendur geta komist á síður sem verða raunverulega að gagni. Margvísleg tækni er notuð til þess að stjórna því hvaða síður lenda ofarlega á listanum yfir niðurstöður tiltekinnar leitar. Allt miðar þetta að því að spara notendum tíma og verja þá fyrir því að lenda inn á heimasíðum sem þeir hafa engan áhuga á.

Þá hafa ýmsar þjónustur verið þróaðar sem gera notendum kleift að skiptast á ábendingum um áhugavert efni. Þekktasta dæmið um slíkt hér á landi er vefurinn b2.is, sem áður hét Batman. Þar er safnað saman tillögum um ábendingar sem ritstjórn flokkar síðan úr og velur hvað eigi erindi við notendur vefsins. Tilvísun á b2 getur skilað vefsíðum mörg þúsund heimsóknum á örfáum klukkustundum. Í Bandaríkjunum er vefurinn Drudgereport mjög þekktur en þar er nær eingöngu að finna tengla á efni sem ristjórinn telur áhugavert. Nær tíu milljónir gesta sækja síðuna daglega.

Spurl svarar að hluta til sömu þörfum með því að safna saman í yfirlit því efni sem notendur telja áhugaverðast en því til viðbótar auðveldar Spurl notendum að nálgast að nýju áhugavert efni sem þeir finna á ferðum sínum um netið.



**HJÁLMAR GÍSLASON** Um þrjátíu aðilar í heiminum bjóða upp á lausnir af svipuðum toga en Spurl hefur ýmislegt fram yfir þær flestar.

## Google-stjórar með léleg laun

### Fá einn Bandaríkjadal á ári.

Forstjóri og stofnendur tölvufyrirtækisins Google, sem rekur vinsælustu leitarvélina á netinu, ætla að þiggja einn Bandaríkjadal hver í laun á þessu ári.

Þremenningarnir fylgja því í fótspor Steve Jobs, forstjóra Apple, sem fær alla umbun sína í gegnum hlutafjáreign en ekki laun. Raunar þurfa þeir ekki að betla fyrir salti í grautinn því hlutafjáreign þeirra Larry Page og Sergey Brin, stofnenda fyrirtækisins, er ríflega sjö milljarðar dala, sem samsvarar um 420 milljörðum króna. Eric Schmidt forstjóri á hlutabréf að virði 2,7 milljarða dala – ríflega 160 milljarða króna.

Það er þó ekki stjórn Google sem leggur að þremenningunum að þiggja svona lág laun því stjórnin bauð þeim mjög verulega launahækkun í ár. Stjórnendurnir höfnuðu hins vegar þeirri tillögu og tóku í staðinn við málamyndagreiðslunni.

Stofnendurnir og forstjórinn geta selt hlutabréf í fyrirtækinu samkvæmt tiltekinni söluáætlun. Í fyrra seldi Page 400.000 hluti og fékk í sinn hlut um 4,2 milljarða króna í vasann. Brin virðist hins vegar mun sparneytnari í rekstri því hann komst af með að selja hlutafé fyrir aðeins um 840 milljónir íslenskra króna í fyrra. - þk



**KRÖFULITLIR FRUMKVÖÐLAR** Sergey Brin og Larry Page eru með einn Bandaríkjadal í laun á ári.



„LEIÐINLEGT, SKIPTA“ Skammt er að bíða þess að hægt verði að kaupa sjónvarpstæki sem fara að munnlegum fyrirmælum.

# Sjónvarpið skilur þig

## Nú er leystur vandi þeirra sem sífellt týna fjarstýringum.

Tvö bandarísk fyrirtæki eru langt komin með tækni sem gerir sjónvarpsáhorfendum kleift að tala við sjónvarpstækið.

Fyrir þá sem eru of latir til að nota fjarstýringuna eða eru sífellt að týna henni hljóta þetta að teljast afar góð tíðindi. Einfaldar skipanir á borð við „skipta“ og „slökkva“ verða augljóslega meðal þess sem boðið verður upp á.

Möguleikarnir eru hins vegar víðfeðmari. Með stafrænum útsendingum sjónvarps skapast möguleiki á gagnvirkni þannig að í stað þess að þurfa að sækja símann til að panta nauðsynjavörur úr sjónvarpsmarkaðinum verði einfaldlega hægt að hrópa: „Ég kaupi,“ og þá skráist sjálfkrafa pöntun.

Víða er framboð sjónvarpsefnis orðið svo umfangsmikið að áhorfendur eiga í mestu vandræðum með að velja á milli auk þess sem stærstur hluti kapalsjónvarpsstöðva býður upp á fremur einhæfa dagskrá. Hugmyndin er að draga úr vandræðunum sem þessu fylgja þannig að áhorfandinn segi við sjónvarpið hvers lags efni hann vilji horfa á og sjónvarpið beini honum svo á rétta braut. - þk

# Nýtt leikjastríð að hefjast

## Sony, Nintendo og Microsoft berjast um bitana

Nú styttist óðum í að nýtt stríð í tölvuleikjaheiminum fari á fullt. Gert er ráð fyrir að Nintendo, Sony og Microsoft muni berast á banaspjótum á næstu misserum við markaðssetningu nýrra véla.

Markaðurinn fyrir leikjatölvur er sívaxandi og því er slagurinn harður. Það helgast einnig af því að ef einhver framleiðandinn nær mikilli forystu strax í upphafi getur orðið mjög erfitt fyrir aðra framleiðendur að ná sér á strik.

Stórsýning á leikjatölvum verður haldin í Los Angeles um miðjan maí og þá munu allir þrír keppinautarnir svipta hulunni af nýju tækjunum. Sony mun frumsýna Playstation 3 tölvuna, Nintendo mun sýna tölvu sem kölluð er Revolution og Microsoft nýja útgáfu af Xbox tölvunni.

Áhorfendur MTV munu hins vegar fá að sjá Xbox tölvuna fyrr. Microsoft hefur gert samning við MTV um að kynna tölvuna og munu auglýsingar og umfjallanir um tækið fara að sjást nokkrum dögum fyrir sýninguna.

Enginn framleiðendanna þriggja hefur látið uppi hvenær framleiðsla og sala fer af stað en mikil spenna ríkir enda eru leikjatölvur áhugaverðar bæði fyrir notendur og tölvuáhugamenn þar sem mjög háþróuð tækni er notuð í leikjatölvunum – að mörgu leyti mun háþróaðri en tölvunotendur þekkja úr borðtölvum sínum og fartölvum. - þk



GAMLA X-BOXIÐ Nýja X-boxið er á leið á markað og munu áhorfendur MTV verða þeir fyrstu til að sjá afurðina þar sem Microsoft, framleiðandi Xbox, hefur gert samning við sjónvarpsstöðina.



# Auglýsingar á MSN

Microsoft ætlar að gera sér tekjur úr MSN Messenger fríþjónustunni með því að bjóða auglýsendum að nálgast notendur. Tugþúsundir Íslendinga nota MSN Messenger daglega og er þjónustan algjörlega gjaldfrjáls.

Hugmyndin er sú að MSN-notendur hafi auglýsingar sem bakgrunn á skjánum og auglýsingarnar dreifist svo manna á milli. Ný útgáfa af MSN kom út í síðustu viku þar sem boðið er upp á þann möguleika að hala niður efni sem tengist auglýsingaherferðum og vonin er að menn deili því með vinum og félögum.

Samherjar Microsoft í upphafi átaksins eru Adidas og Sprite.

Yahoo smáskilaboðaþjónustan hefur boðið upp á áþekka möguleika um töluvert skeið. - þk

Vodafone Eurocall: Sparnaður fyrir lengra komna!

Með því að skrá þig í **Vodafone Eurocall** talar þú á allt að 47% lægra verði þegar þú ferðast í Evrópu. Þjónustan er án aukagjalds.

Við skiptum Evrópu í tvö einföld verðsvæði, þannig að þú vitir alltaf á hvaða verði þú hringir.

| Verðsvæði A | | Verðsvæði B | |
|---|---|---|---|
| Upphafsgjald 0,1 € | | Upphafsgjald 0,1 € | |
| VODAFONE NET | ÖNNUR NET | VODAFONE NET | ÖNNUR NET |
| 0,88 € á mín | 1,00 € á mín | 1,55 € á mín | 1,77 € á mín |

Skráðu þig í **Vodafone Eurocall** með því að senda SMS skilaboðin **Eurocall** í síma 1900.



og vodafone

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.

Heyrumst!

AURASÁLIN

# Hver er Síminn?

**Það vakti athygli** Aurasálarinnar við lestur fyrsta tölublaðs Markaðarins að nú er búið að persónugera Símann. Sumir myndu ef til vill halda að persónugervingur Símans væri Brynjólfur Bjarnason forstjóri og óþarft væri að fara út í nánari bollaleggingar um það. En málið er ekki svo einfalt.

**Lærðir spekingar** í markaðsfræði hafa komist að þeirri niðurstöðu að Síminn sé „fersk, kröftug og áreiðanleg fjölskyldumanneskja sem hefur tileinkað sér nútímalega afstöðu til lífsins. Heilsan er fín og skapið líka. Hann sinnir samfélagsmálum, nýtur virðingar, álits og er fyrirmynd annarra. Viðkomandi ferðast víða og fylgist grannt með heimsmálum, dægurmálum og tækninýjungum. Er notalegur og skemmtilegur félagi. Á auðvelt með að tjá sig og umgangast aðra og lætur sér annt um samferðarmenn sína.“ Á ráðstefnu um nýjasta fyrirbærið í markaðsfræði – „mörkun“ – kom einnig fram að persónan Síminn væri á fertugsaldri.



**Aurasálinni finnst** þetta vera mikil tíðindi, sérstaklega í ljósi þess að Síminn er til sölu um þessar mundir. Nú þarf bara að fá svarið við spurningunni: „Hver er Síminn?“
Jú. Síminn er enginn annar en Björgólfur Thor Björgólfsson. Hann er einmitt nýlega orðinn fjölskyldumaður og er á fertugsaldri. Hann er án nokkurs vafa ferskur og kröftugur og líklega er óhætt að ætla að hann hafi tileinkað sér nútímalega afstöðu til lífsins. Hann sinnir samfélagsmálum og nýtur virðingar, eins og kom glögglega fram þegar hann var valinn til að leysa vandamál næstu alda í félagi við kóngafólk og milljarðamæringa í Davos í Sviss. Hann er áreiðanlega fyrirmynd margra annarra, sérstaklega eftir að í ljós kom að hann er meðal fimm hundruð ríkustu manna heims um þessar mundir.

**Það er óþarfi** að orðlengja frekar um það hver eigi að „fá að kaupa Símann“. Síminn er Björgólfur Thor – og Björgólfur Thor er Síminn. Fyrirtækið hefur skilgreint sig sem Björgólf Thor – eða að minnsta kosti sem sálufélaga Björgólfs Thors. Liggur þetta ekki í augum uppi?



Markaðurinn/Hari

**ORKA Í LAUGUM** Þórður Már Jóhannesson er tíður gestur í Laugum. Hann segir nauðsynlegt að sækja sér þrek og orku í líkamsræktina þegar vinnudagarnir eru langir í erilsömu starfi.

# Kraftmikill á nýfrjálsum markaði

**Þórður Már Jóhannesson hefur sem forstjóri Straums fjárfestingarbanka staðið í eldlínu breytinga í íslensku atvinnulífi. *Hafliði Helgason* fékk sér hádegisverð með honum á veitingastaðnum í líkamsræktarstöðinni Laugum, þangað sem hann sækir sér orku og næringu.**

Laugar eru erilsamur staður í hádeginu. Eins og vatn rennur niður í móti streymir fólk úr skrifstofubyggingum nágrennisins inn í líkamsræktarstöðina.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums fjárfestingarbanka, er tíður gestur í Laugum þessa dagana. Heimildir herma að þar sé hann undir harðstjórn frænda síns Guðjóns Þórðarsonar knattspyrnuþjálfara, sem er þekktur fyrir flest annað en að láta þá svíkjast undan sem hann á annað borð hefur tekið að sér. Þórður glottir yfir sögunni og viðurkennir að átaks hafi verið þörf. „Þegar maður er í starfi eins og þessu verður maður að sækja sér orku,“ segir Þórður. Vinnudagurinn er oft langur og eins gott að þrekið sé í lagi. Það hafa einhver kíló fokið síðan ég sá hann síðast á aðalfundi Straums ekki alls fyrir löngu.

Við erum snemma á ferð á veitingastaðnum í Laugum og komumst því auðveldlega að hlaðborðinu. Duglegir hlauparar brettanna munu fljótlega fara að tínast inn í hollan hádegisverð.

**Nafn:** Þórður Már Jóhannesson
Starf: Forstjóri Straums fjárfestingarbanka
Fæðingardagur: 8. júlí 1973
Maki: Nanna Björg Lúðvíksdóttir
Börn: Kristófer Orri f. 1997, Herdís Lilja f. 2001 og Katrín Rós f. 2004

### STERKARI FYRIRTÆKI

Þróun á fjármálamarkaði hefur verið ör. „Við höfum farið í gegnum það á undanförnum þremur árum að fara frá tiltölulega veikburða fyrirtækjum yfir í það að vera með banka núna eins og til dæmis KB banka sem er einn af tíu stærstu bönkum á Norðurlöndum. Það lýsir þeim krafti sem losnað hefur úr læðingi við einkavæðingu bankanna,“ segir Þórður.

Hlutabréf hafa hækkað hratt og örum hækkunum fylgja gjarnan áhyggjur af lækkunum. Þórður segir aukinn styrk fjármálafyrirtækjanna þýða að þau geti tekið mun meiri sveiflur. „Eignadreifingin er miklu meiri, auk þess sem mikið hefur verið fjárfest erlendis. Það er mikill kraftur í viðskiptalífinu og ég hef trú á því að þetta eigi eftir að verða gott áfram.“

Þórður er einn fjögurra forstjóra banka sem eru undir fertugu. Hann segir þessa staðreynd vekja athygli meðal erlendra banka. Í heimi fjármálanna skiptast á skin og skúrir og spurningin vaknar hvort svo unga stjórnendur skorti reynslu af erfiðum tímum. „Við höfum farið í gegnum niðursveiflu. Straumur var stofnaður í slíkri niðursveiflu. Fjárhagslegur styrkur fjármálafyrirtækja nú er verulegur og það gefur okkur það svigrúm sem nauðsynlegt er til að mæta framtíðinni. Krafturinn skiptir miklu máli. Peningarnir búa ekkert til sjálfir. Við erum að nýta okkur markaði og það er fólkið og mannauðurinn sem er að skapa þessi verðmæti.“

### ÓHRÆDDUR VIÐ BREYTINGAR

Straumur tók fullan þátt í umbreytingum í íslensku viðskiptalífi fyrir hálfu öðru ári. Árið í fyrra einkenndist af útrás. „Ég er sammála Björgólfi Thor að útrásin er ákveðin tískuumræða. Ég er á því að við eigum að líta þetta þeim augum að íslensk fyrirtæki séu að leita sér að verkefnum erlendis vegna þess að markaðurinn hér heima er of lítill. Fjármálafyrirtækin eru orðin það stór að þau rúmast ekki lengur á þessum litla markaði.“

Íslendingar hafa látið að sér kveða í fjárfestingum víða í nágrannalöndunum. Þar eru fyrir þróaðir fjármálamarkaðir og sú spurning vaknar hvers vegna hérlend fyrirtæki sjái þar tækifæri sem heimamenn sjái ekki. „Ég held að við höfum haft það fram yfir aðra að við erum snöggir til. Við lítum skuldsetningu öðrum augum en til að mynda Norðurlandabúar. Lántaka í Danmörku dróst til dæmis saman á síðasta ári. Við erum að nýta okkur tækifæri til fjármálaþjónustu sem hafa gefið góða raun hér heima. Fyrirtæki eins og Baugur er til dæmis byggt upp af fjármálafyrirtækjum. Baugur hefur svo nýtt sér þessa reynslu á markaði erlendis.“

Þórður segir Straum alltaf hafa verið óhræddan við að taka þátt í breytingum. „Ég held að flest þau verkefni sem við höfum unnið að hafi tengst breytingum.“ Hann nefnir Olíufélagið, Tryggingamiðstöðina, Eimskip og Flugleiðir sem dæmi, „auk þess sem við höfum verið að breyta okkur sjálfum. Ég hef ekkert verið feiminn við að fara þangað sem stóru skipin eru. Þó ég hafi ekki verið á stórum báti hefur hann verið aflmikill.“ Straumur hefur stundum verið í hlutverki dráttarbátsins sem hefur komið stærri fleyjum á hreyfingu. Þórður segir sama gilda um hræringar hér heima og erlendar fjárfestingar „Maður verður alltaf að ganga þannig um dyrnar að maður geti gengið um þær aftur.“

### ALLTAF EINHVERJIR VEÐHLAUPAHESTAR

Hann segir lykilatriði að umhverfið hér hafi færst til þess sem þekkist í nágrannalöndunum. Fjölda atriða á ábyrgð stjórnvalda megi nefna sem hafi skapað góðan jarðveg fyrir fyrirtækin. „Við erum nýfrjáls markaður svipað og við sjáum í Austur-Evrópu og við þær breytingar losnar um mikla orku.“ Þórður segist ekki búast við viðlíka hækkunum á markaði og verið hafi. „Það verða samt alltaf einhverjir veðhlaupahestar sem fara lengra og hraðar en hinir. Það byggir náttúrlega eins og alltaf á samspili fjármagns og hugmynda.“

Straumur hefur verið veðhlaupahestur undanfarin misseri og Þórður er ekki á þeim buxunum að fara að slaka á í bráð. Hann segist reyna að verja eins miklu af frítímanum með fjölskyldunni. „Langir vinnudagar og ferðalög reyna mikið á fjölskylduna og það er ótrúlega mikilvægt að eiga konu sem stendur þétt við bakið á manni,“ segir hann. Hann segist einnig sækja sér slökun í veiðiferðum. Veiðidellan er ekki afleiðing fjármálavafstursins. „Veiðidellan er alveg úr barnæskunni. Ég fór í veiðitúra með afa mínum og foreldrum alveg frá því ég var barn.“ Flugan er beitan, þar sem meira jafnvægis gætir milli veiðimannsins og bráðar en ef maðki er beitt.

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Þórði Má Jóhannessyni*
*forstjóra Straums fjárfestingarbanka*

*Hádegisverður í Laugum fyrir tvo*

Hlaðborð
*Sveppasúpa*
*Steikt ýsa*
*Fjölbreytt grænmetishlaðborð*
Drykkir
*Pepsi Max og vatn*
*Alls krónur: 2.070*

### ÍSLANDSBANKI OG TM

Straumur fjármagnaði kaupin á Magasin du Nord, þar sem verðmætar fasteignir standa undir kaupverðinu. Eigendur vinna nú að því að endurskipuleggja reksturinn. Athygli beinist líka að tveimur stórum löxum í eignasafni Straums; hlut í Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka. Fjármálaeftirlitið hefur gefið skipunina um að ekki verði báðum haldið til langframa. Þórður vill sjálfsagt hvorugu sleppa og gefur ekkert upp um áætlanir sínar. „Það er alveg ljóst að við munum ekki eiga þetta tvennt til langframa og munum fara að tilmælum eftirlitsins. Við munum leysa úr því og sú vinna er í góðum farvegi,“ segir hann leyndardómsfullur.

Matur og meðlæti í Laugum var hollt og gott. Það passar einhvern veginn ekki að fá sér sætmeti með augun á fólki sem hamast á hlaupabrettunum. Þórður er á leið á fund og það er líka ágætt að eiga eftirréttinn inni þegar næstu hræringar verða í kringum Straum.

**„Við höfum farið í gegnum niðursveiflu. Straumur var stofnaður í slíkri niðursveiflu. Fjárhagslegur styrkur fjármálafyrirtækja nú er verulegur og það gefur okkur það svigrúm sem nauðsynlegt er til að mæta framtíðinni.“**

# Gott að stofna fyrirtæki á Íslandi

## Kerfisbreytingar síðustu ára hafa gert Ísland að einu samkeppnishæfasta landi heims.


Markaðurinn/GVA

**LÍST VEL Á AÐSTÆÐUR HÉR** Simeon Djankov telur að aðstæður til fyrirtækjarekstrar séu með besta móti á Íslandi.

Ísland er kjörlendi til að stofna og reka fyrirtæki. Þetta kom fram í máli Simeon Djankov á fundi Verslunarráðs Íslands í gær.

Djankov er framkvæmdastjóri hjá greiningardeild Alþjóðabankans en á vegum bankans eru unnar margvíslegar úttektir á efnahagslífi í heiminum. Um nokkurra ára skeið hafa sérstaklega verið teknar saman upplýsingar sem gefa vísbendingu um það hversu auðvelt eða erfitt, dýrt eða ódýrt, það er að setja á fót nýjan rekstur.

Nú eru um 150 lönd í úrtaki Alþjóðabankans og hefur Ísland nýlega bæst í hópinn. Í samantekt yfir þau lönd þar sem umhverfi til atvinnurekstrar er best á síðasta ári voru gögn frá Íslandi ekki með. Djankov sagði hins vegar að miðað við þau gögn sem nú lægju fyrir mætti gera ráð fyrir að Ísland væri í hópi þeirra tíu landa þar sem best væri að stunda rekstur.

Á Íslandi tekur um fimm daga að setja á fót fyrirtæki og er það mjög skammur tími í alþjóðlegum samanburði en í Ástralíu tekur þó aðeins tvo daga að setja á fót nýtt félag. Meðaltalið í heiminum er 49 daga og sums staðar í Evrópu, svo sem í Þýskalandi, tekur það rúmlega tvo mánuði að stofnsetja fyrirtæki.

Þá er kostnaðurinn við skrásetningu félags í lægri kantinum hér á landi en sums staðar er sá liður mjög hamlandi fyrir nýsköpun þar sem margföld árslaun launamanns þarf til slíkrar skráningar auk þess sem lágmarkshlutafé er sums staðar mjög hátt.

Djankov sagði að eftir því væri tekið að Norðurlöndin stæðu almennt mjög sterkt hvað varðar viðskiptaumhverfi og það sé mikil breyting frá því fyrir einum áratug eða svo. **- þk**

# Kaupir FactoNor

**KredittBanken, dótturfélag Íslandsbanka í Noregi, ætlar sér að eignast FactoNor. Hefur bankinn vilyrði fyrir að kaupa yfir helming hlutafjár og ætlar í framhaldinu að gera tilboð í öll hlutabréf FactoNor. Miðað við verðið sem KredittBanken býður hluthöfum er verðmæti FactoNor rúmur hálfur milljarður.**

**FactoNor er staðsettur í Álasundi eins og KredittBanken. Hann sérhæfir sig í að fjármagna skammtímaskuldir og kaup á kröfum fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Veltan í kröfukaupum í fyrra nam um 28 milljörðum króna og óx um 19 prósent samkvæmt frétt Íslandsbanka. – bg**




**ÍSLANDSBANKI** Dótturfélagið KredittBanken í Noregi er í vexti.




**HVERJIR SJÁ?** Það hvar auglýsing birtist skiptir miklu máli fyrir þá sem þurfa að koma vöru sinni eða boðskap á framfæri. Birtingahúsið vekur athygli stjórnenda á mikilvægi þess að rétt sé að málum staðið.
Fréttablaðið/GVA

# Birting fyrir yfirstjórn

## Birtingastofa notar sjónvarpið til að kynna starfsemi sína.

Birtingahúsið hefur hafið auglýsingaherferð í sjónvarpi sem miðar að því að ná til þeirra sem fara með yfirstjórn fyrirtækja.

Að sögn Ólafs Þórs Gylfasonar, framkvæmdastjóra Birtingahússins, er markmiðið að skapa umræður um þau sjónarmið sem ráða ferðinni við ráðstöfun birtingarfjár.

Auglýsingar í sjónvarpi ná til breiðs hóps og því vaknar sú spurning hvers vegna auglýsingum sem þessum er ekki beint að markaðsstjórum fyrirtækja. „Við ákváðum að þessu sinni að fara þessa leið til þess að vekja athygli á því að birtingarmál eiga erindi við mun fleiri en markaðsfólk eingöngu,“ segir Ólafur Þór.

Hann segir algengt að birtingamál auglýsinga fái litla athygli annarra yfirstjórnenda fyrirtækja en markaðsfólksins og því sé mikilvægt að vekja athygli á þeim miklu hagsmunum sem um sé að ræða. „Auglýsingabirtingar eru til dæmis sá þáttur markaðsstarfsins sem hefur mest áhrif á sölu og á fyrirtækið í heild.“ **-hh**



MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Íslenskur landbúnaður á að fá að þróast á sínum forsendum.

# *Bóndi er bisnessmaður*

**Hafliði Helgason**

Í íslenskum mjólkuriðnaði hefur orðið hljóðlát bylting sem lýsir sér mikilli afkastaaukningu og fækkun og stækkun kúabúa.

Kúabændur búa sig undir aukna samkeppni að utan, auk þess sem framleiðsluvörur þeirra keppa við aðra mat- og drykkjarvöru á markaði. Slík þróun er nauðsynleg eigi landbúnað ekki að daga uppi í harðnandi samkeppni.

Tvær atvinnugreinar, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa haft sérstöðu í huga þjóðarinnar. Sú sérstaða hefur ekki orðið greinunum til góðs og fremur stuðlað að íhaldssemi en framförum og framþróun. Gleðilegt er hins vegar að sjá að innan greinanna sjálfra starfar öflugt fólk sem hefur hug á að efla þær og leiða til aukinnar hagkvæmni.

Meðal þess sem margir kúabændur hafa barist fyrir er að fá að nota erlent kúakyn við mjólkurframleiðsluna. Íslenska kýrin, eins ágæt og hún er, er ekki samkeppnishæf við frænkur sínar í nágrannalöndunum. Sjálfsagt er að taka tillit til varðveislusjónarmiða um hið íslenska kúakyn í þróun landbúnaðar. Hitt hlýtur þó að vega þungt að auka skilvirkni og framleiðni í landbúnaði. Bændur verða að fá grænt ljós á að keppa á jafnréttisgrundvelli við kollega sína í nágrannalöndunum.

**„Fái bændur ekki að þróa greinina áfram og gera sig samkeppnishæfa við landbúnað í nágrannalöndum okkar verður reikningurinn annað hvort sendur til skattborgara eða að innlendur landbúnaður leggst af með tíð og tíma.**

Fái bændur ekki að þróa greinina áfram og gera sig samkeppnishæfa við landbúnað í nágrannalöndum okkar verður reikningurinn annað hvort sendur til skattborgara eða innlendur landbúnaður leggst af með tíð og tíma.

Breytingar í atvinnuháttum eru aldrei sársaukalausar. Hrörnun byggða eftir að síldarævintýrinu lauk var óskemmtileg fyrir íbúa þeirra byggða og þá sem báru til þeirra hlýjar tilfinningar. Þeirri þróun var þó ekki hægt að snúa við.

Sama mun gilda um breytingar og þróun íslensks landbúnaðar og sjávarútvegs. Þróunin verður ekki stöðvuð, einungis tafin. Þær tafir munu verða kostnaðarsamar og engu skila þegar upp verður staðið.

Íslendingar þurfa að fara að temja sér almenn viðhorf til þessara fyrrum höfuðatvinnugreina íslensks samfélags. Auka þarf frelsi innan þeirra og markaðsrök þurfa að ráða för. Þannig verður framþróunin betur tryggð og ábyrgðin á afkomu og þróun færð frá miðstýringu til fyrirtækjanna sjálfra.

Sveitarómantíkin er að baki og bændur nútímans eru líkari iðnrekendum en Bjarti í Sumarhúsum. Bjarti vegnaði ekki vel og vandfundnir þeir nútímamenn sem vildu feta í fótspor hans. Breytingunni verður ekki betur lýst en með orðum Þrándar Ingvarssonar kúabónda í úttekt markaðarins í dag: „Bændur litu á það sem lífsstíl að moka skít. Nú er þetta bisness.“

bjorgvin@markadurinn.is
dogg@markadurinn.is
eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is
thkjart@markadurinn.is

# Verðleggur fólk ekki sparnað rétt?

ORÐ Í BELG



**Þórður Pálsson**
forstöðumaður greiningardeildar KB banka

Umræða um vexti og þróun þeirra er oft öfugsnúin. Annars vegar hafa útlán banka aukist um 35 prósent af raunvirði á síðastliðnum tólf mánuðum og heyrist oft sú skoðun að Íslendingar séu að verða of skuldsettir. Ef litið er til þróunar skulda heimilanna og þær bornar saman við það sem tíðkast í öðrum löndum er vissulega ástæða til varúðar. Þetta virðist benda til að vextir séu of lágir hér á landi og aðgangur að fjármagni of greiður. Hins vegar heyrist því oft fleygt að vextir séu of háir.

Vextir ráðast vitanlega af framboði og eftirspurn og ræðst vaxtastig af stórum hluta af því hvort fólk sé reiðubúið til að skuldsetja sig. Því vaknar sú spurning hvort almenningur vanmeti kostnað þess að skulda og ofmeti sparnað sinn.

Á síðastliðnum tólf árum hefur árleg ávöxtun Úrvalsvísitölunnar verið rúm 20 prósent, þetta er óþekkt í nokkru öðru landi sem við berum okkur saman við. Á sama tíma hafa verðtryggðir vextir lækkað um hér um bil helming en samkvæmt mati greiningardeildar KB banka hefur meðal fjármögnunarkostnaður vegna fasteignakaupa lækkað um 40 prósent síðan í byrjun árs 1992.

Meginástæða fyrir hækkun eignaverðs á undanförnum árum hefur verið skörp lækkun vaxta. Áhrif vaxta á eignaverð er með þeim hætti að verðmæti sérhverrar eignar er jafnt væntum ávinningi af henni í framtíðinni núvirt til dagsins í dag með viðeigandi ávöxtunarkröfu. Í sinni einföldustu mynd getum við hugsað okkur núvirðingu eignar sem felur í sér fasta greiðslu einu sinni á ári að eilífu (gæti verið hlutabréf í stöðugum rekstri). Núvirt verðmæti slíkrar eignar er jafnt og einn deilt með ávöxtunarkröfunni margfaldað með greiðslunni. Til að átta okkur á næmi eignaverðs fyrir breyttum vöxtum skulum við hugsa okkur eign sem greiðir eina krónu á ári að eilífu héðan í frá. Ef vextir eru 10 prósent, er verðmæti eignarinnar 10 krónur, ef vextirnir eru á hinn bóginn 5 prósent er verðmæti eignarinnar 20 krónur. Ávöxtunarkrafa til mismunandi eigna fer eftir hlutfallslegri áhættu þeirra, áhættuminnstar eru verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs og myndar hún grunninn í ávöxtunarkröfu allra annarra eigna.

Það verður að hafa í huga að að hluta til eru eignaverðs hækkanir að undanförnu einskiptis ávinningur af lægri ávöxtunarkröfu. Að því marki sem hækkun eignaverðs er einskiptis ávinningur eru þær hækkanir ekki vísbending um það sem vænta má í framtíðinni, heldur þvert á móti fyrirframgreiðsla á því sem vænta mátti áður en vextir lækkuðu. Ef við tökum dæmið af eigninni hér að ofan, um eign sem greiðir eina krónu á ári og vextir eru tíu prósent, virði eignarinnar er þá 10 krónur og arðsemin tíu prósent. Síðan lækka vextir eitt árið í fimm prósent, á því ári tvöfaldast eignin í verði, það er hins vegar ekki vísbending um það að vænta megi hundrað prósenta ávöxtunar af eigninni þaðan í frá nema menn gefi sér að vextir helmingist á hverju ári eftir það, sem vitanlega gengur ekki upp. Tvöföldun eignarinnar á því ári sem vextir lækka er því ekki fyrirheit um bætta ávöxtun heldur þvert á móti vísbending um að framtíðar ávöxtun verði helmingi minni en áður þar sem við kaupum tekjur upp á eina krónu á ári á 20 krónur og arðsemin því komin niður í fimm prósent.

Eins og vikið var að áðan hefur verðmæti eigna hækkað skarpt á Íslandi á undanförnum árum og ekki síst nú síðustu misseri. Fasteignaverð hefur hækkað um 32 prósent síðustu tólf mánuði, að ýmsu leyti er hækkun fasteignaverðs eðlilega í kjölfar annars vegar þess að höft á hámarkslánum hafa verið afnumin og samkeppnin fært okkur lánamöguleika sem eru eins og tíðkast í nágrannalöndunum, hins vegar hafa vextir lækkað vegna lægri vaxta á alþjóðamörkuðum, aukinni þátttöku útlendinga á innlendum skuldabréfamarkaði og vegna samkeppni á íbúðalánamarkaði.

Verð fasteigna hefur því hækkað eftir því sem fjármagnskostnaður hefur lækkað og þar af leiðandi kaupmáttur aukist (spegilmynd afvöxtunar). Þetta er ekkert nema eðlilegt, hins vegar kann að vera að eitt púslið í myndinni gleymist, en það er að eftir því sem kaupmáttur fasteigna eykst, lækkar framtíðar ávöxtun sparnaðar. Þess vegna er fólk sem eyðir allri kaupmáttaraukningu vegna lægri vaxta í verðmeira húsnæði ekki jafn sett og áður, því það er í raun að minnka sparnað sinn. Raunvextir hafa lækkað úr 5,5 prósentum niður í 3,6 prósent á innan við þremur árum. Ef við gefum okkur einfalt dæmi: Einstaklingur leggur tíu prósent af tekjum sínum í lífeyrissjóð í 37 ár með 5,5 prósenta raunvöxtum ef vextir lækka í 3,6 prósent þarf hann að leggja 15,6 prósent til hliðar til að eiga sama höfuðstól að 37 árum liðnum og ef ávöxtunin væri 5,5 prósent.

Góðæri á eignamörkuðum undanfarin ár er því ekki endilega vísbending um það sem vænta má, heldur kannski enn frekar boðberi þess að við þurfum að spara meira.



**Góðæri á eignamörkuðum undanfarin ár er því ekki endilega vísbending um það sem vænta má, heldur kannski enn frekar boðberi þess að við þurfum að spara meira.**

VOGEL®
Smurkerfi

rotor
VÉLAMAÐURINN / RÓTOR EHF.
HELLUHRAUNI 4 HAFNAFIRÐI SÍMI 555 4900

UM VÍÐA VERÖLD

THE BUSINESS

## *Bankar renna saman*

Stjórnendur evrópskra banka og stofnfjárfestar gera ráð fyrir stórum samrunum þvert á landamæri í bankageiranum áður en árið er úti. Kemur þetta fram í könnun sem gerð var á ráðstefnu Morgan Stanley og 650 fjárfestar og 50 bankastjórar sóttu. Í The Business á mánudaginn er sagt frá því að um 75 prósent aðspurðra gerðu ráð fyrir einum stórum samruna milli landa á árinu. Um 67 prósent spáðu því að einn til þrír samningar yrðu gerðir og 27 prósent spáðu fjórum samningum eða fleiri. Þá mæltu flestir með fjárfestingum í yfirtöku og sögðu þrengja verulega að viðskiptabönkum í Bretlandi næstu tólf mánuði.

FORTUNE

## *Þjónum fólki*

Í viðtali við nýjan forstjóra Starbucks, Jim Donald, í tímaritinu Fortune segir Donald að markmið fyrirtækisins til langs tíma sé að opna á milli 25 og 30 þúsund Starbucks-kaffibúðir. Núna séu þær 9.200 og 1.500 verði opnaðar á þessu ári. Vöxturinn nemi hið minnsta 20 prósentum á ári næstu ár. Í viðtalinu segir hann frá stjórnendanámskeiði sem fyrirtækið hélt. Þar hafi verið lögð áhersla á mikilvægi mannlegra samskipta. „Við töluðum ekki einu sinni um sölutölur og hagnað. Við töluðum um hvernig við getum haldið áfram að vaxa og tengjast fólki. Þú skilur, Howard [Schultz, stofnandi Starbucks] hefur alltaf sagt að við afgreiðum ekki kaffi til að þjóna fólki. Við þjónum fólki með því að afgreiða kaffi.“

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Hátt gengi og halli á vöruskiptum

Katrín Ólafsdóttir
skrifar

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Það eru ekki ný tíðindi að gengi íslensku krónunnar sé sterkt um þessar mundir. Sumir segja gengið of sterkt, aðrir benda á að þar sem gengið ráðist á markaði hljóti það að vera rétt skráð.

Styrkur gengisins ræðst nú að einhverju leyti af miklu innstreymi fjármagns vegna stóriðjuframkvæmda fyrir austan. Gengið er þar með gífurlega hagstætt fyrir okkur neytendur, eins óhagstætt og það er fyrir útflytjendur. Gengið sem ræðst af framkvæmdunum fyrir austan hefur því í för með sér mikinn halla á vöruskiptum við útlönd.

Það hefur reyndar komið mér á óvart hve lítið heyrist í útflytjendum, því staða þeirra hlýtur að vera erfið og það hlýtur að vera útlit fyrir erfiðleika í ferðaþjónustu í sumar. Reyndar jókst útflutningur töluvert á árinu 2004, þrátt fyrir sterkt gengi krónunnar. Magnbreyting í útflutning var þannig 9 prósent í fyrra. Þrátt fyrir þennan vöxt útflutnings jókst halli á vöruskiptum við útlönd úr 17 milljörðum í 38 milljarða í fyrra, þ.e. hann tvöfaldaðist. Hallinn á vöruskiptum í fyrra nam þannig 4,4 prósentum af landsframleiðslu og það er há upphæð til að eyða um efni fram í vörur.

Ef vöruskiptahalli eykst á sama tíma og útflutningur, hlýtur það að þýða að innflutningur hafi aukist enn meira en útflutningur. Innflutningur í fyrra jókst um sextán prósent að raunvirði. Auðvitað má rekja hluta aukningarinnar til innflutnings vegna byggingar stóriðju, en það verður ekki framhjá því litið að innflutningur neysluvöru jókst einnig um 16% að raunvirði. Mest var aukningin í innflutningi á fólksbifreiðum, en hún reyndist 35 prósent í fyrra. Ekki virðist vera lát á bifreiðainnflutningi á þessu ári ef marka má fréttir um mikinn innflutning einkabifreiða frá Bandaríkjunum.

Nú liggja fyrir upplýsingar um vöruskiptajöfnuð fyrir janúar og febrúar og ekki er að sjá annað en að vöruskiptahallinn versni enn. Þannig var halli á vöruskiptum 5,7 milljarðar í janúar og febrúar, en í fyrra var afgangur upp á 0,4 milljarða króna á sama tíma. Útflutningur heldur áfram að aukast og jókst um fimm prósent á föstu gengi, en eins og í fyrra jókst innflutningur enn meira, eða um 26% á föstu gengi. Á meðan krónan er eins sterk og raun ber vitni má búast við að þessi þróun haldi áfram og halli á vöruskiptum verði enn meiri á þessu ári en í fyrra og þar með er útlit fyrir að spár um methalla á viðskiptajöfnuði rætist.

SPÁKAUPMAÐURINN

## Í fegurðarsamkeppni Símans

Fram til þessa hef ég veðjað á að reyna að komast með Finni og Bakkabræðrum í að kaupa Símann. Það er langlíklegast að þeir sigri fegurðarsamkeppni einkavæðingarnefndar og fái að kaupa Símann. Ekki vegna þess að þeir séu svo fallegir, heldur er smekkur einkavæðingarnefndarinnar þannig.

Björgólfur Thor er ekki búinn að ákveða sig hvort hann ætli að vera með þeim við kaupin, en hann er að skoða kosti sína. Eftir því sem maður heyrir þá er Björgólfur að skoða annað hvort að vera með Meiði og VÍS eða að fá með sér erlenda fjárfesta í hópnum. Vinir Björgólfs segja að hann þori ekki annað en að upplýsa mögulega erlenda fjárfesta um að ekki sé tryggt að menn keppi á jafnréttisgrundvelli um kaupin á Símanum.



Í samvinnu við Meið og VÍS gætu legið nokkrir kostir fyrir Björgólf Thor. Ólíklegt er að Meiður og VÍS hafi áhuga á að ráða för í Símanum til langs tíma. Líklegt er að þessi félög uni hag sínum ágætlega með því að taka út hagnað af hagræðingu á tveimur árum. Þau myndu svo innleysa hagnaðinn að hluta með sölu til lífeyrissjóða og almennings og láta Björgólfi Thor eftir forystuna í fyrirtækinu.

Meiður og VÍS myndu síðan teika Björgólf Thor í símafjárfestingum í Austur-Evrópu. Sjálfur hef ég teikað Björgólf Thor síðastliðin tvö ár með svo góðum árangri að lóð í Lambaseli bliknar við hliðina á því. Um leið og Björgólfsfeðgar hafa keypt í einhverju hef ég hringt í miðlarann minn og græjað sömu bréf. Þessi aðferð hefur gefið góða ávöxtun og engin ástæða til þess að hún geri það ekki áfram.

Hitt er svo annað að þar sem maður vill aldrei missa af neinu er ég búinn að tala við Orra Vigfús og ætla að vera með í Agnesarhópnum svona til vonar og vara. Maður væri nú ekki sá player sem maður er ef maður hefði alltaf bara veðjað á einn reit í rúllettunni.

Spákaupmaðurinn á horninu

ALLT Í ALFARALEIÐ
Gott gengi á Nissan Double Cab í apríl 2005.

SKIPT_um væntingar

Gengið í hádeginu
12. apríl 2005

| | |
| --- | --- |
| USD | 61.36 |
| JPY | 0.57 |
| EUR | 79.58 |



HÚS OG HÚÐUN Á 100.000!

Öllum Nissan Double Cab fylgir hús og húðun (heitkvoðun) að verðmæti 300.000 á aðeins 100.000 krónur.

NISSAN DOUBLE CAB 4x4

Nissan Double Cab er rétti bíllinn fyrir verktaka og framkvæmdamenn sem þurfa að sinna störfum sínum óhindrað, hvað sem á dynur. Hann er frábær kostur í sportveiði og útivist utan alfaraleiða, þægilegur á langferðum og á hreint ótrúlegu verði. Hentu dótinu á pallinn og þú ert til í slaginn!

Double Cab 2,5 TDI dísil
– Beinskiptur
– 133 hestöfl
– 1125 kg burðargeta

Double Cab E
Sóllúga, veltistýri, fjarstýrðar samlæsingar, loftpúðar, geislaspilari, loftkæling, gangbretti, veltigrind o.fl.

Double Cab: 2.390.000
Double Cab E: 2.629.000

www.nissan.is
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100
Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230
Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141
Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808
Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376
Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990
Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453
Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540
Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

Fiton/SÍA

# Horft til framtíðar fjármálafyrirtækja

**Samtök banka og fjármálafyrirtækja fóru vel yfir stöðu greinarinnar á SBV deginum sem haldinn var í kjölfar aðalfundar. Góðir gestir mættu á svæðið og fræddu íslenska fjármálamenn um það sem hæst ber í greininni.**

Á degi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja voru flutt fjölmörg áhugaverð erindi. Dagskráin var í beinu framhaldi af aðalfundi samtakanna.

Góðir gestir fluttu erindi og tóku þátt í pallborðsumræðum. Fyrri hluta dagsins velti bankafólk fyrir sér innleiðingu nýrra eiginfjárreglna banka, svo kallaðra Basel II reglna. Markmið þeirra er að fjármálakerfi séu betur varin fyrir sveiflum og stýri áhættu í útlánum með markvissum hætti. Bankar með hátt hlutfall veðlána hafa heimild til lægra eiginfjárhlutfalls samkvæmt reglunum.

Íslenskir bankar hafa einmitt aukið slík lán með innkomu á íbúðalánamarkaðinn, auk þess sem BN bank í Noregi sem Íslandsbanki keypti og FIH í Danmörku sem KB banki keypti eru með hátt hlutfall veðlána í útlánasafni sínu.

Frummælendur í þessum hluta voru Arjan Verbeek, framkvæmdastjóri hjá Barclays Capital í London og Simon Hotchin, framkvæmdastjóri hjá Morgan Stanley í London. Auk þeirra ræddu málið í pallborði Agnar Hansson, sérfræðingur hjá KB banka og fyrrverandi deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, Sigurður Ingólfsson, ráðgjafi hjá Áhættustýringu ehf, og Þórir Örn Ingólfsson, forstöðumaður áhættustýringar Landsbankans.

Seinni hlutanum vörðu fulltrúar fjármálafyrirtækja í umræður um norræna fjármálageirann og mikilvægi íslenskrar fjármálaþjónustu fyrir efnahagslífið. Frummælendur í þessum hluta voru Peter Straarup, bankastjóri Den Danske Bank, og Katrín Ólafsdóttir, sem fór yfir skýrslu um áhrif fjármálafyrirtækja á Íslenskan efnahag. Straarup benti á að hagnaður fyrirtækja á Íslandi hefði verið hærri á Íslandi en í nágrannalöndunum. Hann hvatti fjármálafyrirtækin til að nota tímann vel og nýta eigið fé sitt skynsamlega. Skýrsla hagfræðiseturs HR vakti talsverða athygli og leiddi vel í ljós þær miklu breytingar sem orðið hafa á starfsemi fjármálafyrirtækja hér á landi undanfarin ár. -hh



**RÍKIÐ OG BANKARNIR** Geir Haarde fjármálaráðherra tók undir sjónarmið SBV um að horfa þyrfti til þess að hlutverk Íbúðalánasjóðs yrði endurskilgreint. Ummælin féllu í góðan jarðveg hjá samtökunum. Hér eiga Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SBV, og Hreiðar Már Sigurðsson, formaður samtakanna, orðastað við fjármálaráðherra.



**SKÝRSLUHÖFUNDAR** Katrín Ólafsdóttir, Ólafur Ísleifsson og Vilhjálmur Wiium unnu skýrslu hagseturs Háskólans í Reykjavík um áhrif fjármálafyrirtækja á íslenskan efnahag. Skýrslan vakti heilmikla athygli og er margt forvitnilegt í henni að finna.



**LANDSBANKAMENN HLUSTA** Á fundi SBV var mikið rætt um áhættustýringu og innleiðingu Basel II reglna. Innleiðing reglnanna mun hafa áhrif á starfsemi lánastofnanna. Íslenskir bankar hafa verið að auka hlut veðlána í útlánasöfnum sínum, en samkvæmt Basel II reglunum mega fjármálafyrirtæki með hátt hlutfall veðlána hafa lægra eigið fé.



# Áhrifafólk í íslensku viðskiptalífi talar

Félag kvenna í atvinnurekstri og Félagið Auður halda ráðstefnu um samkeppnishæfni í breyttri heimsmynd 19. apríl milli 14 og 17 á Nordica hóteli. Meðal ræðumanna þar verður Björgólfur Guðmundsson sem mun tala um mótlæti í viðskiptum.

Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans, talar um hlutverk bankanna en aðrir ræðumenn verða Valgerður Sverrisdóttir sem mun flytja ávarp, Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, Hannes Hilmarsson, framkvæmdastjóri Avion Group, og Haukur Ingi Jónasson, sálgreinir og ráðgjafi hjá Nordica ráðgjöf.



Markaðurinn/Vilhelm

**VERÐLAUNIN AFHENT** Gunnar Haraldsson, Eva Guðríður Guðmundsdóttir og Nicole Nichelangeli við verðlaunaafhendinguna.

# Best í viðskiptafrönsku

Eva Guðríður Guðmundsdóttir, nemandi í frönsku í Háskóla Íslands, náði bestum árangri í frönsku Mot d'Or keppninni hér á landi. Rósa Elín Davíðsdóttir hjá franska sendiráðinu segir að keppendur hafi verið prófaðir í orðaforða sem tengist viðskiptum og hagfræði – bæði á frönsku og íslensku. Eva Guðríður hafi staðið sig best íslensku þátttakendanna og hljóti að launum vikuferð til Frakklands. Þessi keppni sé haldin í 42 löndum og í Frakklandi muni hún taka þátt í alþjóðlegri lokakeppni.

Það var sendiráð Frakklands á íslandi sem skipulagði keppnina hér á landi og afhenti sendiherrann, Nicole Nichelangeli, Evu verðlaunin. Við sama tækifæri flutti Gunnar Haraldsson, hagfræðingur í forsætisráðuneytinu, ávarp, en hann lærði meðal annars í Frakklandi. **– bg**



Markaðurinn/E.Ól

# Hátíð í Hallarmúla

Penninn býðu helstu viðskiptavinum sínum árlega í samkvæmi, svo nefnda Hallarmúlahátíð.

Fjöldi gesta leit inn í Hallarmúlann síðasta föstudag og þáði léttar veitingar við undirleik hljómsveitarinnar Jagúar. Talsverður fjöldi viðskiptavina lætur jafnan sjá sig á hátíðinni og ekki bar á öðru en að menn skemmtu sér vel.

Sama dag gaf fyrirtækið einnig út vörulista sinn og gestir hátíðarinnar gátu nýtt ferðina og barið augum það nýjasta úrval í húsgögnum og skrifstöfutækjum. Á neðri hæð Hallarmúlans voru svo kynntar bækur og tímarit í nýrri verslun Eymundsson sem er á neðri hæðinni í Hallarmúlanum

# Kaupir grískt fyrirtæki

## Fær aðgang að greiðsluhegðun milljón neytenda og fyrirtækja

Creditinfo Group, móðurfélag Lánstrausts, hefur keypt meirihluta í gríska upplýsingatæknifyrirtækinu Alpha Mi.

Björk Ólafsdóttir hjá Lánstrausti segir þetta meðalstórt fyriræki miðað við upplýsingatæknimarkaðinn með um 65 starfsmenn. Það hafi höfuðstöðvar í Aþenu og reki útibú í Thessaloniki.

Í fréttatilkynningu segir að Alpha Mi hafi verið stofnað 1956 og verið fyrsta fyrirtækið á sínu sviði á Grikklandi. Það hafi verið í fararbroddi með nýjungar á sviði markaðs- og fjárhagsupplýsinga. Fyrirtækið veiti viðskiptaupplýsingar til að halda áhættu í viðskiptum í lágmarki. Það hafi aðgang að gagnagrunni sem geymi rúmlega 250 þúsund lánshæfisskýrslur og upplýsingar um greiðsluhegðun yfir milljón neytenda og fyrirtækja. **- bg**

# Sjónvarp um netið – þrjátíu bæir tengdir

Yfir þrjátíu bæjarfélög geta horft á stafrænt sjónvarp í gegnum símalínur og geta viðskiptavinir horft á sjónvarpið og vafrað á netinu á sama tíma. Í síðustu viku bættust ellefu bæjarfélög í hóp þeirra tuttugu sem undanfarið hafa fengið aðgang að stafrænu sjónvarpi um ADSL símalínu. Bæjarfélögin sem um ræðir ná útsendingum Skjás Eins en eru í fyrsta sinn að fá aðgang að erlendum sjónvarpsrásum. Síminn er með þessu að nýta þá miklu fjárfestingu sem liggur í fjarskiptakerfum fyrirtækisins. **- dh**



# Til þjónustu reiðubúinn ef fyrirtækin þurfa aðstoð

**TÖLVUPÓSTURINN**
**Til Svavars Gestssonar**
*sendiherra Íslands í Svíþjóð*


Markaðurinn/Valgarður

**Í hverju felst starf þitt aðallega sem sendiherra? Hvert er hlutverk sendiráða?**

Að vera fulltrúi Íslands alltaf þegar þess er þörf í Svíþjóð andspænis sænskum stjórnvöldum, almenningi og fjölmiðlum eftir atvikum. Einnig að vera fulltrúi Íslands gagnvart stjórnvöldum í umdæmislöndunum sex, það er í Albaníu, Bangladess, Búlgaríu, Serbíu og Svartfjallalandi, Sri Lanka og Pakistan. Það þýðir að sendiherrann á að kunna skil á því sem efst er á baugi í viðkomandi löndum á hverjum tíma. Þá á sendiherra að vera verkstjóri sendiráðs þar sem innt er af hendi víðtæk þjónustustarfsemi við Íslendinga og íslenska hagsmuni í Svíþjóð og í umdæmislöndunum. Þá á sendiráðið oft að afla upplýsinga um það hvernig viðkomandi stjórnvöld taka á margvíslegum málum,. Loks er það hlutverk sendiherra og sendiráðs að styrkja hlut Íslands í viðskiptum og menningu. Þetta síðastnefnda byggist á frumkvæði sendiherra eða íslenskra stjórnvalda á hverjum tíma. Það tekur um þriðjung af vinnutíma þess sendiráðs sem ég stýri um þessar mundir. Menningarkynningin er afar mikilvægur þáttur í verkefni sendiráðanna.

**Hversu mikilvæg er starfsemi sendiráða fyrir viðskipti milli landa?**

Núorðið geta viðskipti verið í fullum gangi án þess að sendiráðin hafi hugmynd um það. Sem betur fer. Burðarás er orðinn hluthafi í 10 sænskum fyrirtækjum; við lesum um það í Dagens Industri – daginn eftir að kaupin eru gerð. Og þetta á almennt við um stóru fyrirtækin og þetta á við opnu hagkerfin. Þegar kemur að löndum eins og sumum Asíulöndunum sem eru okkar umdæmislönd getur þurft atbeina sendiráðsins. Og þjónusta sendiráðanna skiptir máli fyrir meðalstóru fyrirtækin og litlu fyrirtækin í opnum hagkerfum.

Sendiráðið hefur ræktað samskiptin við fyrirtækin hér í Svíþjóð þannig að forráðamenn þeirra vita að við erum til þjónustu reiðubúin ef fyrirtækin þurfa aðstoð. Hún getur verið fólgin í móttökum eða mætingum allt eftir aðstæðum. Íslenska sendiráðið í Stokkhólmi hefur haft forystu um að myndað hefur verið Íslenska viðskiptanetið í Svíþjóð. Það er tengslanet allra íslenskra fyrirtækja hér og þeirra fyrirtækja sem hafa áhuga á viðskiptum við Ísland. Það tengir saman aðila með skylda hagsmuni og skiptir ekki síst máli fyrir minni fyrirtæki eins og áður segir. Fyrir þremur árum gaf ég út þá stefnu okkar hér, í samvinnu við utanríkisráðuneytið, að sendiráðið er opið og til þjónustu reiðubúið. Og fyrirtæki hafa notfært sér það.

Allt þetta hefur gerst í sértaklega góðri samvinnu við viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og við útflutningsráð sem hefur öflugu fólki á að skipa. Þannig hefur okkur, held ég að ég megi segja, tekist að tengja saman íslenska hagsmuni. Við viljum stofna hér íslenskt viðskiptalandslið. Og það skiptir máli. Fyrirtækin hafa einnig verið mikilvæg í að styðja íslenska menningarstarfsemi hér. Þau hafa nær alltaf verið reiðubúin til aðstoðar.

**Hvað hafa íslensk fyrirtæki að sækja til Svíþjóðar?**

Betra væri að spyrja íslensku fyrirtækin, en reynslan sýnir að þau hafa mikið hingað að sækja. Ég efndi til óformlegrar skoðanakönnunar meðal íslensku fyrirtækjanna hér fyrir nokkrum misserum og í ljós kom að það er styrkur sænska efnahagskerfisins hvað það er stórt og hvað það er með öfluga alþjóðlegar tengingar sem fyrirtækin frá Íslandi sækjast eftir. Og hingað sækja íslensk fyrirtæki traust, segja talsmenn þeirra – en það er semsé betra að spyrja þau sjálf.

**Er hlutverk sendiráða að aukast eða minnka í alþjóðlegu viðskiptalífi?**

Bæði; það er að minnka að því leyti að stærstu fyrirtækin þurfa ekki á sendiráðum að halda frekar en þau vilja. En samtengingarhlutverk sendiráðanna er þeim mun mikilvægara fyrir minni fyrirtækin; tækifærin sem birtast í sókn íslenskra fyrirtækja erlendis af hvaða stærð sem þau eru geta skilað Íslandi stórfelldum ávinningi, stækkað Ísland, þegar sendiráðin standa líka vaktina með þeim.

FM 98,9
BYLGJAN
-björt og brosandi


Markaðurinn/GVA

**MICHAEL LUTHY** segir sendiráð gegna mikilvægu hlutverki í viðskiptalífinu.

# Útgjöld sendiráða eru fjárfesting

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Sendiráð gegna mikilvægu hlutverki í viðskiptalífinu segir Michael Luthy, sem hefur skoðað starfsemi erlendra sendiráða á Íslandi en hann segir landið hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að fjölda sendiráða hér á landi. Luthy leggur áherslu á að fræðast um hvað sendiráð gera til að kynna lönd sín og auðvelda viðskipti milli landa. Hann hefur dvalið hér á landi í nokkra mánuði en hann er gestakennari við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

**MÁLIÐ ER**
**Starfsemi sendiráða**

Oft kemur upp umræða um hversu dýr utanríkisþjónusta er og mörgum finnst of mikið lagt í starfsemi sem virðist litlu skila. Luthy segir að um misskilning sé að ræða og hann stafi af því að ávinningurinn af starfseminni sé ekki beint sýnilegur. Hann segir þetta bæði vera vegna þess að ekki sé hægt að leggja mat á hverju þau skili og einnig að erfitt sé að mæla árangurinn af starfseminni á einhvern hátt. „Líta þarf á kostnað við sendiráðin sem fjárfestingu til lengri tíma," segir hann.

### SAMSKIPTI FARA ALLTAF Í GEGNUM FÓLK

Luthy segir að starfsemi sendiráðanna sé að auðvelda samskipti því að ekki megi gleyma því að stjórnvöld og fyrirtæki séu stofnanir og þau þurfi að eiga samskipti sín á milli í gegnum fólk. „Viðskipti eru samskipti milli fólks því að fyrirtæki geta ekki átt samskipti sín á milli, þau verða að fara í gegnum manneskjur."

Luthy áætlar gróflega að sendiráðið verji um 10 til 40 prósentum í að liðka til fyrir viðskiptum milli landa og fá erlenda fjárfesta til liðs við sig. Luthy finnst mjög áhugavert hversu mismunandi starfsemi sendiráða sé og tengsl þeirra við viðskiptalífið séu mismikil. Sum sendiráð sinni viðskiptalífinu mjög vel en önnur beina þeirri starfsemi til sérstakra útflutningsráða. „Sendiráðin kynna fólk, svara spurningum og veita upplýsingar. Þetta hljómar kannski ekki mjög spennandi en þetta eru mjög mikilvægir hlutir."

Luthy segir kvikmyndir, sjónvarpsþætti og auglýsingar sem teknar eru hér á landi vera árangur af starfsemi þeirra sem reyna að liðka til fyrir viðskiptum milli landa. Mikið af tekjum skapist af þeim sökum, bæði beint og óbeint. „Með þessu sjá þeir hversu mikilvægu hlutverki þeir þjóna og mikilvægi þess eykst sífellt."

### ÍSLAND ÞYKIR MIKILVÆGT

Luthy ákvað að kynna sér starfsemi sendiráða hér á landi því hann segir Ísland hafa mikla sérstöðu þegar kemur að erlendum sendiráðum hér á landi. „Það er ótrúlegt að þjóð með aðeins 300 þúsund íbúa hafi 12 sendiráð og sýnir það glögglega hversu mikilvægt Ísland er í alþjóðlegu samhengi, bæði í Evrópu og í heiminum."

Sendiráðin hér á landi og íslensku sendiráðin geta einbeitt sér að viðskiptalegum málefnum því að landið sé ekki umdeilt og því þurfi sendiráðin ekki að vinna í því að leysa úr pólitískum ágreiningi. Luthy segir sum sendiráð jafnvel hafa að markmiði að ná vissu umfangi viðskipta til síns heimalands.

Luthy segir starfsemi sendiráða hafa breyst mjög mikið á síðustu áratugum en hans kynslóð telji hlutverk sendiráða enn vera það sama og á tímum kalda stríðsins. „Þegar kynslóðin mín hugsar um sendiráð man það eftir myndunum sem voru gerðar á tímum kalda stríðsins og tengja þau njósnum en það er langt frá því að vera raunverulega það sem þau gera."

Luthy dvelur hér á landi á vegum Fulbright-stofnunarinnar og segir hann samtökin mjög mikilvæg í alþjóðlegum viðskiptum. „Það skiptir miklu máli að fólk kynnist öðrum löndum og annarri menningu. Til dæmis er aðili sem hefur heimsótt Ísland og kynnst íslensku lambakjöti líklegri til að stofna fyrirtæki sem selur íslenskt lambakjöt. „Til að átta sig á starfsemi íslenskra sendiráða erlendis talaði Luthy einnig við fulltrúa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs en þessar stofnanir taka einnig þátt í að liðka fyrir alþjóðaviðskiptum.

**„Það er ótrúlegt að þjóð með aðeins 300 þúsund íbúa hafi 12 sendiráð og sýnir það glögglega hversu mikilvægt Ísland er í alþjóðlegu samhengi, bæði í Evrópu og í heiminum."**

# Sendiráð Íslands kosta um 1,7 milljarða




Áætluð útgjöld utanríkisráðuneytisins vegna sendiráða og fastanefnda á árinu 2005 eru 1,7 milljarðar króna. Sendiráð Íslands í Brussel og ESB er dýrast í rekstri og er úthlutað 125 milljónum króna á fjárlögum þessa árs og þar á eftir kemur Sendiráð Íslands í London og er áætlaður kostnaður við það 103,5 milljónir króna á árinu 2005. Önnur sendiráð Íslands fá á bilinu 25 til 94 milljónir á árinu. Sendiráð Íslands í Mapútó fær lægstu framlögin eða 24,5 milljónir og þar á eftir kemur sendiráðið í Stokkhólmi sem fær 42 milljónir á árinu. Áætlanir um kostnað við sendiráð til ársins 2008 gera ráð fyrir að kostnaðurinn við þau verði árlega um 1,6 milljarðar króna. Sendiráð Íslands eru staðsett í Berlín, Kaupmannahöfn, London, Moskvu, Ósló, París, Stokkhólmi, Washington, Brussel, Vínarborg, Peking, Ottawa, Tókýó, Helsinki og Mapútó. **- dh**

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



Skoðaðu nýjan **7 manna** 4x4 fólksbílajeppa frá Ford

# Veldu Ford Freestyle

## Nýjan glæsilegan valkost í stað Subaru Outback

► Við Íslendingar búum við fjölbreytt veðurskilyrði þar sem allra veðra er von. Við kjósum því öryggi í akstri sem endurspeglast meðal annars í vali á fjórhjóladrifnum fólksbílum þegar kemur að bílakaupum eins og t.d. Subaru Outback. Nú geta landsmenn kosið um nýjan og glæsilegan valkost – nýjan flokk bíla – sem við nefnum „fólksbílajeppa“ á meðan málfræðingarnir eru að hugsa: Ford Freestyle.

### Freestyle er fyrir þá kröfuhörðu

Ford Freestyle er hannaður fyrir kröfuharða eigendur sem vilja eitthvað annað en jeppa, jepplinga eða fjórhjóladrifna station-bíla. Ford Freestyle er eitthvað annað og meira – hann er líka svolítið „frístæl“ - rúmgóður, öflugur og vel búinn fólksbílajeppi með sæti fyrir allt að sjö manns. Góður valkostur fyrir fjölskyldufólk sem hefur áhuga á útivist - velur öryggi, hagkvæmni og þægindi umfram allt annað, nema auðvitað 100% þjónustu umboðsaðila. Komdu í Brimborg.

### Með hæstu mögulega einkunn

Freestyle er fullvaxinn og sterkbyggður fólksbílajeppi sem hlotið hefur hæstu mögulega einkunn í árekstrarprófi NHTSA (National Highway Traffic Safety Administration) í Bandaríkjunum – bæði fyrir högg á framenda og hliðar. Geri aðrir betur.

### Ótrúlegt rými

Hönnun Freestyle tekur ekki aðeins mið að þörfum ökumanns heldur allra sætisfarþega. Gott rými einkennir Freestyle. Í Freestyle sitja farþegar uppréttir, hátt er til lofts og stjórntækjum ökumanns er öllum haganlega vel fyrir komið og innan seilingar. Þannig verður sérhver för ánægjan ein, afslöppuð, örugg og þægileg – fyrir alla. Enginn situr útundan og í flutningum fellir þú hvert og eitt sæti niður að vild. Þegar sæti hafa verið lögð niður blasir við flatt gólf – allt frá fremstu sætisröð að afturhlera. Þrátt fyrir þrjár sætaraðir er farangursrými aftast mikið meira en í mörgum öðrum bílum. Aðgengi að öftustu sætaröð er auðvelt. Prófaðu Ford Freestyle.

### Afl og tækninýjungar

Ameríska aflið er til staðar í Freestyle. Duratec V6 vélin skilar 203 hestöflum og togar 280 Nm. Vélin er hljóðlát en tekur hraustlega á þegar á þarf að halda. Freestyle er einnig búinn nýrri og fullkominni orkusparandi CVT stiglausri sjálfskiptingu sem tryggir að bíllinn skilar nákvæmlega því afli sem óskað er og þarf því aldrei að skipta sér niður eins og hefðbundnar sjálfskiptingar. Rafeindastýrða Haldex® fjórhjóladrifið með spólvörn vakir yfir ástandi vegar en algjörlega sjálfvirkt meta skynjarar veggripið – tapi hjól afli, taka hin hjólin við og aðstoða þig við að halda bílnum stöðugum. Veldu Freestyle.

**7 manna 4x4 Ford Freestyle***

**Kaupverð**

| | |
|---|---|
| Freestyle SE 3,0V6 3.680.000 kr. | 3.690.000.- |
| Freestyle SEL 3,0V6 3.850.000 kr. | 3.870.000.- |
| Freestyle Limited 3,0V6 4.110.000 kr. | 4.150.000. |

**Bílasamningur Lýsingar**

| | |
|---|---|
| Freestyle SE 3,0V6 43.450 kr. | 44.229.- |
| Freestyle SEL 3,0V6 45.400 kr. | 46.379.- |
| Freestyle Limited 3,0V6 48.490 kr. | 49.724.- |

**Rekstrarleiga Lýsingar**

| | |
|---|---|
| Freestyle SE 3,0V6 64.450 kr. | 70.520.- |
| Freestyle SEL 3,0V6 67.130 kr. | 73.730.- |
| Freestyle Limited 3,0V6 71.410 kr. | 78.710.- |

### Staðalbúnaður í Freestyle SE:

HALDEX rafeindastýrt fjórhjóladrifskerfi. Spólvörn (Traction control). CVT stiglaus sjálfskipting. Tvívirk tölvustýrð miðstöð með loftkælingu. Útihitamælir. ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun. Málaðar klæðningar á hliðum. Svartir hurðahúnar. Halogen aðalljós. Talnalás og sjálfvirk læsing. Fjarstýrð samlæsing. Rafstýrðir aðfellanlegir speglar. Rafstýrðar rúður. Langbogar á þaki. Álfelgur (málaðar) 17" 7-rima og P215/65Rx17 dekk. 12 volta innstungur x 3. AM/FM útvarp með geislaspilara, útvarpsrásir eru eingöngu á oddatölum. Ljós í farangursrými. Geymsluhólf milli framsæta. Teppamottur í fyrstu og annari sætaröð. Sérstaklega dökkt gler í öftustu hliðarrúðum og afturglugga. Læsanlegt hanskahólf. Lesljós fyrir aftari sætaraðir. Aflstýri. Litað gler. 7 manna "Theatre-Style" sætaútfærsla. 6 liða rafstillingar á bílstjórasæti. Hraðastillir. Veltistýri. Ljós í sólskyggnum. Stillanleg hæð á öryggisbeltum. Bílbeltaáminning. Barnalæsingar. Ræsivörn. Öryggispúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti.

### Viðbótarbúnaður í Freestyle SEL, umfram SE:

Bílstjórasæti rafstillanlegt á 8 vegu. Farþegasæti að framan rafstillanlegt á 4 vegu. AM/FM útvarp með 6 diska geislaspilara, MP3 spilara og Premium hljómkerfi. Aksturstölva með áttavita. Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður. Stillingar í stýri fyrir hljómtæki. 3ja sætaröð 50/50 skiptanleg og niðurfellanleg í gólf. Samlitir hurðahúnar. Krómuð grillumgjörð. Þokuljós. Samlitir rafstillanlegir upphitaðir útispeglar. SEL merki. Álfelgur 17" 5-rima og P215/65Rx17 dekk.

### Viðbótarbúnaður í Freestyle Limited, umfram SEL:

Minni fyrir bílstjórasæti og útispegla. Upphitanleg framsæti. Leðuráklæði á sætum (viniláklæði á 3ju sætaröð). Samlitar klæðningar á hliðum. LIMITED merking. Viðarklæðning á miðjustokk. Álfelgur 18" 5-rima og P225/60Rx18 PIRELLI dekk. Audiophile hljómkerfi með bassakeilu. Farangursnet. Miðjustokkur og fram og aftur færsla á annari sætaröð (eingöngu í 6 sæta útgáfu).

**Veldu rými, öryggi, hagkvæmni og 100% þjónustu frá Brimborg – öruggum stað til að vera á!**

**Ford Escape 4x4**



XLS 5 dyra 2,3i
sjálfskiptur 2.755.000 kr.

**Ford Explorer Sport Trac 4x4**



XLT 4 dyra 4,0i V6
sjálfskiptur 2.903.000 kr.

**Ford Freestyle 4x4**



SE 5 dyra 3,0V6
sjálfskiptur 3.690.000 kr.

**Ford Explorer 4x4**



XLT Sport 5 dyra 4,0i V6
sjálfskiptur 4.100.000 kr.

**Ford Expedition 4x4**



Eddie Bauer 4x4 5 dyra 5,4i V8
sjálfskiptur 5.060.000 kr.



brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk. / 50% erl. myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Bifreið á mynd: Ford Freestyle SEL 4x4

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**20** FL Group, sem hét Flugleiðir áður en fyrirtækið gerðist alþjóðlegur ríkisborgari, hefur tilkynnt um kaup á tuttugu nýjum vélum á síðustu misserum.

**150.000** Reynir Traustason fær 150 þúsund króna sekt fyrir að smygla nokkrum grömmum af kókaíni til landsins í tilraunaskyni.

**500.800** Meðallaun starfsmanna í fjármálafyrirtækjum á síðasta ári samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans í Reykjavík.

## BANKAHÓLFIÐ



### Eyddu í sparnað

Greiningardeild KB banka segir í skýrslu um þróun og horfur á hlutabréfamarkaði að enn sé hlutabréfaverð mjög hátt hér á landi þótt engin merki séu um miklar lækkanir í bráð, þvert á móti sér bankinn fram á hækkun. Bankinn veltir upp þeirri spurningu hvort aðstæður í efnahagslífinu kunni að hafa áhrif á það hvort fólk haldi áfram að kaupa hlutabréf. „Við bendum einnig á hversu háir vextir, t.d. af yfirdráttarlánum, eru orðnir innanlands og teljum vongildi fjárfesta af því að borga upp slík lán næstu tólf mánuðina hærra en af fjárfestingu í hlutabréfum,“ segir í skýrslunni. KB banki tekur því undir auglýsingaherferð Landsbankans sem nú ráðleggur fólki að spara peningana sína.

### Kunna að halda partí

Áhersla bankanna á niðurgreiðslu skulda og sparnað er áhugaverð. Bankarnir hafa allir sætt gagnrýni fyrir útlánaþenslu og að hvetja fólk til óhóflegrar skuldsetningar. Ekki eru margir mánuðir síðan bankarnir kepptust við að bjóða hundrað prósenta lán til íbúðakaupa en nú er Íslandsbanki eini bankinn sem heldur þeim kosti verulega að fólki. Landsbankinn hætti að bjóða hundrað prósent lánin og í KB banka er ekki lögð sérstök áhersla á þau. Gárungarnir segja að bankarnir séu einfaldlega að hegða sér eins og vanir partíhaldarar. Þeir passa upp á að nóg sé í glösunum fram eftir kvöldi en gæta þess einnig að gestirnir geti gengið óstuddir út úr partíinu þegar gleðskapnum lýkur.




### Umhverfið gott í Botsvana

Það vakti athygli gesta á hádegisverðarfundi Verslunarráðs Íslands í gær að Botsvana er í nítjánda sæti á lista yfir þau lönd þar sem best er að stunda viðskipti. Þetta er eina Afríkuríkið á listanum en Nýja-Sjáland er efst á blaði og Bandaríkin í öðru sæti. Meginland Evrópu – eða „gamla Evrópa“ eins og Donald Rumsfeld kallar það – er hins vegar ekki áberandi á listanum. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Spánn komast ekki á þennan lista en Mið-Evrópuríki á borð við Slóvakíu og Tékkland eru í stöðugri sókn.




IBM borðtölvur í fremstu röð hjá Gartner

IBM ThinkCentre borðtölvur

Fyrirtækjatölvur með lága bilanatíðni og aukið öryggi

IBM ThinkCentre borðtölvur eru hannaðar með endingu og áreiðanleika að leiðarljósi, og er um ræða tölvur sem búa ávallt yfir nýjustu tækni. ThinkVantage tæknin er grunnurinn á bak við hönnun tölva frá IBM þar sem lágur rekstrarkostnaður, lág bilanatíðni, einföld umsýsla og öryggi eru í fyrirrúmi.

Gartner Group valdi IBM PC tölvur sem fyrstu þrjá valkosti fyrir fyrirtæki þegar búið var að meta vöru, verð, þjónustu, hagkvæmni og framtíðarsýn framleiðanda*.
Með kaupum á tölvum frá IBM eru fyrirtæki því að tryggja sér forystu í samkeppni.

IBM ThinkCentre A51p turn
Öflug vél fyrir þá sem þurfa meiri afköst
Pentium 4 530 örgjörvi, 800MHz gagnabraut.
256MB DDR2 PC3200 vinnsluminni.
40GB Serial-ATA harður diskur.
Intel Graphics Media Accelerator 900 skjákort.
DVD drif.
10/100/1000 netkort.
Windows XP Pro.
Þriggja ára ábyrgð.
Vörunúmer: VLD71IL.
Verð: 79.900 kr.
(Skjár ekki innifalinn í verði)



IBM ThinkCentre A50 – Ultra Small Form Factor
Minnsta borðtölvan frá IBM
Pentium 4 3,0Ghz örgjörvi, 533MHz gagnabraut.
256MB PC 2700 vinnsluminni.
40GB harður diskur.
CD drif í Ultrabay Enhanced stæði.
10/100/1000 netkort.
Intel Extreme Graphics II skjákort.
Windows XP Pro.
Þriggja ára ábyrgð
Vörunúmer: VZF75IL.
Verð: 69.900 kr.
(Skjár ekki innifalinn í verði)



IBM ThinkVision 17" flatur skjár
Hagkvæmur og vandaður skrifstofuskjár
Upplausn 1280x1024 punktar.
Birtumagn 300cd/m2.
Skerpa 450:1.
Svartími 16ms.
Þriggja ára ábyrgð.
Vörunúmer: T34N9EU.
Verð: 29.900 kr.



IBM ThinkCentre A51 – Small Form Factor
Nett borðtölva á skrifstofuna
Pentium 4 530 örgjörvi, 800MHz gagnabraut.
256MB PC2700 vinnsluminni.
Intel Graphics Media Accelerator 900 skjákort.
40GB Serial-ATA harður diskur.
DVD drif.
10/100/1000 netkort.
Windows XP Pro.
Þriggja ára ábyrgð.
Vörunúmer: VLE71IL.
Verð: 79.900 kr.
(Skjár ekki innifalinn í verði)



Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á réttu borðtölvunni.

Síminn er 569 7700 og netfangið er tolvulausnir@nyherji.is
Söluaðilar um land allt.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

*Gartner Group (PCD0503), mars 2005




Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Vantar þig pening fyrir sumarið? www.diet.is/auka Hringdu strax! Margrét s:699-1060

Glæný! Skoðaðu arangur.is Þökkum frábærar viðtökur. Lífsstílsráðgjöf s. 586 8786.

## Líkamsrækt

Til sölu 2 hlaupabrautir af líkamsræktarstöð, önnur brautin er með nýju belti. Uppl. í s. 692 6363.

## Fæðubótarefni

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Windows XP kerfisstjóranám. 63 st. á aðeins kr. 69.900. Hefst 3. maí. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

Sjálfsstyrkingarnámskeið og einkatímar heilun. Ragnhild, Hamraborg 7. S. 848 1314.

## Ökukennsla

Ásgeir Gunnarson kennir á Peugeot 407, árgerð 2005. Tek einnig í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. Sími 568 7327/862 1756.

Bifhjóla -og ökukennsla Eggerts Vals. Er byrjaður í bifhjólakennslunni. S. 893 4744.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Tilboð óskast í vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1, koníaksbrúnt. S. 867 0647.

6 borðstofustólar til sölu, dökkir viðar stólar með sessum úr Mýru. Seljast á hálfvirði. Uppl. í s. 898 8007.

Til sölu 2ja ára Queen size rúm úr Húsgagnahöllinni. Uppl. í s. 898 0790.

## Antík

Antik út á land? Ekkert mál! Amma Ruth s. 552 6255 virka daga frá 14-18. www.ammaruth.is

## Heimilistæki



37" 42" 50" 65" Panasonic Plasma skjáir frá 180.000 kr með veggfestingu, TVtuner, heimkeyrslu og uppsetningu. Uppl. í gsm 659 8056 eða á www.simnet.is/plasma.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Fullar búðir af nýjum vörum! Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.



Til sölu sandkassar úr gagnvarinni furu. Uppl. í síma 865 7411.

Gracco kerruvagn og bílstóll til sölu. Lítið notað, vel með farið. Selst saman á 25 þús. S. 820 0447.

## Dýrahald



Til sölu gullfallegir Enskir springer spaniel hvolpar undan tveimur íslenskum meisturum. S. 868 0019 og ejj1@hi.is.

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæðsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

3 1/2 mánaðar Rottweiler tík til sölu. Ættbókarfærð, matardallar, bæli og ólar fylgja. Upplýsingar í síma 699 4997 og á astakb@vortex.is.

**K-9 Hundaskóli**
Nýtt hvolpanámskeið er að hefjast 16. apríl. Skráning í s. 421 0050 & 896 3266.

Ég heiti Týri og er 5 mánaða íslenskur blendingur. Mig vantar gott heimili. Uppl. í s. 663 8155 Ólafur.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

**GISTING í REYKJAVÍK**
Sérhús með öllum búnaði + heitur pottur, svæði 105.Svefnpláss fyrir 8.manns.Sími 588 1874. www.toiceland.net

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

**Hestamenn - Hestamenn**
Úrtaka fyrir stórsýningu hestamanna sem haldin verður í Reiðhöllinni Víðidal 29.-30. apríl nk. fer fram á sama stað föstudaginn 15. apríl frá kl. 19.00.
Fræðsluerindi um tannröspun og tannhirðun hesta með sérfræðingnum Lous Pinquin verður haldið í félagsheimili Fáks, mánud. 11 apríl kl. 20.00
**Nefndin**

**Fáksfélagar**
Aðalfundur hestamannafélagsins Fáks verður haldinn mánudaginn 18. apríl kl. 20. Dagskrá venjuleg aðalfundarstörf. Boðið verður uppá kaffiveitingar. Stjórnin.

Getum útvegað flestar gerðir af hestum. Tökum einnig að okkur járningar. Tökum Visa/raðgr. S. 865 4892.

**Hestamenn ATH**
Úrtaka fyrir stórsýningu hestamanna fer fram í reihöllinni í Víðidal föstudaginn 15. apríl og hefst kl. 19. Sýningastjórn.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Keflavík. Laus strax 68 fm 2ja herb íbúð. Sérinng., hiti+rafm. innif í leigu. Uppl. í s. 691 3536.

Tveggja herb. íbúð til leigu á sv. 110. Leiga 65-70 þús á mán. Tryggingavíxill og fyrirframgreiðsla. Laus 1. maí. S. 659 3031 eftir kl. 17.

Meðleigjandi óskast. Uppl. í s. 822 0690 eftir kl. 18.

Íbúð í RVK á jarðhæð til sölu, verð eftir samkomulagi. Uppl. í síma 456 4832.

2ja herb. íbúð til leigu á sv. 111. Gott útsýni. Leigutími 3-6 mán. Laus frá 15. Júlí. Verð 67 þús. Uppl. í s. 587 1481.

Til leigu glæsil. herbergi, 15 og 30 fm, að Funahöfða 17a. Þvottah., bað og eldunaraðst. Í herb. er dyras., íssk., fatask., sjónv. og símtengi. S. 862 7950 & 896 6900 e. kl. 16.

3ja herb. íb. m/sérinng. til leigu á sv. 105 frá 1. maí. V. 65 þ. á mán. S. 662 6740.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2ja herb. eða stúdíóíbúð til leigu á svæði 101 frá byrjun maí. Reyklaus og reglusöm. Heiða s. 862 8086.

Óska eftir ca. 40 fm. íbúð til leigu á svæði 104, 105 eða 108. Uppl. í s. 577 1200.

Vantar 2ja herb. íbúð frá 1. maí. Er með 1 barn. Reglusemi, reyklaus og skilvísar greiðslur. S. 891 6269 e. kl. 18.

Óska eftir íbúð til leigu á svæði 107, 170 eða 101. Reglusöm. Skilvísar greiðslur. Hef meðmæli. Uppl. í s. 860 0345.

Óska eftir stúdíó/2ja herb íbúð í Grafarvogi. Greiðslugeta í kringum 40-45 þús. á mán. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 696 5308.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu Skrifstofu - atvinnuhúsnæði.**
við Fossaleyni í Grafarvogi. Stærð 17,5 - 33,5 - 65 - 176 fm. Upplýsingar í s. 517 3450 & 893 1901.

## Geymsluhúsnæði




## Gisting

Viku dvöl í miðbæ Ísafjarðar. 25 þús. vikan, 15 þús. helgin. Rúm fyrir 4 + aukadínur. hjaltalín@snerpa.is S. 848 0938.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Góðir tekjumöguleikar**
Vantar fólk í símasölu strax.
**Upplýsingar veitir Guðmundur í s. 694 5987.**

**Starfskraftur óskast.**
Framtíðarstarf. Æskilegur aldur er frá 25.
**Upplýsingar í Efnalauginni og Þvottahúsinu Drífu, Hringbraut 119 Rvk. eða í síma 562 7740.**

**Háseta vantar**
Háseta vantar á línubát frá Suðurnesjum.
**Uppl. í síma 862 2591 & 854 0257**

**La Primavera**
Veitingahúsið La Primavera óskar eftir þjónum til starfa, bæði í fullt starf og hlutastarf. Við leitum eftir jákvæðum, brosmildum einstaklingum sem geta axlað ábyrgð.
**Upplýsingar á staðnum eða á laprimavera@laprimavera.is**
**La Primavera**
**Austurstræti 9**
**5618555**

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · 98,9 · VÍSIR · FRÉTTABLAÐIÐ · 90,9 · 98,9 · VÍSIR

Jeppakerrur,
**Víkurvagnar**

Áhaldaleiga meistarans.
**Sindri.**

Rafmótorar – gírmótorar
**Fálkinn**

Reimar í bíla
**Fálkinn**

Hjá Íslandsbanka bjóðast fjölmargir ávöxtunarmöguleikar fyrir sparnaðinn þinn.
Við bjóðum 50% afslátt af gengismun í verðbréfasjóðum okkar til 1. maí.
**Íslandsbanki eignastýring.**

Góðan daginn, góðan daginn.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Átt þú spariskírteini á gjalddaga í apríl?
Hjá Íslandsbanka bjóðast fjölmargir ávöxtunarmöguleikar.
Við bjóðum 50% afslátt af gengismun í verðbréfasjóðum okkar til 1. maí.
**Íslandsbanki eignastýring.**

Njótið lífsins.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Segðu mér allt, sunnudagskvöld.
Næst síðasta sýning.
**Borgarleikhúsið.**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Lífið er dásamlegt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Draumleikur.
Fimmtudagskvöld.
Algjör draumur.
**Borgarleikhúsið.**

Geymslubox fyrir hleðslurafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Húbýli vindanna laugardagskvöld.
Híbýli vindanna sunnudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Sængurkoddar, vandið valið
**Verið, Glæsibæ**

Fyrsti vinningur stefnir í 50 milljónir og ofurtölupotturinn í 110 milljónir.
**Víkingalottó**

Híbýli vindanna,
Fáar sýningar eftir.
**Borgarleikhúsið.**

Mjólkurhristingur með kaffibragði, nammi nammi namm.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Danskar bækur.
**Penninn-Eymundsson Austurstræti**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Cockteilsósa og franskar kartöflur.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Hleðslurafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Bómullarsafn og silkidamask
**Verið, Glæsibæ**

Terrorismi.
Frumsýning föstudagskvöld.
Uppselt.
**Borgarleikhúsið.**

Cockteilsósa,
Cockteilsósa.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Fyrsti vinningur gæti orðið 160 milljónir
**Víkingalottó**

Myndavélarafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Barnasett í úrvali
**Verið, Glæsibæ**

Cockteilsósa með frönskunum.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

### Talar þú Finnsku?

Skúlason leitar að finnskumælandi fulltrúum í þjónustuver sitt, þarf einnig að tala íslensku . Vinnutími er alla virka daga frá kl 8:00-17:00 og alla laugardaga frá kl. 08:00-13:00.

**Vinsamlegast hafið samband í síma 575 1500 og talið við Helgu milli 08:00 - 16: 00 Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

### Borgaskóli, Grafarvogi.

Laus nú þegar 100% staða skólaliða og síðdegisræsting. Í starfi skólaliða felst gæsla, umönnun nemenda og ræsting. Áframhaldandi ráðning gæti komið til greina næsta haust.

**Nánari upplýsingar hjá skólastjóra ingath@borgaskoli.is, aðstoðar-skólastjóra ardis@borgaskoli.is , í síma 577 2900 eða vefsíðu skólans www. borgaskoli.is**

Vantar starfskraft í dag-og helgarvinnu. Pizza King. s. 551 7474 og 864 7318.

### Heimilismatur í Hfj.

Vantar matráð sem first. Vinnutími 8-14 virka daga. og 8.30-14.30 annan hvern laugardag. Uppl. í s. 898 8801.

### Bónusvideó

Óskar eftir starfsfólki. Aldur 18 ára + í dagvinnu og kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 868 4477 & 862 5460.

### Atvinna í boði!

Gott sölufólk óskast í einstakt verkefni, bæði á daginn og kvöldin. Felst í því að selja bók til styrktar frábærum verkefnum. Mjög hentugt fyrir fólk á besta aldri. Mjög góð laun eru í boði. Uppl. í síma 869 0291 frá kl. 9.00-12.00.

### Vantar þig Vinnu?

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfellsbæ. Hlutastörf og full vinna í boði Framtíðarstörf-Sumarstörf. Uppl. í s. 897 3236 eða 566 6614 Ragnar.

Byggingarfyrirtæki óskar eftir að ráða 1-2 smiði í vinnu eða menn vana byggingarvinnu. Uppl. í s. 893 9777

Sólning Smiðjuvegi óskar eftir að ráða starfsfólk á hjólbarðaverkstæði. Uppl. í síma 544 5000 eða á staðnum.

Beitningarmenn óskast á Suðurnesjum. Heilsársstarf. Uppl. veitir Jón Steinar í s. 895 7222.

Vídeóleiga í Grafarvogi óskar eftir starfsfólki. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 846 2484 frá kl. 17-20.

### Atvinna á Suðurlandi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur flokkstjóra, verkamenn, vélamenn, vörubílstjóra og lagnamenn. Uppl. í s. 865 3665 Gunnar.

Óska eftir starfsfólki í fiskvinnslu í Rvk. Vantar einnig verksstjóra í fiskvinnslu. Uppl. í s. 846 7935.

Óskum eftir að ráða starfskraft í almenn heimilisstörf og aðhlynningu á dvalarheimili. Starfshlutfall samkomulag. Uppl. í s. 562 1671 milli kl. 09-15.

Hársnyrtistofa á Laugavegi óskar eftir hársnyrti/hárskera. Uppl. í s. 897 4191 eftir kl. 18.

### Bónarinn ehf

auglýsir eftir duglegum starfskröftum á milli kl. 9-18 alla virka daga. Upplýsingar í síma 895 1091.

Raftækjaverslun. Óskum eftir að ráða vanan starfsmann til verslunarstarfa. Framtíðarstarf. Vinnutími 9-18. Umsóknareyðublöð á staðnum. Rafkaup, Ármúla 24.

Öflugt og rótgróið markaðsfyrirtæki óskar eftir sölufulltrúum frá 9.00 - 17.00 á daginn og 18.00-22.00 á kvöldin. Góð laun í boði fyrir duglegan starfskraft og sem getur unnið sjálfstætt. Mjög hentugt starf fyrir eldri en 40 ára. Allar nánari upplýsingar í síma 533 4470 og 533 4442.

Aðstoðarmaður í bakarí óskast. Reyklaus. Uppl. í s. 893 7370 og 820 7370.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakaríi í Kópavogi bæði fyrir og eftir hádegi einnig aðra hvora helgi. Ekki undir 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargata 8.

### Starfskraftur óskast

Gullöldin Kaffibar óskar eftir reyndu starfsfólki á bar, fólki í sal og dyravörðum. Um er ræða hlutastörf. Stundvísi og reglusemi skilyrði. Umsóknir sendist á smaar@frettabladid.is merkt "G-hlutastarf"

Tilboð óskast í lítinn trépall á Rvk. svæðinu. Uppl. í s. 820 0447 & 587 1051 eftir kl. 18.

### Morgunverður Hótelstarf.

Óskum eftir að ráða starfskraft til framreiðslu og tiltektar á morgunverði.

Í boði er fjölbreytt, ágætlega launað uþb. 80% starf á góðum og traustum vinnustað, þar sem góð þjónusta skiftir höfuðmáli. Við leitum að morgun-hressum, stundvísum einstaklingi, sem helst býr í nágrenni við Hótelið, á gott með mannleg samskifti og hefur áhuga eða amk. einhverja þekkingu á matagerð.

Daglegur vinnutími er frá kl. 07.00 til 15.00, jafnt virka daga og helgar, unnið er á vöktum, frí aðra hverja helgi.

**Allar nánari upplýsingar veitir Bjarni á staðnum eða í síma 511 6200.**



# Flestar fasteignir á visir.is



## Leitaðu þar sem úrvalið er mest

Fasteignavefur Vísis er með flestar fasteignir á skrá af öllum fasteignavefjum landsins, samkvæmt talningu 11. - 17. október.

- Ný og betri leitarvél
- Flestar skráðar fasteignir
- Markvissari leit
- Mesta úrvalið - örugg niðurstaða

vísir ...UM ALLT!

## Atvinna óskast

Duglegur strákur á 16. ára óskar eftir starfi í sveit í sumar. Hefur reynslu. Uppl. í s. 893 8812 & 426 8812.

Trésmiður óskar eftir góðri atvinnu (ekki mót). Uppl. í síma 848 8707 e. kl. 16.

## Viðskiptatækifæri

Falleg Blómaverslun til sölu. Hagstætt verð. Upplýsingar í s: 5514466/6944166

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Endurfundir starfsmana Miðfells hf, verktaka. Kaffi Reykjavík föst. 29.04. Mæting í mat kl. 19.30 annars kl. 22.00. Bókanir + uppl. í s. 892 3789, 663 2406, 866 6733 & 698 3983.

**atvinna** o.fl.

## Ertu að leita að góðum starfsmanni?

### Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

**LESTUR:** DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

| | 20-40 ára |
|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 64,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 40,1% |
| *Styrkur Fbl. umfram Mbl.* | *46,0%* |

*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í mars sl. Tekið er tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

**Tæplega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins fram yfir Morgunblaðið. 60% Íslendinga á sama aldri *fletta ekki* sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.**

**allt**
- markvissar auglýsingar -

FM 98,9 BYLGJAN
-björt og brosandi

# Ný vídd í samlesnum auglýsingum

## eitt símtal



## fjórir sterkir auglýsingamiðlar




## allir landsmenn - margföld áhrif!



## - meiri tíðni - meiri útbreiðsla - lægra verð

**Við höfum endurskilgreint samlesnar auglýsingar:** Aldrei fyrr á Íslandi hafa samlesnar auglýsingar birst á sama tímabili í dagblaði, á netinu og á tveimur útvarpsstöðvum. Þessi nýi möguleiki gerir auglýsendum kleift að ná til fleira fólks á einfaldan og ódýran hátt.

**Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína sama daginn.**

**Þetta er einfalt.** Þú hringir inn auglýsinguna og borgar eitt fast verð á orðið. Auglýsingin er síðan samlesin á **Bylgjunni** og **Talstöðinni** og birt í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **Vísi**.

**Hringdu núna í 550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ
98,9 BYLGJAN
Talstöðin FM 90,9
vísir

## Atvinna í boði

Stýrimann, vélstjóra, matsvein og háseta vantar á 150 tonna dragnótabát.

**Upplýsingar í síma 894 4110.**

365

**Óskum eftir jákvæðum og hressum starfskrafti í þjónustuver okkar í hlutastarf**

Starfið felst að mestu í sölu á smáauglýsingum í Fréttablaðið og DV en þjónustuverið sér einnig um skiptiborð og móttöku.

Um er að ræða helgarvaktir auk tilfallandi vakta á virkum dögum.

Umsóknir berist á smaar@frettabladid.is merktar „Þjónustuver" fyrir 22. apríl 2005.

2 sýn digital ísland DV FRÉTTABLAÐIÐ

## Hótelrekstur á landsbyggðinni

Vopnafjarðarhreppur auglýsir rekstur **Hótels Tanga** á Vopnafirði til leigu. Unnið er að gagngerum endurbótum á hótelinu, sem lokið verður í júní nk. Leitað er eftir aðila, sem er tilbúinn að taka að sér spennandi en jafnframt krefjandi rekstur, hótels á Vopnafirði.

Æskilegt er að umsækjandi hafi rekstrarmenntun eða reynslu á sviði hótels- og veitingareksturs.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps í síma 473-1300 eða á netfangi *steini@vopnafjardarhreppur.is*

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, fyrir 15. apríl n. k.

**-Vopnafjarðarhreppur**

## Óskum að ráða til starfa:

Vana byggingarverkamenn á Grundartanga

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7 og í síma 530 2700 á skrifstofutíma kl. 8:15 - 17

www.istak.is

ÍSTAK

Ævintýraland Kringlunnar

## Ævintýraland Kringlunnar

## Rekstrarfulltrúi

Ævintýraland Kringlunnar óskar eftir rekstrarfulltrúa. Um er að ræða 100% starf sem felur í sér starfsmannaumráð og daglegan rekstur. Ráðið verður í starfið sem allra fyrst. Menntun í uppeldisfræðum er æskileg. Upplýsingar um menntun og starfsferil ásamt mynd sendist til:

Rekstrarfélags Kringlunnar
b.t. Ævintýraland
Kringlunni 4–12
103 Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

Kringlan MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

### TILKYNNINGAR

## HAGYRÐINGAKVÖLD

**Síðasta vetrardag, þann 20. apríl n.k. munu hagyrðingar hittast í félagsheimilinu Borg, Grímsnes-og Grafningshreppi og skemmta gestum með kveðskap.**

Hagyrðingar verða Dagbjartur Dagbjartsson, Þórdís Sigurbjörnsdóttir, Jói frá Stapa og Guðmundur Stefánsson. Stjórnandi verður Kristján Snorrason.

**Skemmtun hefst kl. 20.30 en húsið opnar kl. 19.30. Miðar verða seldir við innganginn, miðaverð 1.500 kr.**

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulag Snæfellsbæjar

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015 um Útnesveg Klifhraun, samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin fellst í að lagður verðu nýr vegarkafli Útnesvegar frá Gröf að Arnarstapa, fylgt verður leið 3 sem lýst er í matsskýrslu.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæ frá og með 13. apríl nk. til 04. maí 2005. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 04. maí 2005.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæ. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.**

SD GOURMET

***Sælkeradreifing ehf.*** auglýsir eftir sölumanni og starfsmanni á lager.

## Sölumaður

Óskum eftir duglegum og reyndum sölumanni sem getur hafið störf sem fyrst.
Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, þekkingu á íslenskum matvörumarkaði og að vera tilbúinn í að efla ungt og spennandi fyrirtæki.
Umsóknum skal skilað á info@sd.is merkt: Sala 2005 fyrir 20. apríl n.k.

## Starfsmaður á lager

Óskum eftir starfsmanni á lager sem jafnframt mun sinna útkeyrslustörfum.
Viðkomandi þarf að vera stundvís, reglusamur og reyklaus. Lágmarksaldur 25 ára. Meirapróf æskilegt, þó ekki áskilið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsækjendur sendi inn upplýsingar um fyrri störf á: info@sd.is merkt “Útkeyrsla 2005” fyrir 25. mars n.k.

SD GOURMET **Sælkeradreifing ehf.**
Gourmet Distribution
Klettháls 1a, 110 Reykjavík, sími 557 6500

## SKJÓL

Hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

**Sjúkraliðar.**
Sjúkraliðar óskast til starfa. Starfshlutfall samkomulag.

**Starfsfólk í aðhlynningu.**
Starfsfólk óskast við umönnun aldraðra, í fulla vinnu svo og í hlutastörf.

**Sumarafleysingar.**
Starfsfólk vantar í afleysingar í sumar.
Vinna við hjúkrun og umönnun aldraða er dýrmæt og góð reynsla.

Skjól er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi. Góð starfsaðstaða. Reyklaus vinnustaður.

**Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Vilhjálmsdóttir hjúkrunarforstjóri (*alla@skjol.is*) virka daga í síma 522-5600**

### FUNDIR

## Aðalfundur
### Samtaka lungnasjúklinga

Aðalfundur SLS verður haldinn 26. apríl næstkomandi í SÍBS húsinu, Síðumúla 6. Fundurinn hefst kl. 20.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Ath! lagabreytingar.

**Stjórnin**

FÉLAG ELDRI BORGARA

## Félag eldri borgara í Reykjavík

Félagsfundur verður í Ásgarði í Glæsibæ fimmtudaginn 14. apríl kl. 17.00.
Fundarefni: Kaup á húseign fyrir starfsemi félagsins.

**Stjórnin**

Sími 533-4800

MIÐBORG
fasteignasala

Laugavegur 182 - 105 Reykjavík
Fax 533-4811 - midborg@midborg.is

-Örugg fasteignaviðskipti!



**Björn Þorri,** hdl., lögg. fastsali
**Karl Georg,** hrl., lögg. fastsali
**Þorlákur Ómar,** Sölustjóri.
**Kristján,** sölumaður.
**Magnús,** sölumaður.
**Sigurður,** sölumaður.
**Fríður,** ritari.
**Perla,** ritari.
**Þórunn** ritari.

Opið mán.–fös. frá kl. 9-18, lau. frá kl. 11-14 Allar eignir á netinu: www.midborg.is




# Ránargata – Hótel

Glæsilegt og mjög vel staðsett 863 fm 3ja stjörnu hótel á besta stað við Ránargötu með 31 herbergi. Húsið sem er steinsteypt, er kjallari, fjórar hæðir og geymsluris. Í kjallara er þvottahús, lager, skrifstofa og tvö herbergi. Á 1. hæð er móttaka, borðsalur og eldhús. Herbergin á hæðunum eru 8 eins manns herbergi, 18 tveggja manna herbergi og 3 þriggja manna herbergi, alls 31 herbergi. Öll herbergin er með flíslagðri snyrtingu með sturtuklefa, flest endurnýjuð. Minibar, sjónvarp og sími er á öllum herbergjum.
Ris hússins er notað sem geymsla. Innréttingar, fastar og lausar, húsbúnaður og annað sem tilheyrir rekstri hússins í dag fylgir með. 5512. **Verð 210,0 millj.**

# Túngata





Stórglæsileg 280 fm húseign á þremur hæðum sem í dag er innréttuð sem gistiheimili auk 22,7 fm bílskúrs, alls 303,0 fm. Húsið sem er steinsteypt er mjög virðurlegt og skiptist í sex glæsilegar fullbúnar svítur/stúdíóíbúðir á þremur hæðum. Stúdíóíbúðirnar eru allar glæsilega innréttaðar, með eikarparketi, fallegu eldhúsi og flísalögðum baðherbergjum,með hornabaðkari. Húsið hefur fengið gott viðhald og búið er að skipta um þakjárn, rafmagn og rafmagnstöflu. 5513.
**Verð 90,0 millj.**

Líttu við á www.midborg.is og skráðu þig á eignavaktina

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
Síðumúli 27
108 Reykjavík
Sími 534 4040
Fax 534 4044
Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari



www.eignastyring.is

# GLÆSILEGT OG VEL STAÐSETT ATVINNUHÚSNÆÐI

Höfum fengið til sölumeðferðar 3.000 fm. verslunar-, skrifstofu og þjónustuhúsnæði í blómlegum verslunarkjarna í Reykjavík.

Húsnæðið sem býðir upp á fjölbreytta nýtingu verður laust eigi síðar en 1. september 2005.
Verð kr. 375.000.000,-

Upplýsingar gefa Erlendur 897-0199 og Kristján 896-6522.

Sími 534 4040

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur
Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is
Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17
Guðmundur St. Ragnarson • Lögg. fasteignasali og hdl.

## KLAPPARHLÍÐ 24, 270 MOSFELLSBÆR



**Falleg 4ja. herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi og sérafgirtum garði í suðvestur.**

Íbúðin sjálf er 90,5 fm. að stærð og geymslan 8,4 fm. Úr stofu er gengið út á ca. 20 fm. hellulagða verönd og afgirtan sérgarð í suðvestur. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á jarðhæð, auk hlutdeildar í sameiginlegri vagna- og hjólageymslu. Húsið er byggt árið 2001 af Íslenskum aðalverktökum, klætt með bárumálmklæðningu og harðvið. Allur frágangur er til fyrirmyndar! Sjónvarpstengi í öllum herbergjum. Breiðbandið í húsinu! Næg bílastæði á lóð. Einn eigandi frá upphafi.
Eign í nýju hverfi sem er í mikilli uppsveiflu. Ekki láta þessa eign sleppa!

Allar nánari upplýsingar veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölufulltrúi í síma: 822-9519

**Stærð: 98,9 fm.** **Brunabótamat: 14,9 mkr.**
**Byggingarár: 2001** **Afhending: Júlí 2005**
**Verð: 22,5 mkr**

VERÐMETUM SAMDÆGURS - EKKERT SKOÐUNARGJALD

# Nónhæð 4
## Garðabæ

Björt og falleg 4herb.íbúð með stórkostlegu útsýni úr stofu/borðstofu, útgengi á suður svalir. Eikarparket er á öllum gólfum. Eldhús/hvítri innréttingu sem hefur verið endurnýjuð að mestu, mosaikflísar milli skápa. Þvottahús innaf eldh. Herbergi eru stór og góð. Baðherb/með flísum á gólfi og vegg.






Verð: 23.500.000
Stærð: 102,3 fm
Fjöldi herb: 4
Byggingarár: 1992
Brunabótamat: 12,4 millj

Opið hús milli 18.00 og 19.00

RE/MAX BÚI
Sigurður Guðmundsson • Lögg.fasteignasali, hdl.



Svana
Sölufulltrui
866 9512
svana@remax.is

Guðrún
Sölufulltrui
821 9209
runa@remax.is

tíska o.fl.
SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA
[ KONUR 18-49 ÁRA Á ÖLLU LANDINU ]

allt
- markvissar auglýsingar -

Lesendur „Allts" er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og **eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.**

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við **„Allt"** er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. **„Allt"** er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

LESTUR/ÁHORF: NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *




*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l..

BIFRÖST fasteignasala
Brú milli kaupenda og seljenda
Vegmúla 2 • Sími 533-3344 • Fax 533-3345

# BÍLASALA Á BESTA STAÐ

Til sölu fullbúin aðstaða til bílasölu.
Um er að ræða mjög vel staðsett og innréttað húsnæði.
Ekki er verið að selja bílasöluna sem þarna er heldur eingöngu þá aðstöðu sem er til staðar.

**Nánari uppl. veitir Pálmi á Fasteignasölunni Bifröst í síma 533-3344.**


Pálmi B. Almarsson
Löggiltur fasteignasali

**SAMTENGD SÖLUSKRÁ FIMM FASTEIGNASALA**
**EIN SKRÁNING • MARGFALDUR ÁRANGUR • HUS.IS**

BIFRÖST Vegmúla 2 • Sími 533-3344 • Fax 533-3345 www.fasteignasala.is netfang: bifrost@fasteignasala.is

# Viðskiptatækifæri

Heimilisfang: Hólmasel 2
Stærð eignar: 117,8 fm
Fjöldi herb.: 3
Byggingarár: 1986
Brunab.mat: 14,9 millj.



40fm,60fm og tæp 20fm sem skiptast í 2 litlar íbúðir og 1stórt herbergi,allar eignirnar eru í útleigu.Góðar tekjur.
Uppl. gefur Halla Ruth.
Verð 16,4 millj.

Halla Ruth
S. 820-2188
halla@remax.is



RE/MAX Búi
Sigurður Guðmundsson löggildur fasteignasali

Tákn um traust
Beinir símar 595 9016 & 595 9032
Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali
**Fyrir fjárfesta eða eigin not – útleiguíbúðir – góðar tekjur.**

# TIL LEIGU

**VERSLUNARRÝMI OG SKRIFSTOFUHÆÐ**
**Með betri stöðum í borginni.**



Síðumúli 13, 108 Reykjavík. Annars vegar er til leigu 214 fm verslunarými á jarðhæð, auk 83 fm lagerrýmis með innkeyrsluhurð á neðri hæð, hringstigi á milli hæða. Stórir gluggar, góð birta og útsýni. Húsnæðið getur leigst í tveimur hlutum. HÚSNÆÐIÐ ER LAUST TIL AFHENDINGAR. Hins vegar skrifstofurými á þriðju, efstu, hæð samtals um 220 fm. Snyrtilegt og með öllu því sem þarf fyrir góða skrifstofu. Laust 1. júní n.k.

**Að sjálfsögðu vantar okkur alltaf eignir og verðmetum fyrir þig þér að kostnaðarlausu!**

Jón Víkingur
Símar: 595 9032
og 892 1316
jonvikingur@holl.is



Akkurat - fyrir þig!



# Barmahlíð

## Björt og rúmgóð 4-5 herb.

**Björt og rúmgóð 4-5 herb. íbúð á góðum stað í Hlíðunum með sérinngangi og sér bílastæði.**
Nánari lýsing: Góður og rúmur stigagangur á efri hæð. Stigapallur er með skápum. Gangur og með fataskápum. Eldhús með eldri beykiinnréttingum, flísum á milli skápa. Björt stofa og borðstofa með útgangi á suður svalir. Tvö parketlögð barnaherbergi með skápum í öðru. Stórt parketlagt hjónaherbergi með góðum skápum. Baðherbergi er með glugga, flísalagt í hólf og gólf, sturtubað og tengi fyrir þvottavél. Geymsluris er yfir íbúðinni. Sér geymsla í kjallar. Húsið í ágætu ástandi.

**Áhugasamir hafið samband við Viggó Sig.**
**594-5000 og 824-5066, viggo@akkurat.is**

Sími: 594 5000 Akkurat




VALHÖLL
FASTEIGNASALA
*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*
www.valholl.is - opið mán.– fimmtud. 9–17.30. Lokað um helgar
Ingólfur G. Gissurarson lögg.fasteignasali.



| Ingólfur | Bárður | Þóra | Kristinn | Magnús | Þórarinn | Margrét | Guðrún | Ellert |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| lögg. fasteignasali 896 5222 | sölustjóri 896 5221 | ritari | lögg. fasteignasali og viðskfr. | sölustjóri atvhúsn. 822 8242 | lögg. fasteignasali 899 1882 | skrifstofustjóri | skjalafrágangur | sölumaður 893 4477 |

**www.valholl.is - www.nybyggingar.is**
Þar finnur þú allar okkar nýbyggingar með myndum og góðri lýsingu.

# Grafarvogur – sjávarlóð



Vorum á fá í sölu á einstökum stað glæsilegt 255 fm einbýlishús. Húsið er sérlega fallegt og vel heppnað bæði út frá arkitektúr og útsýni. Húsið er sérlega bjart og býður uppá glæsilegt útsýni. 4 góð svefnherbergi. Bílskúrinn er tvöfaldur. Bjart hús með mikilli lofthæð. Fallegur skjólgóður garður með sólpalli. Einstök staðsetning við sjávarsíðuna. Hverfið er allt orðið gróið og stutt í skóla og alla þjónustu.



**Upplýsingar á Valhöll fasteignasölu s-588-4477 eða hjá Bárði sölustjóra 896-5221.**

# SJÓNARHORN



Vetrarríki í Landmannalaugum. Fréttablaðið/Vilhelm

# HVUNNDAGURINN



RAGNA FRÓÐA, FATA- OG TEXTÍLHÖNNUÐUR.

## Alltaf vakin af eldri dótturinni

**Í hverju felst starfið þitt?**
Ég rek fatahönnunarfyrirtækið Path of Love og hanna fatalínu undir sama nafni.

**Hvenær vaknar þú á morgnana?**
Ég er alltaf vakin af eldri dóttur minni stundvíslega klukkan 6.30 og er svo mætt í vinnuna á bilinu átta til níu.

**Hversu lengi vinnur þú?**
Ég reyni að vinna ekki lengur en til klukkan 16 en það getur dregist til klukkan 18. Það fer eftir dögum.

**Hvað er skemmtilegast við starfið?**
Það er að skapa og vera innan um skemmtilegt fólk.

**En erfiðast?**
Ekkert sem mér dettur í hug þessa stundina.

**Hvað gerir þú eftir vinnu?**
Eyði tíma með dætrum mínum.

**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?**
Nei, engan veginn.





Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur

Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001
Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík

ECC

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.933 **-1,38%**

**Fjöldi viðskipta:** 302
**Velta:** 2.863 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 0,36% | **SÍF** | -2,95% |
| **FL Group** | 0,35% | **Bakkavör** | -2,24% |
| **Kögun** | 0,17% | **KB banki** | -2,03% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,10 -1,20% ... Atorka 6,00 – ... Bakkavör 30,60 -2,24% ... Burðarás 13,80 -1,43% ... FL Group 14,15 +0,35% ... Flaga 5,75 – ... Íslandsbanki 12,45 -1,19% ... KB banki 531,00 -2,03% ... Kögun 60,10 +0,17% ... Landsbankinn 15,50 -0,64% ... Marel 56,40 +0,36% ... Og fjarskipti 4,05 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 10,80 – ... Össur 83,00 -1,19%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Atvinnuleysi minnkar enn

## Spennan minni en í síðustu uppsveiflu.

Nýjar tölur frá Vinnumálastofnun sýna að atvinnuleysi í mars var 2,6 prósent. Þetta er umtalsverð lækkun frá því í fyrra þegar atvinnuleysi í mars mældist 3,5 prósent.

Atvinnuleysi er heldur meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu eru 2,8 prósent án vinnu en aðeins 2,3 prósent á landsbyggðinni. Í báðum tilvikum er um minna atvinnuleysi að ræða en í febrúar.

Þessi þróun kemur Eddu Rós Karlsdóttur, forstöðumanni greiningardeildar Landsbankans, ekki á óvart. „Við erum að koma inn í topp hagsveiflunnar og í samanburði við atvinnuástandið þegar við vorum á svipuðum stað í síðustu uppsveiflu þá er spennan á vinnumarkaði miklum mun minni en þá. Það var því við því að búast að hún ykist og þetta er ekkert umfram það sem við bjuggumst við,“ segir hún.

Greiningardeild KB banka bendir á í Hálf fimm fréttum í gær að þróunin nú sé óvenjuleg því að allajafna aukist atvinnuleysi á þessum tíma árs. KB banki segir að séu atvinnuleysistölurnar leiðréttar út frá árstíðarsveiflum þá sé nú minnsta atvinnuleysi síðan í upphafi árs árið 2002. Þá bendir KB banki á að fjöldi lausra starfa hafi vaxið.

- þk



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR**
Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans segir að spenna á vinnumarkaði sé minni nú en í síðustu uppsveiflu.

# Carrefour á siglingu

Næststærsta verslunarkeðja heims, hin franska Carrefour, lýsti því yfir í gær að tekjur á fyrsta ársfjórðungi í ár væru 3,9 prósentum meiri en í fyrra.

Þrátt fyrir stærð sína hefur Carrefour ekki skilað viðunandi árangri á síðustu misserum og er einkum um að kenna lélegum árangri í Frakklandi. Nýverið var forstjórinn rekinn og hlutabréf í félaginu hafa fallið í verði.

Sala í verslunum Carrefour á fyrsta ársfjórðungi var tæplega tuttugu milljarðar evra – sem samsvarar næstum tvö þúsund milljörðum íslenskra króna.

- þk



**VERÐMÆTI Á HÖRÐUM DISKUM**
Hægt er að misnota persónuupplýsingar sem víða er að fnna hjá fyrirtækjum og stofnunum.

# Gagnastuldur vekur ugg

Viðkvæmar persónuupplýsingar um ríflega þrjú hundruð þúsund manns eru í höndum tölvuþrjóta sem brutust inn í gagnabanka hjá dótturfyrirtæki gagnafyrirtækisins LexisNexis.

Gögnin sem þrjótarnir hafa undir höndum eru þó ekki sögð vera fjárhagsleg eðlis. Misnotkun getur hins vegar falist í því að nota stolnar persónuupplýsingar til ýmiss konar skráningar og þjónustupöntunar. Þá munu gögnin einnig innihalda leyniorð sem notendur hafa vistað.

LexisNexis hefur sætt gagnrýni fyrir að safna upplýsingum um fólk og gefa stjórnvöldum færi á að nýta sér þær.





www.icelandair.is/serferdir

Njótið lífsins í Florida



Ferðir fyrir eldri borgara til

St. Petersburg Beach í Florida

í vor og haust – Íslenskur fararstjóri

Verð frá 89.900 kr.*
á mann í tvíbýli á Alden Beach Resort

* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, akstur til og frá flugvelli erlendis, gisting í 10 nætur (9 nætur 8. maí) á Alden Beach Resort á St. Petersburg Beach og 1 nótt á Florida Mall-hótelinu á leiðinni heim, íslensk fararstjórn og þjónustugjald.

8. - 18. maí - Fararstjóri: Þráinn Þorleifsson.
30. sept. - 11. okt. - Fararstjóri: Gunnar Þorláksson.
8. - 19. nóv. - Fararstjóri: Gunnar Þorláksson.

Fjölbreytt dagskrá

Í ferðunum verður margvíslegt í boði til skemmtunar og hressingar, morgunhreyfing, gönguferðir, skoðunarferðir, danskennsla í haustferðum, félagsvist, bingó og kvöldskemmtanir og ferðafélögum gefst kostur á að fara saman út að borða.

**Sólskinsríkið Florida er paradís eldri borgara**

Hafið samband við hópadeild s. 50 50 406 eða groups@icelandair.is



Alden Beach Resort Gunnar Þorláksson Þráinn Þorleifsson

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

Icelandair tekur við MasterCard ferðaávísun í allt flug, þ.m.t. netflug

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is



**SAMUEL BARCLAY BECKETT (1906-1989)** fæddist kannski þennan dag.

*„Ekkert er fyndnara en óhamingjan, skal ég segja ykkur. Jú, jú, hún er spaugilegasti hlutur í heimi.“*

***Írski rithöfundurinn, leikrita-, ljóðskáldið og Nóbelsverðlaunahafinn Samuel Beckett stóð á því fastar en fótunum að hann hefði fæðst á föstudaginn langa, 13. apríl árið 1906. Á fæðingarvottorð hans er hins vegar skráður dagur mánuði síðar. Frægastur er hann trúlega fyrir leikritið Beðið eftir Godot.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Sidney Poitier fékk Óskarinn*

Þennan dag árið 1964 varð Sidney Poitier fyrsti svarti leikarinn til að fá Óskarsverðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki, en þau fékk hann fyrir kvikmyndina *Lilies of the Field*. Í myndinni lék hann byggingaverkamanninn Homer Smith sem hópur nunna taldi að væri himnasending og væri ætlað að byggja handa þeim kirkju. Þetta var í annað sinn sem Poitier var tilnefndur.

Blökkumanneskja hafði bara einu sinni áður fengið Óskarsverðlaun, en þau hlaut Hattie McDaniel árið 1939 fyrir hlutverk sitt í *Gone with the Wind*. Ásamt Sammy Davis Jr. og Paul Robeson áður, var Sidney Poitier einn af örfáum blökkumönnum sem einhverja viðurkenningu hlutu í Hollywood fyrir hlutverk sem ekki fólu í sér dans eða söng.



**13. APRÍL 1964**

Þegar verðlaunin voru afhent vakti töluverða hneykslan í Bandaríkjunum sakleysislegur koss sem leikkonan Ann Bancroft smellti á vanga Sidneys, en þremur árum síðar var hann annar helmingurinn í fyrsta „blandaða“ kossi kvikmyndatjaldsins í myndinni *Guess Who's Coming to Dinner?*

Verðlaunamyndin var hins vegar í röð vinsælla mynda sem Sidney Poitier lék í á síðari hluta sjöunda og fyrri hluta áttunda áratugar síðustu aldar. Þar á meðal var *In the Heat of the Night*, þar sem Poitier var í sínu frægasta hlutverki sem rannsóknarlögreglumaðurinn Virgil Tibbs.

Árið 2002 fengu Denzel Washington og Halle Berry Óskar óskarinn sem besti leikari og leikkona, fyrst blökkumanna síðan Poitier vann til sinna verðlauna. Á sömu hátíð fékk Sidney Poitier verðlaun fyrir framlag sitt til kvikmynda um ævina.

## MERKISATBURÐIR

**1203** Guðmundur Arason, hinn góði, var vígður Hólabiskup.

**1565** Danakonungur staðfesti löggjöf um stóradóm sem fjallaði um brot í siðferðismálum.

**1742** G. F. Händel stýrir fyrstu uppfærslu „Messíasar“ í Dyflini.

**1796** Her Frakka undir stjórn Napóleons Bonaparte sigrar Austurríkismenn við Millesimo á Norður-Ítalíu.

**1981** Janet Cooke, blaðamaður Washington Post, fær Pulitzer-verðlaun fyrir grein um átta ára gamlan heróínfíkil að nafni „Jimmy“. Hún afsalar sér verðlaununum tveimur dögum síðar og játar að hafa skáldað söguna.

**1998** Þrír bankastjórar Landsbankans segja af sér í kjölfar umræðna um laxveiðikostnað og fleira.

## AFMÆLI



**Geirmundur Valtýsson** tónlistarmaður er 61 árs í dag.

**Gunnar Scheving Thorsteinsson** skipstjórnarmaður er 58 ára í dag.



**Lára Valgerður Júlíusdóttir** hæstaréttarlögmaður er 54 ára í dag.



**Illugi Jökulsson** útvarpsstjóri er 45 ára í dag.



**Jóhann Hlíðar Harðarson** fréttamaður er 42 ára í dag.



**Torfi Ólafsson** kraftlyftingamaður er fertugur í dag.



**Brynja X. Vífilsdóttir** fv. þula og fyrirsæta er 32 ára í dag.

## TÍMAMÓT: RÚNAR JÚLÍUSSON SEXTUGUR

# Bítillinn blæs í lúðra þegar núllin bætast við

„Ætli það standi ekki upp úr að hafa lifað af og að hafa getað lifað af tónlist svona lengi,“ segir Rúnar Júlíusson rokkari sem er sextugur í dag. Hann ætlar að fagna tímamótunum með tónleikum í Stapanum í kvöld fyrir fjölskyldu, vini og aðra velunnara. „Þetta verður þokkaleg afmælis- og tónlistarveisla,“ segir Rúnar sem verður viðstaddur veisluhöldin, ólíkt kollega sínum Megasi sem var fjarri góðu gamni á sínu sextugsafmæli. „Við erum af ólíkum toga þótt við séum báðir í rokkinu,“ segir Rúnar og hlær.

Hann kveðst ekki vera mikið afmælisbarn. „En ég blæs gjarnan í lúðra þegar núllin bætast við og lít yfir farinn veg.“ Rúnar hélt síðast veglega upp á afmælið þegar hann varð fimmtugur. „Þá fór ég í kaupstaðinn og var með tónleika á Broadway. Ég hef hins vegar ákveðið að halda mig á heimavelli í þetta sinn.“ Rúnar kveðst ekki muna eftir sérstakri afmælisgjöf sem standi upp úr þegar hann lítur til baka. „Enda ákvað ég að hafa yfirskriftina Gott er að gefa,“ segir hann hlæjandi.



**RÚNAR JÚLÍUSSON** Fékk Hjálma til að leika undir og syngja bakraddir á nýjustu plötu sinni, Blæbrigði lífsins, sem kemur út í dag.

Rúnar gerir meira en að halda tónleika í tilefni dagsins, því hann gefur líka út geisladisk. „Ég fékk björtustu von Íslands, Hjálma, mér til fulltingis og þeir sjá um undirleik og bakraddir. Það eru hinir og þessir tónlistarstraumar á plötunni, enda heitir hún Litbrigði lífsins.“ Rúnar er hokinn af reynslu í tónlistarbransanum en segist enn eiga auðvelt með að semja lög. „Mér hefur alltaf gengið ágætlega að semja og á hverjum áratug hef ég gefið út plötu sem hefur selst í gull. Við sjáum hvernig fer þegar ég renn inn í sjöunda áratuginn.“

Fyrir nokkrum árum færði Rúnar út kvíarnar og byrjaði að gefa út plötur undir merkjum Geimsteins, sem einnig rekur hljóðver. Hann segist líta á útgáfustarfið sem ánægjulega viðbót við tónlistarsköpunina. „Það er gaman að geta gert þetta og gefa öðrum tækifæri.“

Afmælistónleikarnir hefjast í Stapanum klukkan 19 í kvöld og eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. ■



*Elsku dóttir okkar og systir,*

**Stella Björnsdóttir**

Rauðahjalla 15, Kópavogi,

lést á heimili sínu þann 10. apríl. Jarðarför auglýst síðar.

**Regína Wedhold Gunnarsdóttir, Björn Gunnlaugsson, Jóna Karel Wedholm Björnsdóttir, Albert Ásvaldsson og Gunnlaugur Björnsson.**



*Þökkum af alhug öllum þeim sem sýndu okkur umhyggju og samúð við fráfall foreldra okkar,*

**Einars Ólafssonar** d. í maí 2004

**Hansínu Þorkelsdóttur** d. í mars 2005.

Öllu starfsfólki krabbameinslækningadeildar LSH þökkum við fyrir frábæra umönnun og hlýhug. Enn fremur fær hjúkrunarþjónustan Karitas kærar þakkir fyrir ómetanlegan þátt í ferlinu öllu.

**Unnur Einarsdóttir** — **Rafn Baldursson**
**Guðrún Einarsdóttir** — **Hjörtur Páll Kristjánsson**
**Þorkell Einarsson** — **Rut Marsibil Héðinsdóttir**
**Gerður Einarsdóttir** — **Þorsteinn Sveinbjörnsson**
**Ólafur Hjalti Einarsson** — **Sólveig Victorsdóttir**
**Sveinn Ingvar Einarsson** — **Karin Margareta Johanson**
**Pálmi Einarsson**
**Jóhanna Einarsdóttir** — **Gísli Guðmundsson**
**Ari Einarsson** — **Berglind Jónsdóttir**
**Snorri Páll Einarsson** — **Elín Lára Jónsdóttir**
**Unnur Helga Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

# Systir ráðherra ný á Alþingi

Katrín Ásgrímsdóttir kom til starfa á Alþingi í lok mars. Hún er annar varaþingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.

Katrín segir vinnuna afskaplega áhugaverða og kærkomið að geta haft áhrif á samfélagið. Samstarfsfólkið segir hún afar indælt og lætur vel að því að vinna undir stjórn stóra bróður síns, Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins, sem sé ósköp góður við litlu systur sína.

Ekki mun þetta þó, að sögn Katrínar, vera í fyrsta skipti sem eldri bróðir er fyrir ofan hana í goggunarröðinni á vinnustað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KATRÍN ÁSGRÍMSDÓTTIR** Katrín er annar varaþingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi. Hún er yngri systir Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra, formanns Framsóknarflokksins.

Áður hefur hún verið kokkur á sjó þar sem Ingólfur, annar bróðir hennar, var skipstjóri. **- áhi**

## ANDLÁT

**Jóna G. Waage**, Lindarsíðu 31, Akureyri, lést fimmtudaginn 31. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Dagur Halldórsson**, Ljósheimum 22, Reykjavík, lést föstudaginn 1. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Geir Björgvinsson**, bifreiðastjóri, lést miðvikudaginn 6. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðný Stefánsdóttir**, frá Mjóeyri, Eskifirði, hjúkrunardeild Kumbaravogs, Stokkseyri, lést fimmtudaginn 7. apríl.

**Kristín Andrea Sæby Friðriksdóttir**, Hrafnistu, Reykjavík, lést fimmtudaginn 7. apríl.

**Jóhann Friðjónsson**, arkitekt, Hesthömrum 10, Reykjavík, lést föstudaginn 8. apríl.

**Hróðný Pálsdóttir**, elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður á Skólabraut 5, Seltjarnarnesi, lést laugardaginn 9. apríl.

**Jóhanna Loftsdóttir**, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, lést laugardaginn 9. apríl.

**Sigrún Hulda Jónsdóttir**, Reynihvammi 33, Kópavogi, lést laugardaginn 9. apríl.

## JARÐARFARIR

13.30 **Elín Magnea Stephensen**, Brekkugötu 13, Vogum, verður jarðsungin frá Kálfatjarnarkirkju.

13.30 **Sigrún Ingimarsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, áður Lækjargötu 9a, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1743 Thomas Jefferson, 3. forseti Bandaríkjanna.



1904 Lily Pons, óperusöngvari.



1939 Paul Sorvino, leikari.



1939 Seamus Heaney, skáld og Nóbelsverðlaunahafi.



1950 Ron Perlman, leikari.



1963 Garry Kasparov, skákmeistari.



1964 Caroline Rhea, leikkona.



1970 Rick Schroder, leikari.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

# Kvennabaráttan mætir andstöðu

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu næstu tvo daga í tilefni af 75 ára afmæli Vigdísar hinn 15. apríl næstkomandi. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Samræða menningarheima“.

Kristín Ástgeirsdóttir er einn af lykilfyrirlesurum á ráðstefnunni og stígur í stúku á föstudag. „Ég ætla að renna mér fótskriðu í gegnum sögu kvennabaráttunnar og draga fram þann árangur sem náðst hefur. En einnig að benda á það að kvennabaráttan hefur alltaf mætt mikilli andstöðu og það hafa skipst á skin og skúrir. Það bendir margt til þess að við séum stödd í bakslagi og verið sé að ýta konum til baka.“ Til að mynda hefði á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í mars komið í ljós að helsti andstæðingur málefna kvenna væru Bandaríkin en árið 1995 hefðu það verið Vatíkanið og íslömsku ríkin.

Kristín telur framboð og forsetatíð Vigdísar hafa skipt mjög miklu máli. „Ég tel að það hafi verið mjög mikils virði að hafa konu sem forseta. Hún var fyrirmynd og það ólst heil kynslóð upp við það að hafa konu sem forseta.



**KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR** Heldur fyrirlestur um sögu kvennabaráttunnar á ráðstefnunni „Samræða menningarheima“.

Þessi sýnileiki sýnir að konur eiga alls staðar erindi og það brýtur niður gamla fordóma.“ Kristín segir að Vigdís hafi sannarlega ekki látið deigan síga þrátt fyrir að vera orðin 75 ára og láti enn mjög til sín taka í baráttunni fyrir rétti kvenna. ■












**Aðal leikur dagsins**

**Liverpool í heimsókn hjá Juventus**

Liverpool sækir Juventus heim í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar og reynir að verja 2–1 forskot sitt frá því í fyrri leiknum á Anfield. Sigurvegarinn mætir liði Chelsea í undanúrslitunum og því er eftir miklu að slægjast hjá báðum liðum.

# sport

sport@frettabladid.is

**KEFLVÍKINGURINN SVERRIR SVERRISSON:** STENDUR Á TÍMAMÓTUM ÞESSA DAGANA

## *Vill þjálfa en er hugsanlega hættur að spila*

Það er óhætt að segja að það hafi verið í mörg horn að líta fyrir Keflvíkinginn Sverri Sverrisson í vetur. Hann lék lykilhlutverk í Íslandsmeistaraliði Keflavíkur og stýrði einnig kvennaliði félagsins til Íslandsmeistaratitils. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að síðasta tímabil hefði verið mjög strembið, þótt allt hafi gengið vel að lokum. „Þetta var mikið púsluspil og í raun ótrúlegt að þetta hafi gengið svona vel miðað við það að ég hafði engan aðstoðarþjálfara með kvennaliðið. Ég þurfti reyndar að fá Guðjón Skúlason til að taka tvær æfingar fyrir mig vegna Evrópukeppninnar en það var það eina. Þetta var mikið andlegt álag og ég veit ekki hvort ég hef áhuga á því að fara í gegnum annan svona vetur. Ég myndi í það minnsta vilja fá aðstoðarþjálfara," sagði Sverrir.

Hann sagðist eiga von á því að hann myndi stýra kvennaliðinu á komandi tímabili. „Það hefur ekki verið skrifað undir neitt en stjórnin talaði við mig fyrir nokkru síðan og lýsti yfir áhuga á því að hafa mig áfram. Ég vil líka halda áfram enda stefni ég því að leggja þjálfun fyrir mig í framtíðinni."

Sverrir lék mjög vel með Keflavík í vetur og var af flestum talinn vera besti varnarmaður deildarinnar. Hann sagði að eins og staðan væri í dag þá væri hann líklega hættur að spila. „Mér líður þannig í dag en það getur vel verið að ég fái fiðring í tærnar þegar nær dregur móti og ég byrji að spila á nýjan leik. Ég er hins vegar búinn að fá mig fullsaddann af körfubolta í bili og ætla að nota næstu vikur til að hvíla mig," sagði Sverrir Sverrisson, tvöfaldur Íslandsmeistari með Keflavík.



### > Við fögnum því ...



... að íslenskir handboltamenn eru að gera góða hluti með liðum sínum í Evrópukeppni félagsliða í vetur og öðlast um leið ómetanlega reynslu. Þrír íslenskir leikmenn spila úrslitaleiki í vor, Ólafur Stefánsson (Ciudad Real), Guðjón Valur Sigurðsson (Essen) og Arnór Atlason (Magdeburg).

### > Við gleðjumst með ...



... Eiði Smára Guðjohnsen sem er annað árið í röð kominn alla leið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu. Eiður Smári og félagar hans unnu góðan sigur í München í gær. Eiður Smári bjargaði meðal annars á línu á mikilvægum tímapunkti í leiknum og stóð fyrir sínu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

10 11 12 **13** 14 15 16

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 17.15 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.



- 18.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Juventus** og **Liverpool** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 18.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn 2. Bein útsending frá leik **PSV Eindhoven** og **Lyon** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 20.40 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **PSV Eindhoven** og **Lyon** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 22.30 **Olíssport** á Sýn.
- 23.45 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Juventus** og **Liverpool**.
- 01.25 **World Series of Poker** á Sýn.

# Chelsea og AC Milan í undanúrslit

**Eiður Smári og félagar eru komnir í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu annað árið í röð þrátt fyrir 2–3 tap gegn Bayern München. AC Milan var 1–0 yfir gegn Inter þegar leikurinn var flautaður af.**

**FÓTBOLTI** Chelsea og AC Milan tryggðu sér væntanlega sæti í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu í gær en þá fóru fram seinni leikir liðanna í átta liða úrslitunum. Það dugði ekki Bayern München að vinna 3–2 því Chelsea vann fyrri leikinn 4–2 og 6–5 samanlagt. AC Milan var síðan í góðum málum þegar leikurinn var flautaður af.

Það má segja að bæði lið Chelsea og AC Milan hafi farið langleiðina með því að tryggja sér sætið í undanúrslitunum á sama augnabliki því á 30. mínútu á báðum leikjum komust gestaliðin yfir í 0–1 og um leið varð von heimaliðanna afar veik enda hvort um sig þremur mörkum undir samanlagt.

Eftir góða byrjun hjá liði Bayern München kom mark FrankS Lampard upp úr þurru og vakti um leið upp sárar minningar úr fyrri leiknum. Aftur komst Chelsea 1–0 yfir eftir að Lucio varð fyrir skoti og truflaði Oliver Kahn í markinu. Claudio Pizarro jafnaði leikinn um miðjan seinni hálfleik með rangstöðumarki en Didier Drogba kom Chelsea yfir með laglegu skallamarki eftir glæsilega fyrirgjöf frá Joe Cole sem lagði upp bæði mörk Chelsea í leiknum. Bayern München skoraði síðan tvisvar eftir að Eiði Smára Guðjohnsen hafði verið skipt útaf en mörkin komu of seint og Chelsea lifði á tveggja marki sigri sínum í fyrri leiknum.

Eiður Smári fékk afar ódýrt gult spjald í upphafi seinni hálfleiks í boði spænska dómarans Manuel Gonzalez og leikaraskaps Frakkans Willy Sagnol sem lét sig detta með tilþrifum. Þetta er annað árið í röð sem Eiður Smári og félagar hans í Chelsea komast í undanúrslitin en í fyrra slógu þeir út Arsenal í átta liða úrslitunum. Chelsea mætir sigurvegaranum úr einvígi Liverpool og Juventus sem mætast í Torinó í kvöld.

AC Milan hafði 1–0 forustu gegn nágrönnum sínum í Inter þegar leikurinn var flautaður af þegar um það bil 15 mínútur voru til leiksloka. Ástæðan var óeirðir á pöllunum sem og flugeldar sem hent var inn á völlinn og því ákvað þýski dómarinn Markus Merk að flauta leikinn af. Það er ekki ljóst hvort þetta verða lokatölur leiksins en aganefnd UEFA mun hittast og ákveða til hvaða aðgerða verður gripið.

### *Meistaradeild Evrópu*

**BAYERN MÜNCHEN–CHELSEA 3–2**
0–1 Frank Lampard (30.), 1–1 Claudio Pizarro (65.), 1–2 Didier Drogba (80.), 2–2 José Guerrero (90.), 3–2 Melmet Scholl (90.).

**Chelsea** vann 6-5 samanlagt og mætir Liverpool eða Juventus í undanúrslitum.

**INTERNAZIONALE–AC MILAN 1–o**
0–1 Andriy Shevchenko (30.). Leikurinn var flautaður af á 75. mínútu.

**AC Milan** vann 3-0 samanlagt og mætir PSV eða Lyon í undanúrslitum ef úrslit leiksins standa eftir fund aganefndar UEFA.



**HÁPUNKTAR KVÖLDSINS** Hér fyrir ofan sést Frank Lampard koma Chelsea í 0–1 og í algjöra lykilstöðu og hér fyrir neðan er staða mála í nágrannaslagnum í Milanó rétt áður en leikurinn var flautaður af vegna óláta áhorfenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP








## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *DHL-deild kvenna*

### *Undanúrslit 1. leikur*

**HAUKAR–VALUR 33–19 (15–6)**
**Mörk HAUKA:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 11/3, Ramune Pekarskyte 7, Inga Fríða Tryggvadóttir 4, Harpa Melsted 4, Erna Þráinsdóttir 2, Ragnhildur Guðmundsdóttir 2/1, Anna Halldórsdóttir 1, Áslaug Þorgeirsdóttir 1, Martha Hermannsdóttir 1.
**Varin skot:** Kristina Matuzeviciute 4, Helga Torfadóttir 11/1.
**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 7/5, Arna Grímsdóttir 3, Katrín Andrésdóttir 3, Lilja Valdimarsdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 2, Díana Guðjónsdóttir 1, Soffía Rut Gísladóttir 1. **Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 17/1.

Staðan er 1–0 fyrir **Hauka**.

**ÍBV–STJARNAN 20–19 (12–11)**
**Mörk ÍBV:** Alla Gokorian 6/3, Eva Björk Hlöðversdóttir 5/4, Guðbjörg Guðmannsdóttir 4, Darinka Stefanovic 2, Tatjana Zukovska 2, Anastasia Patsion 1, .
**Varin skot:** Florentina Grecu 17.
**Mörk Stjörnunnar:** Anna Blöndal 5, Hekla Daðadóttir 4/4, Kristín Guðmundsdóttir 3, Ásdís Sigurðardóttir 3, Hind Hannesdóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir, Elzbieta KowaL 1.
**Varin skot:** Jelena Jovanovic 11, Helga Vala Jónsdóttir 2/2.

**Eva Björk Hlöðversdóttir** skoraði sigurmark ÍBV úr vítakasti þegar 20 sekúndur voru eftir. Stjarnan fékk síðustu sóknina en tókst ekki að nýta hana og ÍBV fagnaði sigri.
Staðan er 1–0 fyrir **ÍBV**.



**MÆTTUR TIL LEIKS** Djibril Cisse er búinn að ná sér eftir fótbrot.

Liverpool mætir Juventus í Meistaradeildinni í kvöld:

# Cisse óvænt í hópnum

**FÓTBOLTI** Franski framherjinn Djibril Cisse hefur mjög óvænt verið kallaður inn í leikmannahóp Liverpool fyrir síðari leik liðsins við Juventus í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Eins og kunnugt er fótbrotnaði Cisse illa í leik gegn Blackburn í október og það var ekki fyrr en fyrir tveimur vikum sem hann hóf að sparka í bolta á ný.

„Hann mun ekki byrja leikinn en það gæti verið að við notum hann síðustu 20 mínúturnar eða svo. Hann sagðist fyrst vera tilbúinn fyrir tveimur vikum en við vildum vera alveg vissir áður en við völdum hann í hópinn,“ segir Rafael Benitez, sem mun ekki geta stillt upp Steven Gerrard í sínu liði í kvöld vegna smávægilegra meiðsla fyrirliðans. Talið er líklegt að Xabi Alonso verði settur beint í byrjunarliðið í stað Gerrards eftir þriggja mánaða hliðarlegu vegna meiðsla.

„Mér líður ömurlega,“ segir Gerrard sem lýsir leiknum sem þeim stærsta sem hann hefur misst af með Liverpool. Hann ferðaðist ekki með liðinu til Tórínó-borgar á mánudag. „Ég verð heima í sjúkrameðferð en mun horfa á leikinn í sjónvarpinu. Ég þoli það ekki. Þetta verður eins og á HM 2002 þegar ég þurfti að sitja heima alla keppnina. Ömurlegt,“ segir Gerrard.

Fabio Capello hjá Juventus segir að lykillinn að því að sitt lið komist áfram sé þolinmæði. „Við þurfum að vera skynsamir og megum ekki flýta okkur um of að skora. Liverpool er stórhættulegt í skyndisóknum sínum og við verðum að koma í veg fyrir þær,“ segir Capello, sem mun verða án David Trezeguet sem er meiddur. Pavel Nedved segist hafa lært mikið af fyrri leiknum gegn Liverpool og horfði auk þess á leik þeirra gegn Man.City í Englandi um helgina. „Nú veit ég að það má aldrei gleyma sér gegn Liverpool. Þá refsar liðið manni,“ segir Nedved.

Leikur Liverpool og Juventus verður að sjálfsögðu sýndur í beinni útsendingu á Sýn kl. 18.45 í kvöld og strax að honum loknum verður sýnt frá hinum leik kvöldsins, viðureign PSV og Lyon.










# Alltaf þægilegt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA : Syngjandi hundur og tröllvaxinn gullfiskur

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** TELUR AÐ GÆLUDÝR AUÐGI ANDANN.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég las það í Fréttablaðinu að það væri verið að þróa bóluefni fyrir fólk með dýraofnæmi. Ég fagna því heilshugar því fáum vorkenni ég meira en þeim sem eru með ofnæmi fyrir dýrum.

Við fjölskyldan eigum tvö gæludýr núna, gullfiskinn Ögmund og hundinn Ronju Rafvirkjadóttur – eins og hún er gjarnan nefnd. Ögmundur heitir í höfuðið á Ögmundi Jónassyni þingmanni; ég læt það liggja milli hluta hvers vegna. Ögmundur praktíserar aðallega munngeiflur, gjarnan smellir hann í vatnsyfirborðinu með munninum auk þess sem hann á það til að framleiða brúnar skítaræmur með endaþarminum sem miðað við líkamsstærð eru þær lengstu sem ég hef nokkurn tíma séð, geri aðrir betur. Ég efast jafnvel um að nafni hans geti gert betur þó svo að sómamaður sé.

Ögmundur er stór sem ýsa og fyllir næstum út í fiskabúrið núna. Hann tók skyndilega vaxtarkipp fyrir nokkrum árum þegar skipt var um fæði. Grunur er um að nýja fæðið hljóti að hafa innihaldið einhvers konar stera.

Ronja er blendingur af íslenskum fjárhundi, schäfer og siberian husky. Venjulegur dagur hjá Ronju er þannig að hún vaknar, ýlfrar, dillar rófunni, kætir heimilisfólk, spangólar við píanóleik, pínir heimilisfólkið út í eitt stykki göngutúr og geltir á ketti sem voga sér inn í garðinn. Mér þykir svo vænt um hana að þegar hún kúkar þá næ ég í poka og set kúkinn í pokann. Þetta er nokkuð sem ég geri ekki fyrir neinn annan. Ég leyfi henni meira að segja að sleikja mig í framan þó svo að ég viti að hún sleiki rassinn sinn með sömu tungu. Það er kannski eitthvað sem ég ætti að endurskoða.

Í gegnum tíðina hef ég, auk Ronju og Ögmundar, átt alls þrjár hvítar mýs, þrjá hamstra, tvo páfagauka og ótalmarga fiska. Einnig hafa salamandra og tvær kanínur dvalið heima fyrir tilstilli litlu systur minnar. Ég trúi því statt og stöðugt að ég sé vegna þeirra allra mun betri manneskja. ■


# framtíðar frumkvöðlar

**Málþing um mótun nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar**

**Grand Hótel, 15. apríl 2005, 08:30-15:00**

**Dagskrá**

- **08:30 Skráning**
- **09:00 Setning** – Ólafur Proppé, Kennaraháskóli Íslands
- **09:10 InnoEd verkefnið - Hagnýting tölvutækni og fjarkennslu í nýsköpunarmennt** – Dr. Rósa Gunnarsdóttir, Leeds University
- **09:40 Nýsköpunarkennsla í grunnskólum** – Svanborg R. Jónsóttir, Andrea M. Burgherr og nemendur úr Þjórsár- og Foldaskóla
- **10:00 Ávinningur af frumkvöðlafræðslu** – G.Ágúst Pétursson, Frumkvöðlafræðslan
- **10:20 Frumkvæði – frumkvöðlafræðsla í íslenskum skólum** – Karl Friðriksson, Iðntæknistofnun
- **10:40 Kaffihlé**
- **11:00 Evrópuverkefnið Young Entrepreneur Factory** – Björn Gíslason, Impra nýsköpunarmiðstöð
- **11:20 Junior Achievement á Íslandi – brú milli mennta og atvinnulífs** – Gunnar Jónatansson, JAI
- **11:40 Nýsköpun?!?!** – Guðmundur Oddur Magnússon, Listaháskóli Íslands
- **12:00 Hádegishlé**
- **13:00 Af hverju þurfum við frumkvöðlamenntun á háskólastigi?** – Rögnvaldur Sæmundsson, Háskólinn í Reykjavík
- **13:20 Reynslunni ríkari, góður undirbúningur og tækifæri viðskiptalífsins** – Örn Daníel Jónsson, Háskóli Íslands
- **13:40 Ávarp menntamálaráðherra** – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
- **14:00 Pallborðsumræður** – Rósa Gunnarsdóttir, Leeds University; Guðrún Þórsdóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur; Þorsteinn Sigfússon, Háskóli Íslands; Karl Friðriksson, Iðntæknistofnun; Kristrún Ísaksdóttir, Menntamálaráðuneytið
- **15:00 Málþingsslit**

**Fundarstjóri: Stefán Jón Hafstein**
**Málþingið er öllum opið og er þátttökugjald 4.500 kr.**
**Innifalið er hádegismatur og kaffiveitingar.**

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ · INNOED · impra nýsköpunarmiðstöð · KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS · FRUMKVÖÐLAFRÆÐSLAN · ÞJÓRSÁRSKÓLI

**Skráning í netfanginu bjorng@iti.is**

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Impru nýsköpunarmiðstöðvar, www.impra.is/framtid**


## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



# Langar að leika Díönu Ross

Beyoncé Knowles fór nýlega í leikprufu fyrir nýja kvikmynd sem byggð er á sögu Díönu Ross og The Supremes. Myndin mun heita Dreamgirls og kemur Knowles til greina í aðalhlutverkið. Framleiðslufyrirtæki Stevens Spielberg, Dreamworks, framleiðir myndina, sem verður leikstýrt af Bill Condon.

Sagan hefur áður verið notuð í söngleik sem sýndur var á Broadway snemma á níunda áratugnum og naut mikilla vinsælda. Beyoncé hefur áður leikið í myndum eins og Austin Powers: Goldmember og The Fighting Temptations og mun einnig sjást í nýrri mynd um Bleika Pardusinn. Þeir Steve Martin og Kevin Kline leika einnig í þeirri mynd. ■



**BEYONCÉ KNOWLES** Hún fór nýlega í leikprufu fyrir kvikmynd um Díönu Ross og The Supremes.



**KATE WINSLET** Hún lætur sér afar annt um fjölskylduna að eigin sögn og segist aldrei myndu taka Hollywood fram yfir eiginmanninn og börnin.

# Fjölskyldan gengur fyrir

Kate Winslet segist alltaf munu taka fjölskylduna fram yfir Hollywood. Kate á fjögurra ára gamla dóttur, sem heitir Mia, með fyrrverandi eiginmanni sínum, Jim Threapleton, og eins árs gamlan strák að nafni Joe með eiginmanni sínum Sam Mendes. „Það snýst allt um börnin mín, allt. Ég gæti ekki andað án þeirra. Ég mun aldrei taka Hollywood fram yfir hjónabandið eða fjölskylduna mína," segir Winslet, sem leikur í sex myndum á þessu ári.

Hún hefur nýlokið tökum á myndinni All the King's Men þar sem Jude Law fer einnig með hlutverk og brátt snýr hún sér að kynningarstarfi í sambandi við myndina Romance and Cigarettes sem kemur út í ágúst. ■



**KYLIE MINOGUE** Hún er komin með nýtt áhugamál og lærir nú stíft að spila á trommur.

# Kylie trommar

Kylie Minogue er komin með nýtt áhugamál – að spila á trommur. Hún sagði frá því í viðtali við tímaritið Time Out að trommarinn í tónleikaferðalagi hennar, Showgirl, væri nú að kenna henni tæknina. Einnig sagði hún að hún hefði ekki í hyggju að giftast franska kærastanum sínum Olivier Martinez og að hún ætlaði sér ekki að eignast börn fyrr en rétti tíminn væri kominn.

Hún segir Olivier veita henni gífurlegan stuðning. „Hann kom frá L.A. fyrstu tvö kvöldin á ferðalaginu. Það var rosalega gott að hafa hann hérna. Hann er frábær og veitir mér svo mikinn stuðning," sagði Kylie. ■










**Kl. 12.10**

*Ráðstefna verður haldin í Háskólanum á Akureyri um ástand og horfur á íslenska fjölmiðlamarkaðnum. Nokkrir helstu forystumenn á íslenskum fjölmiðlamarkaði reifa hugmyndir sínar og framtíðarsýn um stöðu íslenskra fjölmiðla, sem nú virðast vera á tímamótum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fóstbræður fagna vorinu

Karlakórinn Fóstbræður lætur engin ellimörk á sér greina þótt hann sé að verða níræður á næsta ári. Þvert á móti hefur hann sjaldan ef nokkurn tímann verið í jafn góðu formi og einmitt þessi misserin, og aldrei haft meira að gera.

„Þetta ár og það næsta og svo síðustu tvö til þrjú ár hafa verið með þvílíkum ólíkindum að ég er bara í fullri vinnu við þetta," segir Eyþór Eðvarðsson, formaður kórsins, sem hefur ekki undan að skipuleggja tónleikaferðir víða um heim.

Á næsta ári fagnar kórinn 90 ára afmæli sínu og er undirbúningur afmælishalds í fullum gangi. En þessa dagana gefst gott tækifæri til að heyra í kórnum syngja á hinum árlegu vortónleikum sínum, sem haldnir eru í Langholtskirkju og Hafnarborg í Hafnarfirði.

Fyrstu tónleikarnir voru í gærkvöldi í Langholtskirkju, en kórinn syngur aftur á sama stað í kvöld og síðan aftur á laugardaginn. Einnig verða tónleikar í Hafnarborg á föstudagskvöldið. Fimm félagar úr kórnum syngja einsöng á tónleikunum. Þeir eru Davíð Ólafsson, Stefán Helgi Stefánsson, Þorsteinn Guðnason, Þráinn Sigurðsson og Friðrik Snorrason.



**EYÞÓR EÐVARÐSSON** Formaður karlakórsins Fóstbræðra hefur í nógu að snúast. Kórinn heldur sína árlegu vortónleika í vikunni.

## EKKI MISSA AF…

… djasstónleikum á **Múlanum** á Hótel Borg á morgun, þegar tríóið **Rip Rap og Rup** flytur gamla standarda með **Jón Pál** gítarsnilling í fararbroddi.

… tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói annað kvöld, þegar óbóleikarinn** Daði Kolbeinsson leikur einleik og frumflutt verður nýtt verk eftir **Pál P. Pálsson**.

… myndlistarsýningum **Helga Þorgils Friðjónssonar** í Gallery 101 og Listasafni ASÍ.

# Höfundur grunaður

Koddamaðurinn er nýtt sakamálaleikrit, hryllilegt, fyndið og átakanlegt eftir eitt athyglisverðasta leikskáld samtímans í Bretlandi, Martin McDonagh.

Leikritið verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld með Rúnar Frey Gíslason í aðalhlutverki, en einnig eru Arnar Jónsson, Sigurður Sigurjónsson og Þröstur Leó Gunnarsson í stórum hlutverkum.

„Þetta er fyrsta leikritið hans sem er ekki staðsett á Írlandi heldur í einhverju óræðu ríki. Hann segir sjálfur að þetta sé einræðisríki án þess að við séum að leggja neina áherslu á það," segir Þórhallur Sigurðsson leikstjóri, sem áður hefur leikstýrt Halta Billa eftir sama leikskáld í Þjóðleikhúsinu.

Leikritið fjallar um rithöfund í einræðisríki, sem er kallaður til yfirheyrslu vegna þess að hroðalegir glæpir á börnum minna óþægilega á smásögur hans. Þar með vakna upp spurningar um ábyrgð listamannsins og tengsl milli lífs og listar.

„Svo vindur þetta allt saman upp á sig. Þetta er þrælspennandi sakamálasaga. Honum tekst líka alltaf að koma manni á óvart, fara nýjar leiðir og taka óvæntar beygjur, en McDonagh er þannig höfundur að hann getur fjallað um grafalvarleg málefni á fyndinn hátt. Hann er aldrei langt undan þessi grái húmor hans."



**KODDAMAÐURINN** Þröstur Leó Gunnarsson og Rúnar Freyr Gíslason í hlutverkum sínum.

McDonagh hefur sagt að engin leið sé að takast á við það sem gerst hefur í heiminum, bæði í listum og í lífinu sjálfu, án þess að fáránleikinn skjóti upp kollinum í einhverri mynd.

Í leikritinu skjóta einnig upp kollinum gamalkunnug minni úr fornum ævintýrum, þar sem siðferðilegar spurningar eru heldur aldrei langt undan.

„Það er svo mikil grimmd oft og alls konar skrýtnir hlutir að gerast í þessum gömlu ævintýrum. Hann er svolítið að leika sér með þau minni."

Randver Þorláksson og Helga Jónsdóttir fara einnig með smærri hlutverk, og Birna Sigurðardóttir leikur unga stúlku. ■

**Apótekarinn** eftir Haydn

**Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar**

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**

**Ath. Aðgangur ókeypis**

ÍSLANDSBANKI

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

**Sýnt í Borgarleikhúsinu!**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fimmtudagur** | **21. apríl** | FRUMSÝNING **kl. 14.00** | |
| *- Sumardagurinn fyrsti* | | | |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur | 5. maí | 6. sýning | kl. 14.00 |
| *- Uppstigningardagur* | | | |
| Laugardagur | 7. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 8. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

**MIÐASALAN** hefst **1. apríl**
á **www.borgarleikhus.is**
og í síma **568 8000**




**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fi 14/4 kl 20, Su 24/4 kl 20,
Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20,
Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Aðalæfing Mi 20/4 kl 18 - **kr. 1.350,-**
Frumsýning Fi 21/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 14, Su 24/4 kl 14, Su 1/5 kl 14
Su 1/5 kl 17

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Aðalæfing Fi 14/4 kl 20 - **kr. 1.000,-**
Frumsýning Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 17/4 kl. 20, Lau 23/4
***Síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fi 14/4 kl 20 - **UPPS.,** Fö 15/4 kl 20 **,**
Lau 16/4 kl 20, - **UPPS.,** Su 17/4 kl 20, - **UPPS.,**
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.,** Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 24/4 kl 20 -**UPPS.,** Lau 29/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 15/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

**Tenórinn**

**Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar**

Föstudaginn 15. apríl kl. 20
*- Uppselt*
Laugardaginn 23. apríl kl. 20
*- Örfá sæti*

IÐNÓ *Miðasala í síma 562 9700* **www.idno.is**

**Milonga**

**Laugardagskvöldið 16. apríl kl. 21-01**

Tangótríóið Custa Arribas frá Buenos Aires leikur.

Hany og Bryndís sýna.

Tjarnarbakkinn restaurant




Keramik fyrir alla

**Þinn hópur**



**Óvissuferðir, gæsir, vinnustaðir, saumaklúbbar...**
Bókaðu eigin hóp, eða komdu þegar þér hentar.

**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

# Kynlífskrísa

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Riðið inn í sólarlagið**
Leikhópurinn Kláus
Borgarleikhúsið

**Höfundur:** Anna Reynolds **Leikstjórar:** Oddur Bjarni Þorkelsson og Ólafur Jens Sigurðsson **Leikmynd og búningar:** Sirra Sigrún Sigurðardóttir **Tónlist:** Vilhelm Anton Jónsson **Lýsing:** Benedikt Axelsson **Leikarar:** Alexía Björg Jóhannesdóttir, Erlendur Eiríksson, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Margrét Sverrisdóttir og Ólafur S.K. Þorvaldz.

**Niðurstaða:** Það er í sjálfu sér dapurlegt ef íslensk leikhúsmenning ætlar að verða eins og allt annað í þessu samfélagi nútímans að það eina sem selur er kynlíf.



**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ** Úr leiksýningu leikhópsins Kláusar í Borgarleikhúsinu.

Ungt fólk nú á dögum dýrkar kynlíf. Kynlíf er alls staðar og varla er til sú markaðsvara á allsnægtaborði nútímans sem hefur ekki einhverja kynlífstengda tilvísun. Það er eiginlega dálítil synd að ungir leikhúshöfundar skuli ekki geta fundið sér verðugra yrkisefni en kynlíf. Auðvitað er kynlíf partur af mannlegri tilveru og ástundun þess er manninum (og konunni) eðlileg. En það er með það eins og margt annað í mannlegu fari að ofgnótt leiðir á stundum til fíknar sem leiðir aftur til firringar og fyrr en varir situr maðurinn uppi með þá nöturlegu staðreynd að lífið er tapað spil. Þegar hann loksins hefur fengið allt sem hann þráði svo mjög og sóttist eftir þá rennur upp fyrir honum að það skilaði ekki neinu. Hamingjan felst sem sagt ekki í því að fá allt sem maður vill heldur í því að vilja það sem maður fær. Var þetta það sem höfundurinn vildi segja með þessu leikriti? Má vera. Það er þó varla hægt að tala um þetta verk sem heildstætt leikrit. Það er samsett úr nokkrum sitcom-sketsum misvel skrifuðum og úrvinnsla sumra þeirra minnti mig fremur á æfingar í leiklistarskóla en fullburða leiksýningu gerða eftir fullburða leikriti. Ekki er við leikstjórana eða leikarana að sakast, það gera allir sitt besta í þessari sýningu. Það má hafa gaman af ýmsu sem sagt er og margt skondið og skemmtilegt sem leikararnir finna upp á. Ég var hins vegar orðinn afskaplega þreyttur á þessari nærfatasýningu þar sem leikararnir gerðu lítið annað en að fara úr og í fötin sín á sviðinu. Þeir voru raunar sjaldnast alklæddir. En allt um það. Uppistaðan í þessum leikhópi er ungt fólk sem hefur numið list sína í sama breska leiklistarskólanum. Það er einungis Guðlaug Elísabet sem er menntuð hér heima. Það er gaman að sjá mismunandi nálgun leikara á viðfangsefni sitt og þessi vaski hópur sem stendur að baki sýningunni er viðbót við þann fjölbreytta hóp menntaðra leikara sem fyrir er. En ef þau hyggja á frekari landvinninga ætti hópurinn að vanda betur verkefnavalið. Þau gera þó margt vel og má þar nefna Erlend Eiríksson sem var afskaplega sannfærandi sem hinn ístöðulausi greddutöffari. Alexía Björg átti mjög skemmtilegan sprett þegar hin ófullnægða eiginkona kom drukkin heim seint um nótt. Margrét Sverrisdóttir túlkaði ágætlega hina alkóhóliseruðu og brothættu tveggja barna vanhæfu móður, einkum í seinni hlutanum. Guðjón Þorsteinn var mestan part á kómísku nótunum og skilaði sínu vel. Ólafur Þorvaldz var einlægur sem hinir vanmáttugu eiginmenn og kærastar. Það er ánægjulegt að sjá Guðlaugu Elísabetu aftur á leiksviði. Hún var sprúðlandi fín og það geislaði af henni kynþokkinn. Hún var með hárnákvæmar tímasetningar og datt aldrei í þá gryfju að snýkja hlátra eða samúð frá áhorfendum. Hvað varðar efnistök og inntakið í verkinu þá er það nákvæmlega eins og titill verksins segir. Það er í sjálfu sér dapurlegt ef íslensk leikhúsmenning ætlar að verða eins og allt annað í þessu samfélagi nútímans að það eina sem selur er kynlíf. Ég vona að Oddur Bjarni og samstarfsfólk hans finni sér verðugri viðfangsefni í framtíðinni. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

10 11 12 **13** 14 15 16

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Tríóið **Morthana**, sem er skipað saxófónleikaranum **Andrew D'Angelo** ásamt **Anders Hana** á gítar og **Morten Olsen** á trommur, kemur fram í versluninni 12 Tónum.

☐ 20.00 **Rúnar Júlíusson** og hljómsveitin **Hjálmar** verða með tónleika á Stapanum í Keflavík ásamt gestum í tilefni af sextugsafmæli rokkarans.

☐ 20.00 Karlakórinn **Fóstbræður** heldur sína árlegu vortónleika í Langholtskirkju. Stjórnandi kórsins er **Árni Harðarson**, en **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** leikur á píanó.

☐ 22.00 **Wilma Young**, fiðluleikari frá Hjaltlandseyjum, og **Carole McCormick**, píanóleikari frá Skotlandi, ætla að trylla gesti Næsta bars.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Írska verðlaunaleikritið **Koddamaðurinn** frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.

### FUNDIR

☐ 12.10 Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri stendur fyrir ráðstefnu í Sólborg um ástand og horfur á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Erindi flytja **Þorbjörn Broddason, Fríða Björk Ingvarsdóttir, Óðinn Jónsson, Kári Jónasson, Páll Magnússon** og **Jónas Kristjánsson**.


Tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík



„How to Build Your Own Supercomputer“

Fyrirlestur **í dag**
13. apríl í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2
kl. 12:00 - 13:00

Joel Adams prófessor í tölvunarfræði við Calvin College í Michigan “Beowulf-Class Supercomputing, or How to Build Your Own Supercomputer”.



Dr. Joel Adams er prófessor í tölvunarfræði við Calvin College í Michigan í Bandaríkjunum. Hann hefur m.a. ritað bækur um C++ og Java forritun, birt töluvert af rannsóknum í tölvunarfræði og byggt Beowulf ofurtölvu. Dr. Adams er gestakennari á Íslandi á vormisseri á vegum Fulbright stofunarinnar.

Allir velkomnir.
Fyrirlesturinn fer fram á ensku

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is





ÉG ER EKKI HOMMI
geggjað grínleikrit eftir DANIEL GUYTON
• Föstudag 15/4 kl 20 LAUS SÆTI
ALLRA SÍÐASTA SÝNING
SÍÐUSTU SÝNINGAR
Ekki missa af þessari sýningu!
Loft KASTALINN 10 ÁRA 2005
☎ 552 3000
www.loftkastalinn.is
Loftkastalinn ✦ Seljavegi 2 ✦ 101 Reykjavík ✦ Miðasalan er opin frá 13-18



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**KODDAMAÐURINN FRUMSÝNING Í KVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4 **nokkur sæti laus**.
**Sýningum fer fækkandi.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 17/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **örfá sæti laus**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **örfá sæti laus**, fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
**Þýðandi:** Ingunn Ásdísardóttir **Tónlist:** Sigurður Bjóla **Brúðugerð:** Bernd Ogrodnik **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson og Ásmundur Karlsson **Leikmynd og búningar:** Vytautas Narbutas **Aðstoðarmaður leikstjóra:** Helga E. Jónsdóttir **Leikstjóri:** Þórhallur Sigurðsson
**Leikendur:** Rúnar Freyr Gíslason, Arnar Jónsson, Sigurður Sigurjónsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Randver Þorláksson, Helga E. Jónsdóttir og Birna Sigurðardóttir.
**Frumsýning í kvöld mið. 13/4 uppselt**, fim. 14/4 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, fim. 21/4 **uppselt**, fös. 22/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4 **örfá sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



Koddamaðurinn
*eftir Martin McDonagh*

**Hryllilegt og fyndið sakamálaleikrit!**

Frumsýning í kvöld **uppselt**
Fim. 14/4 **uppselt**
Sun. 17/4 **uppselt**
Fim. 21/4 **uppselt**
Fös. 22/4 **nokkur sæti laus**



Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ










# Gríndávaldurinn mættur

Gríndávaldurinn Sailesh er kominn til landsins til þess að fylgja vel heppnaðri Íslandsheimsókn sinni í fyrra eftir. Þá skemmti Sailesh fyrir troðfullu húsi á Broadway og komust færri að en vildu. Dávaldurinn fór ekki leynt með aðdáun sína á landi og þjóð og það má segja að nú sé hann kominn til að vera en hann mun dvelja á Íslandi í tvær vikur.

Hann verður með tvær skemmtanir á Broadway, 17. og 18. apríl, og er þegar uppselt á fyrri skemmtunina. Síðan leggur hann land undir fót og verður í Vestmannaeyjum 20. apríl og á Akureyri þann 21. og er miðasala á þá viðburði í fullum gangi. Sailesh fær því góðan tíma til að skoða sig um á Íslandi en hann mun einnig gefa sér tíma til að halda nokkur námskeið þar sem hann hjálpar fólki að hætta að reykja og sigrast á ýmsum andlegum kvillum með dáleiðslu.

Sailesh fer héðan til Svíþjóðar en Ísleifur Þórhallsson, sem flytur hann hingað, hefur tekið að sér umboðsmennsku fyrir hann í Evrópu og stefnir að því að gera hann jafn vinsælan í nágrannalöndunum og hér á Klakanum. ■



**SAILESH** Er kominn aftur til Íslands og fer héðan til Svíþjóðar til þess að dáleiða frændur vora.









## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| BOOGEYMAN | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4-6 | |
| SVAMPUR SVEINSSON enskt tal | KL. 4-6-8-10.10 | |
| THE PACIFIER | KL. 4-6-8-10.10 | |
| THE PACIFIER VIP | KL. 8-10.10 | |
| LIFE & DEATH OF PETER SELLERS | KL. 8 | |
| LIFE & DEATH OF PETER SELLERS VIP | KL. 5.30 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 3.30-5.40-8-10.20 | |
| THE RING TWO | KL. 10.20 | B.I. 16 |
| BANGSÍMON OG FRÍLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE PACIFIER | KL. 8-10 | |
| MILLION DOLLAR BABY | KL. 8-10.30 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOOGEYMAN | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON | KL. 6 | |
| THE PACIFIER | KL. 6-8 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 10 | |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| BOOGEYMAN | KL. 6-8.30-10.30 | B.I. 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 6 | |
| THE INTERPREDER | FORSÝNING KL. 8 | |
| THE PACIFIER | KL. 6-10.30 | |
| THE RING TWO | KL. 10.30 | B.I. 16 |

SAMBÍÓIN




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Vera Drake | kl. 5.30, 8 og 10.30 | | Don't Move | kl. 5.30 og 10.30 | |
| Maria Full of Grace | kl. 6 og 10 | b.i. 14 | Life Aquatic with Steve Zissou | kl. 5.45 | b.i. 12 |
| A Hole in my Heart | kl. 8 | b.i. 16 | Life and Death of Peter Sellers | kl. 8 og 10.30 | |
| Education of Shelby Knox */** | kl. 5.30 | | Million Dollar Baby | kl. 8 | b.i. 14 |
| La Sierra */** | kl. 8 | | | | |
| The Motorcycle Diaries | kl. 10 | | | | |

* Enskt tal - ekki texti / ** Myndin er sýnd af skjávarpa

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

**MÁL MICHAELS JACKSON**

# Sótt að Jackson

June Chandler, móðir drengs sem fékk greiddar 20 milljónir dollara frá Michael Jackson árið 1994, hefur leyst frá skjóðunni og upplýst að Jackson hafi grátbeðið um að fá að hafa son hennar, Jordy, uppi í rúmi hjá sér þegar drengurinn var 13 ára. Þetta kom fram þegar móðirinn bar vitni í réttarhöldunum yfir Jackson á mánudag.



**MICHAEL JACKSON** Neitar enn öllum ásökunum um kynferðislega misnotkun en gæti þurft að dúsa 20 ár í fangelsi verði hann fundinn sekur.

Saksóknari kallaði June til vitnis til þess að reyna að renna stoðum undir ásakanir þess efnis að Jackson hafi í gegnum árin sýnt sterka hneigð til barna. Hún og sonur hennar dvöldu á búgarði Jacksons árið 1993 og þar grátbað söngvarinn hana um að leyfa stráknum að sofa uppi í hjá sér enda væri ekkert óeðlilegt á ferðinni og trúnaðarsamband ríkti á milli hans og fjölskyldu Jordys.

Jackson neitar sem fyrr 10 ákæruatriðum sem öll snúast um misnotkun hans, eða tilraunir til misnotkunar, á ungum drengjum. Verði hann fundinn sekur gæti hann fengið allt að 20 ára fangelsisdóm. ■













sýn
– besta sætið

JUVENTUS
LIVERPOOL
Í KVÖLD KL. 18:30

ÁTTA LIÐA
ÚRSLIT

| | | |
|---|---|---|
| Sýn | 18:30 | Juventus - Liverpool |
| Sýn | 20:40 | Lyon - PSV Eindhoven |
| Sýn 2 | 18:30 | Lyon - PSV Eindhoven |
| Sýn 2 | 20:40 | Juventus - Liverpool |

Sýn 2 er eingöngu í Sportpakkanum á Digital Íslandi
515 6100 • syn.is • Skífan • Og Vodafone

# VIÐ TÆKIÐ

## Lífsháski og strandaglópar

**FREY GÍGJU GUNNARSSYNI** FINNST ÞAÐ SKRÍTIN TILFINNING AÐ MÁNUDAGSKVÖLDIN SÉU UPPTEKIN NÆSTU FIMM MÁNUÐINA

Ég hafði undirbúið kvöldið vandlega og skipulagt mig eftir fremsta megni. Slökkti á farsímanum mínum en hafði áður gengið úr skugga um að ég hefði talað við alla þá sem ég þurfti. Ég náði síðan í sængina mína og koddana og kveikti á sjónvarpinu. Hvítu stafirnir birtust á skjánum og framhaldsþátturinn Lost var byrjaður.

Eftir fyrsta þáttinn í síðustu viku gerði ég mér grein fyrir því að mánudagskvöld væru hér eftir upptekin. Enginn skyldi fá að trufla mig né hafa nokkur samskipti við mig á þessum fjörutíu og fimm mínútum sem þátturinn stæði yfir. Það sem heillar mig mest við þættina er þessi fjölbreytta flóra persóna sem síðan smám saman eru kynntar fyrir áhorfandanum eftir því sem lengra líður á þættina. Heróínfíkill, fangi, læknir og hermaður frá lýðveldisher Saddams Hussein eru meðal þeirra sem þurfa að standa saman til þess að lifa þessa raun af.

Að slíta á öll tengsl við umheiminn fyrir sakir Lost er alveg þess virði jafnvel þótt margt virðist óraunverulegt, eins og ísbjörninn í síðasta þætti eða stóra skrímslið sem át flugmanninn í fyrsta þættinum. Það skiptir ekki máli því hann er svo laus við alla tilgerð og leiðindi sem oft einkenna bandaríska þætti. Spurningunni sem varpað var fram í gær heldur mér við efnið fyrir næsta þátt: Hvar eru þau? Það liggur algjörlega á huldu en ég ætla ekki að missa sekúndu úr næsta þætti.



**FRAMHALDSÞÁTTURINN LOST**
Það er gaman að sjá þessa fjölbreyttu flóru persóna heyja lífsbaráttuna í Lost.

Ríkissjónvarpinu hefur tekist að næla sér í þátt sem á eftir að halda áhorfendum límdum við tækin næstu mánuðina. Það hefur sennilega ekki gerst síðan Derrick leysti hvert sakamálið á fætur öðru á þriðjudagskvöldum fyrir mörgum árum. Það sem er kannski skrítnast er sú staðreynd að mánudagskvöld næstu mánuðina eru upptekin.



**21.25** *Gaman*

**Little Britain. Matt Lucas og David Walliams bregða á leik og gera grín að Bretlandi.**



**21.15** *Drama*

**Kevin Hill. Kevin Hill er lögfræðingur í tónlistarbransanum sem fær forræði yfir 10 mánaða frænku sinni.**



**20.00** *Lífið*

**Fólk – með Sirrý. Sirrý leitar upp forvitnilegt fólk á öllum aldri og spjallar við það.**

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (16:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (28:42)

**18.30** **Sögur úr Andabæ (2:14)** (Ducktales)
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Bráðavaktin (19:22)** (ER)
**20.55** **Óp** Þáttur um áhugamál unga fólksins. Umsjónarmenn eru Kristján Ingi Gunnarsson, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Þóra Tómasdóttir.
▶ **21.25** **Litla-Bretland (2:8)** (Little Britain) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Handboltakvöld**
**22.40** **Albert Camus** Í þessari bresku mynd er brugðið upp svipmyndum af ævi höfundarins þar sem skoðunum hans og hugmyndum um lífið og dauðann er fléttað saman við kafla úr þekktustu bók hans, Útlendingnum.

**23.40** Mósaík **0.15** Kastljósið **0.35** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Two and a Half Men (22:24) (e) **13.20** The Osbournes (27:30) (e) **13.45** Whose Line is it Anyway **14.10** Life Begins (4:6) (e) **15.00** Summerland (5:13) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri.
**20.30** **Medium (5:16)** (Miðillinn) Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Hún sér það sem aðrir sjá ekki. Bönnuð börnum.
▶ **21.15** **Kevin Hill (2:22)** (Homework) Nýr myndaflokkur um lögfræðing í tónlistariðnaðinum. Kevin Hill nýtur lífsins í botn. En í einni svipan er lífi Kevins snúið á hvolf. Hann fær forræði yfir tíu mánaða frænku sinni, Söru.
**22.00** **William and Mary (5:6)** (William and Mary 2) Hann er útfararstjóri og hún ljósmóðir. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en vegir ástarinnar eru óútreiknanlegir.
**22.50** **Oprah Winfrey** (Oprah Winfrey 2004/2005)

**23.35** Medical Investigations (1:20) **0.20** Mile High (2:26) (Bönnuð börnum) **1.05** Come Together **2.40** Fréttir og Ísland í dag **4.00** Ísland í bítið **6.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí.

## SKJÁREINN

**7.00** Everybody Loves Raymond (e) **7.30** Fólk – með Sirrý (e) **8.20** The Swan (e) **9.10** Þak yfir höfuðið (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist

**17.50** Cheers – 2. þáttaröð (6/22) **18.20** Innlit/útlit (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið** Skoðað verður íbúðarhúsnæði; bæði nýbyggingar og eldra húsnæði en einnig atvinnuhúsnæði, sumarbústaðir og fleira og boðið upp á ráðleggingar varðandi fasteignaviðskipti, fjármálin og fleira.
**19.30** **Everybody Loves Raymond (e)**
▶ **20.00** **Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
**21.00** **America's Next Top Model** Leitin að þriðju ofurfyrirsætunni er hafin og að þessu sinni keppa 14 gullfallegar stúlkur um hinn eftirsótta titil Næsta ofurfyrirsætan.
**22.00** **Law & Order: SVU** Dauði saksóknara er settur á svið með því að nota upplýsingar úr máli sem annar saksóknari var að vinna að. Novak setur feril sinn í hættu til að fá játningu í málinu.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **0.15** One Tree Hill (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (6/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** What Women Want **8.05** Multiplicity **10.00** Robin Hood Men in Tights **12.00** My Boss's Daughter **14.00** What Women Want **16.05** Multiplicity **18.00** Robin Hood Men in Tights **20.00** My Boss's Daughter **22.00** Austin Powers in Goldmember **0.00** Smoke Signals (Bb) **2.00** Captain Corelli's Mandolin (Bb) **4.05** Austin Powers in Goldmember.

## OMEGA

**8.00** Ron P. **8.30** Ísrael í dag **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Miðnæturhróp **11.30** Um trúna **12.00** Freddie F. **12.30** Dr. David **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Vatnaskil **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Sherwood C. **17.30** Maríusystur **18.00** Joyce M. **18.30** Ron P. **19.00** Daglegur styrkur **19.30** Ron P. **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Sumo: Hatsu Basho Japan **14.30** All sports: WATTS **15.00** Trial: World Indoor Championships Gelsenkirchen **16.00** Rally: World Championship New Zealand **17.00** Football: UEFA Cup **18.30** Golf: the European Tour Madeira Island Open **19.00** Golf: Hassan Ii Trophy Morocco **20.00** Sailing: Ellen Macarthur Story **21.00** All Sports: Wednesday Selection **21.15** News: Eurosportnews Report **21.30** All sports: WATTS **22.00** Football: UEFA Cup

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** The Really Wild Show **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Location, Location, Location **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Living the Dream **21.00** Spooks **21.50** Murder in Mind **23.00** Renaissance **0.00** Great Writers of the 20th Century

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Sharks in a Desert Sea **13.00** Swimming Lions **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Hippo **19.00** George and the Rhino **20.00** Miami Animal Police **21.00** Wildlife Specials **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** A Man Called Mother Bear **1.00** Tall Blondes

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Frontlines of Construction **14.00** Marine Machines **15.00** Sperm Whale Oasis **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Sperm Whale Oasis **20.00** Frontlines of Construction **21.00** Marine Machines **22.00** Shipwreck Detectives **23.00** Wanted – Interpol Investigates **0.00** Frontlines of Construction

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Machines **13.00** Weapons of War **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** We Built This City **17.00** A Racing Car is Born **18.00** Myth Busters **19.00** Conspiracies on Trial **19.30** Storms of War **20.00** Zero Hour **21.00** Mummy Autopsy **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Eurocops

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Behind the Music **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Vegging Out **12.40** Other People's Houses **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Paradise Seekers **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Paradise Seekers **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Ex-Rated **20.45** What Men Want **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Come! See! Buy! **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** The Soup **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Jackie Collins Presents **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **23.00** E! News **23.30** Extreme Close-Up **0.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.25** Lady in White **15.20** High Tide **17.00** Purple Haze **18.35** Some Girls **20.10** Sunburn **21.55** After Midnight **23.30** Hawaii **2.10** Taking of Beverly Hills

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## ALBERT CAMUS

*Sjónvarpið* **kl. 22.40**

*Albert Camus fæddist í nýlendu Frakka í Alsír.*

### *Lífsþyrstur gleðimaður*

Franski Nóbelsverðlaunahöfundurinn og heimspekingurinn Albert Camus fórst í bílslysi ásamt útgefanda sínum, Michel Gallimard, árið 1960. Hann var alvörugefið skáld sem velti mikið fyrir sér hlutskipti mannsins en um leið var hann lífsþyrstur gleðimaður, hafði dálæti á hraðskreiðum bílum og var annálaður kvennamaður.
Í þessari mynd er brugðið upp svipmyndum af ævi höfundarins þar sem skoðunum hans og hugmyndum um lífið og dauðann er fléttað saman við kafla úr þekktustu bók hans, Útlendingnum.
Það er Ciaran Hinds sem fer með hlutverk Alberts Camus í myndinni.



Svipmynd úr kvikmyndinni.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Now run along and play, honey child, but watch out for that bad old tiger. That old tiger sure do like dark meat."**

**Svar:** Mammy úr kvikmyndinni Little Black Sambo frá árinu 1935.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Á þjóðlegu nótunum **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af draumum

**23.00** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00**Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.30**
**20.40**

*Íþróttir*

**Meistaradeildin í fóbolta. Bein útsending frá seinni leik Juventus og Liverpool í 8 liða úrslitum.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.45** David Letterman

**18.30** **UEFA Champions League** (Juventus – Liverpool) Bein útsending frá síðari leik Juventus og Liverpool í 8 liða úrslitum.

**20.40** **UEFA Champions League** (PSV Eindhoven – Lyon) Útsending frá síðari leik PSV Eindhoven og Lyon í 8 liða úrslitum. Franska liðið hefur komið skemmtilega á óvart í keppninni í vetur og margir álíta það líklegt til afreka. Fyrst þarf Lyon samt að yfirstíga PSV Eindhoven en hollenska félagið er sýnd veiði en ekki gefin.

**22.30** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**23.00** David Letterman **23.45** UEFA Champions League (Juventus – Liverpool) **1.25** World Series of Poker.

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** I Bet You Will **19.30** Tvíhöfði (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Ren & Stimpy 2 **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego.

**TCM**

**19.00** Hearts of the West **20.40** The Sea Hawk **22.50** Pennies from Heaven **0.40** Your Cheatin' Heart **2.20** Savage Messiah

**HALLMARK**

**14.15** Nairobi Affair **16.00** Early Edition **16.45** Dinotopia **18.15** Incident in a Small Town **20.00** Law & Order VI **20.45** Scarlett **22.15** Broken Promises: Taking Emily Back **0.00** Law & Order VI **0.45** Scarlett **2.15** Incident in a Small Town

**BBC FOOD**

**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Kitchen Takeover **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** A Cook On the Wild Side **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Capital Floyd **16.30** Sophie's Sunshine Food **17.00** The Naked Chef **17.30** Rick Stein's Fruits of the Sea **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Friends for Dinner **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.40** Hersker over vægten **13.20** Mit ¢mme punkt **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Braceface **15.30** Junior **16.00** Peter Plys **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Rabatten **18.00** DR Dokumentar – Fanget af kærlighed **18.40** Nationen **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** En mand – syv kvinder **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Boogie

**SV1**

**14.00** Rapport **14.05** Plus **14.35** Familjen Anderson **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Mitt i naturen **19.00** Tid att älska **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Cirkeln som slutade läsa **21.45** Coachen **22.45** En röst i natten **23.35** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Vala Matt sem fagnar sex ára afmæli sjónvarpsþáttarins Innlit – Útlit á Skjá einum um þessar mundir.*

# ÞRÍR SPURÐIR

Ertu búin(n) að sjá eitthvað á kvikmyndahátíðinni?



*Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins.*

**Búinn að bíða lengi eftir þessari mynd**

Nei, ég er ekki búinn að fara en ég ætla á myndina Untergang og er mjög spenntur fyrir henni. Ég er búinn að lesa ævisögu Troudl Junge sem er einkaritari Hitlers og ég hef mikinn áhuga á þessu tímabili í sögu mannkyns. Ég er búinn að bíða lengi eftir þessari mynd og skilst að hún sé góð. Bruno Ganz, sem leikur Hitler, sýnir víst stórleik.



*Ásta Möller, þingkona Sjálfstæðisflokksins*

**Langar að sjá Woodsman og Motorcycle Diaries**

Nei ég á eftir að fara. Mig langar að sjá myndina Woodsman með Kevin Bacon. Einnig væri ég mjög til í að sjá myndina um Che Guevara. Þetta er bara ein mest spennandi hátíð sem ég hef séð lengi. Það er aldrei að vita nema maður skelli sér fljótlega.



*Ágúst Ólafur Ágústson, þingmaður Samfylkingarinnar.*

**Mjög spennandi hátíð**

Nei, ég hef ekki ennþá drifið mig en það eru margar sem mig langar að sjá. Þetta er mjög spennandi hátíð. Ég væri til dæmis til í að sjá Peter Sellers-myndina en hann hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Inspector Clouseau er líklegast einn litríkasti karakter sem hægt er að finna.



**Lárétt:**
**2** langanir, **6** verkfæri, **8** belta, **9** mergð, **11** tveir eins, **12** létt hlaup, **14** sparisjóður, **16** 1001, **17** fljótið, **18** vaða áfram, **20** rykkorn, **21** árna.
**Lóðrétt:**
**1** skinns, **3** kyrrð, **4** huldumær, **5** efni til skartgripagerðar, **7** á endanum, **10** búkhljóð, **13** ölstofa, **15** kropp, **16** formaður, **19** keyr.

**Lausn.**

**Lárétt:**
**2** þrár, **6** al, **8** óla, **9** mor, **11** ff, **12** skokk, **14** spron, **16** mi, **17** ána, **18** ana, **20** ar, **21** óska.
**Lóðrétt:**
**1** hams, **3** ró, **4** álfkona, **5** raf, **7** loksins, **10** rop, **13** krá, **15** nart, **16** maó, **19** ak.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

**1** Akureyri og Eyjafjarðarsveit.

**2** Fimm.

**3** Rithöfundurinn Hallgrímur Helgason.

!
Talstöðin
FM 90,9

EGILL ÓLAFSSON: SAKNAR RAGNHILDAR GÍSLADÓTTUR

# Hefur aldrei hitt Hildi Völu

Egill Ólafsson hefur ekki séð eða hitt Idolstjörnuna Hildi Völu sem er ætlað að fylla það skarð sem Ragnhildur Gísladóttir skilur eftir sig hjá Stuðmönnum. Egill hefur verið í spænskunámi í Madríd síðustu vikur og var því vant við látinn þegar nýja söngkonan var ráðin.

„Þetta er nokkuð sem við erum að skoða í augnablikinu. Hún syngur með okkur fáein lög en við vitum ekki með framtíðina," segir Egill, sem sat og nartaði á ansjósum á tapasbar þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Egill hefur ekki fylgst með Idolkeppninni í ár, eða allt frá því hann sló í gegn sem gestadómari í Idolstjörnuleit fyrir rúmu ári síðan. „Ég fylgist ekki með Idolinu en mér skilst að þetta sé mjög músikölsk stúlka og flink," segir hann.

Stuðmenn hafa áður reynt að fylla skarð Ragnhildar með stórsöngkonum á borð við Andreu Gylfadóttur. Það verður því ekki auðveld frumraun hjá Idol-stjörnunni að syngja með einni vinsælustu hljómsveit landsins. „Þær eru nú ekki margar sem fara í spor Ragnhildar, þess vegna er þetta því enn meiri áskorun fyrir unga manneskju," segir söngvarinn.

Egill segir það ekki ákveðið hvenær fyrstu tónleikar sveitarinnar með nýjum liðsmanni verði. „Það er ekkert ákveðið í þeim efnum. Við erum bara í rólegheitum að setja þetta í gang," segir Egill, sem er væntanlegur heim frá Madríd í næstu viku. Hann segist hlakka til að hitta nýja Stuðmanninn. „Ég heyri bara eina sögu og hún er sú að Hildur Vala sé frábær. Ég get lítið annað sagt."

Aðspurður segist Egill ekki búast við að ný plata sé væntanleg frá Stuðmönnum. „Er ekki nóg komið í bili?" segir hann og hlær.

Ragnhildur kvaddi sem kunnugt er Stuðmenn með frábærum tónleikum í Royal Albert Hall í London á skírdag en hún ætlar að snúa sér að öðrum verkefnum. Egill segist eiga eftir að sakna samstarfskonu sinnar til margra ára. „Ég óska henni alls hins besta í því sem hún er að fara að gera. Ég vona að það verði gott, sem ég veit að verður."

**kristjan@frettabladid.is**



**HILDUR VALA** Idolstjarnan fær það erfiða hlutverk að fylla skarð Ragnhildar Gísladóttur hjá Stuðmönnum. Hún hefur síðustu daga verið við tökur á nýrri plötu í Stúdíó Sýrlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BLESS Í BILI** Ragnhildur Gísladóttir hefur kvatt Stuðmenn, í bili að minnsta kosti. Söngvari Stuðmanna hefur ekki hitt Hildi Völu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Óvíst er hvort hinn margumtalaði þáttur *Oprah takes you around the world* með spjallþáttadrottningunni **Oprah Winfrey** verði sýndur hér á landi. Eins og fram hefur komið verður sjónvarpskonan geðþekka **Svanhildur Hólm** í forgrunni þegar Oprah beinir augum sínum að Íslandi á ferð sinni um heiminn en áætlað er að sýna þáttinn í Bandaríkjunum seinna í mánuðinum. Meðal viðmælenda Opruh er indversk leikkona sem hefur leikið í nokkrum bíómyndum. Í sjónvarpsþættinum eru sýnd brot úr bíómyndunum og þar stendur hnífurinn í kúnni. Vegna réttindamála er óvíst hvort Opruh sé heimilt að sýna þáttinn utan Bandaríkjanna. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur þurfa þó ekki að gefa upp alla von, því starfsfólk Opruh vinnur nú hörðum höndum að því að koma réttindamálunum á hreint og má búast við að þau skýrist á næstunni.



Idol-stjarnan **Helgi Þór Arason** er kominn í nýja hljómsveit sem stefnir ótrauð á sveitaballamarkaðinn í sumar. Erfitt hefur reynst að ná í Helga Þór enda má hann ekki tjá sig um málið þar sem hann er bundinn þagnareið út af Idolstjörnuleit. Samkvæmt **Davíð Sigurðssyni**, hjá umboðsskrifstofunnu Gigg.is, mun sveit Helga herja á sömu mið og Írafár og Í svörtum fötum.
Helgi Þór er ekki óvanur að koma fram en auk Idolsins lék hann með hljómsveitinni Apollo á Ísafirði. Nýja sveitin hans Helga hefur ekki enn fengið nafn en æfingar hófust af fullum krafti fyrir rúmri viku. Almenningur getur komið með hugmynd að nafni með því að senda tölvupóst á netfangið info@gigg.is.



GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARAÐU PENINGA

DEKKJALAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI





MICHELIN
BFGoodrich
755 3355

| DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN | DEKKJALAGERINN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skeifunni 3c | Viðarhöfða 6 | Smiðjuvegur 6 | Melabraut 24 | Iðavöllum 8 | Flugumýri 16 | Sólbakka 8 | Njarðarnesi 1 | Miðási 23 | Vikurbraut 4 | Gagnheiði 13 |
| 108 Reykjavík | 110 Reykjavík | 200 Kópavogi | 220 Hafnarfirði | 230 Keflavík | 270 Mosfellsbæ | 310 Borgarnesi | 603 Akureyri | 700 Egilsstöðum | 780 Höfn | 800 Selfossi |

FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK


MIÐVIKUDAGAR
20:00 Fólk með Sirrý
21:00 America's Next Top Model
22:00 Law & Order: SVU
22:45 Jay Leno
ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
SKJÁR EINN DAG Í EINU
MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



BAKÞANKAR
SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

# Gaggalagú

Stundum er allt svo skrítið. Oftast eru þeir skrítnastir sem glaðastir eru með sjálfa sig. Það er hægt að flokka flest, líka þetta skrítna. Stundum eru stjórnmálin alveg gaggalagú, stundum umræða um fjölmiðla, um fótbolta og nánast um hvað sem er. Vegur Alþingis í huga þjóðarinnar er vissulega hlykkjóttur, stundum greiðfær og stundum ófær þeim sem verða að stíga til jarðar til að komast áfram. Hefur ekki eins sterk áhrif á þá sem eru svo glaðir með sjálfa sig og sín verk að þeir þurfa ekki að tylla niður fæti til að komast áfram, heldur svífa um í eigin ágæti.

**LOFGJÖRÐ** stjórnmálamanna um ágæti eigin verka er áberandi þessa dagana. Þeir telja sig hafa unnið sérstakt afrek með pólitískri samstöðu í aðgerðum gegn fjölmiðlum. Undanfari afreksins er óþarfa áhyggjur fárra manna af því að til hafa orðið fjölmiðlar sem eru þessum fáu mönnum ekki að skapi. Til að benda á vitleysuna langar mig að vitna í Björn Bjarnason þáverandi menntamálaráðherra í umræðu um fjölmiðla: „Með því að ætla sér að ríkisvaldið setji reglur um það hvernig unnt sé að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum held ég að við séum komin inn á svið sem eigi ekki að vera á valdi löggjafans eða stjórnvalda að setja reglur um.“ Er þetta ekki gaggalagú?

**STUNDUM** opinbera fyrrverandi fjölmiðlamenn, sem allir eiga það sameiginlegt að hafa hætt og gerst stjórnmálamenn, að þeir óttist að utanaðkomandi hafi of sterk áhrif á fjölmiðlafólk og jafnvel stýri því. Ég get seint fullþakkað fyrir að þeir sem þannig hugsa hafi hætt á fjölmiðlum. Síðan hafa fjölmiðlar dafnað svo um munar. Hafa aldrei verið stærri eða betri. Þess vegna er vá fyrir dyrum þegar fyrrverandi blaðamenn og núverandi stjórnmálamenn ætla að taka sér ráð yfir fjölmiðlum, með einhverjum hætti.

**SVO ERU** rök þeirra sem hatast við Chelsea alveg gaggalagú. Heyrði síðast um helgina stuðningsmann Manchester United segja í sjónvarpi að Chelsea væri að kaupa sér titil. Oj bara. Það er ekki nema von að stuðningsmönnum Manchester-liðsins blöskri. Það verður seint sagt að það ágæta félag hafi keypt til sín leikmenn í von um góðan árangur og jafnvel sigra í mótum. Að halda því fram er hreint gaggalagú. ■

Taktu vinnuna með
Fyrsta flokks fartölvur á frábæru verði





Dell™ Latitude™ D505 er byggð á Centrino™ tækninni frá Intel.® Þess vegna getur þú hætt að slá af kröfum þínum um vinnsluhraða, stöðugleika og tengimöguleika þótt hún sé svona létt og meðfærileg. Hún kemur einfaldlega í staðinn fyrir borðtölvuna þína og vinnur síst minna þó hún sé fallegri.

**Dell™ Latitude™ D505**

| |
|---|
| Intel® Centrino™ með Intel® Pentium® M 725 örgjörva (1.6GHz 2MB L2 Cache) og Intel® PRO 2200 þráðlausu netkorti (802.11b/g) |
| Microsoft® Windows® XP Professional |
| 40GB harður diskur |
| 512MB 333MHz vinnsluminni |
| DVD/+RW geislaskrifari |
| 15" XGA skjár (1024 x 768) |
| Þyngd frá 2.3 kg |
| 33 mm x 338 mm x 273 mm (h x b x d) |

Verð **154.900,-** m/vsk



**Dell prentarar kosta ennþá minna en venjulega ef þú kaupir Latitude™ fartölvu.**

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.**

DELL™

©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

Það er til lausn á öllu
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



AEG
Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar.
NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ AEG
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS



RadioNAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000
BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT